(vi) Í samræmi við framanskráð, að stytta varanleika misvægis og draga úr misvægi á alþjóðlegum greiðslujöfnuði aðildarríkja.

count, and the Investment Account; except that operations and transactions involving special drawing rights shall be conducted through the Special Drawing Rights Department.

ARTICLE I

PURPOSES

The purposes of the International Monetary Fund are:

(i) To promote international monetary cooperation through a permanent institution which provides the machinery for consultation and collaboration on international monetary problems.

(ii) To facilitate the expansion and balanced growth of international trade, and to contribute thereby to the promotion and maintenance of high levels of employment and real income and to the development of the productive resources of all members as primary objectives of economic policy.

(iii) To promote exchange stability, to maintain orderly exchange arrangements among members, and to avoid competitive exchange depreciation.

(iv) To assist in the establishment of a multilateral system of payments in respect of current transactions between members and in the elimination of foreign exchange restrictions which hamper the growth of world trade.

(v) To give confidence to members by making the general resources of the Fund temporarily available to them under adequate safeguards, thus providing them with opportunity to correct maladjustments in their balance of payments without resorting to measures destructive of national or international prosperity.

(vi) In accordance with the above, to shorten the duration and lessen the degree of disequilibrium in the international balances of payments of members.

Stefna sjóðsins og ákvarðanir allar skulu markast af tilgangi hans eins og honum er lýst í þessum kafla.

II. KAFLI

AÐILD

1. gr.
Stofnaðildarríki.

Stofnaðilar sjóðsins skulu vera þau ríki, sem fulltrúa áttu á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um fjármál og gjaldeyrismál, hverra ríkisstjórnir samþykkja aðild fyrir 31. desember 1945.

2. gr.
Önnur aðildarríki.

Öðrum ríkjum skal heimil aðild á þeim tímum og með þeim kjörum, sem sjóðráð kann að ákveða. Umrædd kjör, að meðtöldum framlagsloforðum, skulu miðast við sömu höfuðforsendur og giltu fyrir þau lönd, sem þegar hafa gerst aðilar.

III. KAFLI

KVÓTAR OG FRAMLAGSLOFORÐ

1. gr.
Kvótar og greiðsla framlagsloforða.

Hverju aðildarríki skal úthlutað kvóta, sem sé tilgreindur í einingum sérstakra dráttarréttinda. Kvótar þeirra aðildarríkja, sem áttu fulltrúa á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um fjármál og gjaldeyrismál og samþykkja aðild fyrir 31. desember 1945, skulu vera sem greinir í skrárviðauka A. Kvótar annarra aðildarríkja skulu ákveðnir af sjóðaráði. Framlagsloforð hvers aðildarríkis skal vera jafnt kvóta þess og greiðist sjóðnum að fullu með viðeigandi hætti hjá tilnefndum vörsluhafa.

2. gr.
Lagfæring kvóta.

(a) Eigi sjaldnar en á fimm ára fresti skal sjóðráð framkvæma almenna endurskoðun á kvótum aðildarríkjanna og,

The Fund shall be guided in all its policies and decisions by the purposes set forth in this Article.

ARTICLE II

MEMBERSHIP

Section 1.
Original members.

The original members of the Fund shall be those of the countries represented at the United Nations Monetary and Financial Conference whose governments accept membership before December 31, 1945.

Section 2.
Other members.

Membership shall be open to other countries at such times and in accordance with such terms as may be prescribed by the Board of Governors. These terms, including the terms for subscriptions, shall be based on principles consistent with those applied to other countries that are already members.

ARTICLE III

QUOTAS AND SUBSCRIPTIONS

Section 1.
Quotas and payment of subscriptions.

Each member shall be assigned a quota expressed in special drawing rights. The quotas of the members represented at the United Nations Monetary and Financial Conference which accept membership before December 31, 1945 shall be those set forth in Schedule A. The quotas of other members shall be determined by the Board of Governors. The subscription of each member shall be equal to its quota and shall be paid in full to the Fund at the appropriate depository.

Section 2.
Adjustment of quotas.

(a) The Board of Governors shall at intervals of not more than five years conduct a general review, and if it deems it

teljist rétt, skulu gerðar tillögur um lagfæringar á þeim. Ráðið getur einnig, þyki því hlýða, hvenær sem er tekið til athugunar lagfæringar einstakra kvóta skv. beiðni aðildarríkis, sem hlut á að máli.

(b) Sjóðnum er heimilt hvenær sem er að gera tillögu um hækkun á kvóta þeirra þjóða, sem gerst höfðu aðilar fyrir 31. ágúst 1975 í hlutfalli við kvóta þeirra á þeim degi, svo nemi þó ekki hærri upphæð en samanlögðum tilfærslum skv. V. kafla, greinum 12 (f) (i) og (j) af sérstaka greiðslureikningnum yfir á almenna fjármagnsreikninginn.

(c) Til samþykktar tillögum um breytingu á kvótum þarf 85% heildaratkvæðamagnsins.

(d) Kvóta má ekki breyta án samþykkis viðkomandi aðildarríkis og ekki fyrr en greiðsla hefur verið innt af hendi nema litið sé á að svo hafi verið gert skv. grein 3 (b) í þessum kafla.

appropriate propose an adjustment, of the quotas of the members. It may also, if it thinks fit, consider at any other time the adjustment of any particular quota at the request of the member concerned.

(b) The Fund may at any time propose an increase in the quotas of those members of the Fund that were members on August 31, 1975 in proportion to their quotas on that date in a cumulative amount not in excess of amounts transferred under Article V, Section 12 (f), (i), and (j) from the Special Disbursement Account to the General Resources Account.

(c) An eighty-five percent majority of the total voting power shall be required for any change in quotas.

(d) The quota of a member shall not be changed until the member has consented and until payment has been made unless payment is deemed to have been in accordance with Section 3 (b) of this Article.

3. gr.
Greiðslur við breytingar kvóta.

(a) Sérhvert aðildarríki, sem samþykkir aukningu á kvóta sínum skv. 2. gr. (a) í þessum kafla, skal innan ákveðins tíma, sem sjóðurinn afmarkar, greiða til sjóðsins 25% aukningarinnar í einingum sérstakra dráttarréttinda. Sjóðráð getur þó ákveðið að öllum aðildarríkjum sé heimilt að greiða kvótaaukninguna að öllu leyti eða að hluta til í gjaldmiðlum annarra aðildarríkja tilteknum af sjóðnum og með samþykki þeirra, eða í eigin gjaldmiðli viðkomandi ríkis. Aðrir en þátttakendur skulu greiða kvótaaukningu í gjaldmiðlum annarra aðildarríkja tilteknum af sjóðnum og með samþykki þeirra, sama hlutfall og þátttakendur greiða í formi eininga sérstakra dráttarréttinda. Mismunurinn greiðist í eigin gjaldmiðli viðkomandi ríkis. Handhöfn sjóðsins á gjaldmiðli aðildarríkis má ekki aukast umfram þau mörk, að til komi sérstök þóknun skv. V. kafla, grein 8 (b) (ii),

Section 3.
Payments when quotas are changed.

(a) Each member which consents to an increase in its quota under Section 2 (a) of this Article shall, within a period determined by the Fund, pay to the Fund twenty-five percent of the increase in special drawing rights, but the Board of Governors may prescribe that this payment may be made, on the same basis for all members, in whole or in part in the currencies of other members specified, with their concurrence, by the Fund, or in the member's own currency. A nonparticipant shall pay in the currencies of other members specified by the Fund, with their concurrence, a proportion of the increase corresponding to the proportion to be paid in special drawing rights by participants. The balance of the increase shall be paid by the member in its own currency. The Fund's holdings of a member's currency shall not be increased above the level at which they

sem afleiðing af greiðslum annarra aðildarríkja skv. þessu ákvæði.

(b) Sérhvert aðildarríki, sem samþykkir aukningu á kvóta sínum skv. grein 2 (b) þessa kafla, skal álitið hafa gefið framlagsloforð í samræmi við kvótaaukninguna.

(c) Samþykki aðildarríki skerðingu kvóta síns skal sjóðurinn innan 60 daga greiða aðildarríkinu fjárhæð jafna skerðingunni. Greiðslan skal innt af hendi í gjaldmiðli aðildarríkisins auk þeirrar upphæðar eininga sérstakra dráttarréttinda eða gjaldmiðla annarra tiltekinna aðildarríkja, með samþykki þeirra, þannig að handhöfn sjóðsins á gjaldmiðli viðkomandi ríkis verði ekki minni en sem nemur endurskoðuðum kvóta, þó með þeirri undantekningu að undir sérstökum kringumstæðum sé sjóðnum heimilt að lækka gjaldmiðilseignina niður fyrir kvótann með greiðslum til aðildarríkis í eigin gjaldmiðli.

(d) Til samþykktar ákvarðana skv. lið (a) að ofan þarf 70% heildaratkvæðamagnsins, að undanskildum ákvörðunum um tímatakmörk og tegund gjaldmiðla.

would be subject to charges under Article V, Section 8 (b) (ii), as a result of payments by other members under this provision.

(b) Each member which consents to an increase in its quota under Section 2 (b) of this Article shall be deemed to have paid to the Fund an amount of subscription equal to such increase.

(c) If a member consents to a reduction in its quota, the Fund shall, within sixty days, pay to the member an amount equal to the reduction. The payment shall be made in the member's currency and in such amount of special drawings rights or the currencies of other members specified, with their concurrence, by the Fund as is necessary to prevent the reduction of the Fund's holdings of the currency below the new quota, provided that in exceptional circumstances the Fund may reduce its holdings of the currency below the new quota by payment to the member in its own currency.

(d) A seventy percent majority of the total voting power shall be required for any decision under (a) above, except for the determination of a period and the specification of currencies under that provision.

4. gr.
Verðbréf í stað gjaldeyris.

Að svo miklu leyti sem sjóðurinn telur sig ekki þurfa gjaldeyri einhvers aðildarríkis vegna aðgerða sinna og viðskipta skal hann í stað gjaldeyris taka við skuldaviðurkenningum eða svipuðum skuldabréfum útgefnum af aðildarríkinu eða vörsluhafa þeim, sem aðildarríkið hefur tilnefnt skv. XIII. kafla, grein 2. Verðbréf þessi skulu vera óframseljanleg og vaxtalaus og skulu greidd á nafnverði þegar þess er krafist með því að færa sjóðnum fjárhæð þeirra til eignar í reikningi hans hjá hinum tilnefnda vörsluhafa. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki aðeins eiga við gjaldeyrisframlög aðildarríkjanna, heldur og allar aðrar gjaldeyrisfjárhæðir, sem greiðast eiga sjóðnum eða hann kann að eignast og lagðar skulu á almenna fjármagnsreikninginn.

Section 4.
Substitution of securities for currency.

The Fund shall accept from any member, in place of any part of the member's currency in the General Resources Account which in the judgement of the Fund is not needed for its operations and transactions, notes or similar obligations issued by the member or the depository designated by the member under Article XIII, Section 2, which shall be non-negotiable, non-interest bearing and payable at their face value on demand by crediting the account of the Fund in the designated depository. This Section shall apply not only to currency subscribed by members but also to any currency otherwise due to, or acquired by, the Fund and to be placed in the General Resources Account.

IV. KAFLI
SKULDBINDINGAR VEGNA FYRIRKOMULAGS GJALDEYRISMÁLA

1. gr.
Almennar skuldbindingar aðildarríkjanna.

Með það meginhlutverk alþjóðafjármálakerfisins í huga að skapa skilyrði til auðveldunar viðskiptum milli landa með vörur, þjónustu og fjármagn auk þess að viðhalda heilbrigðum hagvexti, og að eitt aðalmarkmiðið er áframhaldandi þróun á hinum skipulagða grunni, sem nauðsynlegur er til að tryggja fjármálalegan og efnahagslegan stöðugleika, heitir sérhvert aðildarríki því að hafa samráð við sjóðinn og önnur aðildarríki til þess að tryggja skipulegt fyrirkomulag gengismála og vinna að því að koma á stöðugu gengi gjaldmiðla. Nánar tilgreindar eru skuldbindingar aðildarríkjanna sem hér segir:

(i) Að leitast við að haga efnahags- og fjármálastjórn sinni þannig að tryggja megi skipulegan hagvöxt og sem stöðugast verðlag miðað við aðstæður.

(ii) Að leitast við að tryggja stöðugleika efnahagslífsins með því að treysta undirstöður efnahags- og fjármála og með peningakerfi sem ekki hefur sveiflukenndar tilhneigingar.

(iii) Að forðast tilraunir til að hafa óæskileg áhrif á gengi gjaldmiðla eða alþjóðagjaldeyriskerfið í þeim tilgangi að hindra eðlilega aðlögun greiðslujafnaðar eða til að öðlast ósanngjarna samkeppnisyfirburði yfir önnur aðildarríki.

(iv) Að marka stefnu í gjaldeyrismálum sem sé í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

2. gr.
Almennt fyrirkomulag gjaldeyrismála.

(a) Sérhverju aðildarríki ber að tilkynna sjóðnum innan 30 daga frá samþykkt annarrar stofnskrárbreytingar sjóðsins um þá stefnu, sem það hyggst

ARTICLE IV
OBLIGATIONS REGARDING EXCHANGE ARRANGEMENTS

Section 1.
General obligations of members.

Recognizing that the essential purpose of the international monetary system is to provide a framework that facilitates the exchange of goods, services, and capital among countries, and that sustains sound economic growth, and that a principal objective is the continuing development of the orderly underlying conditions that are necessary for financial and economic stability, each member undertakes to collaborate with the Fund and other members to assure orderly exchange arrangements and to promote a stable system of exchange rates. In particular, each member shall:

(i) endeavor to direct its economic and financial policies toward the objective of fostering orderly economic growth with reasonable price stability, with due regard to its circumstances;

(ii) seek to promote stability by fostering orderly underlying economic and financial conditions and a monetary system that does not tend to produce erratic disruptions;

(iii) avoid mainpulating exchange rates or the international monetary system in order to prevent effective balance of payments adjustment or to gain an unfair competitive advantage over other members; and

(iv) follow exchange policies compatible with the undertakings under this Section.

Section 2.
General exchange arrangements.

(a) Each member shall notify the Fund, within thirty days after the date of the second amendment of this Agreement, of the exchange arrangements it

fylgja í gjaldeyrismálum til þess að uppfylla skilyrðin, sem sett voru fram í 1. grein þessa kafla. Sömuleiðis ber að tilkynna sjóðnum án tafar um breytingar, sem kunna að verða á þeirri stefnu.

(b) Í því alþjóðlega peningakerfi, sem var við lýði hinn 1. janúar 1976, getur fyrirkomulag gjaldeyrismála verið eftirfarandi: (i) Hvert aðildarríki getur tengt gengi gjaldmiðils síns gengi sérstakra dráttarréttinda eða gengi einhvers annars eða annarra gjaldmiðla að gulli undanskildu. (ii) Með samvinnufyrirkomulagi getur hópur aðildarríkja ákveðið gengi gjaldmiðla sinna gagnvart gengi einhverra annarra gjaldmiðla. (iii) Hvert aðildarríki getur haft eitthvert annað fyrirkomulag á skráningu gjaldmiðils síns en um getur í (i) og (ii).

(c) Til þess að fylgja eftir þróun alþjóðagjaldeyriskerfisins getur sjóðurinn með stuðningi 85% atkvæðamagnsins sniðið fyrirkomulagi gjaldeyrismála ramma án þess þó að takmarka rétt aðildarríkjanna til þess að fylgja hvaða stefnu sem er í gjaldeyrismálum svo fremi að hún samrýmist tilgangi sjóðsins og ákvæðum 1. greinar þessa kafla.

3. gr.
Eftirlit með fyrirkomulagi gjaldeyrismála.

(a) Sjóðurinn skal fylgjast náið með alþjóðagjaldeyriskerfinu til þess að tryggja tilætlaða starfsemi þess. Hann skal og fylgjast með því að aðildarríkin standi við skuldbindingar sínar skv. 1. grein þessa kafla.

(b) Til þess að sinna skyldum sínum eins og þær eru settar fram í lið (a) að ofan skal sjóðurinn hafa nákvæmt eftirlit með stefnu aðildarríkjanna í gengismálum og skal hann setja sérstakar reglur til leiðbeiningar fyrir aðildarríkin á þessu sviði. Hverju aðildarríki er skylt að veita sjóðnum hverjar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að teljast svo hann geti sinnt eftirlitshlutverki sínu. Auk þess ber hverju aðildarríki að ráðgast við sjóðinn um stefnu sína í gengismálum hvenær sem hann kann að æskja

intends to apply in fulfillment of its obligations under Section 1 of this Article, and shall notify the Fund promptly of any changes in its exchange arrangements.

(b) Under an international monetary system of the kind prevailing on January 1, 1976, exchange arrangements may include (i) the maintenance by a member of a value for its currency in terms of the special drawing right or another denominator, other than gold, selected by the member, or (ii) cooperative arrangements by which members maintain the value of their currencies in relation to the value of the currency or currencies of other members, or (iii) other exchange arrangements of a member's choice.

(c) To accord with the development of the international monetary system, the Fund, by an eighty-five percent majority of the total voting power, may make provision for general exchange arrangements without limiting the right of members to have exchange arrangements of their choice consistent with the purposes of the Fund and the obligations under Section 1 of this Article.

Section 3.
Surveillance over exchange arrangements.

(a) The Fund shall oversee the international monetary system in order to ensure its effective operation, and shall oversee the compliance of each member with its obligations under Section 1 of this Article.

(b) In order to fulfill its functions under (a) above, the Fund shall exercise firm surveillance over the exchange rate policies of members, and shall adopt specific principles for the guidance of all members with respect to those policies. Each member shall provide the Fund with the information necessary for such surveillance, and, when requested by the Fund, shall consult with it on the member's exchange rate policies. The principles adopted by the Fund shall be consistent with cooperative arrangements by

þess. Reglurnar, sem sjóðurinn setur, skulu vera í samræmi við samkomulag aðildarríkja um skráningu gengis gjaldmiðla sinna gagnvart öðrum gjaldmiðlum auk hvers þess fyrirkomulags, sem aðildarríki kunna að hafa tileinkað sér og brjóta ekki í bága við 1. grein þessa kafla. Þessar reglur skulu taka tillit til félagslegra og stjórnmálalegra stefna í aðildarríkjunum, og í beitingu reglnanna skal einnig tekið fullt tillit til aðstæðna í hverju aðildarríki.

4. gr.
Stofngengi.

Með 85% heildaratkvæðamagnsins getur sjóðurinn ákveðið að alþjóðlegt ástand efnahagsmála leyfi að komið verði á gjaldeyriskerfi, sem byggi á stöðugu en breytanlegu stofngengi gjaldmiðla. Ákvörðun þessi skal tekin á grundvelli stöðugleika efnahagslífs heimsins og skal gaumur gefinn að verðþróun og hagvexti í aðildarlöndunum. Ákvörðunin skal tekin með hliðsjón af þróun alþjóðagjaldeyriskerfisins með sérstöku tilliti til uppruna alþjóðlegs gjaldmiðils, til þess að tryggja öfluga starfsemi stofngengiskerfis, með tilliti til fyrirkomulags þar sem ríki með greiðslujafnaðarafgang og greiðslujafnaðarhalla grípa fljótt og örugglega til samsvarandi aðgerða til þess að ná jöfnuði á ný. Jafnframt skal höfð hliðsjón af því hvernig gripið skal í taumana og brugðist við misvægi. Að tekinni slíkri ákvörðun ber sjóðnum að tilkynna aðildarríkjunum að ákvæði skrárauka C hafi tekið gildi.

5. gr.
Sérstakar tegundir gjaldeyris á landssvæðum aðildarríkis.

(a) Aðgerðir af hálfu aðildarríkis gagnvart gjaldmiðli sínum skulu túlkaðar sem sams konar aðgerðir gagnvart hinum ýmsu tegundum gjaldeyris fyrir hönd hverra það hefur samþykkt þessa stofnskrá skv. XXXI. kafla, 2. grein (g) nema

which members maintain the value of their currencies in relation to the value of the currency or currencies of other members, as well as with other exchange arrangements of a member's choice consistent with the purposes of the Fund and Section 1 of this Article. These principles shall respect the domestic social and political policies of members, and in applying these principles the Fund shall pay due regard to the circumstances of members.

Section 4.
Par values.

The Fund may determine, by an eighty-five percent majority of the total voting power, that international economic conditions permit the introduction of a widespread system of exchange arrangements based on stable but adjustable par values. The Fund shall make the determination on the basis of the underlying stability of the world economy, and for this purpose shall take into account price movements and rates of expansion in the economies of members. The determination shall be made in light of the evolution of the international monetary system, with particular reference to sources of liquidity, and, in order to ensure the effective operation of a system of par values, to arrangements under which both members in surplus and members in deficit in their balances of payments take prompt, effective, and symmetrical action to achieve adjustment, as well as to arrangements for intervention and the treatment of imbalances. Upon making such determination, the Fund shall notify members that the provisions of Schedule C apply.

Section 5.
Separate currencies within a member's territories.

(a) Action by a member with respect to its currency under this Article shall be deemed to apply to the separate currencies of all territories in respect of which the member has accepted this Agreement under Article XXXI, Section

aðildarríkið lýsi því yfir að aðgerðirnar nái annað hvort aðeins til megingjaldmiðilsins, eða aðeins til einnar eða fleiri tiltekinna tegunda gjaldeyris, eða til megingjaldmiðilsins og einnar eða fleiri tiltekinna tegunda gjaldeyris.

(b) Aðgerðir af hálfu sjóðsins í samræmi við ákvæði þessa kafla skulu ná til allra gjaldeyristegunda aðildarríkis, sbr. lið (a) að ofan, nema annað sé tekið fram.

V. KAFLI

STARFSEMI SJÓÐSINS OG VIÐSKIPTI HANS

1. gr.
Viðskiptaaðilar sjóðsins.

Hvert aðildarríki skal eingöngu eiga skipti við sjóðinn með milligöngu fjármálaráðuneytis síns, seðlabanka, jafnvægissjóðs eða annarrar slíkrar fjármálastofnunar og sjóðurinn skal eingöngu skipta við eða með milligöngu sömu aðila.

2. gr.
Takmarkanir á starfsemi sjóðsins og viðskiptum hans.

(a) Nema öðruvísi sé ákveðið í samningi þessum skulu viðskipti sjóðsins takmörkuð við viðskipti, sem hafa þann tilgang að láta aðildarríki, að frumkvæði þess sjálfs, í té sérstök dráttarréttindi eða gjaldmiðil annars aðildarríkis úr vörslu sjóðsins, á almenna fjármagnsreikningnum, í skiptum fyrir gjaldmiðil aðildarríkis þess er kaupin vill gera.

(b) Sé þess óskað getur sjóðurinn veitt fjármálalega og tæknilega þjónustu, að meðtaldri umsjón með fjárframlögum aðildarríkis enda séu þær í samræmi við hlutverk sjóðsins. Starfsemi vegna veittrar fjármálalegrar þjónustu skal ekki vera á kostnað sjóðsins. Hvers kyns þjónustu, sem fellur undir þennan lið, geta ekki fylgt neinar kvaðir um skuldbindingar af hálfu aðildarríkis nema með samþykki þess.

2 (g) unless the member declares that its action relates either to the metropolitan currency alone, or only to one or more specified separate currencies, or to the metropolitan currency and one or more specified separate currencies.

(b) Action by the Fund under this Article shall be deemed to relate to all currencies of a member referred to in (a) above unless the Fund declares otherwise.

ARTICLE V

OPERATIONS AND TRANSACTIONS OF THE FUND

Section 1.
Agencies dealing with the Fund.

Each member shall deal with the Fund only through its Treasury, central bank, stabilization fund, or other similar fiscal agency, and the Fund shall deal only with or through the same agencies.

Section 2.
Limitation on the Fund's operations and transactions.

(a) Except as otherwise provided in this Agreement, transactions on the account of the Fund shall be limited to transactions for the purpose of supplying a member, on the initiative of such member, with special drawing rights or the currencies of other members from the general resources of the Fund, which shall be held in the General Resources Account, in exchange for the currency of the member desiring to make the purchase.

(b) If requested, the Fund may decide to perform financial and technical services, including the administration of resources contributed by members, that are consistent with the purposes of the Fund. Operations involved in the performance of such financial services shall not be on the account of the Fund. Services under this subsection shall not impose any obligation on a member without its consent.

3. gr.
Skilyrði fyrir notkun fjármagns sjóðsins.

(a) Sjóðurinn skal marka stefnu hvað varðar notkun á fjármagni hans, þar með talið stefnu varðandi bráðabirgðasamninga. Auk þess er heimilt að marka sérstaka stefnu vegna sérstakra greiðslujafnaðarvandamála, sem upp kunna að koma, í þeim tilgangi að aðstoða aðildarríkin við að leysa slík vandamál á þann hátt, sem samrýmist ákvæðum samnings þessa, auk stefnu sem tryggi möguleika á skammtímanotkun fjármagns sjóðsins.

(b) Sérhverju aðildarríki er heimilt að kaupa af sjóðnum gjaldmiðla annarra aðildarríkja fyrir eigin gjaldmiðil sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

(i) Notkun aðildarríkis á fjármagni sjóðsins sé í samræmi við ákvæði þessa samnings og þá stefnu sem hann markar.

(ii) Aðildarríki verður að sýna fram á þörf til þess að kaupa aðra gjaldmiðla skv. ofanskráðu vegna greiðslujafnaðarvandamála, erfiðrar gjaldeyrisstöðu eða óhagstæðrar þróunar gjaldeyrisstöðunnar.

(iii) Áformuð kaup yrðu kaup í gjaldeyrisforðahlut eða myndu ekki leiða til þess að handhöfn sjóðsins á gjaldmiðli viðkomandi aðildarríkis verði meiri en 200% af kvóta þess.

(iv) Sjóðurinn hafi ekki áður ákveðið, skv. 5. grein þessa kafla, 1. grein VI. kafla eða 2. grein (a) XXVI. kafla, að aðildarríkið, sem sækir um kaup, skuli ekki eiga rétt á slíkri fyrirgreiðslu.

(c) Sjóðurinn skal kanna hverja umsókn um kaup til þess að ákveða hvort þau yrðu í samræmi við ákvæði þessa samnings og þá stefnu, sem hann markar þó þannig að ástæður beiðna um gjaldeyrisforðahlut verði ekki vefengdar.

(d) Sjóðurinn skal marka sér stefnu og starfsreglur viðvíkjandi vali á gjald-

Section 3.
Conditions governing use of the Fund's general resources.

(a) The Fund shall adopt policies on the use of its general resources, including policies on stand-by or similar arrangements, and may adopt special policies for special balance of payments problems, that will assist members to solve their balance of payments problems in a manner consistent with the provisions of this Agreement and that will establish adequate safeguards for the temporary use of the general resources of the Fund.

(b) A member shall be entitled to purchase the currencies of other members from the Fund in exchange for an equivalent amount of its own currency to the following conditions:

(i) the member's use of the general resources of the Fund would be in accordance with the provisions of this Agreement and the policies adopted under them:

(ii) the member represents that it has a need to make the purchase because of its balance of payments or its reserve position or developments in its reserves;

(iii) the proposed purchase be a reserve tranche purchase, or would not cause the Fund's holdings of the purchasing member's currency to exceed two hundred percent of its quota;

(iv) the Fund has not previously declared under Section 5 of this Article, Article VI, Section 1, or Article XXVI. Section 2 (a) that the member desiring to purchase is ineligible to use the general resources of the Fund.

(c) The Fund shall examine a request for a purchase to determine whether the proposed purchase would be consistent with the provisions of this Agreement and the policies adopted under them, provided that requests for reserve tranche purchases shall not be subject to challenge.

(d) The Fund shall adopt policies and procedures on the selection of currencies

miðlum, sem seldir verða, og skal, í samvinnu við aðildarríkin, höfð hliðsjón af greiðslujafnaðar- og gjaldeyrisstöðumálum auk þróunar á alþjóðlegum gengismörkuðum og æskileika þess að hvetja til jafnvægis í stöðu gagnvart sjóðnum yfir lengri tíma litið. Það er þó háð því skilyrði að ef aðildarríki óskar kaupa á gjaldmiðli annarrar þjóðar þar eð kaupandinn æskir þess að komast yfir jafn mikið í eigin gjaldmiðli, sem boðinn er af hinni þjóðinni, þá skal honum kleift að kaupa gjaldmiðilinn af hinni þjóðinni svo fremi að sjóðurinn hafi þá þegar ekki gert kunnugt skv. VII. kafla, grein 3, að handhöfn hans á viðkomandi gjaldmiðli sé mjög lítil orðin.

(e)

(i) Sérhvert aðildarríki skal tryggja að upphæðir gjaldmiðils þess, sem keyptar eru af sjóðnum séu upphæðir í frjálsum gjaldeyri eða skiptanlegar þegar kaupin fara fram í frjálsan gjaldmiðil á gildandi gengi viðkomandi gjaldmiðla skv. XIX. kafla, grein 7 (a).

(ii) Sé gjaldmiðill aðildarríkis keyptur af sjóðnum eða fenginn í skiptum fyrir gjaldmiðil, sem keyptur hefur verið af sjóðnum, ber því að hafa samráð við sjóðinn og önnur aðildarríki í þeim tilgangi að tryggja möguleika á skiptum gjaldmiðilsins fyrir frjálsan gjaldmiðil annarra ríkja á sama tíma og kaupin fara fram.

(iii) Skipti, skv. lið (i) að ofan, á gjaldmiðli, sem ekki er auðskiptanlegur, skulu gerð að frumkvæði þess ríkis hvers gjaldmiðill er keyptur nema til komi sérstakt samkomulag þess ríkisins, sem gjaldmiðilinn kaupir.

(iv) Aðildarríki, sem kaupir af sjóðnum auðskiptanlegan gjaldeyri annars aðildarríkis, og æskir auk þess að skipta honum fyrir enn annan auðskiptanlegan gjaldeyri um leið og upphaflegu kaupin fara fram, skal skipta beint við seinni aðilann óski hann þess. Skiptin fara fram í auð-

to be sold that take into account, in consultation with members, the balance of payments and reserve position of members and developments in the exchange markets, as well as the desirability of promoting over time balanced positions in the Fund, provided that if a member represents that it is proposing to purchase the currency of another member because the purchasing member wishes to obtain an equivalent amount of its own currency offered by the other member, it shall be entitled to purchase the currency of the other member unless the Fund has given notice under Article VII, Section 3 that its holdings of the currency have become scarce.

(e)

(i) Each member shall ensure that balances of its currency purchased from the Fund are balances of a freely usable currency or can be exchanged at the time of purchase for a freely usable currency of its choise at an exchange rate between the two currencies equivalent to the exchange rate between them on the basis of Article XIX, Section 7 (a).

(ii) Each member whose currency is purchased from the Fund or is obtained in exchange for currency purchased from the Fund shall collaborate with the Fund and other members to enable such balances of its currency to be exchanged, at the time of purchase, for the freely usable currencies of other members.

(iii) An exchange under (i) above of a currency that is not freely usable shall be made by the member whose currency is purchased unless that member and the purchasing member agree on another procedure.

(iv) A member purchasing from the Fund the freely usable currency of another member and wishing to exchange it at the time of purchase for another freely usable currency shall make the exchange with the other member if requested by that member. The exchange shall be

skiptanlegum gjaldeyri á því gengi, sem vísað er til í lið (i) að ofan.

(f) Samkvæmt þeirri stefnu og þeim starfsreglum, sem sjóðurinn setur sér, getur hann samþykkt að láta aðildarríki, sem hyggur á kaup, í té sérstök dráttarréttindi í stað gjaldmiðla annarra aðildarþjóða.

made for a freely usable currency selected by the other member at the rate of exchange referred to in (i) above.

(f) Under policies and procedures which it shall adopt, the Fund may agree to provide a participant making a purchase in accordance with this Section with special drawing rights instead of the currencies of other members.

4. gr.
Lausn skilyrða.

Sjóðnum er heimilt eftir eigin mati og með kjörum, sem tryggja hagsmuni hans, að leysa undan hverju því skilyrði, sem fyrir er mælt í 3. grein lið (b) (iii) og (iv) þessa kafla, sérstaklega þegar í hlut eiga aðildarríki, sem reynslan hefur sýnt að forðast hafa mikla eða samfellda notkun fjármagns sjóðsins. Við lausn undan skilyrðum skal sjóðurinn taka tillit til tímabundinna eða óvenjulegra þarfa aðildarríkis, sem lausnar æskir. Sjóðurinn skal einnig taka tillit til vilja aðildarríkis til þess að setja sem tryggingu verðbréf eða aðrar til þess hæfar eignir, sem að dómi sjóðsins eru nægilega verðmætar til þess að vernda hagsmuni hans, og er sjóðnum heimilt að setja skilyrði lausnar, að slík trygging sé sett.

Section 4.
Waiver of conditions.

The Fund may in its discretion, and on terms which safeguard its interests, waive any of the conditions prescribed in Section 3 (b) (iii) and (iv) of this Article especially in the case of members with a record of avoiding large or continuous use of the Fund's general resources. In making a waiver it shall take into consideration periodic or exceptional requirements of the member requesting the waiver. The Fund shall also take into consideration a member's willingness to pledge as collateral security acceptable assets having a value sufficient in the opinion of the Fund to protect interests and may require as a condition of waiver the pledge of such collateral security.

5. gr.
Vanheimild til þess að nota fjármagn sjóðsins.

Hvenær sem sjóðurinn er þeirrar skoðunar, að eitthvert aðildarríki noti fjármagn sjóðsins með hætti, sem brýtur í bága við tilgang hans, skal hann senda aðildarríkinu skýrslu, þar sem gerð sé grein fyrir skoðunum sjóðsins og settur hæfilegur frestur til svars. Eftir að slík skýrsla hefur verið send til aðildarríkis er sjóðnum heimilt að takmarka notkun aðildarríkisins á fjármagni sjóðsins. Berist ekkert svar við skýrslunni innan tilsetts tíma eða reynist móttekið svar ófullnægjandi, er sjóðnum heimilt að takmarka áfram notkun aðildarríkis á fjármagni sjóðsins eða, eftir að aðildarríkinu hefur verið veittur hæfilegur frestur, að

Section 5.
Ineligibility to use the Fund's general resources.

Whenever the Fund is of the opinion that any member is using the general resources of the Fund in a manner contrary to the purposes of the Fund, it shall present to the member a report setting forth the views of the Fund and prescribing a suitable time for reply. After presenting such a report to a member, the Fund may limit the use of its general resources by the member. If no reply to the report is received from the member within the prescribed time, or if the reply received is unsatisfactory, the Fund may continue to limit the members's use of the general resources of the Fund or may, after giving reasonable notice to the member, de-

lýsa því vanheimilt að nota fjármagn sjóðsins.

6. gr.
Önnur kaup og sala sérstakra dráttarréttinda af hálfu sjóðsins.

(a) Sjóðnum er heimilt að þiggja sérstök dráttarréttindi, sem boðin yrðu fram af aðildarríki, í skiptum fyrir jafn háa upphæð í gjaldmiðlum annarra ríkja.

(b) Sé þess óskað getur sjóðurinn látið aðildarríki í té sérstök dráttarréttindi fyrir samsvarandi upphæð í gjaldmiðlum annarra aðildarríkja. Handhöfn sjóðsins á gjaldmiðli einstaks aðildarríkis má þó ekki vaxa umfram þau mörk, sem sett eru í 8. grein (b) (ii) í þessum kafla.

(c) Þeir gjaldmiðlar, sem keyptir eru eða seldir af sjóðnum skv. ákvæðum þessarar greinar, skulu valdir með tilliti til þeirra höfuðatriða, sem sett eru fram í greinum 3 (d) og 7 (i) í þessum kafla. Því aðeins getur sjóðurinn tekið þátt í viðskiptum skv. ákvæðum þessarar greinar að aðildarríki það sem gefur út þann gjaldmiðil, sem fyrirhugað er að eiga viðskipti með, veiti til þess samþykki sitt.

7. gr.
Endurkaup aðildarríkis á eigin gjaldeyri frá sjóðnum.

(a) Hvert aðildarríki hefur rétt til þess að kaupa hvenær sem er þá upphæð, sem er í vörslu sjóðsins og sérstakt gjald fellur á skv. grein 8 (b) í þessum kafla.

(b) Aðildarríki, sem keypt hefur gjaldeyri skv. 3. grein þessa kafla, skal alla jafnan, um leið og greiðslujöfnuðurinn og gjaldeyrisstaðan batnar, kaupa af sjóðnum handhöfn hans á gjaldmiðli sínum, sem orðið hefur til við kaupin og á fellur gjald skv. grein 8 (b) þessa kafla. Aðildarríkið skal kaupa umrædda handhöfn ef sjóðurinn hefur, í samræmi við stefnu sína og starfsreglur viðvíkjandi slíkum endurkaupum og í samráði við viðkomandi aðildarríki, sýnt fram á að batnandi greiðslujöfnuður og gjaldeyrisstaða þjóðarinnar gefi tilefni til slíkra endurkaupa.

clare it ineligible to use the general resources of the Fund.

Section 6.
Other purchases and sales of special drawing rights by the Fund.

(a) The Fund may accept special drawing rights offered by a participant in exchange for an equivalent amount of the currencies of other members.

(b) The Fund may provide a participant, at its request, with special drawing rights for an equivalent amount of the currencies of other members. The Fund's holdings of a member's currency shall not be increased as a result of these transactions above the level at which the holdings would be subject to charges under Section 8 (b) (ii) of this Article.

(c) The currencies provided or accepted by the Fund under this Section shall be selected in accordance with policies that take into account the principles of Section 3 (d) or 7 (i) of this Article. The Fund may enter into transactions under this Section only if a member whose currency is provided or accepted by the Fund concurs in that use of its currency.

Section 7.
Repurchase by a member of its currency held by the Fund.

(a) A member shall be entitled to repurchase at any time the Fund's holding of its currency that are subject to charges under Section 8 (b) of this Article.

(b) A member that has made a purchase under Section 3 of this Article will be expected normally, as its balance of payments and reserve position improves, to repurchase the Fund's holdings of its currency that result from the purchase and are subject to charges under Section 8 (b) of this Article. A member shall repurchase these holdings if, in accordance with policies on repurchase that the Fund shall adopt and after consultation with the member, the Fund represents to the member that it should repurchase because of an improvement in its balance of payments and reserve position.

(c) Aðildarríki, sem keypt hefur gjaldeyri í samræmi við ákvæði 3. greinar þessa kafla, skal kaupa aftur þá handhöfn sjóðsins á gjaldeyri sínum, sem til varð við upprunalegu kaupin og á fellur gjald skv. ákvæðum greinar 8 (b) í þessum kafla eigi síðar en 5 árum eftir að upprunalegu kaupin fóru fram. Sjóðurinn getur þó lagt til að endurkaupin fari fram í áföngum, hefjist 3 árum og endi 5 árum eftir að upprunalegu kaupin áttu sér stað. Með 85% heildaratkvæðamagnsins getur sjóðurinn breytt endurkaupatímabilinu og næði slík breyting þá til allra aðildarríkjanna.

(d) Með 85% heildaratkvæðamagnsins getur sjóðurinn ákveðið aðra tímalengd en getið er í lið (c) að ofan og nær hún þá til allra aðildarríkjanna og gildir um endurkaup á handhöfn sjóðsins, sem orðið hefur til vegna sérstakra aðgerða eða stefnu um notkun á fjármagni sjóðsins.

(e) Hvert aðildarríki skal, skv. stefnu, sem sjóðurinn mun marka með minnst 70% heildaratkvæðamagnsins, endurkaupa þá handhöfn sjóðsins, sem ekki hefur orðið til vegna kaupa en á fellur gjald skv. ákvæðum greinar 8(b) (ii) í þessum kafla.

(f) Ákvörðun sjóðsins um styttri endurkaupatíma en getið er í liðum (c) og (d) að ofan vegna sérstakrar notkunar á fjármagni sjóðsins skal aðeins gilda um þá handhöfn, sem til verður eftir að ákvörðunin hefur tekið gildi.

(g) Sjóðurinn getur að ósk aðildarríkis frestað umsömdum endurkaupsdegi þó ekki þannig að endurkaupatímabilið verði lengra en kveðið er á um í liðum (c) og (d) að ofan eða í þeim tilfellum, sem kveðið er á um í lið (e) að ofan, nema ákveðið verði með 70% heildaratkvæðamagnsins að lengri tími sé æskilegur og í samræmi við ákvarðanir um tímabundna notkun á fjármagni sjóðsins

(c) A member that has made a purchase under Section 3 of this Article shall repurchase the Fund's holdings of its currency that result from the purchase and are subject to charges under Section 8 (b) of this Article not later than five years after the date on which the purchase was made. The Fund may prescribe that repurchase shall be made by a member in installments during the period beginning three years and ending five years after the date of a purchase. The Fund by an eighty-five percent majority of the total voting power, may change the periods for repurchase under this subsection, and any period so adopted shall apply to all members.

(d) The Fund, by an eighty-five percent majority of the total voting power, may adopt periods other than those that apply in accordance with (c) above, which shall be the same for all members, for the repurchase of holdings of currency acquired by the Fund pursuant to a special policy on the use of its general resources.

(e) A member shall repurchase, in accordance with policies that the Fund shall adopt by a seventy percent majority of the total voting power, the Fund's holdings of its currency that are not acquired as a result of purchases and are subject to charges under Section 8 (b) (ii) of this Article.

(f) A decision prescribing that under a policy on the use of the general resources of the Fund the period for repurchase under (c) or (d) above shall be shorter than the one in effect under the policy shall apply only to holdings acquired by the Fund subsequent to the effective date of the decision.

(g) The Fund, on the request of a member, may postpone the date of discharge of a repurchase obligation, but not beyond the maximum period under (c) or (d) above or under policies adopted by the Fund under (e) above, unless the Fund determines, by a seventy percent majority of the total voting power, that a longer period for repurchase which is consistent with the tem-

enda mundi framfylgd upprunalegu ákvæðanna leiða af sér sérstaka erfiðleika hjá viðkomandi aðildarríki.

(h) Stefnu sjóðsins skv. grein 3 (d) í þessum kafla má endurskoða þannig að sjóðurinn geti að höfðu samráði við viðkomandi aðildarríki selt handhöfn sína á gjaldmiðli ríkisins skv. grein 3 (b) í þessum kafla, þ. e. a. s. þann hluta, sem ekki hefur verið endurkeyptur skv. ákvæðum 7. greinar þessa kafla, án þess að það hafi nokkur áhrif á aðrar aðgerðir, sem sjóðnum er heimilt að grípa til skv. samningi þessum.

(i) Öll endurkaup, sem getið er í þessari grein, skulu fara fram í einingum sérstakra dráttarréttinda eða í gjaldmiðlum annarra þjóða og séu þeir tilteknir af sjóðnum. Sjóðnum ber að marka sér stefnu og starfsreglur viðvíkjandi vali á gjaldmiðlum, sem notaðir eru þegar endurkaup fara fram, og skal í því sambandi höfð hliðsjón af ákvæðum greinar 3 (d) í þessum kafla. Handhöfn sjóðsins á gjaldmiðli ákveðins aðildarríkis má ekki vaxa svo vegna endurkaupanna að á hana falli gjald skv. grein 8 (b) (ii) í þessum kafla.

(j)

(i) Ef gjaldmiðill aðildarríkis, sem tiltekið er af sjóðnum, skv. lið (i) að ofan, er ekki auðskiptanlegur, skal aðildarríkið tryggja það að endurkaupandinn geti komist yfir gjaldmiðilinn fyrir auðskiptanlegan gjaldmiðil, sem valinn skal af tiltekna aðildarríkinu. Skiptin á gjaldmiðlinum skulu fara fram á gengi í samræmi við XIX. kafla, grein 7 (a).

(ii) Sérhvert aðildarríki, hvers gjaldmiðill hefur verið tiltekinn af sjóðnum til endurkaupa, skal hafa samráð við sjóðinn og önnur aðildarríki til þess að tryggja endurkaupendunum að þeir geti, þegar endurkaupin fara fram, fengið tiltekna

porary use of the general resources of the Fund is justified because discharge on the due date would result in exceptional hardship for the member.

(h) The Fund's policies under Section 3 (d) of this Article may be supplemented by policies under which the Fund may decide after consultation with a member to sell under Section 3 (b) of this Article its holdings of the member's currency that have not been repurchased in accordance with this Section 7, without prejudice to any action that the Fund may be authorized to take under any other provision of this Agreement.

(i) All repurchases under this Section shall be made with special drawing rights or with the currencies of other members specified by the Fund, The Fund shall adopt policies and procedures with regard to the currencies to be used by members in making repurchases that take into account the principles in Section 3 (d) of this Article. The Fund's holdings of a member's currency that is used in repurchase shall not be increased by the repurchase above the level at which they would be subject to charges under Section 8 (b) (ii) of this Article.

(j)

(i) If a member's currency specified by the Fund under (i) above is not a freely usable currency, the member shall ensure that the repurchasing member can obtain it at the time of the repurchase in exchange for a freely usable currency selected by the member whose currency has been specified. An exchange of currency under this provision shall take place at an exchange rate between the two currencies equivalent to the exchange rate between them on the basis of Article XIX, Section 7 (a).

(ii) Each member whose currency is specified by the Fund for repurchase shall collaborate with the Fund and other members to enable repurchasing members, at the time of the repurchase, to obtain the specified currency in exchange for

gjaldmiðilinn fyrir auðskiptanlega gjaldmiðla annarra aðildarríkja.

(iii) Skipti á gjaldmiðlum skv. lið (j) (i) að ofan skulu fara fram með fullri þátttöku móðurþjóðar tiltekna gjaldmiðilsins nema til komi sérstakt samkomulag milli hennar og endurkaupaaðilans.

(iv) Ef endurkaupandinn æskir þess að geta keypt auðskiptanlegan gjaldmiðil annars aðildarríkis, sem tiltekið sé af sjóðnum, þá er endurkaupin fara fram, skv. lið (i) að ofan, þá skal endurkaupandinn, ef hitt aðildarríkið óskar, kaupa gjaldmiðilinn af hinu aðildarríkinu í skiptum fyrir auðskiptanlegan gjaldeyri á því gengi, sem vitnað er til í (j) (i) að ofan. Sjóðurinn getur sett reglur um auðskiptanlega gjaldmiðilinn, sem notaður yrði við slík skipti.

8. gr.
Gjöld.

(a)

(i) Sjóðurinn skal leggja sérstakt þjónustugjald á kaup aðildarríkjanna á sérstökum dráttarréttindum eða gjaldmiðlum annarra ríkja, sem geymdir hafa verið á almenna fjármagnsreikningnum í skiptum fyrir eigin gjaldmiðil að því tilskildu að sjóðurinn megi leggja lægra gjald á kaup á forðahlutum heldur en á önnur kaup. Þjónustugjald vegna kaupa á forðahlut má ekki vera meira en ½%.

(ii) Sjóðurinn getur lagt sérstakt þjónustugjald á lántökuheimildir og aðra viðlíka samninga. Sjóðurinn getur ákveðið að gjald skv. þessum lið falli niður við álagningu þjónustugjalds skv. lið (i) að ofan.

(b) Sjóðurinn skal leggja gjöld á öll aðildarríki og miðist þau við meðaltal handhafnar sjóðsins á gjaldmiðli hvers aðildarríkis dag hvern að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

(i) Gjaldeyrir viðkomandi landa þarf að hafa hafnað hjá sjóðnum vegna

the freely usable currencies of other members.

(iii) An exchange under (j) (i) above shall be made with the member whose currency is specified unless that member and the repurchasing member agree on another procedure.

(iv) If a repurchasing member wishes to obtain, at the time of the repurchase, the freely usable currency of another member specified by the Fund under (i) above, it shall, if requested by the other member, obtain the currency from the other member in exchange for a freely usable currency at the rate of exchange referred to in (j) (i) above. The Fund may adopt regulations on the freely usable currency to be provided in an exchange.

Section 8.
Charges.

(a)

(i) The Fund shall levy a service on the purchase by a member of special drawing rights of the currency of another member held in the General Resources Account in exchange for its own currency, provided that the Fund may levy a lower service charge on reserve tranche purchases than on other purchases. The service charge on reserve tranche purchases shall not exceed one-half of one percent.

(ii) The Fund may levy a charge for stand-by or similar arrangements. The Fund may decide that the charge for an arrangement shall be offset against the service charge levied under (i) above on purchases under the arrangement.

(b) The Fund shall levy charges on its average daily balances of a member's currency held in the General Resources Account to the extent that they

(i) have been acquired under a policy that has been the subject of an ex-

stefnu, sem tilheyrir undantekningartilfellum í XXX. kafla (c).

(ii) Handhöfn sjóðsins á gjaldeyri hvers aðildarríkis sé meiri en nemur kvóta þess að undanskildum þeim upphæðum, sem kunna að falla undir lið (i) að ofan.

Gjöld aðildarríkjanna skulu fara stighækkandi á tímabili handhafnar sjóðsins á umræddum upphæðum.

(c) Ef aðildarríki fer ekki að ákvæðum 7. greinar þessa kafla um endurkaup getur sjóðurinn, að höfðu samráði við aðildarríkið um minnkun á handhöfn hans á gjaldmiðli hennar, lagt á gjald vegna handhafnar sinnar á gjaldmiðli hennar, sem endurkaupa bar.

(d) Meirihluta, sem nemur 70% heildaratkvæðamagnsins, þarf til þess að ákveða gjöld skv. liðum (a) og (b) að ofan og skal gjaldið vera hið sama fyrir öll lönd. Sama gildir um atkvæðamagn hvað viðkemur lið (c) að ofan.

(e) Öll gjöld og þóknanir ber að greiða í einingum sérstakra dráttarréttinda. Í undantekningartilfellum getur sjóðurinn heimilað greiðslu í gjaldmiðli einhverra annarra aðildarríkja og þá með samþykki þeirra, eða í gjaldmiðli þess aðildarríkis, sem í hlut á. Handhöfn sjóðsins á gjaldmiðli hvers aðildarríkis má ekki sem afleiðing af ákvæðum þessa liðs verða svo mikil að gjald falli á hana skv. lið (b) (ii) að ofan.

9. gr.
Þóknun.

(a) Sjóðurinn skal greiða öllum aðildarríkjum þóknun vegna þessarar upphæðar sem hlutfall kvóta skv. liðum (b) og (c) að neðan er meira en dagleg meðaltalshandhöfn sjóðsins á gjaldmiðli aðildarríkis að undanteknum þeim upphæðum, sem kunna að hafa runnið til sjóðsins skv. undantekningartilvikum sem getið er í XXX. kafla (c). Þóknunin, sem ákveðst af sjóðnum með 70% heildaratkvæðamagnsins, skal vera hin sama fyrir öll aðildarríkin og skal ekki vera

clusion under Article XXX (c), or

(ii) exceed the amount of the member's quota after excluding any balances referred to in (i) above.

The rates of charge normally shall rise at intervals during the period in which balances are held.

(c) If a member fails to make a repurchase required under Section 7 of this Article, the Fund, after consultation with the member on the reduction of the Fund's holdings of its currency, may impose such charges as the Fund deems appropriate on its holdings of member's currency that should have been repurchased. (d) A seventy percent majority of the total voting power shall be required for the determination of the rates of charge under (a) and (b) above, which shall be uniform for all members, and under (c) above.

(e) A member shall pay all charges in special drawing rights, provided that in exceptional circumstances the Fund may permit a member to pay charges in the currencies of other members specified by the Fund, after consultation with them, or in its own currency. The Fund's holdings of a member's currency shall not be increased as a result of payments by other members under this provision above the level at which they would be subject to charges under (b) (ii) above.

Section 9.
Remuneration.

(a) The Fund shall pay remuneration on the amount by which the percentage of quota prescribed under (b) or (c) below exceeds the Fund's average daily balances of a member's currency held in the General Resources Account other than balances acquired under a policy that has been the subject of an exclusion under Article XXX (c). The rate of remuneration, which shall be determined by the Fund by a seventy percent majority of the total voting power, shall be the

meiri né minni en fjórir fimmtu hlutar þeirra vaxta, sem kveðið er á um í XX. kafla, 3. grein. Við ákvörðun þóknunar skal sjóðurinn hafa hliðsjón af gjöldum skv. V. kafla, 8. grein (b).

(b) Sá hundraðshluti kvóta, sem til greina kemur skv. lið (a) að ofan, skal vera sem hér segir:

(i) Fyrir hvert ríki, sem gerðist aðili fyrir aðra stofnskrárbreytingu, hundraðshluti kvóta sem nemur 75% af kvóta þess við gildistöku annarrar stofnskrárbreytingar, og fyrir hvert ríki, sem gerist aðili eftir aðra stofnskrárbreytingu, hundraðshluti kvóta, sem reiknast með því að deila samanlögðum upphæðum kvótahluta annarra aðildarríkja þann dag sem ríkið fékk aðild með samanlögðum kvótum annarra aðildarríkja þann sama dag; að viðbættum

(ii) ... upphæðum, sem ríkið hefur greitt til sjóðsins í gjaldeyri í formi sérstakra dráttarréttinda skv. III. kafla, grein 3 (a), frá þeim degi, sem kveðið er á um í (b) (i) að ofan; að frádregnum

(iii) ... upphæðum, sem ríkið kann að hafa fengið frá sjóðnum í gjaldeyri eða í formi sérstakra dráttarréttinda skv. III. kafla, grein 3 (c) frá þeim degi, sem kveðið er á um í (b) (i) að ofan.

(c) Með 70% atkvæðamagnsins getur sjóðurinn hækkað hundraðshlutann af kvóta hvers aðildarríkis, sem getið er í lið (a) að ofan í:

(i) ... hundraðshluta, sem sé ekki hærri en 100%, og sé hann ákveðinn sérstaklega fyrir hvert ríki, þó með sama hætti fyrir öll aðildarríkin; eða

(ii) ... 100% fyrir öll aðildarríkin.

same for all members and shall be not more than, nor less than four-fifths of, the rate of interest under Article XX, Section 3. In establishing the rate of remuneration, the Fund shall take into account the rates of charge under Article V, Section 8 (b).

(b) The percentage of quota applying for the purposes of (a) above shall be:

(i) for each member that became a member before the second amendment of this Agreement, a percentage of quota corresponding to seventy-five percent of its quota on the date of the second amendment of this Agreement, and for each member that became a member after the date of the second amendment of this Agreement, a percentage of quota calculated by dividing the total of the amounts corresponding to the percentages of quota that apply to the other members on the percentages of quota that apply to the other members on the date on which the member became a member by the total of the quotas of the other members on the same date; plus

(ii) the amounts it has paid to the Fund in currency or special drawing rights under Article III, Section 3 (a) since the date applicable under (b) (i) above; and minus

(iii) the amounts it has received from the Fund in currency or special drawing rights under Article III, Section 3 (c) since the date applicable under (b) (i) above.

(c) The Fund, by a seventy percent majority of the total voting power, may raise the latest percentage of quota applying for the purposes of (a) above to each member to:

(i) a percentage, not in excess of one hundred percent, that shall be determined for each member on the basis of the same criteria for all members, or

(ii) one hundred percent for all members.

(d) Þóknun skal greiða með sérstökum dráttarréttindum, þó geta sjóðurinn eða viðkomandi aðildarríki óskað þess að greiðsla til þess skuli fara fram í eigin gjaldmiðli þess.

(d) Remuneration shall be paid in special drawing rights, provided that either the Fund or the member may decide that the payment to the member shall be made in its own currency.

10. gr.
Útreikningar.

(a) Verðmæti eigna sjóðsins, sem varðveittar eru á reikningum almennu deildarinnar, skal reiknað í einingum sérstakra dráttarréttinda.

(b) Allir útreikningar, sem snerta gjaldmiðla aðildarríkjanna skv. ákvæðum samnings þessa, að undanskildum ákvæðum IV. kafla og skrárauka C, skulu fara fram með þeim hætti, sem sjóðurinn metur viðkomandi gjaldmiðla skv. ákvæðum 11. greinar þessa kafla.

(c) Við útreikninga vegna ákvörðunar um upphæðir í formi gjaldmiðla vegna kvóta skv. ákvæðum samnings þessa skal ekki tekið tillit til gjaldeyris á sérstaka greiðslureikningnum né á fjárfestingarreikningnum.

Section 10.
Computations.

(a) The value of the Fund's assets held in the accounts of the General Department shall be expressed in terms of the special drawing right.

(b) All computations relating to currencies of members for the purpose of applying the provisions of this Agreement, except Article IV and Schedule C, shall be at the rates at which the Fund accounts for these currencies in accordance with Section 11 of this Article.

(c) Computations for the determination of amounts of currency in relation to quota for the purpose of applying the provisions of this Agreement shall not include currency held in the Special Disbursement Account or in the Investment Account.

11. gr.
Varðveisla eigna.

(a) Verðmæti gjaldmiðla, sem varðveittir eru á almenna fjármagnsreikningnum, skal viðhaldið í formi sérstakra dráttarréttinda í samræmi við ákvæði um gengi í XIX. kafla, grein 7 (a).

(b) Breytingar á handhöfn sjóðsins á gjaldmiðli aðildarríkis skv. ákvæðum þessarar greinar skulu fara fram í tilfellum sem þeim, er viðkomandi gjaldmiðill er notaður í aðgerðum vegna eða viðskiptum sjóðsins við eitthvert aðildarríki eða við önnur þau tækifæri, sem sjóðurinn ákveður eða aðildarríki æskir. Greiðslur til eða frá sjóðnum vegna slíkra breytinga skulu fara fram innan eðlilegra tímamarka, sem ákveðast af sjóðnum, frá því að breytingar áttu sér stað, og á hvaða tíma öðrum, sem aðildarríkið kann að fara fram á.

Section 11.
Maintenance of value.

(a) The value of the currencies of members held in the General Resources Account shall be maintained in terms of the special drawing right in accordance with exchange rates under Article XIX, Section 7 (a).

(b) An adjustment in the Fund's holdings of a member's currency pursuant to this Section shall be made on the occasion of the use of that currency in an operation or transaction between the Fund and another member and at such other times as the Fund may decide or the member may request. Payments to or by the Fund in respect of an adjustment shall be made within a reasonable time, as determined by the Fund, after the date of adjustment, and at any other time requested by the member.

12. gr.
Önnur starfsemi og viðskipti.

(a) Í öllum sínum aðgerðum og ákvörðunum skv. þessari grein skal sjóðurinn fara eftir ákvæðum VIII. kafla, grein 7, og því markmiði að forðast stjórnun verðs eða tilstofnun fasts verðs á gullmarkaðnum.

(b) Ákvarðanir sjóðsins um starfsemi og viðskipti skv. ákvæðum liða (c), (d) og (e) að neðan verða að hafa stuðning 85% heildaratkvæðamagnsins.

(c) Sjóðnum er heimilt að selja gull í skiptum fyrir gjaldmiðil hvaða aðildarríkis sem er að höfðu samráði við viðkomandi ríki hverju sinni. Handhöfn sjóðsins á viðkomandi gjaldmiðli, til varðveislu á almenna fjármagnsreikningnum, má þó ekki aukast svo að á falli gjald skv. 8. grein (b) (ii) í þessum kafla, nema að höfðu samráði við viðkomandi aðildarríki og að því tilskildu að sjóðurinn skipti, samtímis og gullsalan fer fram, að ósk viðkomandi ríkis gjaldmiðlinum fyrir gjaldmiðila annarra ríkja í þeim mæli sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir slíka aukningu. Slík skipti geta þó aðeins farið fram að höfðu samráði við alla hlutaðeigandi aðila þannig að handhöfn sjóðsins á hverjum hinna tilheyrandi gjaldmiðla vaxi ekki um of og verði gjaldskyld skv. ákvæðum 8. greinar (b) (ii) í þessum kafla. Sjóðurinn skal marka sér stefnu og starfsreglur með tilliti til viðskipta, sem fara að ákvæðum greinar 7 (i) í þessum kafla. Sala til aðildarríkis skv. þessu ákvæði skal fara fram á verði, sem um skal samið hverju sinni á grundvelli markaðsverðs.

(d) Sjóðurinn getur tekið sem greiðslu frá aðildarríki gull í stað sérstakra dráttarréttinda eða annarra gjaldmiðla í öllum viðskiptum sem fram fara skv. ákvæðum þessa samnings. Greiðsla til sjóðsins skv. þessu ákvæði skal fara fram á verði sem ákveðst við hver viðskipti um sig og miðast við markaðsverð.

Section 12.
Other operations and transactions.

(a) The Fund shall be guided in all its policies and decisions under this Section by the objectives set forth in Article VIII, Section 7 and by the objective of avoiding the management of the price, or the establishment of a fixed price, in the gold market.

(b) Decisions of the Fund to engage in operations or transactions under (c), (d), and (e) below shall be made by an eighty-five percent majority of the total voting power.

(c) The Fund may sell gold for the currency of any member after consulting the member for whose currency the gold is sold, provided that the Fund's holdings of a member's currency held in the General Resources Account shall not be increased by the sale above the level at which they would be subject to charges under Section 8 (b) (ii) of this Article without the concurrence of the member, and provided that, at the request of the member, the Fund at the time of sale shall exchange for the currency of another member such part of the currency received as would prevent such an increase. The exchange of a currency for the currency of another member shall be made after consultation with that member, and shall not increase the Fund's holdings of that member's currency above the level at which they would be subject to charges under Section 8 (b) (ii) of this Article. The Fund shall adopt policies and procedures with regard to exchanges that take into account the principles applied under Section 7 (i) of this Article. Sales under this provision to a member shall be at a price agreed for each transaction on the basis of prices in the market.

(d) The Fund may accept payments from a member in gold instead of special drawing rights or currency in any operations or transactions under this Agreement. Payments to the Fund under this provision shall be at a price agreed for each operation or transaction on the basis of prices in the market.

(e) Sjóðnum er heimilt að selja af gullforða sínum eins og hann er við gildistöku annarrar endurskoðunar stofnsamningsins til þeirra ríkja, sem gerst höfðu aðilar 31. ágúst 1975 og samþykkja að kaupa gull í hlutfalli við kvóta sinn þann dag. Ákveði sjóðurinn að selja gull skv. ákvæðum (c) að ofan í þeim tilgangi, sem settur er fram í (f) (ii) að neðan, getur hann selt hverju þróunarríki, sem samþykkir slík kaup, þann hluta gulls, sem, hefði hann verið seldur skv. ákvæðum (c) að ofan, hefði leitt af sér það umframmagn, sem mátt hefði úthluta því í samræmi við ákvæði (f) (iii) að neðan. Það gull, sem selt yrði skv. ákvæðum þessum aðildarríki, sem lýst hefur verið óheimill aðgangur að almennu fjármagni sjóðsins skv. 5. grein þessa kafla, skal selt viðkomandi aðildarríki er því hefur á ný verið veittur aðgangur að fjármagni sjóðsins nema sjóðurinn ákveði að gullsalan fari fram. Sú gullsala, sem fram fer skv. ákvæðum þessa liðs (e), skal fara fram í skiptum fyrir gjaldmiðil viðkomandi aðildarríkis á verði, sem ákveðst af innihaldi gulls svo nemur 0,888671 grammi í einni einingu sérstakra dráttarréttinda.

(e) The Fund may sell gold held by it on the date of the second amendment of this Agreement to those members that were members on August 31, 1975 and that agree to buy it, in proportion to their quotas on that date. If the Fund intends to sell gold under (c) above for the purpose of (f) (ii) below, it may sell to each developing member that agrees to buy in that portion of the gold which, if sold under (c) above, would have produced the excess that could have been distributed to it under (f) (iii) below. The gold that would be sold under this provision to a member that has been declared ineligible to use the general resources of the Fund under Section 5 of this Article shall be sold to it when the ineligibility ceases, unless the Fund decides to make the sale sooner. The sale of gold to a member under this subsection (e) shall be made in exchange for its currency and at a price equivalent at the time of sale to one special drawing right per 0.888 671 gram of fine gold.

(f) Hvenær sem sjóðurinn ákveður skv. ákvæðum (c) að framan, að selja af gullforða sínum eins og hann er við gildistöku annarrar endurskoðunarinnar, þá skal sá hluti söluandvirðisins, sem markast af innihaldi 0,888671 grömmum gulls í einni einingu sérstakra dráttarréttinda leggjast á almenna fjármagnsreikninginn, og, nema sjóðurinn ákveði öðruvísi skv. ákvæðum (g) að aftan, afgangur söluandvirðisins á sérstaka greiðslureikninginn. Eignir á sérstaka greiðslureikningnum skulu aðgreindar frá öðrum reikningum almennu deildarinnar og til þeirra má grípa hvenær sem er

(i) til þess að færa fé yfir á almenna fjármagnsreikninginn verði það notað samstundis í einhvers konar starfsemi og/eða viðskipti, sem séu í samræmi við ákvæði þessa samnings, annarra en þeirra sem kveðið er á um í þessari grein.

(f) Whenever under (c) above the Fund sells gold by it on the date of the second amendment of this Agreement, an amount of the proceeds equivalent at the time of sale to one special drawing right per 0.888 671 gram of fine gold shall be placed in the General Resources Account and, except as the Fund may decide otherwise under (g) below, any excess shall be held in the Special Disbursement Account. The assets held in the Special Disbursement Account shall be held separately from the other accounts of the General Department, and may be used at any time:

(i) to make transfers to the General Resources Account for immediate use in operations and transactions authorized by provisions of this Agreement other than this Section;

(ii) til aðgerða og viðskipta sem ekki eru tilgreind í ákvæðum samnings þessa en samrýmast markmiðum sjóðsins. Skv. þessum lið (f) (ii) er hægt að veita aðstoð vegna greiðslujafnaðarvandamála með sérstökum kjörum til þróunarlanda, sem eiga við erfiðleika að stríða. Við ákvarðanatöku í þessum efnum skal sjóðurinn hafa hliðsjón af þjóðartekjum á mann í viðkomandi löndum.

(iii) til úthlutunar til þeirra þróunarlanda, sem höfðu gerst aðilar 31. ágúst 1975, í hlutfalli við kvóta þeirra á þeim degi. Til úthlutunar er sá hluti eigna, sem sjóðurinn ákveður að nota í þeim tilgangi, sem getið er í (ii) að ofan og í samræmi við hlutfall kvóta þessara landa af samanlögðum kvótum allra aðildarríkjanna á þeim tíma, sem ráðstöfunin fer fram, að því tilskildu að ráðstöfun skv. ákvæði þessu fari ekki fram til ríkja, sem óheimilt hefur verið gert að nota fjármagn sjóðsins, skv. ákvæði 5. greinar þessa kafla fyrr en heimild hefur verið gefin á ný nema sjóðurinn ákveði að ráðstöfunin fari fram fyrr.

Ákvarðanir um notkun eigna sjóðsins á þann hátt, sem getið er í (i) að framan verða að hafa stuðning 70% heildaratkvæðamagnsins og ákvarðanir skv. þeim ákvæðum, sem getið er í liðum (ii) og (iii) að framan verða að hafa stuðning 85% heildaratkvæðamagnsins.

(g) Sjóðurinn getur ákveðið með stuðningi 85% heildaratkvæðamagnsins að flytja hluta umframfjárhæðarinnar, sem getið er í lið (f) að framan, yfir á fjárfestingarreikninginn til notkunar skv. ákvæðum XII. kafla, grein 6 (f).

(h) Meðan ekki er gripið til notkunar af því tagi, sem getið er í lið (f) að framan, getur sjóðurinn fjárfest gjaldmiðil aðildarríkis, sem til varðveiðslu er á sérstaka greiðslureikningnum, í fjárskuldbindingum viðkomandi aðila eða í fjárskuldbindingum alþjóðlegra peningastofnana. Tekjur og vextir af fjárfestingu

(ii) for operations and transactions that are not authorized by other provisions of this Agreement but are consistent with the purposes of the Fund. Under this subsection (f) (ii) balance of payments assistance may be made available on special terms to developing members in difficult circumstances, and for this purpose the Fund shall take into account the level of per capita income;

(iii) for distribution to those developing members that were members on August 31, 1975, in proportion to their quotas on that date, of such part of the assets that the Fund decides to use for the purposes of (ii) above as corresponds to the proportion of the quotas of these members on the date of distribution to the total of the quotas of all members on the date, provided that the distribution under this provision to a member that has been declared ineligible to use the general resources of the Fund under Section 5 of this Article shall be made when the ineligibility ceases, unless the Fund decides to make the distribution sooner.

Decisions to use assets pursuant to (i) above shall be taken by a seventy percent majority of the total voting power, and decisions pursuant to (ii) and (iii) above shall be taken by an eighty-five percent majority of the total voting power.

(g) The Fund may decide, by an eighty-five percent majority of the total voting power, to transfer a part of the excess referred to in (f) above to the Investment Account for use pursuant to the provisions of Article XII, Section 6 (f).

(h) Pending uses specified under (f) above, the Fund may invest a member's currency held in the Special Disbursement Account in marketable obligations of that member or in marketable obligations of international financial organizations. The income of investment and interest received under (f) (ii) above

skv. (f) (ii) að framan skulu færast á sérstaka greiðslureikninginn. Fjárfesting má ekki eiga sér stað án samráðs við það aðildarríki hvers gjaldmiðill skal notaður til fjárfestingar. Sjóðurinn skal aðeins fjárfesta í skuldbindingum, sem tilgreindar eru í einingum sérstakra dráttarréttinda, eða skuldbindingum, sem tilgreindar eru í þeim gjaldmiðli, sem notaður er til fjárfestingarinnar.

(i) Endurgreiða skal inn á almenna fjármagnsreikninginn öðru hvoru þann kostnað, sem greiddur er út af honum vegna sérstaka greiðslureikningsins, með tilfærslum af sérstaka greiðslureikningnum í samræmi við eðlilegt mat á slíkum kostnaði.

(j) Sérstaki greiðslureikningurinn skal lagður niður verði sjóðurinn leystur upp, og hægt er að leggja hann niður fyrr ef 70% heildaratkvæðamagnsins veita tillögu þess efnis stuðning. Komi til niðurlagningar reikningsins vegna upplausnar sjóðsins skal eignum hans ráðstafað í samræmi við ákvæði skrárauka K. Verði reikningurinn lagður niður áður en sjóðurinn kann að verða leystur upp skal flytja eignir hans yfir á almenna fjármagnsreikninginn til tafarlausrar notkunar í starfsemi sjóðsins og viðskiptum. Með stuðningi 70% atkvæðismagnsins skal sjóðurinn marka sér starfsreglur vegna meðhöndlunar sérstaka greiðslureikningsins.

shall be placed in the Special Disbursement Account. No investment shall be made without the concurrence of the member whose currency is used to make the investment. The Fund shall invest only in obligations denominated in special drawing rights or in the currency used for investment.

(i) The General Resources Account shall be reimbursed from time to time in respect of the expenses of administration of the Special Disbursement Account paid from the General Resources Account by transfers from the Special Disbursement Account on the basis of a reasonable estimate of such expenses.

(j) The Special Disbursement Account shall be terminated in the event of the liquidation of the Fund and may be terminated prior to liquidation of the Fund by a seventy percent majority of the total voting power. Upon termination of the account because of the liquidation of the Fund, any assets in this account shall be distributed in accordance with the provisions of Schedule K. Upon termination prior to liquidation of the Fund, any assets in this account shall be transferred to the General Resources Account for immediate use in operations and transactions. The Fund, by a seventy percent majority of the total voting power, shall adopt rules and regulations for the administration of the Special Disbursement Account.

VI. KAFLI
FJÁRMAGNSYFIRFÆRSLUR

1. gr.
Notkun almenns fjármagns sjóðsins til fjármagnsyfirfærslna.

(a) Aðildarríki er óheimilt að nota almennt fjármagn sjóðsins til þess að standa straum af miklu og stöðugu útstreymi fjármagns nema samkvæmt ákvæðum 2. greinar þessa kafla, og sjóðurinn getur krafist þess, að aðildarríki beiti takmörkunum til þess að koma í veg fyrir slíka notkun fjármagns sjóðsins. Ef

ARTICLE VI
CAPITAL TRANSFERS

Section 1.
Use of the Fund's general resources for capital transfers.

(a) A member may not use the Fund's general resources to meet a large or sustained outflow of capital except as provided in Section 2 of this Article, and the Fund may request a member to exercise controls to prevent such use of the general resources of the Fund. If, after receiving such a request, a member fails

aðildarríki, að fenginni slíkri kröfu, lætur ógert að beita hæfum takmörkunum, er sjóðnum heimilt að lýsa aðildarríkinu vanheimilt að nota fjármagn sjóðsins.

(b) Ekkert ákvæði greinar þessarar skal talið

(i) koma í veg fyrir notkun almenns fjármagns sjóðsins til fjármagnsyfirfærslna á hæfilegum fjárhæðum, sem nauðsynlegar eru vegna vaxtar útflutnings eða venjulegrar starfsemi verslunar, banka eða annarra viðskipta, eða

(ii) snerta fjármagnshreyfingar, sem aðildarríki stendur straum af með eigin gjaldeyriseignum, en aðildarríkin ábyrgjast, að slíkar fjármagnshreyfingar séu í samræmi við tilgang sjóðsins.

2. gr.
Sérstök ákvæði um fjármagnsyfirfærslur.

Aðildarríki skal heimilt að gera forðahlutakaup til þess að standa straum af fjármagnsyfirfærslum.

3. gr.
Hömlur á fjármagnsyfirfærslum.

Aðildarríkjum er heimilt að beita þeim hömlum, sem nauðsynlegar eru til þess að hafa stjórn á alþjóðlegum fjármagnshreyfingum, en ekkert aðildarríki má beita slíkum hömlum þannig, að takmarkanir séu settar á greiðslur vegna gengra viðskipta, eða valdi töfum úr hófi fram á yfirfærslu fjármuna til lúkningar skuldbindinga nema samkvæmt ákvæðum 3. greinar (b) VII. kafla og 2. gr. XIV. kafla.

VII. KAFLI
GJALDEYRISSKORTUR

1. gr.
Aðgerðir til þess að auka handhöfn sjóðsins á gjaldeyri.

Telji sjóðurinn nauðsynlegt getur hann aukið handhöfn sína á gjaldmiðli hvaða aðildarríkis sem er, þ. e. þá handhöfn,

to exercise appropriate controls, the Fund may declare the member ineligible to use the general resources of the Fund.

(b) Nothing in this Section shall be deemed:

(i) to prevent the use of the general resources of the Fund for capital transactions of reasonable amount required for the expansion of exports or in the ordinary course of trade, banking, or other business; or

(ii) to affect capital movements which are met out of a member's own resources, but members undertake that such capital movements will be in accordance with the purposes of the Fund.

Section 2.
Special provisions for capital transfers.

A member shall be entitled to make reserve tranche purchases to meet capital transfers.

Section 3.
Controls of capital transfers.

Members may exercise such controls as are necessary to regulate international capital movements, but no member may exercise these controls in a manner which will restrict payments for current transactions or which will unduly delay transfers of funds in settlement of commitments, except as provided in Article VII, Section 3 (b) and in Article XIV, Section 2.

ARTICLE VII
REPLENISHMENT AND SCARCE CURRENCIES

Section 1.
Measures to replenish the Fund's holdings of currencies.

The Fund may, if it deems such action appropriate to replenish its holdings of any member's currency in the General

sem varðveitt er á almenna fjármagnsreikningnum og nauðsynleg í sambandi við viðskipti hans, og gerir það þá með öðrum hvorum þeim hætti, eða báðum, sem hér er lýst:

(i) Hann getur lagt til við aðildarríki að skv. samkomulagi, sem þau gerðu sín á milli, lánaði aðildarríkið sjóðnum í gjaldmiðli sínum eða að viðkomandi aðildarríki samþykki að sjóðurinn tæki lán í gjaldmiðli þess frá einhverjum öðrum aðila. Engu aðildarríki er þó skylt að veita sjóðnum slík lán eða samþykkja lántökur hans í gjaldmiðli sínum einhvers staðar annars staðar frá.

(ii) Sjóðurinn getur krafið aðildarríki að selja sér gjaldmiðil sinn í skiptum fyrir sérstök dráttarréttindi, sem varðveitt séu á almenna fjármagnsreikningnum, skv. ákvörðun XIX. kafla grein 4. Með skiptum fyrir sérstök dráttarréttindi skal sjóðurinn taka fullt tillit til ákvæðanna um kvaðningu í XIX. kafla, grein 5.

2. gr.

Almennur skortur gjaldeyris.

Ef sjóðurinn verður þess var, að almennur skortur er að verða á einhverjum gjaldeyri, er honum heimilt að skýra aðildarríkjum frá því og gefa út skýrslu, þar sem skýrt sé frá ástæðum skortsins og bent á leiðir til þess að binda á hann endi. Fulltrúi frá aðildarríki gjaldeyris þess, sem í hlut á, skal taka þátt í samningu skýrslunnar.

3. gr.

Skortur í handhöfn sjóðsins.

(a) Verði sjóðnum ljóst, að eftirspurn eftir gjaldeyri aðildarríkis sé svo mikil, að alvarleg hætta sé á að sjóðurinn geti ekki fullnægt henni, skal sjóðurinn, hvort sem hann hefur gefið út skýrslu samkvæmt 2. grein þessa kafla eða ekki, tilkynna formlega, að skortur sé á slíkum gjaldeyri, og skal hann þaðan í frá skipta því, sem hann hefur á hendi og til fellur

Resources Account needed in connection with its transactions, take either or both of the following steps:

(i) propose to the member that, on terms and conditions agreed between the Fund and the member, the latter lend its currency to the Fund or that, with the concurrence of the member, the Fund borrow such currency from some other source either within or outside the territories of the member, but no member shall be under any obligation to make such loans to the Fund or to concur in the borrowing of its currency by the Fund from any other source;

(ii) require the member, if it is a participant, to sell its currency to the Fund for special drawing rights held in the General Resources Account, subject to Article XIX, Section 4. In replenishing with special drawing rights, the Fund shall pay due regard to the principles of designation under Article XIX, Section 5.

Section 2.

General scarcity of currency.

If the Fund finds that a general scarcity of a particular currency is developing, the Fund may so inform members and may issue a report setting forth the causes of the scarcity and containing recommendations designed to bring it to an end. A representative of the member whose currency is involved shall participate in the preparation of the report.

Section 3.

Scarcity of the Fund's holdings.

(a) If it becomes evident to the Fund that the demand for a member's currency seriously threatens the Fund's ability to supply that currency, the Fund, whether or not it has issued a report under Section 2 of this Article, shall formally declare such currency scarce and shall thenceforth apportion its existing and accruing supply of the scarce currency

af gjaldeyrinum sem skortur er á, með hæfilegu tilliti til mismunandi brýnna þarfa aðildarríkja, hins almenna, alþjóðlega efnahagsástands og annarra atriða, sem máli skipta. Sjóðurinn skal einnig gefa út skýrslu um þessa ráðstöfun sína.

(b) Formleg tilkynning samkvæmt (a) hér að framan skal hafa gildi heimildar fyrir sérhvert aðildarríki til þess, að höfðu samráði við sjóðinn, að setja um stundarsakir takmarkanir á frelsi til skiptiaðgerða með gjaldeyri þann, sem skortur er á. Að því tilskildu, að farið sé að ákvæðum IV. kafla og skrárauka C skal aðildarríkið hafa óskoraða lögsögu til þess að ákveða eðli slíkra takmarkana, en þær skulu ekki vera þrengri en nauðsynlegt er til þess að takmarka eftirspurnina eftir gjaldeyrinum, sem skortur er á, við framboðið úr handhöfn aðildarríkis og þess, sem aðildarríkið aflar af gjaldeyrinum; slaka skal á takmörkunum þessum og þeim aflétt jafnskjótt og aðstæður leyfa.

(c) Heimildin samkvæmt (b) hér að framan skal falla úr gildi, þegar sjóðurinn tilkynnir formlega, að ekki sé lengur skortur á gjaldeyrinum, sem um er að ræða.

with due regard to the relative needs of members, the general international economic situation, and any other pertinent considerations. The Fund shall also issue a report concerning its action.

(b) A formal declaration under (a) above shall operate as an authorization to any member, after consultation with the Fund, temporarily to impose limitations on the freedom of exchange operations in the scarce currency. Subject to the provisions of Article IV and Schedule C, the member shall have complete jurisdiction in determining the nature of such limitations, but they shall be no more restrictive than is necessary to limit the demand for the scarce currency to the supply held by, or accruing to, the member in question, and they shall be relaxed and removed as rapidly as conditions permit.

(c) The authorization under (b) above shall expire whenever the Fund formally declares the currency in question to be no longer scarce.

4. gr.
Framkvæmd takmarkana.

Sérhvert aðildarríki, sem setur takmarkanir varðandi gjaldeyri einhvers annars aðildarríkis í samræmi við ákvæði 3. greinar (b) þessa kafla, skal taka allar málaleitanir frá því aðildarríki, er varða framkvæmd slíkra takmarkana, til velviljaðrar athugunar.

Section 4.
Administration of restrictions.

Any member imposing restrictions in respect of the currency of any other member pursuant to the provisions of Section 3 (b) of this Article shall give sympathetic consideration to any representations by the other member regarding the administration of such restrictions.

5. gr.
Áhrif annarra alþjóðasamninga á takmarkanir.

Aðildarríkin samþykkja að bera ekki fyrir sig skuldbindingar vegna samkomulags, sem þau kunna að hafa gert við önnur aðildarríki áður en þessi stofnskrá var staðfest, með þeim hætti að hindrað geti framgang ákvæða þessa kafla.

Section 5.
Effect of other international agreements on restrictions.

Members agree not to invoke the obligations of any engagements entered into with other members prior to this Agreement in such a manner as will prevent the operation of the provisions of this Article.

VIII. KAFLI
ALMENNAR SKULDBINDINGAR AÐILDARRÍKJA

1. gr.
Inngangur.

Auk skuldbindinga, sem aðildarríkin taka á sig samkvæmt öðrum köflum þessarar stofnskrár, tekur sérhvert þeirra á sig skuldbindingar þær, sem lýst er í kafla þessum.

2. gr.
Hömlur á takmarkanir gengra greiðslna.

(a) Nema heimilar séu samkvæmt ákvæðum 3. greinar (b) VII. kafla og 2. gr. XIV. kafla, skal ekkert aðildarríki án leyfis sjóðsins setja takmarkanir á greiðslur og yfirfærslur vegna gengra, alþjóðlegra viðskipta.

(b) Ákvæðum gjaldeyrissamninga, er snerta gjaldeyri einhvers aðildarríkis, og sem fara í bág við reglur þess um gjaldeyrishömlur, sem haldist hafa eða komið hefur verið á í samræmi við stofnskrá þessa, skal eigi beitt á landssvæðum aðildarríkjanna. Auk þess er aðildarríkjum heimilt, með gagnkvæmu samþykki, að hafa með sér samstarf um ráðstafanir til þess að bæta framkvæmd reglugerða um gjaldeyrishömlur, hvers þeirra sem er, að því tilskildu að slíkar ráðstafanir og reglugerðir séu í samræmi við stofnskrá þessa.

3. gr.
Hömlur á mismunun í gjaldeyrisviðskiptum.

Ekkert aðildarríki skal viðhafa, eða leyfa nokkurri þeirri fjármálastofnun sinni, sem um getur í 1. grein V. kafla, að viðhafa neins konar mismunun í gjaldeyrisviðskiptakerfi sínu eða stunda fjölgengisviðskipti, hvort sem þau eru innan marka, sem lýst er í IV. kafla og skráarauka C eða ekki, nema heimilað sé í þessari stofnskrá eða með samþykki sjóðsins. Ef slíkir viðskiptahættir tíðkast, þegar stofnskrá þessi öðlast gildi, skal aðildarríkið, sem í hlut á, hafa samráð við sjóð-

ARTICLE VIII
GENERAL OBLIGATIONS OF MEMBERS

Section 1.
Introduction.

In addition to the obligations assumed under other articles of this Agreement, each member undertakes the obligations set out in this Article.

Section 2.
Avoidance of restrictions on current payments.

(a) Subject to the provisions of Article VII, Section 3 (b) and Article XIV, Section 2, no member shall, without the approval of the Fund, impose restrictions on the making of payments and transfers for current international transactions.

(b) Exchange contracts which involve the currency of any member and which are contrary to the exchange control regulations of that member maintained or imposed consistently with this Agreement shall be unenforceable in the territories of any member. In addition, members may, by mutual accord, cooperate in measures for the purpose of making the exchange control regulations of either member more effective, provided that such measures and regulations are consistent with this Agreement.

Section 3.
Avoidance of discriminatory currency practices.

No member shall engage in, or permit any of its fiscal agencies referred to in Article V, Section 1 to engage in, any discriminatory currency arrangements or multiple currency practices, whether within or outside margins under Article IV or prescribed by or under Schedule C, except as authorized under this Agreement or approved by the Fund. If such arrangements and practices are engaged in at the date when this Agreement enters into force, the member concerned shall

inn um afnám þeirra í áföngum, nema þeir haldist eða hafi verið komið á samkvæmt 2. grein XIV. kafla, en í því tilviki skal farið að ákvæðum 3. greinar þess kafla.

4. gr.
Skiptanleiki fjár í erlendri handhöfn.

(a) Sérhvert aðildarríki skal kaupa fjárhæðir í gjaldeyri sínum úr handhöfn annars aðildarríkis, ef hið síðarnefnda, þegar kaupanna er óskað, sýnir fram á

(i) að fjárhæðanna, sem kaupa skal, hafi verið aflað nýlega sem afleiðing gengra viðskipta; eða

(ii) að nauðsynlegt sé að skipta þeim til greiðslna vegna gengra viðskipta.

Aðildarríkinu, sem kaupir, skal heimilt að greiða, hvort sem það fremur kýs, með sérstökum dráttarréttindum skv. ákvæðum XIX. kafla, grein 4, eða í gjaldmiðli hins ríkisins.

(b) Skuldbindingin í (a) hér að framan á ekki við

(i) þegar skiptanleiki fjárhæðanna hefur verið takmarkaður í samræmi við 2. grein þessa kafla eða 3. grein VI. kafla; eða

(ii) þegar fjárhæðirnar hafa safnast sem afleiðing viðskipta, sem gerð voru áður en aðildarríki nam úr gildi takmarkanir, sem haldið var eða komið var á samkvæmt 2. grein XIV. kafla; eða

(iii) þegar fjárhæðanna hefur verið aflað andstætt gjaldeyrisreglum aðildarríkis, sem óskað er að kaupi þær; eða

(iv) þegar tilkynnt hefur verið samkvæmt 3. grein (a), VII. kafla, að skortur sé á gjaldeyri aðildarríkis þess, sem kaupanna óskar; eða

(v) þegar aðildarríkinu, sem óskað er að kaupi, er af einhverjum ástæðum óheimilt að kaupa gjaldeyri annarra aðildarríkja af sjóðnum fyrir sinn eigin gjaldeyri.

consult with the Fund as to their progressive removal unless they are maintained or imposed under Article XIV, Section 2, in which case the provisions of Section 3 of that Article shall apply.

Section 4.
Convertibility of foreign-held balances.

(a) Each member shall buy balances of its currency held by another member if the latter, in requesting the purchase, represents:

(i) that the balances to be bought have been recently acquired as a result of current transactions; or

(ii) that their conversion is needed for making payments for current transactions.

The buying member shall have the option to pay either in special drawing rights, subject to Article XIX, Section 4, or in the currency of the member making the request.

(b) The obligation in (a) above shall not apply when:

(i) the convertibility of the balances has been restricted consistently with Section 2 of this Article or Article VI, Section 3;

(ii) the balances have accumulated as a result of transactions effected before the removal by a member of restrictions maintained or imposed under Article XIV, Section 2;

(iii) the balances have been acquired contrary to the exchange regulations of the member which is asked to buy them;

(iv) the currency of the member requesting the purchase has been declared scarce under Article VII, Section 3 (a); or

(v) the member requested to make the purchase is for any reason not entitled to buy currencies of other members from the Fund for its own currency.

5. gr.
Upplýsingar.

(a) Sjóðnum er heimilt að fara fram á það við aðildarríkin, að þau gefi upplýsingar, sem hann telur nauðsynlegar vegna starfsemi sinnar, þar með taldar sem nauðsynlegt lágmark til þess, að sjóðurinn geti að gagni rækt skyldur sínar, upplýsingar um eftirfarandi atriði um þjóðarbúskapinn:

(i) Opinbera handhöfn, heima og erlendis, á (1) gulli, (2) erlendum gjaldeyri.

(ii) Handhöfn banka og annarra fjármálastofnana annarra en opinberra stofnana, heima og erlendis, á (1) gulli, (2) erlendum gjaldeyri.

(iii) Gullframleiðslu.

(iv) Útflutning og innflutning gulls, skipt eftir löndum ákvörðunarstaða og uppruna.

(v) Heildarverðmætistölur vöruútflutnings í gjaldeyri aðildarríkis, sem upplýsingar gefur, skipt eftir löndum ákvörðunarstaða og uppruna.

(vi) Alþjóðlegan greiðslujöfnuð, þar með talin (1) verslun með vörur og þjónustu, (2) gullviðskipti, (3) þekkt fjármagnsviðskipti og (4) önnur atriði.

(vii) Alþjóðlega fjárfestingarstöðu, þ. e. fjárfestingu í erlendri eign á landssvæðum aðildarríkis og fjárfestingu erlendis í eigu aðila á landssvæðum þess, að svo miklu leyti sem hægt er að gefa slíkar upplýsingar.

(viii) Þjóðartekjur.

(ix) Verðvísitölur, þ. e. vísitölur vöruverðs á heildsölu- og smásölumörkuðum og vísitölur útflutnings- og innflutningsverðs.

(x) Kaup- og sölugengi erlends gjaldeyris.

(xi) Gjaldeyrishömlur, þ. e. heildaryfirlit yfir gjaldeyrishömlur, sem beitt er, þegar aðild að sjóðnum hefst, og upplýsingar um síðari breytingar jafnóðum og þær verða.

(xii) Opinbera jafnkeypissamninga, ef einhverjir eru; upplýsingar um

Section 5.
Furnishing of information.

(a) The Fund may require members to furnish it with such information as it deems necessary for its activities, including, as the minimum necessary for the effective discharge of the Fund's duties, national data on the following matters:

(i) official holdings at home and abroad of (1) gold, (2) foreign exchange;

(ii) holdings at home and abroad by banking and financial agencies, other than official agencies, of (1) gold, (2) foreign exchange;

(iii) production of gold;

(iv) gold exports and imports according to countries of destination and origin;

(v) total exports and imports of merchandise, in terms of local currency values, according to countries of destination and origin;

(vi) international balance of payments, including (1) trade in goods and services, (2) gold transactions, (3) known capital transactions, and (4) other items;

(vii) international investment position, i.e., investments within the territories of the member owned abroad and investments abroad owned by persons in its territories so far as it is possible to furnish this information;

(viii) national income;

(ix) price indices, i.e., indices of commodity prices in wholesale and retail markets and of export and import prices;

(x) buying and selling rates for foreign currencies;

(xi) exchange controls, i.e. a comprehensive statement of exchange controls in effect at the time of assuming membership in the Fund and details of subsequent changes as they occur; and

(xii) where official clearing arrangements exist, details of amounts

fjárhæðir, sem bíða jöfnunar, að því er varðar verslunarviðskipti og viðskipti fjármálalegs eðlis, og hve lengi slíkar eftirstöðvar hafi verið útistandandi.

(b) Þegar sjóðurinn óskar eftir upplýsingum, skal hann taka tillit til mismunandi getu aðildarríkjanna til þess að gefa upplýsingar þær, sem fram á er farið. Aðildarríkin skulu á engan hátt skuldbundin til þess að gefa svo sundurliðaðar upplýsingar, að fram komi hagur einstakra félaga eða einstaklinga. Aðildarríkin heita því hins vegar að gefa upplýsingar þær, sem óskað er, með svo nákvæmum og sundurliðuðum hætti sem fært er, og forðast, eftir því sem unnt er, hreinar áætlanir.

(c) Sjóðnum er heimilt, með samkomulagi við aðildarríkin, að gera ráðstafanir til þess að fá frekari upplýsingar. Hann skal starfa sem miðstöð upplýsingasöfnunar og upplýsingaskipta um gjaldeyrismál og fjármál, og greiða þannig fyrir könnunum, sem ætlað er að auðvelda aðildarríkjum mótun stefnu, sem stuðlar að tilgangi sjóðsins.

awaiting clearance in respect of commercial and financial transactions, and of the length of time during which such arrears have been outstanding.

(b) In requesting information the Fund shall take into consideration the varying ability of members to furnish the data requested. Members shall be under no obligation to furnish information in such detail that the affairs of individuals or corporations are disclosed. Members undertake, however, to furnish the desired information in as detailed and accurate a manner as is practicable and, so far as possible, to avoid mere estimates.

(c) The Fund may arrange to obtain further information by agreement with members. It shall act as a centre for the collection and exchange of information on monetary and financial problems, thus facilitating the preparation of studies designed to assist members in developing policies which further the purposes of the Fund.

6. gr.
Samráð milli aðildarríkja um þegar gerða alþjóðasamninga.

Hafi aðildarríki áður en þessi stofnskrá var staðfest gert með sér samninga, sem ekki leyfa takmarkanir á gjaldeyrisviðskipti af því tagi, sem heimilt er að viðhalda eða koma á samkvæmt stofnskrá þessari við sérstakar eða tímabundnar aðstæður, sem tilgreindar eru í stofnskránni, skulu aðilar að slíkum samningum hafa samráð sín á milli í þeim tilgangi að gera þær lagfæringar, sem nauðsynlegar kunna að reynast og eru gagnkvæmt aðgengilegar. Ákvæði þessa kafla skulu ekki draga úr gildi ákvæða 5. greinar VII. kafla.

Section 6.
Consultation between members regarding existing international agreements.

Where under this Agreement a member is authorized in the special or temporary circumstances specified in the Agreement to maintain or establish restrictions on exchange transactions, and there are other engagements between members entered into prior to this Agreement which conflict with the application of such restrictions, the parties to such engagements shall consult with one another with a view to making such mutually acceptable adjustments as may be necessary. The provisions of this Article shall be without prejudice to the operation of Article VII, Section 5.

7. gr.
Skuldbindingar um samvinnu með tilliti til gjaldeyrisforða.

Sérhvert aðildarríki heitir því að hafa samráð við sjóðinn og önnur aðildarríki

Section 7.
Obligation to collaborate regarding policies on reserve assets.

Each member undertakes to collaborate with the Fund and with other

til þess að tryggja að stefna ríkisins með tilliti til gjaldeyrisforða samrýmist markmiðinu um að stuðla að betra alþjóðlegu eftirliti með gjaldeyrisforða í heiminum og að sérstök dráttarréttindi verði höfuðþátturinn í gjaldeyrisforðum í hinu alþjóðlega gjaldeyriskerfi.

members in order to ensure that the policies of the member with respect to reserve assets shall be consistent with the objectives of promoting better international surveillance of international liquidity and making the special drawing right the principal reserve asset in the international monetary system.

IX. KAFLI
RÉTTARSTAÐA, FRIÐHELGI OG FORRÉTTINDI

1. gr.
Tilgangur kaflans.

Réttarstöðu þá, friðhelgi og forréttindi, sem lýst er í kafla þessum skal veita sjóðnum á landssvæðum allra aðildarríkja svo hann geti til fullnustu framkvæmt verkefni þau, sem honum eru falin.

2. gr.
Réttarstaða sjóðsins.

Sjóðurinn skal hafa fullt löghæfi persónu að lögum, og sérstaklega hæfi til þess:

(i) að gera samninga;
(ii) að eignast og afhenda lausafé og fasteignir;
(iii) að hefja málsókn.

3. gr.
Friðhelgi frá lögsókn.

Sjóðurinn, fé hans og eignir skulu án tillits til staðsetningar eða handhafa vera friðhelgar fyrir öllum formum lögsóknar, nema að svo miklu leyti sem hann beinlínis afsalar sér friðhelgi vegna málaferla eða með skilmálum samnings.

4. gr.
Friðhelgi fyrir öðrum aðgerðum.

Fé og eignir sjóðsins skulu án tillits til staðsetningar og handhafa vera undanþegnar rannsókn, töku, upptöku, eignarnámi og öllum öðrum formum eignatöku með aðgerðum framkvæmdar- eða löggjafarvalds.

ARTICLE IX
STATUS, IMMUNITIES, AND PRIVILEGES

Section 1.
Purposes of Article.

To enable the Fund to fulfill the functions with which it is entrusted, the status, immunities, and privileges set forth in this Article shall be accorded to the Fund in the territories of each member.

Section 2.
Status of the Fund.

The Fund shall possess full juridical personality, and in particular, the capacity:

(i) to contract;
(ii) to acquire and dispose of immoveable and movable property; and
(iii) to institute legal proceedings.

Section 3.
Immunity from judicial process.

The Fund, its property and its assets, wherever located and by whomsoever held, shall enjoy immunity from every form of judicial process except to the extent that it expressly waives its immunity for the purpose of any proceedings or by the terms of any contract.

Section 4.
Immunity from other action.

Property and assets of the Fund, wherever located and by whomsoever held, shall be immune from search, requisition, confiscation, expropriation, or any other form of seizure by executive or legislative action.

5. gr.
Friðhelgi skjalasafna.

Skjalasöfn sjóðsins skulu vera friðhelg.

6. gr.
Undanþága eigna frá takmörkunum.

Að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til þess að framkvæma megi aðgerðir þær, sem ákvæði eru um í stofnskrá þessari, skal allt fé og eignir sjóðsins undanþegið hvers konar takmörkunum, reglugerðum hömlum og opinberum greiðslufrestunum.

7. gr.
Forréttindi orðsendinga.

Aðildarríkin skulu fara með opinberar orðsendingar frá og til sjóðsins á sama hátt og opinberar orðsendingar annarra aðildarríkja.

8. gr.
Friðhelgi og forréttindi embættismanna og starfsmanna.

Allir sjóðráðsmenn, sjóðstjórar, varamenn, embættismenn og starfsmenn sjóðsins

(i) skulu njóta friðhelgi gegn lögsókn vegna embættisverka, nema þegar sjóðurinn afsalar friðhelgi,

(ii) sem ekki eru heimamenn, skulu njóta sömu undanþágu frá innflytjendatakmörkunum, kröfum um útlendingaskráningu og herskyldu og sömu fyrirgreiðslu að því er varðar gjaldeyristakmarkanir og aðildarríkin veita fulltrúum, embættismönnum og starfsmönnum á sama stigi frá öðrum aðildarríkjum,

(iii) skulu sæta sömu kjörum, að því er varðar ferðafyrirgreiðslu, og aðildarríkin veita fulltrúum, embættismönnum og starfsmönnum á sama stigi frá öðrum aðildarríkjum.

Section 5.
Immunity of archives.

The archives of the Fund shall be inviolable.

Section 6.
Freedom of assets from restrictions.

To the extent necessary to carry out the activities provided for in this Agreement, all property and assets of the Fund shall be free from restrictions, regulations, controls, and moratoria of any nature.

Section 7.
Privilege for communications.

The official communications of the Fund shall be accorded by members the same treatment as the official communications of other members.

Section 8.
Immunities and privileges of officers and employees.

All Governors, Executive Directors, Alternates, members of committees, representatives appointed under Article XII, Section 3 (j), advisors of any of the foregoing persons, officers, and employees of the Fund:

(i) shall be immune from legal process with respect to acts performed by them in their official capacity except when the Fund waives this immunity;

(ii) not being local nationals, shall be granted the same immunities from immigration restrictions, alien registration requirements, and national service obligations and the same facilities as regards exchange restrictions as are accorded by members to the representatives, officials, and employees of comparable rank of other members; and

(iii) shall be granted the same treatment in respect of travelling facilities as is accorded by members to representatives, officials, and employees of comparable rank of other members.

9. gr.
Skattfrelsi.

(a) Sjóðurinn, fé hans og eignir, tekjur hans og starfsemi og viðskipti, sem heimiluð eru með stofnskrá þessari, skulu vera undanþegin öllum sköttum og öllum aðflutningsgjöldum. Sjóðurinn skal einnig undanþeginn skyldum til þess að innheimta eða greiða hvers konar skatta eða gjöld.

(b) Enga skatta skal leggja á laun eða þóknanir, sem sjóðurinn greiðir sjóðsstjórum, varamönnum, embættismönnum eða starfsmönnum sjóðsins, sem ekki eru heimaborgarar, heimaþegnar eða aðrir heimamenn.

(c) Enga skatta skal leggja á skuldbindingar eða verðbréf útgefin af sjóðnum, þar með talin hvers konar arðsúthlutun eða vextir þar af, án tillits til handhafa,

(i) sem mismuna slíkri skuldbindingu eða verðbréfi í óhag eingöngu vegna uppruna þess; eða

(ii) ef lögsögugrundvöllur slíkrar skattunar er eingöngu útgáfustaður eða útgáfugjaldeyrir skuldbindingar eða verðbréfs eða gjaldeyrir sá, sem þau má greiða í eða þau eru greidd í, eða staðsetning einhverrar skrifstofu eða starfsstaðar, sem sjóðurinn rekur.

Section 9.
Immunities from taxation.

(a) The Fund, its assets, property, income, and, its operations and transactions authorized by this Agreement shall be immune from all taxation and from all customs duties. The Fund shall also be immune from liability for the collection or payment of any tax or duty.

(b) No tax shall be levied on or in respect of salaries and emoluments paid by the Fund to Executive Directors, Alternates, officers, or employees of the Fund who are not local citizens, local subjects, or other local nationals.

(c) No taxation of any kind shall be levied on any obligation or security issued by the Fund, including any dividend or interest thereon, by whomsoever held:

(i) which discriminates against such obligation or security solely because of its origin; or

(ii) if the sole jurisdictional basis for such taxation is the place or currency in which it is issued, made payable or paid, or the location of any office or place of business maintained by the Fund.

10. gr.
Framkvæmd kaflans.

Sérhvert aðildarríki skal gera ráðstafanir þær, sem nauðsynlegar eru á landssvæðum þess, til þess að meginreglur þær, sem lýst er í kafla þessum, öðlist gildi með þess eigin löggjöf og skal gera sjóðnum nána grein fyrir því, í hverju ráðstafanir þessar voru fólgnar.

Section 10.
Application of Article.

Each member shall take such action as is necessary in its own territories for the purpose of making effective in terms of its own law the principles set forth in this Article and shall inform the Fund of the detailed action which it has taken.

X. KAFLI
SAMSKIPTI VIÐ ÖNNUR ALÞJÓÐASAMTÖK

Sjóðurinn skal, að svo miklu leyti sem ákvæði þessarar stofnskrár leyfa, hafa samvinnu við hvers konar almennar alþjóðastofnanir og við opinberar alþjóða-

ARTICLE X
RELATIONS WITH OTHER INTERNATIONAL ORGANIZATIONS

The Fund shall cooperate within the terms of this Agreement with any general international organization and with public international organizations having

stofnanir með sérhæfð verkefni á skyldum sviðum. Hvers konar fyrirkomulagi slíkrar samvinnu, sem útheimta myndi breytingar einhverra ákvæða þessarar stofnskrár, má aðeins koma á með breytingu á stofnskrá þessari samkvæmt XXVIII. kafla.

specialized responsibilities in related fields. Any arrangements for such co-operation which would involve a modification of any provisions of this Agreement may be effected only after amendment to this Agreement under Article XXVIII.

XI. KAFLI
SAMSKIPTI VIÐ ÖNNUR RÍKI EN AÐILDARRÍKI

1. gr.
Skuldbindingar varðandi samskipti við önnur ríki en aðildarríki.

Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til þess:

(i) að taka ekki þátt í, né leyfa nokkurri þeirri fjármálastofnun sinni, sem um getur í 1. grein, V. kafla, að taka þátt í neinum þeim viðskiptum við önnur ríki en aðildarríki eða aðila á landssvæðum annarra ríkja en aðildarríkja, sem brjóta myndu í bága við ákvæði þessarar stofnskrár eða tilgang sjóðsins;

(ii) að hafa ekki samvinnu við ríki önnur en aðildarríki eða aðila á landssvæðum ríkja annarra en aðildarríkja um starfsemi, sem brjóta myndi í bága við ákvæði þessarar stofnskrár eða tilgang sjóðsins; og

(iii) að hafa samvinnu við sjóðinn með því markmiði að gera á landssvæðum sínum hæfilegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir viðskipti við önnur ríki en aðildarríki eða við aðila á landssvæðum þeirra, sem brjóta myndu í bága við ákvæði þessarar stofnskrár eða tilgang sjóðsins.

ARTICLE XI
RELATIONS WITH NON-MEMBER COUNTRIES

Section 1.
Undertakings regarding relations with non-member countries.

Each member undertakes:

(i) not to engage in, nor to permit any of its fiscal agencies referred to in Article V, Section 1 to engage in, any transactions with a non-member or with persons in a non-member's territories which would be contrary to the provisions of this Agreement or the purposes of the Fund;

(ii) not to cooperate with a non-member or with persons in a non-member's territories in practices which would be contrary to the provisions of this Agreement or the purposes of the Fund; and

(iii) to cooperate with the Fund with a view to the application in its territories of appropriate measures to prevent transactions with non-members or with persons in their territories which would be contrary to the provisions of this Agreement or the purposes of the Fund.

2. gr.
Takmarkanir á viðskipti við önnur ríki en aðildarríki.

Ekkert í stofnskrá þessari skal hafa áhrif á rétt aðildarríkis til þess að setja takmarkanir á gjaldeyrisviðskipti við önnur ríki en aðildarríki eða aðila á landssvæðum þeirra nema sjóðurinn telji

Section 2.
Restrictions on transactions with non-member countries.

Nothing in this Agreement shall affect the right of any member to impose restrictions on exchange transactions with non-members or with persons in their territories unless the Fund finds that

að slíkar takmarkanir spilli hagsmunum aðildarríkja og brjóti í bága við tilgang sjóðsins.

XII. KAFLI
SKIPULAG OG STJÓRN

1. gr.
Skipulag sjóðsins.

Sjóðurinn skal hafa sjóðráð, sjóðstjórn, framkvæmdastjóra og starfslið og ráð ef sjóðráðið ákveður með stuðningi 85% heildaratkvæðamagnsins að fara að ákvæðum skrárauka D.

2. gr.
Sjóðráð.

(a) Allt vald sjóðsins sem ekki er sérstaklega falið sjóðráði, sjóðstjórn eða framkvæmdastjóra skal vera í höndum sjóðráðs. Í sjóðráði eiga sæti einn ráðsmaður og einn varamaður frá hverju aðildarríki tilnefndur með þeim hætti, sem hvert þeirra ákveður. Hver sjóðráðsmaður og hver varamaður skal sitja þar til aðrir verða tilnefndir. Enginn varamaður má greiða atkvæði nema í fjarveru aðalmanns síns. Sjóðráð kýs einn ráðsmann sem formann.

(b) Sjóðráði er heimilt að fela sjóðstjórninni að fara með allt vald ráðsins nema það sem skv. samkomulagi þessu á aðeins að vera í höndum sjóðráðsins.

(c) Sjóðráð skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir og sjóðstjórn óskar. Sjóðstjórnin skal boða til sjóðráðsfundar hvenær sem fimmtán aðildarríki óska þess eða ríki, sem ráða yfir fjórðungi heildaratkvæðamagnsins.

(d) Til þess að sjóðráðsfundur sé ályktunarfær, þarf nærveru ráðsmanna, sem ráða að minnsta kosti tveimur þriðju hlutum heildaratkvæðamagns.

such restrictions prejudice the interests of members and are contrary to the purposes of the Fund.

ARTICLE XII
ORGANIZATION AND MANAGEMENT

Section 1.
Structure of the Fund.

The Fund shall have a Board of Governors, an Executive Board, a Managing Director, and a staff, and a council if the Board of Governors decides, by an eighty-five percent majority of the total voting power, that the provisions of Schedule D shall be applied.

Section 2.
Board of Governors.

(a) All powers under this Agreement not conferred directly on the Board of Governors, the Executive Board, or the Managing Director shall be vested in the Board of Governors. The Board of Governors shall consist of one Governor and one Alternate appointed by each member in such manner as it may determine. Each Governor and each Alternate shall serve until a new appointment is made. No Alternate may vote except in the absence of his principal. The Board of Governors shall select one of the Governors as chairman.

(b) The Board of Governors may delegate to the Executive Board authority to exercise any powers of the Board of Governors, except the powers conferred directly by this Agreement on the Board of Governors.

(c) The Board of Governors shall hold such meetings as may be provided for by the Board of Governors or called by the Executive Board. Meetings of the Board of Governors shall be called whenever requested by fifteen members or by members having one-quarter of the total voting power.

(d) A quorum for any meeting of the Board of Governors shall be a mjaority of the Governors having not less than two-thirds of the total voting power.

(e) Hver ráðsmaður ræður atkvæðamagni því, sem úthlutað er samkvæmt 5. grein þessa kafla til aðildarríkis þess, sem tilnefnir hann.

(f) Sjóðráðinu er heimilt að setja með reglugerð ákvæði um starfsaðferð slíka, að sjóðstjórnin geti, þegar hún telur það sjóðnum fyrir bestu, fengið atkvæðagreiðslu í sjóðráði um sérstök mál án þess að boðað sé til sjóðráðsfundar.

(g) Sjóðráði og sjóðstjórn, að svo miklu leyti sem henni er það falið, er heimilt að setja þær reglur og reglugerðir, sem kunna að reynast nauðsynlegar eða heppilegar vegna starfrækslu sjóðsins.

(h) Sjóðráðsmenn og varamenn skulu gegna starfi sem slíkir án þóknunar frá sjóðnum, en sjóðurinn skal greiða þeim hæfilegan kostnað vegna fundarsóknar.

(i) Sjóðráð skal ákveða þóknun til sjóðstjórnar og laun og ráðningarkjör framkvæmdastjórans.

(j) Sjóðráð og sjóðstjórn geta skipað nefndir eftir því sem þeim sýnist ráðlegt. Nefndarmenn þurfa ekki að vera sjóðráðsmenn, sjóðstjórnarmenn eða varamenn.

(e) Each Governor shall be entitled to cast the number of votes allotted under Section 5 of this Article to the member appointing him.

(f) The Board of Governors may by regulation establish a procedure whereby the Executive Board, when it deems such action to be in the best interests of the Fund, may obtain a vote of the Governors on a specific question without calling a meeting of the Board of Governors.

(g) The Board of Governors, and the Executive Board to the extent authorized may adopt such rules and regulations as may be necessary or appropriate to conduct the business of the Fund.

(h) Governors and Alternates shall serve as such without compensation from the Fund, but the Fund may pay them reasonable expenses incurred in attending meetings.

(i) The Board of Governors shall determine the remuneration to be paid to the Executive Directors and their Alternates and the salary and terms of the contract of service of the Managing Director.

(j) The Board of Governors and the Executive Board may appoint such committees as they deem advisable. Membership of committees need not be limited to Governors or Executive Directors or their Alternates.

3. gr.
Sjóðstjórn.

(a) Sjóðstjórnin skal vera ábyrg fyrir framkvæmd hinnar almennu starfsemi sjóðsins og skal í þessum tilgangi fara með allt það vald, sem sjóðráðið hefur falið henni.

(b) Sjóðstjórnina skipa sjóðstjórar og formaður hennar er framkvæmdastjóri sjóðsins. Af sjóðstjórunum skulu

(i) fimm tilnefndir af þeim fimm ríkjum, sem hafa stærstu kvótana.

(ii) fimmtán kosnir af öðrum aðildarríkjum.

Section 3.
Executive Board.

(a) The Executive Board shall be responsible for conducting the business of the Fund, and for this purpose shall exercise all the powers delegated to it by the Board of Governors.

(b) The Executive Board shall consist of Executive Directors with the Managing Director as chairman. Of the Executive Directors:

(i) five shall be appointed by the five members having the largest quotas; and

(ii) fifteen shall be elected by the other members.

Hvenær sem kjör sjóðstjórnar fer fram getur sjóðráð með stuðningi 85% heildaratkvæðamagnsins ákveðið að fjölga eða fækka sjóðstjórunum, sem getið er í lið (ii) að framan. Sjóðstjórum skv. lið (ii) að ofan skal fækkað um einn eða tvo, eins og þörf krefur, ef sjóðstjórar eru tilnefndir skv. ákvæðum í lið (c) að aftan, nema sjóðráð ákveði með stuðningi 85% heildaratkvæðamagnsins að slík fækkun mundi hindra eðlilega starfsemi sjóðstjórnarinnar eða raska eðlilegu jafnvægi sjóðstjórnarinnar.

(c) Nú hagar svo til við sjóðstjórakjör, hið annað í röðinni eða síðar, að í hópi þeirra aðildarríkja, sem rétt eiga til þess að tilnefna sjóðstjóra, samkvæmt (b) (i) hér að framan, eru ekki þau tvö aðildarríki, sem stærstum fjárhæðum munar, miðað við sérstök dráttarréttindi sem samnefnara, hve meðalhandhöfn sjóðsins á gjaldeyri þeirra á almenna fjármagnsreikningnum yfir næstliðin tvö ár er lægri en kvóti þeirra, skal þá annað eða bæði þessara aðildarríkja, eftir því sem á stendur, fá rétt til þess að tilnefna sjóðstjóra.

(d) Kosning kjörinna sjóðstjórnarmanna skal fara fram á tveggja ára fresti í samræmi við ákvæði skrárauka E að viðbættum þeim reglugerðarákvæðum, sem sjóðurinn telur hæfileg. Áður en kjör sjóðstjóra fer fram getur sjóðráð sett reglur þar sem gerðar eru breytingar á atkvæðahlutföllum þeim sem krafist er til þess að ná sjóðstjórakjöri skv. ákvæðum skrárauka E.

(e) Hver sjóðstjóri skal tilnefna varamann með fullri heimild til þess að koma fram fyrir hann, þegar hann er fjarstaddur. Varamönnum er heimilt að taka þátt í fundum, þegar sjóðstjórarnir, sem tilnefna þá, eru viðstaddir, en mega þá ekki greiða atkvæði.

(f) Sjóðstjórar skulu halda stöðu sinni þar til eftirmenn þeirra hafa verið tilnefndir eða kjörnir. Ef staða kjörins

For the purpose of each regular election of Executive Directors, the Board of Governors, by an eighty-five percent majority of the total voting power, may increase or decrease the number of Executive Directors in (ii) above. The number of Executive Directors in (ii) above shall be reduced by one or two, as the case may be, if Executive Directors are appointed under (c) below, unless the Board of Governors decides, by an eighty-five percent majority of the total voting power, that this reduction would hinder the effective discharge of the functions of the Executive Board or of Executive Directors or would threaten to upset a desirable balance in the Executive Board.

(c) If, at the second regular election of Executive Directors and thereafter, the members entitled to appoint Executive Directors under (b) (i) above do not include the two members, the holdings of whose currencies by the Fund in the General Resources Account have been, on the average over the preceding two years, reduced below their quotas by the largest absolute amounts in terms of the special drawing right, either one or both of such members, as the case may be, may appoint an Executive Director.

(d) Elections of elective Executive Directors shall be conducted at intervals of two years in accordance with the provisions of Schedule E, supplemented by such regulations as the Fund deems appropriate. For each regular election of Executive Directors, the Board of Governors may issue regulations making changes in the proportion of votes required to elect Executive Directors under the provisions of Schedule E.

(e) Each Executive Director shall appoint an Alternate with full power to act for him when he is not present. When the Executive Directors appointing them are present, Alternates may participate in meetings but may not vote.

(f) Executive Directors shall continue in office until their successors are appointed or elected. If the office of an

sjóðstjóra losnar meira en níutíu dögum fyrir lok kjörtímabils hans, skal annar sjóðstjóri kjörinn fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu, af aðildarríkjum, sem kusu hinn fyrri sjóðstjóra. Til þess að ná kjöri skal krafist meiri hluta greiddra atkvæða. Meðan staðan er ófyllt skal varamaður hins fyrri sjóðstjóra fara með vald hans, nema vald til þess að tilnefna varamann.

(g) Sjóðstjórnin skal starfa samfellt á aðalskrifstofu sjóðsins og halda fundi svo oft sem starfsemi sjóðsins krefur.

(h) Til þess að fundur sjóðstjórnar sé ályktunarfær, þarf meiri hluti sjóðstjóra, sem eru fulltrúar að minnsta kosti helmings atkvæðamagns, að vera viðstaddur.

(i)

(i) Hver tilnefndur sjóðstjóri skal ráða því atkvæðamagni, sem úthlutað er skv. 5. grein þessa kafla til aðildarríkis þess, sem tilnefndi hann.

(ii) Hafi atkvæðamagninu, sem úthlutað var aðildarríki, sem tilnefnir sjóðstjóra skv. lið (c) hér að framan verið beitt af sjóðstjóra ásamt atkvæðum annarra aðildarríkja vegna síðustu kosninga sjóðstjóra, getur aðildarríkið samið við hvert hinna aðildarríkjanna um að atkvæðamagninu, sem þeim var úthlutað, verði beitt af hinum tilnefnda sjóðstjóra. Aðildarríki, sem þátt tekur í slíku samkomulagi, tapar þar með rétti sínum til þess að greiða atkvæði við sjóðstjórakjör.

(iii) Hver kjörinn sjóðstjóri skal hafa öll þau atkvæði, sem kusu hann, til ráðstöfunar.

(iv) Þegar ákvæði 5. greinar (b) þessa kafla eiga við, skal atkvæðamagn það, sem sjóðstjóri mundi annars ráða, aukið eða skert í samræmi við þau. Öllu því atkvæðamagni, sem sjóðstjóri ræður, skal beitt í einu lagi við atkvæðagreiðslur.

elected Executive Director becomes vacant more than ninety days before the end of his term, another Executive Director shall be elected for the remainder of the term by the members that elected the former Executive Director. A majority of the votes cast shall be required for election. While the office remains vacant, the Alternate of the former Executive Director shall exercise his powers, except that of appointing an Alternate.

(g) The Executive Board shall function in continuous session at the principal office of the Fund and shall meet as often as the business of the Fund may require.

(h) A quorum for any meeting of the Executive Board shall be a majority of the Executive Directors having not less than one-half of the total voting power.

(i)

(i) Each appointed Executive Director shall be entitled to cast the number of votes allotted under Section 5 of this Article to the member appointing him.

(ii) If the votes allotted to a member that appoints an Executive Director under (c) above were cast by an Executive Director together with the votes allotted to other members as a result of the last regular election of Executive Directors, the member may agree with each of the other members that the number of votes allotted to it shall be cast by the appointed Executive Director. A member making such an agreement shall not participate in the election of Excutive Directors.

(iii) Each elected Executive Director shall be entitled to cast the number of votes which counted towards his election.

(iv) When the provisions of Section 5 (b) of this Article are applicable, the votes which an Executive Director would otherwise be entitled to cast shall be increased or decreased correspondingly. All the votes which an Executive Director is entitled to cast shall be cast as a unit.

(j) Sjóðráð skal setja reglugerð, þar sem aðildarríki, sem ekki á rétt til þess að tilnefna sjóðstjóra samkvæmt (b) hér að framan, er heimilað að senda fulltrúa til þess að sitja sjóðstjórnarfundi, þegar tekin eru til meðferðar tilmæli frá því aðildarríki eða mál, er snerta það sérstaklega.

(j) The Board of Governors shall adopt regulations under which a member not entitled to appoint an Executive Director under (b) above may send a representative to attend any meeting of the Executive Board when a request made by, or a matter particularly affecting, that member is under consideration.

4. gr.
Framkvæmdastjóri og starfslið.

(a) Sjóðstjórnin skal velja framkvæmdastjóra, sem má ekki vera sjóðráðsmaður eða sjóðstjóri. Framkvæmdastjórinn skal vera formaður sjóðstjórnar, en er ekki atkvæðisbær nema sem oddamaður, þegar atkvæði standa á jöfnu. Honum er heimil þátttaka í fundum sjóðráðs, en hann skal ekki greiða atkvæði á slíkum fundum. Framkvæmdastjórinn skal hætta að gegna embætti sínu, þegar sjóðstjórn ákveður.

(b) Framkvæmdastjórinn skal vera yfirmaður starfsliðs sjóðsins og skal stýra, undir yfirstjórn sjóðstjórnar, hinni venjulegu starfsemi sjóðsins. Hann er ábyrgur fyrir skipulagi, ráðningu og uppsögn starfsliðs sjóðsins undir almennri yfirstjórn sjóðstjórnar.

(c) Framkvæmdastjórinn og starfslið sjóðsins skal við störf sín veita sjóðnum, og engum öðrum, fyllstu hollustu. Sérhvert aðildarríki sjóðsins skal virða hið alþjóðlega eðli þessarar hollustu, og skal ekki á neinn hátt reynt að hafa áhrif á starfslið sjóðsins við störf þess.

(d) Við ráðningu starfsliðs skal framkvæmdastjórinn taka tillit til þess, að mikilvægt er að ráða starfsmenn svo víða að landfræðilega séð sem mögulegt er, þó skal hann jafnan gæta þess, að mikilvægast af öllu er að tryggja, að verkhæfni og tæknileg kunnátta starfsliðsins sé hin besta, sem völ er á.

Section 4.
Managing Director and staff.

(a) The Executive Board shall select a Managing Director who shall not be a Governor or an Executive Director. The Managing Director shall be chairman of the Executive Board, but shall have no vote except a deciding vote in case of an equal division. He may participate in meetings of the Board of Governors, but shall not vote at such meetings. The Managing Director shall cease to hold office when the Executive Board so decides.

(b) The Managing Director shall be chief of the operating staff of the Fund and shall conduct, under the direction of the Executive Board, the ordinary business of the Fund. Subject to the general control of the Executive Board, he shall be responsible for the organization, appointment, and dismissal of the staff of the Fund.

(c) The Managing Director and the staff of the Fund, in the discharge of their functions, shall owe their duty entirely to the Fund and to no other authority. Each member of the Fund shall respect the international character of this duty and shall refrain from all attempts to influence any of the staff in the discharge of these functions.

(d) In appointing the staff the Managing Director shall, subject to the paramount importance of securing the highest standards of efficiency and of technical competence, pay due regard to the importance of recruiting personnel on as wide a geographical basis as possible.

5. gr.
Atkvæðagreiðslur.

(a) Hvert aðildarríki skal hafa tvö hundruð og fimmtíu atkvæði að viðbættu einu atkvæði fyrir hvern hluta kvóta síns, sem er jafngildi eitt hundrað þúsund sérstökum dráttarréttindum.

(b) Í hvert skipti sem atkvæðagreiðslu er krafist samkvæmt 4. eða 5. grein V. kafla, skal hvert aðildarríki hafa atkvæðamagn það, sem það á rétt til samkvæmt (a) hér að framan, með eftirfarandi breytingum:

(i) að viðbættu einu atkvæði fyrir hvert jafngildi fjögur hundruð þúsund sérstakra dráttarréttinda, sem hrein sala á gjaldeyri þess kemur fram til þess dags, sem atkvæðagreiðslan fer fram, eða

(ii) að frádregnu einu atkvæði fyrir hvert jafngildi fjögur hundruð þúsund sérstakra dráttarréttinda, sem hrein kaup þess á gjaldeyri skv. V. kafla, grein 3 (b) og (f) fram til þess dags, sem atkvæðagreiðslan fer fram.

Þó þannig, að hvorki hrein kaup né hrein sala skulu nokkru sinni talin fara fram úr fjárhæð jafnhárri kvóta aðildarríkis þess, sem í hlut á.

(c) Nema annað sé tekið fram skulu allar ákvarðanir sjóðsins byggjast á stuðningi einfalds meirihluta atkvæða.

Section 5.
Voting.

(a) Each member shall have two hundred fifty votes plus one additional vote for each part of its quota equilvalent to one hundred thousand special drawing rights.

(b) Whenever voting is required under Article V, Section 4 or 5, each member shall have the number of votes to which it is entitled under (a) above adjusted

(i) by the addition of one vote for the equivalent of each four hundred thousand special drawing rights of net sales of its currency from the general resources of the Fund up to the date when the vote is taken, or

(ii) by the subtraction of one vote for the equivalent of each four hundred thousand special drawing rights of its net purchases under Article V, Section 3 (b) and (f) up to the date when the vote is taken,

provided that neither net purchases nor net sales shall be deemed at any time to exceed an amount equal to the quota of the member involved.

(c) Except as otherwise specifically provided, all decisions of the Fund shall be made by a majority of the votes cast.

6. gr.
Varasjóðir, skipting hreinna tekna, fjárfestingar.

(a) Sjóðurinn ákveður árlega hve stór hluti hreinna tekna hans skuli lagður í almennan eða sérstakan varasjóð og hve stórum hluta, ef einhverjum, skuli skipt.

(b) Sjóðurinn getur varið sérstaka varasjóðnum á sama hátt og hinum almenna, þó getur hann ekki skipt honum.

(c) Sé hreinum tekjum einhvers árs skipt skal það gert í hlutfalli við kvóta aðildarríkjanna.

Section 6.
Reserves, distribution of net income, and investment.

(a) The Fund shall determine annually what part of its net income shall be placed to general reserve or special reserve, and what part, if any, shall be distributed.

(b) The Fund may use the special reserve for any purpose for which it may use the general reserve, except distribution.

(c) If any distribution is made of the net income of any year, it shall be made to all members in proportion to their quotas.

d) Með stuðningi 70% atkvæðamagnsins getur sjóðurinn ákveðið að skipta hvaða hluta hins almenna varasjóðs sem er á milli aðildarríkjanna og þá í hlutfalli við kvóta þeirra.

e) Greiðslur skv. liðum (c) og (d) að framan skulu inntar af hendi í sérstökum dráttarréttindum nema sjóðurinn eða viðkomandi aðildarríki ákveði að þær skuli fara fram í gjaldmiðli hennar.

(f)

(i) Sjóðurinn getur stofnað fjárfestingarreikning til þess að þjóna þeim tilgangi, sem settur er fram í þessum lið (f). Eignir fjárfestingarreikningsins skulu varðveittar aðgreindar frá öðrum reikningum á almenna reikningnum.

(ii) Sjóðurinn getur ákveðið að færa á fjárfestingarreikninginn hluta söluandvirðis gulls skv. V. kafla, grein 12 (g) og með stuðningi 70% heildaratkvæðamagnsins getur hann flutt yfir á fjárfestingarreikninginn, til tafarlausrar fjárfestingar, gjaldmiðla, sem varðveittir eru á almenna fjármagnsreikningnum. Upphæð slíkrar tilfærslu má ekki nema hærri upphæð en sem nemur samanlagðri upphæð almenna og sérstaka varasjóðsins þá er tilfærslan fer fram.

(iii) Sjóðurinn getur notað gjaldmiðil aðildarríkis til fjárfestingar í auðseljanlegum skuldbindingum viðkomandi ríkis eða í auðseljanlegum skuldbindingum alþjóðlegra peningastofnana. Fjárfesting má ekki eiga sér stað nema með samþykki viðkomandi aðildarríkis. Aðeins má fjárfesta í skuldbindingum, sem tilgreindar eru í sérstökum dráttarréttindum eða í þeim gjaldmiðlum, sem notaðir eru til fjárfestingarinnar.

(iv) Tekjur af fjárfestingu má fjárfesta á ný í samræmi við ákvæði þessa liðs (f). Tekjur, sem ekki eru notaðar til fjárfestingar, skulu

(d) The Fund, by a seventy percent majority of the total voting power, may decide at any time to distribute any part of the general reserve. Any such distribution shall be made to all members in proportion to their quotas.

(e) Payments under (c) and (d) above shall be made in special drawing rights, provided that either the Fund or the member may decide that the payment to the member shall be made in its own currency.

(f)

(i) The Fund may establish an Investment Account for the purposes of this subsection (f). The assets of the Investment Account shall be held separately from the other accounts of the General Department.

(ii) The Fund may decide to transfer to the Investment Account a part of the proceeds of the sale of gold in accordance with Article V, Section 12 (g) and, by a seventy percent majority of the total voting power, may decide to transfer to the Investment Account, for immediate investment, currencies held in the General Resources Account. The amount of these transfers shall not exceed the total amount of the general reserve and the special reserve at the time of the decision.

(iii) The Fund may invest a member's currency held in the Investment Account in marketable obligations of that member or in marketable obligations of international financial organizations. No investment shall be made without the concurrence of the member whose currency is used to make the investment. The Fund shall invest only in obligations denominated in special drawing rights or in the currency used for investment.

(iv) The income of investment may be invested in accordance with the provisions of this subsection (f). Income not invested shall be held

varðveittar í fjárfestingarreikningum og er heimilt að nota þær til þess að greiða kostnað af starfsemi sjóðsins.

(v) Sjóðurinn getur notað gjaldmiðil aðildarríkis, sem varðveittur er á fjárfestingarreikningnum til þess að kaupa aðra gjaldmiðla, sem nauðsynlegir kunna að vera til þess að greiða kostnað af starfsemi sjóðsins.

(vi) Fjárfestingarreikningnum skal lokað komi til lokaskipta sjóðsins. Honum er einnig hægt að loka eða minnka með stuðningi 70% heildaratkvæðamagnsins áður en til lokaskipta sjóðsins kemur. Með stuðningi 70% atkvæðamagnsins setur sjóðurinn starfsreglur fyrir fjárfestingarreikninginn og skulu þær samrýmast ákvæðum liða (vii), (viii) og (ix) að aftan.

(vii) Komi til lokunar reikningsins vegna lokaskipta sjóðsins skal eignum hans ráðstafað í samræmi við ákvæði skrárauka K að því tilskildu að sá hluti þessara eigna, sem svarar til þess hluta eigna, sem fluttar hafa verið á reikninginn skv. ákvæðum V. kafla, greinar 12 (g) í þeim heildareignum, sem fluttar hafa verið, skuli metnar sem eigur á sérstaka greiðslureikningnum og skipt í samræmi við ákvæði skrárauka K, lið 2 (a) (ii).

(viii) Komi til lokunar reikningsins áður en lokaskil sjóðsins fara fram skal sá hluti eigna, sem fluttur hefur verið á reikninginn skv. ákvæðum V. kafla, grein 12 (g) í þeim heildareignum, sem fluttar hafa verið á reikninginn, færðar yfir á sérstaka greiðslureikninginn hafi honum ekki verið lokað, og afgangurinn skal færður yfir á almenna fjármagnsreikninginn til tafarlausrar

in the Investment Account or may be used for meeting the expenses of conducting the business of the Fund.

(v) The Fund may use a member's currency held in the Investment Account to obtain the currencies needed to meet the expenses of conducting the business of the Fund.

(vi) The Investment Account shall be terminated in the event of liquidation of the Fund and may be terminated, or the amount of the investment may be reduced, prior to liquidation of the Fund by a seventy percent majority of the total voting power. The Fund, by a seventy percent majority of the total voting power, shall adopt rules and regulations regarding administration of the Investment Account, which shall be consistent with (vii), (viii), and (ix) below.

(vii) Upon termination of the Investment Account because of liquidation of the Fund, any assets in this account shall be distributed in accordance with the provisions of Schedule K, provided that a portion of these assets corresponding to the proportion of the assets transferred to this account under Article V, Section 12 (g) to the total of the assets transferred to this account shall be deemed to be assets held in the Special Disbursement Account and shall be distributed in accordance with Schedule K, paragraph 2 (a) (ii).

(viii) Upon termination of the Investment Account prior to liquidation of the Fund, a portion of the assets held in this account corresponding to the proportion of the assets transferred to this account under Article V, Section 12 (g) to the total of the assets transferred to the account shall be transferred to the Special Disbursement Account if it has not been terminated,

notkunar í rekstrarkostnaði sjóðsins.

(ix) Komi til minnkunar fjárfestingar sjóðsins skal sá hluti minnkunarinnar, sem svarar til þess eignahluta, sem færður hefur verið á reikninginn skv. ákvæðum V. kafla, greinar 12 (g), af heildareignum þeim, sem fluttar hafa verið á reikninginn færðar á sérstaka greiðslureikninginn hafi honum ekki verið lokað og afgangurinn færist á almenna fjármagnsreikninginn til tafarlausrar notkunar í rekstrarkostnaði sjóðsins.

and the balance of the assets held in the Investment Account shall be transferred to the General Resources Account for immediate use in operations and transactions.

(ix) On a reduction of the amount of the investment by the Fund a portion of the reduction corresponding to the proportion of the assets transferred to the Investment Account under Article V, Section 12 (g) to the total of the assets transferred to this account shall be transferred to the Special Disbursement Account if it has not been terminated, and the balance of the reduction shall be transferred to the General Resources Account for immediate use in operations and transactions.

7. gr.
Skýrsluútgáfa.

(a) Sjóðurinn skal gefa út ársskýrslu, sem hafi að geyma endurskoðað yfirlit reikninga hans, og hann skal gefa út á þriggja mánaða fresti eða tíðar samandregið yfirlit yfir viðskipti sín og handhöfn á sérstökum dráttarréttindum, gulli og gjaldeyri aðildarríkjanna.

(b) Sjóðnum er heimilt að gefa út þær skýrslur aðrar, sem hann telur æskilegar, til þess að þjóna tilgangi sínum.

Section 7.
Publication of reports.

(a) The Fund shall publish an annual report containing an audited statement of its accounts, and shall issue, at intervals of three months or less, a summary statement of its operations and transactions and its holdings of special drawing rights, gold, and currencies of members.

(b) The Fund may publish such other reports as it deems desirable for carrying out its purposes.

8. gr.
Orðsendingar sjóðsins til aðildarríkjanna.

Sjóðurinn skal ætíð hafa rétt til þess að koma skoðunum sínum óformlega á framfæri við hvaða aðildarríki sem er um hvers konar málefni, er varða stofnskrá þessa. Sjóðnum er heimilt, með samþykki sjötíu af hundraði heildaratkvæðamagns, að ákveða að gefa út skýrslu, sem send hefur verið aðildarríki og varðar efnahags- og peningamálaástand þess og framvindu, sem beinlínis hnígur til þess, að alvarlegt misvægi verði á alþjóðlegum greiðslujöfnuði aðildarríkja. Ef aðildarríkið á ekki rétt til þess að tilnefna sjóðstjóra, skal það eiga rétt

Section 8.
Communication of views to members.

The Fund shall at all times have the right to communicate its views informally to any member on any matter arising under this Agreement. The Fund may, by a seventy percent majority of the total voting power, decide to publish a report made to a member regarding its monetary or economic conditions and developments which directly tend to produce a serious disequilibrium in the international balance of payments of members. If the member is not entitled to appoint an Executive Directior, it shall be entitled to representation in accordance with Section

til fulltrúa í samræmi við 3. grein (j) þessa kafla. Sjóðurinn skal ekki gefa út skýrslur, sem fjalla um breytingar á grundvelli hagskipulags aðildarríkja.

3 (j) of this Article. The Fund shall not publish a report involving changes in the fundamental structure of the economic organization of members.

XIII. KAFLI
AÐSETUR OG VÖRSLUHAFAR

1. gr.
Staðsetning skrifstofa.

Aðalskrifstofa sjóðsins skal vera staðsett á landssvæði þess aðildarríkis, sem hefur stærstan kvóta, en umboðsskrifstofur eða útibú má setja upp á landssvæðum annarra aðildarríkja.

2. gr.
Vörsluhafar.

(a) Hvert aðildarríki skal skipa seðlabanka sinn sem vörsluhafa allrar handhafnar sjóðsins á gjaldeyri þess, eða, hafi það engan seðlabanka, skal það skipa einhverja aðra stofnun, sem sjóðurinn samþykkir.

(b) Sjóðurinn getur haft á hendi aðrar eignir, þar með talið gull, hjá vörsluhöfum þeim, sem þau fimm lönd skipa, sem stærsta hafa kvóta, og hjá þeim vörsluhöfum öðrum, sem sjóðurinn kann að velja. Upphaflega skal að minnsta kosti helmingur handhafnar sjóðsins vera hjá vörsluhafa þeim, sem skipaður er af aðildarríki því sem hefur yfirráð landssvæðis þess, þar sem sjóðurinn hefur aðalskrifstofu sína og að minnsta kosti 40% skulu vera hjá vörsluhöfum þeim, sem skipaðir eru af þeim fjórum, sem eftir eru, af aðildarríkjunum, sem um gat hér að framan. Þó skulu allar gullyfirfærslur af hálfu sjóðsins gerðar með fyllsta tilliti til flutningskostnaðar og væntanlegra þarfa sjóðsins. Við ógengisaðstæður er sjóðstjórninni heimilt að flytja gullhandhöfn sjóðsins, alla eða að hluta, til hvers þess staðar, þar sem þeirra verður nægilega vel gætt.

ARTICLE XIII
OFFICES AND DEPOSITORIES

Section 1.
Location of offices.

The principal office of the Fund shall be located in the territory of the member having the largest quota, and agencies or branch offices may be established in the territories of other members.

Section 2.
Depositories.

(a) Each member shall designate its central bank as a depository for all the Fund's holdings of its currency, or if it has no central bank it shall designate such other institution as may be acceptable to the Fund.

(b) The Fund may hold other assets, including gold, in the depositories designated by the five members having the largest quotas and in such other designated depositories as the Fund may select. Initially, at least one-half of the holdings of the Fund shall be held in the depository designated by the member in whose territories the Fund has its principal office and at least forty percent shall be held in the depositories designated by the remaining four members referred to above. However, all transfers of gold by the Fund shall be made with due regard to the costs of transport and anticipated requirements of the Fund. In an emergency the Executive Board may transfer all or any part of the Fund's gold holdings to any place where they can be adequately protected.

3. gr.
Ábyrgð á eignum sjóðsins.

Sérhvert aðildarríki ábyrgist allar eignir sjóðsins gegn tapi, sem hljótast kann af gjaldþroti eða vanskilum af hálfu vörsluhafa þess, sem það skipar.

XIV. KAFLI
UMÞÓTTUNARÁKVÆÐI

1. gr.
Tilkynning til sjóðsins.

Sérhvert aðildarríki skal tilkynna sjóðnum hvort það hyggst nýta sér umþóttunarákvæði greinar 2 í þessum kafla eða hvort það er reiðubúið að taka á sig þær skuldbindingar, sem getið er í VIII. kafla, greinum 2, 3 og 4. Ríki, sem ákveður að nýta sér umþóttunarákvæðin, skal láta sjóðinn vita um leið og það er reiðubúið að taka á sig þessar skuldbindingar.

2. gr.
Gjaldeyristakmarkanir.

Aðildarríki, sem tilkynnt hefur sjóðnum að það hyggist nýta sér umþóttunarákvæðin skv. þessum ákvæðum, getur, komi ekki til takmarkanir í öðrum köflum þessa samnings, aðlagað breyttum aðstæðum allar hömlur, sem kunna að hafa verið á gengum alþjóðlegum viðskiptum, og í gildi voru þá er ríkið gerðist aðili. Aðildarríkin skulu samt sem áður sífellt taka tillit til tilgangs sjóðsins við mótun gjaldeyrisstefnu sinnar, og jafnskjótt og aðstæður leyfa skulu þau grípa til allra mögulegra ráða til þess að koma á fyrirkomulagi viðskipta- og fjármálatengsla við önnur aðildarríki, sem til þess er fallið að auðvelda alþjóðlegar greiðslur og stuðla að stöðugleika gjaldeyris. Sérstaklega skulu aðildarríkin aflétta takmörkunum, sem viðhaldið er eða komið hefur verið á samkvæmt þessari grein, jafnskjótt og þau eru þess fullviss, að þau muni fær um að jafna greiðslujöfnuð sinn án slíkra takmarkana og án þess að íþyngja um of aðgangi sínum að fjármagni sjóðsins.

Section 3.
Guarantee of the Fund's assets.

Each member guarantees all assets of the Fund against loss resulting from failure or default on the part of the depository designated by it.

ARTICLE XIV
TRANSITIONAL ARRANGEMENTS

Section 1.
Notification to the Fund.

Each member shall notify the Fund whether it intends to avail itself of the transitional arrangements in Section 2 of this Article, or whether it is prepared to accept the obligations of Article VIII, Sections 2, 3, and 4. A member availing itself of the transitional arrangements shall notify the Fund as soon thereafter as it is prepared to accept these obligations.

Section 2.
Exchange restrictions.

A member that has notified the Fund that it intends to avail itself of transitional arrangements under this provision may, notwithstanding the provisions of any other articles of this Agreement, maintain and adapt to changing circumstances the restrictions on payments and transfers for current international transactions that were in effect on the date on which it became a member. Members shall, however, have continuous regard in their foreign exchange policies to the purposes of the Fund, and, as soon as conditions permit, they shall take all possible measures to develop such commercial and financial arrangements with other members as will facilitate international payments and the promotion of a stable system of exchange rates. In particular, members shall withdraw restrictions maintained under this Section as soon as they are satisfied that they will be able, in the absence of such restrictions, to settle their balance of payments in a manner which will not unduly encumber their access to the general resources of the Fund.

3. gr.
Ráðstafanir sjóðsins varðandi takmarkanir.

Árlega skal sjóðurinn leggja fram skýrslu um gildandi takmarkanir skv. grein 2 í þessum kafla. Sérhvert aðildarríki, sem viðheldur takmörkunum, sem stangast á við VIII. kafla, greinar 2, 3 og 4, skal hafa árlegt samráð við sjóðinn um framhald þeirra. Sjóðnum er heimilt, ef hann telur slíka ráðstöfun nauðsynlega við alveg sérstök skilyrði, að gera hvaða aðildarríki sem er orð þess efnis, að skilyrði séu hagstæð til þess að aflétta einhverjum tilteknum takmörkunum, eða til allsherjarafnáms takmarkana, sem eru í ósamræmi við ákvæði einhvers annars kafla þessarar stofnskrár. Aðildarríkinu skal gefinn hæfilegur tími til þess að svara slíkum orðsendingum. Ef sjóðurinn reynir aðildarríkið að því að þráast við að viðhalda takmörkunum, sem eru í ósamræmi við tilgang sjóðsins, skal farið með aðildarríkið að ákvæðum 2. greinar (a) XXVI. kafla.

Section 3.
Action of the Fund relating to restrictions.

The Fund shall make annual reports on the restrictions in force under Section 2 of this Article. Any member retaining any restrictions inconsistent with Article VIII, Sections 2, 3, or 4 shall consult the Fund annually as to their further retention. The Fund may, if it deems such action necessary in exceptional circumstances, make representations to any member that conditions are favourable for the withdrawal of any particular restriction, or for the general abandonment of restrictions, inconsistent with the provisions of any other articles of this Agreement. The member shall be given a suitable time to replay to such representations. If the Fund finds that the member persists in maintaining restrictions which are inconsistent with the purposes of the Fund, the member shall be subject to Article XXVI, Section 2 (a).

XV. KAFLI
SÉRSTÖK DRÁTTARRÉTTINDI

1. gr.
Heimild til úthlutunar sérstakra dráttarréttinda.

Sjóðnum er fengin heimild til úthlutunar sérstakra dráttarréttinda til aðildarríkja, sem eru þátttakendur í hinum sérstaka dráttarreikningi, ef og þegar þörf krefur að aukið sé við núverandi gjaldeyrisvarasjóðseignir.

2. gr.
Virðismat sérstakra dráttarréttinda.

Virðismat sérstakra dráttarréttinda skal ákveðið með stuðningi 70% heildaratkvæðamagnsins, að því gefnu, samt sem áður, að 85% heildaratkvæðamagnsins styðji grundvallarbreytingu á virðismatinu.

ARTICLE XV
SPECIAL DRAWING RIGHTS

Section 1.
Authority to allocate special drawing rights.

To meet the need, as and when it arises, for a supplement to existing reserve assets, the Fund is authorized to allocate special drawing rights to members that are participants in the Special Drawing Rights Department.

Section 2.
Valuation of the special drawing right.

The method of valuation of the special drawing right shall be determined by the Fund by a seventy percent majority of the total voting power, provided, however, that an eighty-five percent majority of the total voting power shall be required for a change in the principle of valuation or a fundamental change in the application of the principle in effect.

XVI. KAFLI
ALMENNI REIKNINGURINN OG HINN SÉRSTAKI DRÁTTARREIKNINGUR

1. gr.
Aðgreining aðgerða og viðskipta.

Allar aðgerðir og viðskipti, þar sem um sérstök dráttarréttindi er að ræða, skulu fara um hinn sérstaka dráttarreikning. Allar aðrar aðgerðir og viðskipti sjóðsins samkvæmt stofnskrá þessari skulu fara um hinn almenna reikning. Aðgerðir og viðskipti samkvæmt ákvæðum 2. greinar XVII. kafla skulu fara um almenna reikninginn auk hins sérstaka dráttarreiknings.

2. gr.
Aðgreining eigna og fjármuna.

Allar eignir og fjármunir sjóðsins að frátöldum eignum, sem falla undir V. kafla, grein 2 (b), skulu færðar í almenna reikninginn, nema eignir og fjármunir, sem aflað er samkvæmt ákvæðum 2. greinar XX. kafla, XXIV. og XXV. kafla ásamt ákvæðum skrárauka H og I, sem skulu færðir í hinn sérstaka dráttarreikning. Eignum eða fjármunum, sem færðir eru í annan reikninganna, má ekki ráðstafa til greiðslu skulda, tapa eða skuldbindingu, sem sjóðurinn kann að stofna til vegna aðgerða eða viðskipta hins reikningsins. Þó skal sjóðurinn greiða kostnað við starfsemi hins sérstaka dráttarreiknings úr almenna reikningnum. Þennan kostnað skal endurgreiða við og við eftir sanngjörnu mati, og skal kostnaðinum jafnað niður samkvæmt ákvæðum 4. greinar XX. kafla.

3. gr.
Skráning og upplýsingar.

Breytingar handhafnar á sérstökum dráttarréttindum taka þó fyrst gildi, er sjóðurinn hefur skráð þær í hinn sér-

ARTICLE XVI
GENERAL DEPARTMENT AND SPECIAL DRAWING RIGHTS DEPARTMENT

Section 1.
Separation of operations and transactions.

All operations and transactions involving special drawing rights shall be conducted through the Special Drawing Rights Department. All other operations and transactions on the account of the Fund authorized by or under this Agreement shall be conducted through the General Department. Operations and transactions pursuant to Article XVII, Section 2 shall be conducted through the General Department as well as the Special Drawing Rights Department.

Section 2.
Separation of assets and property.

All assets and property of the Fund, except resources administered under Article V, Section 2 (b), shall be held in the General Department provided that assets and property acquired under Article XX, Section 2 and Articles XXIV and XXV and Schedules H and I shall be held in the Special Drawing Rights Department. Any assets or property held in one Department shall not be available to discharge or meet the liabilities, obligations, or losses of the Fund incurred in the conduct of the operations and transactions of the other Department, except that the expenses of conducting the business of the Special Drawing Rights Department shall be paid by the Fund from the General Department which shall be reimbursed in special drawing rights from time to time by assessments under Article XX, Section 4 made on the basis of a reasonable estimate of such expenses.

Section 3.
Recording and information.

All changes in holdings of special drawing rights shall take effect only when recorded by the Fund in the Special Draw-

staka dráttarreikning. Þátttakendum ber að tilkynna sjóðnum samkvæmt hvaða ákvæðum stofnskrár þessarar sérstök dráttarréttindi eru notuð. Sjóðurinn getur krafist þess af þátttakendum, að þeir gefi honum þær upplýsingar aðrar, sem hann metur nauðsynlegar starfsemi sinni.

XVII. KAFLI

ÞÁTTTAKENDUR OG AÐRIR HANDHAFAR SÉRSTAKRA DRÁTTARRÉTTINDA

1. gr.
Þátttakendur.

Sérhvert aðildarríki sjóðsins, sem afhendir sjóðnum yfirlýsingu þess efnis, að það taki á sig allar skuldbindingar þátttakanda í hinum sérstaka dráttarreikningi í samræmi við löggjöf sína og hafi búið svo um, að það sé fært um að standa við þessar skuldbindingar allar, verður þátttakandi í hinum sérstaka dráttarreikningi þann dag, sem yfirlýsingin er afhent. Þó verður ekkert aðildarríki þátttakandi fyrr en ákvæði þessa samnings, sem leiða að sérstökum dráttarréttindum, hafa tekið gildi og yfirlýsingar, samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, hafa verið afhentar af aðildarríkjum, sem ráða að minnsta kosti 75% heildarupphæðar kvóta.

2. gr.
Sjóðurinn sem handhafi.

Sjóðurinn getur varðveitt sérstök dráttarréttindi á almenna fjármagnsreikningnum, getur tekið við þeim og notað í rekstri og viðskiptum sem fram fara við aðildarríki í gegnum almenna fjármagnsreikninginn í samræmi við ákvæði þessa samnings, eða við tiltekna handhafa skv. lið 3 í þessum kafla.

3. gr.
Aðrir handhafar.

Sjóðurinn getur sett reglur sem hér segir:

ing Rights Department. Participants shall notify the Fund of the provisions of this Agreement under which special drawing rights are used. The Fund may require participants to furnish it with such other information as it deems necessary for its functions.

ARTICLE XVII

PARTICIPANTS AND OTHER HOLDERS OF SPECIAL DRAWING RIGHTS

Section 1.
Participants.

Gjaldeyri, sem sjóðurinn fær frá úrsagnarþátttakanda, skal sjóðurinn nota til þess að innleysa sérstök dráttarréttindi í handhöfn þátttakenda í hlutfalli við þá upphæð, sem handhöfn hvers þátttakanda á sérstökum dráttarréttindum er hærri en hrein samtalin úthlutun til hans þann dag, sem sjóðurinn tekur við gjaldeyrinum. Sérstök dráttarréttindi þannig innleyst og sérstök dráttarréttindi, sem úrsagnarþátttakandi aflar sér samkvæmt ákvæðum stofnskrár þessarar til þess að standa í skilum með afborgun gjaldfallna samkvæmt samningi um skil, eða samkvæmt skrárauka H, og mæta í skuldajöfnuði slíkri afborgun, skulu afnumin.

5. gr.
Skil skuldbindingar við úrsagnarþátttakanda.

Þegar sjóðnum ber að innleysa sérstök dráttarréttindi úr handhöfn úrsagnarþátttakanda, skal innlausnin gerð með gjaldeyri eða gulli framlögðu af þátttakendum, völdum af sjóðnum. Þessir þátttakendur skulu valdir í samræmi við reglurnar í XIX. kafla, 5. grein. Hver þannig valinn þátttakandi skal leggja sjóðnum til að eigin vali gjaldeyri úrsagnarþátttakanda, gjaldeyri skiptanlegan í reynd eða gull og fá í staðinn jafnvirði í sérstökum dráttarréttindum. Þó má úrsagnarþátttakandi, með leyfi sjóðsins, nota sérstök dráttarréttindi sín til þess að kaupa sinn eiginn gjaldeyri, auðskiptanlegan gjaldeyri eða hvers kyns skuldbindingu frá hvaða þátttakanda sem er.

in special drawing rights. A terminating participant shall be entitled to obtain special drawing rights with a freely usable currency to pay charges or assessments in a transaction with a participant specified by the Fund or by agreement from any other holder, or to dispose of special drawing rights received as interest in a transaction with any participant designated under Article XIX, Section 5 or by agreement with any other holder.

Section 4.
Settlement of obligation to the Fund.

Currency received by the Fund from a terminating participant shall be used by the Fund to redeem special drawing rights held by participants in proportion to the amount by which each participant's holdings of special drawing rights exceed its net cumulative allocation at the time the currency is received by the Fund. Special drawing rights so redeemed and special drawing rights obtained by a terminating participant under the provisions of this Agreement to meet any installment due under an agreement on settlement or under Schedule H and set off against that installment shall be cancelled.

Section 5.
Settlement of obligation to a terminating participant.

Whenever the Fund is required to redeem special drawing rights held by a terminating participant, redemption shall be made with currency provided by participants specified by the Fund. These participants shall be specified in accordance with the principles in Article XIX, Section 5. Each specified participant shall provide at its option the currency of the terminating participant or a freely usable currency to the Fund and shall receive an equivalent amount of special drawing rights. However, a terminating participant may use its special drawing rights to obtain its own currency, a freely usable currency, or any other asset from any holder, if the Fund so permits.

6. gr.
Viðskipti um almenna fjármagnsreikninginn.

Til þess að auðvelda skil úrsagnarþátttakanda getur sjóðurinn ákveðið, að úrsagnarþátttakandi skuli:

(i) nota sérstök dráttarréttindi í handhöfn hans að loknum skuldajöfnuði samkvæmt 2. grein (b) þessa kafla, þegar þau skulu innleyst, til þess að kaupa eigin gjaldeyri eða gjaldeyri skiptanlegan í reynd að vali sjóðsins í viðskiptum við sjóðinn, sem fara skulu um almenna fjármagnsreikninginn; eða

(ii) kaupa sérstök dráttarréttindi af sjóðnum í viðskiptum, sem fara skulu um almenna fjármagnsreikninginn, gegn gjaldeyri, sem sjóðurinn samþykkir, eða gulli til þess að standa skil á vaxtagjöldum eða afborgunum gjaldföllnum samkvæmt samningi eða ákvæðum skrárauka H.

Section 6.
General Resources Account transactions.

In order to facilitate settlement with a terminating participant, the Fund may decide that a terminating participant shall:

(i) use any special drawing rights held by it after the setoff in Section 2 (b) of this Article, when they are to be redeemed, in a transaction with the Fund conducted through the General Resources Account to obtain its own currency or a freely usable currency at the option of the Fund; or

(ii) obtain special drawing rights in a transaction with the Fund conducted through the General Resources Account for a currency acceptable to the Fund to meet any charges or installment due under an agreement or the provisions of Schedule H.

XXV. KAFLI
LOKASKIPTI SÉRSTAKA DRÁTTARRÉTTINDAREIKNINGSINS

(a) Ekki má taka hinn sérstaka dráttarreikning til lokaskipta nema með ákvörðun sjóðráðs. Ef sjóðstjórnin ákveður við ógengisaðstæður, að lokaskipti hins sérstaka dráttarreiknings kunni að vera nauðsynleg, er henni heimilt að stöðva um stundarsakir úthlutanir eða afnám og öll viðskipti með sérstök dráttarréttindi meðan beðið er ákvörðunar ráðsins. Ákvörðun sjóðráðs þess efnis að taka sjóðinn til lokaskipta skal vera ákvörðun um lokaskipti bæði almenna fjármagnsreikningsins og hins sérstaka dráttarreiknings.

(b) Ef sjóðráð ákveður að taka hinn sérstaka dráttarreikning til lokaskipta, skal hætta öllum úthlutunum eða afnámi, öllum aðgerðum og viðskiptum með sérstök dráttarréttindi og allri starfsemi sjóðsins, er lýtur að hinum sérstaka dráttarreikningi, þó ekki þeirri starfsemi,

ARTICLE XXV
LIQUIDATION OF THE SPECIAL DRAWING RIGHTS DEPARTMENT

(a) The Special Drawing Rights Department may not be liquidated except by decision of the Board of Governors. In an emergency, if the Executive Board decides that liquidation of the Special Drawing Rights Department may be necessary, it may temporarily suspend allocations or cancellations and all operations and transactions in special drawing rights pending decision by the Board of Governors. A decision by the Board of Governors to liquidate the Fund shall be a decision to liquidate both the General Department and the Special Drawing Rights Department.

(b) If the Board of Governors decides to liquidate the Special Drawing Rights Department, all allocations or cancellations and all operations and transactions in special drawing rights and the activities of the Fund with respect to the Special Drawing Rights Department shall

er fylgir skipulegri fullnustu skuldbindinga þátttakenda og sjóðsins vegna sérstakra dráttarréttinda. Úr gildi skulu falla allar skuldbindingar sjóðsins og þátttakenda, er varða sérstök dráttarréttindi samkvæmt þessari stofnskrá, nema þær, sem um ræðir í þessum kafla, XX. kafla, XXI. kafla (d), XXIV. kafla, XXIX. kafla (c) og skrárauka H eða í samningum gerðum samkvæmt XXIV. kafla með tilliti til ákvæða 4. liðar skrárauka H og skrárauka I.

(c) Við lokaskipti hins sérstaka dráttarreiknings skal greiða vexti og vaxtagjöld fram til lokaskiptadags svo og álögur álagðar fyrir þann dag, en ógreiddar, með sérstökum dráttarréttindum. Sjóðurinn er skyldugur til þess að innleysa öll sérstök dráttarréttindi í handhöfn handhafa, og hver þátttakandi er skyldugur til þess að greiða sjóðnum fjárhæð jafnháa hreinni, samtalinni úthlutun sérstakra dráttarréttinda til hans og þær upphæðir aðrar, sem gjaldfallnar eru og greiða ber vegna þátttöku hans í hinum sérstaka dráttarreikningi.

(d) Lokaskiptum hins sérstaka dráttarreiknings skal stjórnað í samræmi við ákvæði skrárauka I.

cease except those incidental to the orderly discharge of the obligations of participants and of the Fund with respect to special drawing rights, and all obligations of the Fund and of participants under this Agreement with respect to special drawing rights shall cease except those set out in this Article, Article XX, Article XXI (d), Article XXIV, Article XXIX (c), and Schedule H, or any agreement reached under Article XXIV subject to paragraph 4 of Schedule H, and Schedule I.

(c) Upon liquidation of the Special Drawing Rights Department, interest and charges that accrued to the date of liquidation and assessments levied before that date but not paid shall be paid in special drawing rights. The Fund shall be obligated to redeem all special drawing rights held by holders, and each participant shall be obligated to pay the Fund an amount equal to its net cumulative allocation of special drawing rights and such other amounts as may be due and payable because of its participation in the Special Drawing Rights Department.

(d) Liquidation of the Special Drawing Rights Department shall be administered in accordance with the provisions of Schedule I.

XXVI. KAFLI
AÐILDARUPPSÖGN

1. gr.
Réttur aðildarríkja til uppsagnar.

Aðildarríki geta hvenær sem er sagt upp aðild sinni að sjóðnum, með því að senda skriflega tilkynningu til sjóðsins á aðalskrifstofu hans. Uppsögn kemur til framkvæmda frá móttökudegi tilkynningarinnar.

2. gr.
Nauðungaruppsögn.

(a) Nú brestur á, að aðildarríki fullnægi einhverjum skuldbindingum samkvæmt þessari stofnskrá, er sjóðnum þá heimilt að lýsa aðildarríki vanheimilt að nota fjármagn sjóðsins. Ekkert í þessari grein skal teljast takmarka ákvæði V. kafla, 5. greinar eða VI. kafla, 1. greinar.

ARTICLE XXVI
WITHDRAWAL FROM MEMBERSHIP

Section 1.
Right of members to withdraw.

Any member may withdraw from the Fund at any time by transmitting a notice in writing to the Fund at its principal office. Withdrawal shall become effective on the date such notice is received.

Section 2.
Compulsory withdrawal.

(a) If a member fails to fulfill any of its obligations under this Agreement, the Fund may declare the member ineligible to use the general resources of the Fund. Nothing in this Section shall be deemed to limit the provisions of Article V, Section 5 or Article VI, Section 1.

(b) Nú fer svo, að enn, að liðnum hæfilegum tíma, brestur á, að aðildarríkið fullnægi einhverjum skuldbindingum samkvæmt þessari stofnskrá, og er þá heimilt að krefjast þess, að aðildarríkið segi upp aðild að sjóðnum, með ákvörðun sjóðráðs, sem meiri hluti sjóðstjóra, sem eru fulltrúar 85% heildaratkvæðamagns, samþykkir.

(c) Reglugerðir skulu settar til þess að tryggja, að áður en látið er til skarar skríða gegn einhverju aðildarríki samkvæmt (a) eða (b) hér að framan sé aðildarríkinu tilkynnt með viðunandi fyrirvara um kæruna á hendur því og gefið hæfilegt tækifæri til að skýra málstað sinn bæði munnlega og skriflega.

3. gr.
Reikningsskil við uppsagnaraðildarríki.

Þegar ríki segir upp aðild sinni að sjóðnum, skal hætta venjulegri starfsemi og viðskiptum sjóðsins með gjaldeyri þess og gera skal með samningi milli þess og sjóðsins skil allra reikninga þeirra milli án óeðlilegs dráttar. Náist ekki samningar fljótlega, skulu ákvæði skrárauka J gilda um reikningsskilin.

(b) If, after the expiration of a reasonable period the member persists in its failure to fulfill any of its obligations under this Agreement, that member may be required to withdraw from membership in the Fund by a decision of the Board of Governors carried by a majority of the Governors having eighty-five percent of the total voting power.

(c) Regulations shall be adopted to ensure that before action is taken against any member under (a) or (b) above, the member shall be informed in reasonable time of the complaint against it and given an adequate opportunity for stating its case, both orally and in writing.

Section 3.
Settlement of accounts with members withdrawing.

When a member withdraws from the Fund, normal operations and transactions of the Fund in its currency shall cease and settlement of all accounts between it and the Fund shall be made with reasonable despatch by agreement between it and the Fund. If agreement is not reached promptly, the provisions of Schedule J shall apply to the settlement of accounts.

XXVII. KAFLI
ÓGENGISÁKVÆÐI

1. gr.
Ákvæði felld úr gildi um stundarsakir.

(a) Komi til ógengisástands eða slíkrar framvindu mála að ófyrirséðu, að starfsemi sjóðsins sé stefnt í voða, er sjóðstjórninni heimilt að fella úr gildi, með stuðningi 85% heildaratkvæðamagnsins, þó ekki lengur en í eitt ár, sérhvert eftirfarandi ákvæða:

(i) V. kafla, greinar 2, 3, 7, 8 (a) (i) og (e)
(ii) VI. kafla, 2. grein
(iii) XI. kafla, 1. grein
(iv) Skrárauka C, lið 5

(b) Ekki er heimilt að fella ákvæði samkvæmt lið (a) úr gildi lengur en eitt

ARTICLE XXVII
EMERGENCY PROVISIONS

Section 1.
Temporary suspension.

(a) In the event of an emergency or the development of unforeseen circumstances threatening the activities of the Fund, the Executive Board, by an eighty-five percent majority of the total voting power, may suspend for a period of not more than one year the operation of any of the following provisions:

(i) Article V, Sections 2, 3, 7, 8 (a) (i) and (e);
(ii) Article VI, Section 2;
(iii) Article XI, Section 1;
(iv) Schedule C, paragraph 5.

(b) A suspension of the operation of a provision under (a) above may not be

ár. Þó getur sjóðráðið, með stuðningi 85% heildaratkvæðamagnsins, ákveðið að framlengja ógildistímabil um allt að tveimur árum ef þær aðstæður, sem vísað er til í (a) að framan, hverfa ekki.

(c) Sjóðstjórnin getur hvenær sem er, með meiri hluta heildaratkvæðamagns, afturkallað ákvörðun um að fella ákvæði úr gildi.

(d) Sjóðurinn getur sett reglur með tilliti til ákvæða meðan starfsemi hans liggur niðri.

2. gr.
Lokaskipti sjóðsins.

(a) Sjóðinn má ekki taka til lokaskipta nema með ákvörðun sjóðráðs. Ef sjóðstjórnin ákveður, við ógengisaðstæður, að lokaskipti sjóðsins kunni að vera nauðsynleg, er henni heimilt að stöðva um stundarsakir öll viðskipti, meðan beðið er ákvörðunar sjóðráðsins.

(b) Ef sjóðráð ákveður að taka sjóðinn til lokaskipta, skal sjóðurinn þegar í stað hætta allri starfsemi nema þeirri, er lýtur að skipulegri innheimtu og lokaskiptum eigna hans og skilum skulda hans, og fella skal niður allar skuldbindingar aðildarríkja samkvæmt þessari stofnskrá, nema þær, sem um ræðir í þessum kafla, lið (c) XXIX. kafla, 7. lið skrárauka J og í skrárauka K.

(c) Lokaskiptum skal stjórnað í samræmi við ákvæði skrárauka K.

extended beyond one year except by the Board of Governors which, by an eighty-five percent majority of the total voting power, may extend a suspension for an additional period of not more than two years if it finds that the emergency or unforeseen circumstances referred to in (a) above continue to exist.

(c) The Executive Board may, by a majority of the total voting power, terminate such suspension at any time.

(d) The Fund may adopt rules with respect to the subject matter of a provision during the period in which its operation is suspended.

Section 2.
Liquidation of the Fund.

(a) The Fund may not be liquidated except by decision of the Board of Governors. In an emergency, if the Executive Board decides that liquidation of the Fund may be necessary, it may temporarily suspend all operations and transactions, pending decision by the Board of Governors.

(b) If the Board of Governors decides to liquidate the Fund, the Fund shall forthwith cease to engage in any activities except those incidental to the orderly collection and liquidation of its assets and the settlements of its liabilities, and all obligations of members under this Agreement shall cease except those set out in this Article, in Article XXIX (c), in Schedule J, paragraph 7, and in Schedule K.

(c) Liquidation shall be administered in accordance with the provisions of Schedule K.

XXVIII. KAFLI
BREYTINGAR

(a) Sérhverri tillögu um breytingar á stofnskrá þessari, hvort sem hún kemur frá aðildarríki, sjóðráðsmanni eða sjóðstjórn, skal komið á framfæri við formann sjóðráðs, sem leggur tillöguna fyrir ráðið. Ef sjóðráð samþykkir tillögu

ARTICLE XXVIII
AMENDMENTS

(a) Any proposal to introduce modifications in this Agreement whether emanating from a member, a Governor, or the Executive Board, shall be communicated to the chairman of the Board of Governors who shall bring the proposal

um breytingu, skal sjóðurinn spyrja öll aðildarríki, með dreifibréfi eða símskeyti, hvort þau samþykki breytinguna, sem tillaga er gerð um. Þegar 60% aðildarríkjanna, sem ráða 85% heildaratkvæðamagns, hafa samþykkt breytinguna, sem tillaga er gerð um, skal sjóðurinn staðfesta hana með formlegri orðsendingu til allra aðildarríkja.

(b) Þrátt fyrir ákvæði (a) hér að framan, er samþykkis allra aðildarríkja krafist, þegar um er að ræða breytingar á

(i) réttindum til þess að segja upp aðild að sjóðnum (1. grein XXVI. kafla);

(ii) ákvæði því, að ekki megi breyta kvóta aðildarríkis án samþykkis þess (III. kafli, grein 2 (d));

(iii) ákvæði því, að ekki megi megi breyta stofngengi gjaldeyris aðildarríkis nema að tillögu þess ríkis (6. liður skrárauka C).

(c) Breytingar skulu öðlast gildi fyrir öll aðildarríki að liðnum þremur mánuðum frá dagsetningu hinnar formlegu orðsendingar nema styttra tímabil sé ákveðið í dreifbréfinu eða símskeytinu.

before the Board of Governors. If the proposed amendment is approved by the Board of Governors, the Fund shall, by circular letter or telegram, ask all members whether they accept the proposed amendment. When three-fifths of the members, having eighty-five percent of the total voting power, have accepted the proposed amendment, the Fund shall certify the fact by a formal communication addressed to all members.

(b) Notwithstanding (a) above, acceptance by all members is required in the case of any amendment modifying:

(i) the right to withdraw from the Fund (Article XXVI, Section 1);

(ii) the provision that no change in a member's quota shall be made without its consent (Article III, Section 2 (d)); and

(iii) the provision that no change may be made in the par value of a member's currency except on the proposal of that member (Schedule C, paragraph 6).

(c) Amendments shall enter into force for all members three months after the date of the formal communication unless a shorter period is specified in the circular letter or telegram.

XXIX. KAFLI
TÚLKUN

(a) Öllum málum, er varða túlkun ákvæða þessarar stofnskrár, sem upp kunna að koma í skiptum aðildarríkja og sjóðsins eða milli aðildarríkja skal vísað til sjóðstjórnar til ákvörðunar. Ef málið snertir sérstaklega eitthvert aðildarríki, sem ekki hefur rétt til þess að tilnefna sjóðstjóra, skal aðildarríkið eiga rétt á fulltrúa í samræmi við ákvæði 3. greinar (j) XII. kafla.

(b) Hverju sinni, er sjóðstjórnin hefur tekið ákvörðun samkvæmt (a) hér að framan, getur sérhvert aðildarríki, innan þriggja mánaða frá ákvörðun, krafist þess, að málinu verði skotið til sjóðráðs,

ARTICLE XXIX
INTERPRETATION

(a) Any question of interpretation of the provisions of this Agreement arising between any member and the Fund or between any members of the Fund shall be submitted to the Executive Board for its decision. If the question particularly affects any member not entitled to appoint an Executive Director, it shall be entitled to representation in accordance with Article XII, Section 3 (j).

(b) In any case where the Executive Board has given a decision under (a) above, any member may require, within three months from the date of the decision, that the question be referred to

en úrskurður þess skal vera endanlegur. Öll mál, sem skotið er til sjóðráðs, skulu könnuð af túlkunarnefnd ráðsins. Hver nefndarmaður hefur eitt atkvæði. Sjóðráð skipar nefndina, ákveður fjölda nefndarmanna og setur nefndinni starfsreglur og ákveður nauðsynlegan meirihluta við atkvæðagreiðslur í henni. Ákvörðun nefndarinnar telst úrskurður sjóðráðs, nema ráðið ákveði annað með samþykki 85% heildaratkvæðamagns. Meðan beðið er niðurstöðu málskots, skal sjóðurinn breyta samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar, telji hann nauðsyn bera til.

(c) Ef ágreiningur verður með sjóðnum og aðildarríki, sem hefur sagt upp aðild sinni að sjóðnum, eða með sjóðnum og einhverju aðildarríki meðan á lokaskiptum sjóðsins stendur, skal slíkur ágreiningur lagður í gerð þriggja manna gerðardóms, þar sem einn er skipaður af sjóðnum, annar af aðildarríkinu eða ríkinu, sem sagt hefur upp aðild, en sá þriðji, sem jafnframt er oddamaður, skal skipaður af forseta Alþjóðadómstólsins eða öðrum slíkum til þess hæfum aðila, sem kann að hafa verið ákveðinn með reglugerð, sem sjóðurinn hefur samþykkt, nema málsaðilar komi sér saman um annað. Oddamaður hefur fullt vald til þess að skera úr öllum málum, er varða málsmeðferð, hvenær sem ágreiningur er með málsaðilum að því er þetta varðar.

XXX. KAFLI

SKÝRING HUGTAKA

Við túlkun ákvæða þessarar stofnskrár skulu sjóðurinn og aðildarríki hans líta til eftirfarandi atriða:

(a) Handhöfn sjóðsins á gjaldmiðli aðildarríkis á almenna fjármagnsreikningnum innifelur verðbréf, sem komist hafa í hendur sjóðnum skv. ákvæðum III. kafla, 4. greinar.

(b) Lántökuheimild þýðir ákvörðun af

the Board of Governors, whose decision shall be final. Any question referred to the Board of Governors shall be considered by a Committee on Interpretation of the Board of Governors. Each Committee member shall have one vote. The Board of Governors shall establish the membership, procedures, and voting majorities of the Committee. A decision of the Committee shall be the decision of the Board of Governors unless the Board of Governors, by an eighty-five percent majority of the total voting power, decides otherwise. Pending the result of the reference to the Board of Governors the Fund may, so far as it deems necessary, act on the basis of the decision of the Executive Board.

(c) Whenever a disagreement arises between the Fund and a member which has withdrawn, or between the Fund and any member during liquidation of the Fund, such disagreement shall be submitted to arbitration by a tribunal of three arbitrators, one appointed by the Fund, another by the member or withdrawing member, and an umpire who, unless the parties otherwise agree, shall be appointed by the President of the International Court of Justice or such other authority as may have been prescribed by regulation adopted by the Fund. The umpire shall have full power to settle all questions of procedure in any case where the parties are in disagreement with respect thereto.

ARTICLE XXX

EXPLANATION OF TERMS

In interpreting the provisions of this Agreement the Fund and its members shall be guided by the following provisions:

(a) The Fund's holdings of a member's currency in the General Resources Account shall include any securities accepted by the Fund under Article III, Section 4.

(b) Stand-by arrangement means a

hálfu sjóðsins, sem heimilar aðildarríki að kaupa frá almenna fjármagnsreikningnum skv. ákvæðum lántökuheimildarinnar innan ákveðinna tímamarka og upp að fyrirframákveðinni fjárhæð.

(c) Forðahlutakaup þýða kaup aðildarríkis á sérstökum dráttarréttindum eða gjaldmiðlum annarra ríkja í skiptum fyrir eigin gjaldeyri þó þannig að handhöfn sjóðsins á gjaldmiðli viðkomandi aðildarríkis á almenna fjármagnsreikningnum fari ekki fram úr kvóta ríkisins. Hvað varðar ákvæði þessa liðs getur sjóðurinn undanþegið frá þeim handhöfn og kaup sem verða vegna eftirfarandi:

(i) Stefna, sem kalla á notkun almenns fjármagns sjóðsins til veitingar jöfnunarlána vegna útflutningssveiflna.

(ii) Stefna, sem kalla á notkun almenns fjármagns sjóðsins til þess að fjármagna framlög til uppbyggingar forða frumframleiðsluvara í heiminum.

(iii) Annarra stefna, sem kalla á notkun almenns fjármagns sjóðsins, og 85% heildaratkvæðamagnsins ákveða að marka.

(d) Greiðslur vegna gengra viðskipta eru aðrar greiðslur en þær, sem fram fara við tilfærslur fjármagns, og meðtelja án takmarkana:

(1) Allar gjaldfallnar skuldir vegna vöruskipta milli landa, önnur geng viðskipti að meðtöldum þjónustu og eðlilegum skammtíma banka- og lánaviðskiptum.

(2) Gjaldfallnar vaxtaskuldir á lánum og hreinum tekjum af annars konar fjárfestingu.

(3) Hæfilegar afborganir lána eða afskriftir fjárfestinga.

(4) Hæfilegar greiðslur vegna framfærslu fjölskyldna.

Sjóðnum er heimilt að höfðu samráði við aðildarríkin, sem í hlut eiga, að ákveða hvort viss, tiltekin viðskipti skuli

decision of the Fund by which a member is assured that it will be able to make purchases from the General Resources Account in accordance with the terms of the decision during a specified period and up to a specified amount.

(c) Reserve tranche purchase means a purchase by a member of special drawing rights or the currency of another member in exchange for its own currency which does not cause the Fund's holdings of the member's currency in the General Resources Account to exceed its quota, provided that for the purposes of this definition the Fund may exclude purchases and holdings under:

(i) policies on the use of its general resources for compensatory financing of export fluctuations;

(ii) policies on the use of its general resources in connection with the financing of contribution to international buffer stocks of primary products; and

(iii) other policies on the use of its general resources in respect of which the Fund decides, by an eighty-five percent majority of the total voting power, that an exclusion shall be made.

(d) Payments for current transactions means payments which are not for the purpose of transferring capital, and includes, without limitation:

(1) all payments due in connection with foreign trade, other current business, including services, and normal short-term banking and credit facilities;

(2) payments due as interest on loans and as net income from other investments;

(3) payments of moderate amount for amortization of loans or for depreciation of direct investments; and

(4) moderate remittances for family living expenses.

The Fund may, after consultation with the members concerned, determine whether certain specific transactions are to

teljast geng viðskipti eða fjármagnsviðskipti.

(e) Hrein, samtalin úthlutun sérstakra dráttarréttinda er sú heildarfjárhæð sérstakra dráttarréttinda, sem þátttakanda hefur verið úthlutað, að frádregnum hluta hans í sérstökum dráttarréttindum, sem afnumin hafa verið skv. XVIII. kafla, grein 2 (a).

(f) Auðskiptanlegur gjaldmiðill er gjaldmiðill aðildarríkis, sem sjóðurinn telur (i) að sé mikið notaður til þess að inna af hendi greiðslur milli landa, og (ii) að sé algengur í viðskiptum á alþjóðagjaldeyrismörkuðum.

(g) Með ríkjum, sem teljast hafa verið aðildarríki 31. ágúst 1975, skulu talin ríki, sem gerðust aðilar eftir 31. ágúst 1975 skv. ákvörðun sjóðstjórnar tekinni fyrir þann dag.

(h) Viðskipti sjóðsins eru skipti á peningalegum eignum fyrir aðrar peningalegar eignir. Starfsemi sjóðsins þýðir aðrar afhendingar og móttökur peningalegra eigna af hálfu hans.

(i) Viðskipti með sérstök dráttarréttindi eru skipti á sérstökum dráttarréttindum fyrir aðrar peningalegar eignir. Starfsemi með sérstök dráttarréttindi nær yfir hvers kyns annars konar notkun þeirra.

XXXI. KAFLI
LOKAÁKVÆÐI

1. gr.
Gildistaka.

Stofnskrá þessi skal öðlast gildi, þegar hún hefur verið undirrituð af hálfu ríkisstjórna, sem hafa 65% af heildarfjárhæð kvótanna, sem skráðir eru í skrárauka A, og þegar skilríkin, sem um getur í 2. grein (a) þessa kafla, hafa verið afhent til varðveislu af þeirra hálfu, en í engu tilviki skal þessi stofnskrá öðlast gildi fyrir 1. maí 1945.

2. gr.
Undirritun.

(a) Sérhver ríkisstjórn, sem lætur undirrita stofnskrá þessa, skal afhenda

be considered current transactions or capital transactions.

(e) Net cumulative allocation of special drawing rights means the total amount of special drawing rights allocated to a participant less its share of special drawing rights that have been cancelled under Article XVIII, Section 2 (a).

(f) A freely usable currency means a member's currency that the Fund determines (i) is, in fact, widely used to make payments for international transactions, and (ii) is widely traded in the principal exchange markets.

(g) Members that were members on August 31, 1975 shall be deemed to include a member that accepted membership after that date pursuant to a resolution of the Board of Governors adopted before that date.

h) Transactions of the Fund means exchanges of monetary assets by the Fund for other monetary assets. Operations of the Fund means other uses or receipt of monetary assets by the Fund.

(i) Transactions in special drawing rights means exchanges of special drawing rights for other monetary assets. Operations in special drawing rights means other uses of special drawing rights.

ARTICLE XXXI
FINAL PROVISIONS

Section 1.
Entry into force.

This Agreement shall enter into force when it has been signed on behalf of governments having sixty-five percent of the total of the quotas set forth in Schedule A and when the instruments referred to in Section 2 (a) of this Article have been deposited on their behalf, but in no event shall this Agreement enter into force before May 1, 1945.

Section 2.
Signature.

(a) Each government on whose behalf this Agreement is signed shall deposit

ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku til varðveislu skilríki, þar sem því er lýst yfir, að hún hafi samþykkt stofnskrá þessa í samræmi við löggjöf sína og hafi gert allar ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að gera henni kleift að rækja allar skuldbindingar sínar samkvæmt stofnskrá þessari.

(b) Sérhver ríkisstjórn fær aðild að sjóðnum frá þeim degi, sem hún afhendir til varðveislu skilríki þau, sem um getur í (a) hér að framan, þó skal engin ríkisstjórn fá aðild fyrr en stofnskrá öðlast gildi samkvæmt 1. grein þessa kafla.

(c) Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku skal tilkynna ríkisstjórnum allra landa, sem skráð eru í skrárauka A, og öllum ríkisstjórnum, sem fá aðild samþykkta í samræmi við 2. grein II. kafla, um allar undirritanir stofnskrár þessarar og um afhendingu allra skilríkja, sem um getur í (a) hér að framan.

(d) Sérhver ríkisstjórn skal, þegar stofnskrá þessi er undirrituð af hálfu hennar, senda ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku einn hundraðasta af einum hundraðshluta af heildarframlagsloforði sínu í gulli eða Bandaríkjadollurum til þess að standa straum af rekstrarkostnaði sjóðsins. Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku skal geyma fé þetta á sérstökum geymslureikningi og skal afhenda það sjóðráði, þegar fyrsti fundur þess hefur verið boðaður. Hafi stofnskrá þessi ekki öðlast gildi þann 31. desember 1945, skal ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku endursenda fé þetta ríkisstjórnum þeim, sem féð sendu.

(e) Stjórnum ríkja þeirra, sem skráð eru í skrárauka A, skal heimilt að láta undirrita stofnskrá þessa í Washington fram til 31. desember 1945.

(f) Eftir 31. desember 1945 er stjórn sérhvers ríkis, sem hefur fengið samþykkta aðild í samræmi við 2. grein II.

with the Government of the United States of America an instrument setting forth that it has accepted this Agreement in accordance with its law and has taken all steps necessary to enable it to carry out all its obligations under this Agreement.

(b) Each country shall become a member of the Fund as from the date of the deposit on its behalf of the instrument referred to in (a) above, except that no country shall become a member before this Agreement enters into force under Section 1 of this Article.

(c) The Government of the United States of America shall inform the governments of all countries whose names are set forth in Schedule A, and the governments of all countries whose membership is approved in accordance with Article II, Section 2, of all signatures of this Agreement and of the deposit of all instruments referred to in (a) above.

(d) At the time this Agreement is signed on its behalf, each government shall transmit to the Government of the United States of America one-hundredth of one percent of its total subscription in gold or United States dollars for the purpose of meeting administrative expenses of the Fund. The Government of the United States of America shall hold such funds in a special deposit account and shall transmit them to the Board of Governors of the Fund when the initial meeting has been called. If this Agreement has not come into force by December 31, 1945, the Government of the United States of America shall return such funds to the governments that transmitted them.

(e) This Agreement shall remain open for signature at Washington on behalf of the governments of the countries whose names are set forth in Schedule A until December 31, 1945.

(f) After December 31, 1945, this Agreement shall be open for signature on behalf of the government of any

kafla heimilt að láta undirrita stofnskrá þessa.

(g) Með undirritun þessarar stofnskrár samþykkja allar ríkisstjórnir hana bæði fyrir eigin hönd og af hálfu allra nýlendna sinna, yfirráðalandssvæða handan hafsins, allra landssvæða, sem eru undir vernd þeirra, yfirráðum eða stjórn og af hálfu allra landssvæða, sem þær fara með umboð fyrir.

(h) Liður (d) að ofan tekur gildi sama dag og viðkomandi þjóð undirritar samninginn.

(Undirritunar- og varðveisluákvæðið, sem hér fer á eftir, kom að loknum texta XX. kafla í hinni upphaflegu stofnskrá.)

Gjört í Washington í einu eintaki, sem tekið skal til vörslu í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku, og skal hún senda staðfest eftirrit af því til allra ríkisstjórna, sem nefndar eru í skrárauka A, og allra ríkisstjórna, sem aðilar verða í samræmi við 2. grein II. kafla.

country whose membership has been approved in accordance with Article II, Section 2.

(g) By their signature of this Agreement, all governments accept it both on their own behalf and in respect of all their colonies, overseas territories, all territories under their protection, suzerainty, or authority, and all territories in respect of which they exercise a mandate.

(h) Subsection (d) above shall come into force with regard to each signatory government as from the date of its signature.

[The signature and depositary clause reproduced below followed the text of Article XX in the original Articles of Agreement]

Done at Washington, in a single copy which shall remain deposited in the archives of the Government of the United States of America, which shall transmit certified copies to all governments whose names are set forth in Schedule A and to all governments whose membership is approved in accordance with Article II, Section 2.

SKRÁRAUKI A

KVÓTAR

(Í milljónum Bandaríkjadollara)

Ástralía	200
Belgía	225
Bolivía	10
Brasilía	150
Kanada	300
Chile	50
Kína	550
Kólumbía	50
Costa Rica	5
Kúba	50
Tékkóslóvakía	125
Danmörk	*

*) Kvóti Danmerkur skal ákveðinn af sjóðnum eftir að danska ríkisstjórnin hefur lýst sig reiðubúna til þess að undirrita stofnskrá þessa, en áður en undirritun fer fram.

SCHEDULE A

QUOTAS

(In millions of United States dollars)

Australia	200
Belgium	225
Bolivia	10
Brazil	150
Canada	300
Chile	50
China	550
Colombia	50
Costa Rica	5
Cuba	50
Chechoslovakia	125
Denmark*	*

*The quota of Denmark shall be determined by the Fund after the Danish Government has declared its readiness to sign this Agreement but before signature takes place.

Dómínikanska lýðveldið	5	Dominican Republic	5
Ekvador	5	Ecuador	5
Egyptaland	45	Egypt	45
El Salvador	2.5	El Salvador	2.5
Eþíópía	6	Ethiopia	6
Frakkland	450	France	450
Grikkland	40	Greece	40
Guatemala	5	Guatemala	5
Haiti	5	Haiti	5
Hondúras	2.5	Honduras	2.5
Ísland	1	Iceland	1
Indland	400	India	400
Íran	25	Iran	25
Írak	8	Iraq	8
Líbería	0.5	Liberia	.5
Lúxemborg	10	Luxembourg	10
Mexíkó	90	Mexico	90
Holland	275	Netherlands	275
Nýja Sjáland	50	New Zealand	50
Nicaragúa	2	Nicaragua	2
Noregur	50	Norway	50
Panama	0.5	Panama	.5
Paraguay	2	Paraguay	2
Perú	25	Peru	25
Filippseyja samveldið	15	Philippine Commonwealth	15
Pólland	125	Poland	125
Suður-Afríku sambandið	100	Union of South Africa	100
Samband sósíalistískra sovétlýðvelda	1200	Union of Soviet Socialist Republic	1200
Bretland	1300	United Kingdom	1300
Bandaríkin	2750	United States	2750
Úrúguay	15	Uruguay	15
Venesúela	15	Venezuela	15
Júgóslavía	60	Yugoslavia	60

SKRÁRAUKI B

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI UM ENDURKAUP, GREIÐSLUR VIÐBÓTARFRAMLAGSLOFORÐA, GULL OG SÉRSTÖK ATRIÐI ER VARÐA STARFSEMI SJÓÐSINS

1. Endurkaupaskuldbindingar, sem orðið hafa til skv. ákvæðum V. kafla, greinar 7 (b) áður en önnur stofnskrárbreytingin gengur í gildi, og ekki hafa komið til framkvæmda á þeim degi, skulu koma til framkvæmda á fyrirfram ákveðnum tíma og í samræmi við

SCHEDULE B

TRANSITIONAL PROVISIONS WITH RESPECT TO REPURCHASE, PAYMENT OF ADDITIONAL SUBSCRIPTIONS, GOLD, AND CERTAIN OPERATIONAL MATTERS

1. Repurchase obligations that have accrued pursuant to Article V, Section 7 (b) before the date of the second amendment of this Agreement and that remain undischarged at that date shall be discharged not later than the date or dates at which the obligations had to be dis-

ákvæði, sem giltu fyrir aðra stofnskrárbreytinguna.

2. Hvers kyns greiðsluskuldbindingar, sem aðildarríki kunna að eiga óuppfylltar við sjóðinn og átt hafa að greiðast með gulli, hvort heldur um er að ræða endurkaup eða framlagsloforð, skulu greiðast með sérstökum dráttarréttindum eftir að önnur stofnskrárbreytingin hefur tekið gildi hafi ekki verið gengið frá þeim fyrir þann tíma. Þó getur sjóðurinn heimilað að greiðslurnar fari fram að hluta eða öllu leyti í gjaldmiðlum annarra aðildarríkja, sem sjóðurinn tiltekur. Ef ríki önnur en þátttakendur eiga óafgreiddar skuldbindingar, sem eðli sínu samkvæmt ættu að greiðast í sérstökum dráttarréttindum skv. ákvæðum þessum, þá geta þau innt greiðslurnar af hendi í gjaldmiðlum einhverra aðildarríkja, sem sjóðurinn tiltekur.

3. Vegna ákvæðanna í lið 2 hér að framan skulu 0,888671 grömm af gulli jafngilda einni einingu sérstakra dráttarréttinda og skal greiðsluupphæðin, sem gjaldskyld yrði skv. lið 2 ákveðin á þessum grunni og gengi viðkomandi gjaldmiðils gagnvart sérstökum dráttarréttindum á greiðsludegi.

4. Handhöfn sjóðsins á gjaldmiðli ríkis, sem nemur hærri upphæð en sem svarar 75% af kvóta aðildarríkisins þegar önnur stofnskrárbreytingin tekur gildi, og ekki er háð ákvæðum um endurkaup skv. lið 1 að framan, skal endurkaupast í samræmi við eftirfarandi ákvæði.

(i) Handhöfn, sem varð til vegna kaupa, skal endurkeypt í samræmi við þá stefnu, sem fylgt var varðandi notkun á almennu fjármagni sjóðsins, og í gildi var þá er kaupin fóru fram.

(ii) Önnur handhöfn skal endurkeypt eigi síðar en fjórum árum eftir gildistöku annarrar stofnskrárbreytingarinnar.

5. Endurkaup skv. lið 1 að framan og sem eru ekki háð ákvæðum í lið 2 að framan, endurkaup skv. lið 4 að framan,

charged in accordance with the provisions of this Agreement before the second amendment.

2. A member shall discharge with special drawing rights any obligation to pay gold to the Fund in repurchase or as a subscription that is outstanding at the date of the second amendment of this Agreement, but the Fund may prescribe that these payments may be made in whole or in part in the currencies of other members specified by the Fund. A nonparticipant shall discharge an obligation that must be paid in special drawing rights pursuant to this provision with the currencies of other members specified by the Fund.

3. For the purposes of 2 above 0.888 671 gram of fine gold shall be equivalent to one special drawing right, and the amount of currency payable under 2 above shall be determined on that basis and on the basis of the value of the currency in terms of the special drawing right at the date of discharge.

4. A member's currency held by the Fund in excess of seventy-five percent of the member's quota at the date of the second amendment of this Agreement and not subject to repurchase under 1 above shall be repurchased in accordance with the following rules:

(i) Holdings that resulted from a purchase shall be repurchased in accordance with the policy on the use of the Fund's general resources under which the purchase was made.

(ii) Other holdings shall be repurchased not later than four years after the date of the second amendment of this Agreement.

5. Repurchases under 1 above that are not subject to 2 above, repurchases under 4 above, and any specification of curren-

og hvers kyns val á gjaldmiðlum skv. lið 2 að framan, skulu vera í samræmi við ákvæði V. kafla, grein 7 (i).

6. Allar reglur og reglugerðir, þóknunarupphæðir, starfsaðferðir og ákvarðanir, sem viðhafðar verða fram að gildistöku annarrar stofnskrárbreytingarinnar, skulu gilda áfram þar til þeim verður breytt í samræmi við ákvæði þessa samnings.

7. Að svo miklu leyti sem einhver framkvæmd, sem hefur sömu áhrif og lýst er í liðum (a) og (b) hér að aftan, hefur ekki runnið sitt ætlaða skeið er önnur stofnskrárbreytingin gengur í gildi, skal sjóðurinn ...

(a) ... selja allt að 25 milljónum únsa gulls af forða sínum eins og hann var 31. ágúst 1975 til þeirra ríkja, sem höfðu gerst aðilar fram að þeim degi og það samþykkja, í hlutfalli við kvóta þeirra þann dag. Sala til aðildarríkis skv. ákvæði þessu (a) skal fara fram í skiptum fyrir gjaldmiðil þess og á verði, sem sé í samræmi við 0,888671 gramma innihald gulls í einni einingu sérstakra dráttarréttinda þegar viðskiptin fara fram.

(b) ... selja allt að 25 milljónum únsa gulls af forða sínum eins og hann var 31. ágúst 1975 til hagsbóta fyrir þau þróunarlönd, sem gerst höfðu aðilar þann dag, þó að uppfylltu því skilyrði að sá hluti hagnaðarins, sem samrýmist hluta af kvóta slíks aðildarríkis 31. ágúst 1975 af samanlögðum kvótum allra aðildarríkjanna þann dag, skuli renna beint til aðildarríkisins. Skilyrðin, sem sett eru í V. kafla, grein 12 (c), og skylda sjóðinn til þess að hafa samráð við viðkomandi aðildarríki, leita samþykkis hennar eða til að skipta gjaldmiðli eins aðildarríkis fyrir gjaldmiðla annarra undir vissum kringumstæðum, skulu gilda um þau tilvik þegar gjaldmiðill ríkja rennur til sjóðsins í skiptum fyrir gull skv. ákvæðum þessa liðs, þó ekki ef aðildarríki greiðir fyrir gullið með eigin gjaldmiðli, er færist á almenna fjármagnsreikninginn.

cies under 2 above shall be in accordance with Article V, Section 7 (i).

6. All rules and regulations, rates, procedures, and decisions in effect at the date of the second amendment of this Agreement shall remain in effect until they are changed in accordance with the provisions of this Agreement.

7. To the extent that arrangements equivalent in effect to (a) and (b) below have not been completed before the date of the second amendment of this Agreement, the Fund shall

(a) sell up to 25 million ounces of fine gold held by it on August 31, 1975 to those members that were members on that date and that agree to buy it, in proportion to their quotas on that date. The sale to a member under this subparagraph (a) shall be made in exchange for its currency and at a price equivalent at the time of sale to one special drawing right per 0.888 671 gram of fine gold, and

(b) sell up to 25 million ounces of fine gold held by it on August 31, 1975 for the benefit of developing members that were members on that date, provided, however, that the part of any profits or surplus value of the gold that corresponds to the proportion of such member's quota on August 31, 1975 to the total of the quotas of all members on that date shall be transferred directly to each such member. The requirements under Article V, Section 12 (c) that the Fund consult a member, obtain a member's currency for the currencies of other members in certain circumstances shall apply with respect to currency received by the Fund as a result of sales of gold under this provision, other than sales to a member in return for its own currency, and placed in the General Resources Account.

Þegar sala gulls skv. ákvæðum þessa 7. liðs hefur farið fram skal sú upphæð söluandvirðisins, sem svarar til 0,888671 gramms gulls í einni einingu sérstakra dráttarréttinda, leggjast inn á almenna fjármagnsreikninginn, og aðrar eignir í vörslu sjóðsins, sem orðið hafa til vegna ákvæðanna í lið (b) að framan, skulu varðveittar sérstaklega og aðskildar frá öðrum eignum sjóðsins. Eignir, sem ekki hefur verið ráðstafað af sjóðnum er gildistími aðgerða, sem skilgreindar eru í (b) að ofan, endar, skulu færðar yfir á sérstaka greiðslureikninginn.

Upon the sale of gold under this paragraph 7, an amount of the proceeds in the currencies received equivalent at the time of sale to one special drawing right per 0.888 671 gram of fine gold shall be placed in the General Resources Account and other assets held by the Fund under arrangements pursuant to (b) above shall be held separately from the general resources of the Fund. Assets that remain subject to disposition by the Fund upon termination of arrangements pursuant to (b) above shall be transferred to the Special Disbursement Account.

SKRÁRAUKI C

STOFNGENGI

1. Sjóðurinn skal tilkynna aðildarríkjum sínum að koma megi á stofngengi í samræmi við markmið þessa samnings og í samræmi við ákvæði IV. kafla, greinar 1, 3, 4 og 5 og skrárauka þennan. Heimilt er þá að miða við sérstök dráttarréttindi eða aðra reikningseiningu er sjóðurinn ákveður, þó ekki gull eða annan gjaldmiðil.

2. Aðildarríki, sem hyggst koma á stofngengi fyrir gjaldmiðil sinn, skal leggja tillögu þess efnis fyrir sjóðinn innan hæfilegs tíma frá tilkynningu sjóðsins skv. lið 1 að framan.

3. Sérhvert aðildarríki, sem ekki hefur í hyggju að koma á stofngengi skv. lið 1 að framan, skal hafa samráð um slíkt við sjóðinn og tryggja að gengisfyrirkomulag sitt samrýmist stefnumarkmiðum sjóðsins og sé nægilega fullkomið til þess að viðkomandi ríki geti staðið við skuldbindingar sínar skv. ákvæðum IV. kafla, 1. greinar.

4. Sjóðurinn skal samþykkja eða hafna tillögum um stofngengi innan hæfilegs tíma frá því viðkomandi ríki kynnir hugmyndir sínar. Tillaga um stofngengi skal ekki komast í framkvæmd hafni sjóðurinn henni, og aðildarríkið skal háð skilyrðum liðs 3 að framan. Sjóðurinn getur ekki hafnað hugmyndum um stofngengi vegna félagslegra eða stjórnmálalegra aðstæðna í viðkomandi aðildarríki.

SCHEDULE C

PAR VALUES

1. The Fund shall notify members that par values may be established for the purposes of this Agreement, in accordance with Article IV, Sections 1, 3, 4, and 5 and this Schedule, in terms of the special drawing right, or in terms of such other common denominator as is prescribed by the Fund. The common denominator shall not be gold or a currency.

2. A member that intends to establish a par value for its currency shall propose a par value to the Fund within a reasonable time after notice is given under 1 above.

3. Any member that does not intend to establish a par value for its currency under 1 above shall consult with the Fund and ensure that its exchange arrangements are consistent with the purposes of the Fund and are adequate to fulfill its obligations under Article IV, Section 1.

4. The Fund shall concur in or object to a proposed par value within a reasonable period after receipt of the proposal. A proposed par value shall not take effect for the purposes of this Agreement if the Fund objects to it, and the members shall be subject to 3 above. The Fund shall not object because of the domestic social or political policies of the member proposing the par value.

5. Sérhvert aðildarríki, sem komið hefur á fót stofngengi gjaldmiðils síns, skal beita sér fyrir nauðsynlegum aðgerðum í samræmi við samkomulag þetta til þess að tryggja að hámarks- og lágmarksgengi í daglegum viðskiptum á landsvæði sínu milli gjaldmiðils síns og annarra gjaldmiðla, sem byggjast á stofngengi, skuli ekki fjarlægjast stofngengi meira en sem nemur 4½%, nema sjóðurinn ákveði önnur fráviksmörk með stuðningi 85% heildaratkvæðamagnsins.

6. Aðildarríki skal ekki gera stofngengisbreytingu að tillögu sinni nema leiðrétta þurfi eða koma í veg fyrir grundvallarmisvægi. Slíka breytingu er aðeins hægt að gera hafi viðkomandi aðildarríki lagt hana til, og aðeins að höfðu samráði við sjóðinn.

7. Ef tilmæli um stofngengisbreytingu berast skal sjóðurinn samþykkja eða hafna þeim innan hæfilegs tíma frá því þau bárust. Sjóðurinn samþykkir breytinguna ef hann telur hana nauðsynlega til að lagfæra eða koma í veg fyrir grundvallarmisvægi. Sjóðurinn getur ekki hafnað slíkum tillögum á grundvelli félagslegra eða stjórnmálalegra aðstæðna í viðkomandi aðildarríki. Tillaga um stofngengisbreytingu nær því aðeins fram að ganga að sjóðurinn samþykki hana. Ákveði aðildarríki að breyta stofngengi sínu þrátt fyrir að samþykki sjóðsins hafi ekki fengist, skal það hlíta ákvæðum XXVI. kafla, greinar 2. Viðhald óraunhæfs stofngengis ber sjóðnum að reyna að hindra.

8. Stofngengi gjaldmiðils, sem komið hefur verið á fót samkvæmt ákvæðum samnings þessa, fellur úr gildi ef aðildarríkið tilkynnir sjóðnum að það hyggist nema stofngengið úr gildi. Sjóðurinn getur hafnað slíkri breytingu með stuðningi 85% heildaratkvæðamagnsins. Ákveði aðildarríki í trássi við vilja sjóðsins að fella niður stofngengi sitt skal það hlíta ákvæðum XXVI. kafla, greinar 2. Stofngengi, sem komið hefur verið á fót

5. Each member that has a par value for its currency undertakes to apply appropriate measures consistent with this Agreement in order to ensure that the maximum and the minimum rates for spot exchange transactions taking place within its territories between its currency and the currencies of other members maintaining par values shall not differ from parity by more than four and one-half percent or by such other margin or margins as the Fund may adopt by an eighty-five percent majority of the total voting power.

6. A member shall not propose a change in the par value of its currency except to correct, or prevent the emergence of, a fundamental disequilibrium. A change may be made only on the proposal of the member and only after consultation with the Fund.

7. When a change is proposed, the Fund shall concur in or object to the proposed par value within a reasonable period after receipt of the proposal. The Fund shall concur if it is satisfied that the change is necessary to correct, or prevent the emergence of, a fundamental disequilibrium. The Fund shall not object because of the domestic social or political policies of the member proposing the change. A proposed change in par value value shall not take effect for the purposes of this Agreement if the Fund objects to it. If a member changes the par value of its currency despite the objection of the Fund, the member shall be subject to Article XXVI, Section 2. Maintenance of an unrealistic par value by a member shall be discouraged by the Fund.

8. The par value of a member's curreny established under this Agreement shall cease to exist for the purposes of this Agreement if the member informs the Fund that it intends to terminate the par value. The Fund may object to the termination of a par value by a decision taken by an eighty-five percent majority of the total voting power. If a member terminates a par value for its currency despite the objection of the Fund, the

samkvæmt ákvæðum samnings þessa, fellur úr gildi hvað varðar markmið samningsins ef aðildarríki ákveður að nema það úr gildi þrátt fyrir andstöðu sjóðsins eða ef sjóðurinn uppgötvar að stofngengið gildir ekki fyrir verulegan hluta gjaldeyrisviðskipta skv. lið 5 að framan, að því tilskildu þó að sjóðurinn láti ekki slíkt uppi nema að höfðu samráði við aðildarríkið og hafi gefið því 60 daga fyrirvara á fyrirætlunum sjóðsins um athugun á slíku.

9. Hafi stofngengi aðildarríkis verið numið úr gildi skv. ákvæðum í lið 8 að framan skal aðildarríkið hafa samráð við sjóðinn og ábyrgjast að gengisfyrirkomulag sitt samrýmist stefnumarkmiðum sjóðsins og sé nægilega fullkomið til þess að viðkomandi ríki geti staðið við skuldbindingar sínar skv. ákvæðum IV. kafla, 1. greinar.

10. Aðildarríki, sem numið hefur stofngengi gjaldmiðils síns úr gildi skv. lið 8 að framan, getur hvenær sem er lagt til að stofngengi verði komið á að nýju.

11. Þrátt fyrir ákvæði liðs 6 að framan getur sjóðurinn með stuðningi 70% heildaratkvæðamagnsins staðið að samsvarandi hlutfallsbreytingu á gengi allra stofngengisgjaldmiðla ef viðmiðunareiningin er sérstök dráttarréttindi og breytingin hefur ekki áhrif á gildi sérstakra dráttarréttinda. Stofngengi gjaldmiðils aðildarríkis skal samt sem áður ekki breytt skv. ákvæði þessu ef aðildarríkið tilkynnir sjóðnum innan 7 daga frá ákvörðun hans að það æski ekki slíkrar breytingar.

member shall be subject to Article XXVI, Section 2. A par value established under this Agreement shall cease to exist for the purposes of this Agreement if the member terminates the par value despite the objection of the Fund, or if the Fund finds that the member does not maintain rates for a substantial volume of exchange transactions in accordance with 5 above provided that the Fund may not make such finding unless it has consulted the member and given it sixty days notice of the Fund's intention to consider whether to make a finding.

9. If the par value of the currency of a member has ceased to exist under 8 above, the member shall consult with the Fund and ensure that its exchange arrangements are consistent with the purposes of the Fund and are adequate to fulfill its obligations under Article IV, Section 1.

10. A member for whose currency the par value has ceased to exist under 8 above may, at any time, propose a new par value for its currency.

11. Notwithstanding 6 above, the Fund, by a seventy percent majority of the total voting power, may make uniform proportionate changes in all par values if the special drawing right is the common denominator and the changes will not affect the value of the special drawing right. The par value of a member's currency shall, however, not be changed under this provision if, within seven days after the Fund's action, the member informs the Fund that it does not wish the par value of its currency to be changed by such action.

SKRÁRAUKI D

RÁÐ

1.

(a) Sérhvert aðildarríki, sem tilnefnir sjóðstjóra og sérhver hópur aðildarríkja, sem falið hefur sameiginlegum sjóðstjóra að fara með atkvæði sín, skal tilnefna til ráðsins einn ráðgjafa, sem skal vera seðlabankastjóri, ráð-

SCHEDULE D

COUNCIL

1.

(a) Each member that appoints an Executive Director and each group of members that has the number of votes allotted to them cast by an elected Executive Director shall appoint to the Council one Councillor,

herra í stjórn einhvers viðkomandi ríkja eða maður í svipaðri stöðu, og allt að sjö aðstoðarráðgjöfum. Sjóðráðið getur með stuðningi 85% heildaratkvæðamagnsins breytt leyfilegum fjölda aðstoðarráðgjafa, sem tilnefna má. Ráðgjafi og aðstoðarráðgjafar geta gegnt störfum þar til aðrir verða tilnefndir eða fram til næstu kosningar sjóðstjóra, hvort heldur verður fyrr.

(b) Sjóðstjórar eða varasjóðstjórar í fjarveru þeirra og aðstoðarráðgjafar, hafa rétt til setu á ráðsfundum nema ráðið ákveði að takmarka fundarsetu. Sérhvert aðildarríki, eða hópur aðildarríkja, sem tilnefnir ráðgjafa skal einnig tilnefna vararáðgjafa, sem hefur rétt til að sækja fundi ráðsins í fjarveru aðalráðgjafans og hafi hann þá öll réttindi aðalráðgjafa.

2.

(a) Ráðið skal hafa náið eftirlit með starfsemi og þróun alþjóðagjaldeyriskerfisins að meðtaldri stöðugri aðlögun og þróun alþjóðagjaldeyrisforða og skal í þessu tilliti fylgjast með þróuninni í tilfærslum raunverulegra verðmæta til þróunarlandanna.

(b) Ráðið skal taka til meðferðar tillögur um breytingar á stofnskránni skv. ákvæðum XXVIII. kafla (a).

3.

(a) Sjóðráð getur veitt ráðinu umboð til þess að fara með völd sjóðráðsins í öllum málum nema þeim, sem samkomulag þetta gerir ráð fyrir að einungis sjóðráðið taki til umfjöllunar.

(b) Sérhver ráðgjafi hefur rétt til þess að greiða jafnmörg atkvæði og því ríki eða þeim hópi ríkja, sem hann er fulltrúi fyrir, hefur verið úthlutað skv. XII. kafla, grein 5. Ráðgjafi, sem er fulltrúi nokkurra ríkja, getur og greitt atkvæði fyrir hvert ríki um sig

who shall be a Governor, Minister in the government of a member, or person of comparable rank, and may appoint not more than seven Associates. The Board of Governors may change, by an eighty-five percent majority of the total voting power, the number of Associates who may be appointed. A Councillor or Associate shall serve until a new appointment is made or until the next regular election of Executive Directors, whichever shall occur sooner.

(b) Executive Directors, or in their absence their Alternates, and Associates shall be entitled to attend meetings of the Council, unless the Council decides to hold a restricted session. Each member and each group of members that appoints a Councillor shall appoint an Alternate who shall be entitled to attend a meeting of the Council when the Councillor is not present, and shall have full power to act for the Councillor.

2.

(a) The Council shall supervise the management and adaptation of the international monetary system, including the continuing operation of the adjustment process and developments in global liquidity, and in this connection shall review developments in the transfer of real resources to developing countries.

(b) The Council shall consider proposals pursuant to Article XXVIII (a) to amend the Articles of Agreement.

3.

(a) The Board of Governors may delegate to the Council authority to exercise any powers of the Board of Governors except the powers conferred directly by this Agreement on the Board of Governors.

(b) Each Councillor shall be entitled to cast the number of votes allotted appointing him. A Councillor appointed by a group of members may cast separately the votes allotted to each member in the group. If the number of votes allotted to a member cannot

gerist þess þörf. Ef atkvæðamagninu, sem aðildarríki hefur verið úthlutað, verður ekki beitt af sjóðstjórn, getur aðildarríkið gert ráðstafanir til þess að aðalráðgjafinn greiði atkvæði í samræmi við úthlutað atkvæðamagn aðildarríkisins.

(c) Ráðið má ekki grípa til neinna þeirra aðgerða, sem það annars kynni að hafa vald til, ef þær eru ekki í fullu samræmi við aðgerðir sjóðráðs, og sjóðstjórn getur ekki gripið til neinna þeirra aðgerða, sem hún annars kynni að hafa vald til, ef þær eru ekki í fullu samræmi við aðgerðir sjóðráðs eða ráðsins.

4. Ráðið skal velja sér formann úr hópi ráðgjafa; það skal setja sér starfsreglur eftir því sem nauðsynlegt þykir og ákveða að öllu leyti hvernig starfsemi þess gengur fyrir sig. Ráðið heldur fundi eftir eigin ákvörðun eða að ósk sjóðstjórnarinnar.

5.

(a) Ráðið skal hafa vald til jafns við sjóðstjórnina í málum, sem ákvæði eftirfarandi greina ná yfir: XII. kafli, grein 2 (c), (f), (g) og (j); XVIII. kafli, grein 4 (a) og 4 (c) (iv); XXIII. kafli, grein 1; og XXVII. kafli, grein 1 (a).

(b) Hvað varðar ákvarðanir ráðsins, sem snerta einungis sérstaka dráttarrétt-indareikninginn, þá hafa aðeins ráðgjafar, sem tilnefndir eru af ríkjum eða ríkjahópum þar sem a. m. k. eitt ríkjanna er þátttakandi, atkvæðisrétt. Sérhver ráðgjafi hefur rétt til þess að greiða atkvæði í samræmi við úthlutun þeirra til þess þátttökuríkis eða -ríkja, sem tilnefnir hann, og getur farið með atkvæði aðildarríkis, sem fyrirframsamkomulag hefur verið gert um skv. síðustu málsgrein liðs 3 (b) að framan.

be cast by an Executive Director, the member may make arrangements with a Councillor for casting the number of votes allotted to the member.

(c) The Council shall not take any action pursuant to powers delegated by the Board of Governors that is inconsistent with any action taken by the Board of Governors and the Executive Board shall not take any action pursuant to powers delegated by the Board of Governors that is inconsistent with any action taken by either the Board of Governors or the Council.

4. The Council shall select a Councillor as chairman, shall adopt regulations as may be necessary or appropriate to perform its functions, and shall determine any aspect of its procedure. The Council shall hold such meetings as may be provided for by the Council or called by the Executive Board.

5.

(a) The Council shall have powers corresponding to those of the Executive Board under the following provisions: Article XII, Section 2 (c), (f), (g), and (j); Article XVIII, Section 4 (a) and Section 4 (c) (iv); Article XXIII, Section 1; and Article XXVII, Section 1 (a).

(b) For decisions by the Council on matters pertaining exclusively to the Special Drawing Rights Department only Councillors appointed by a member that is a participant or a group of members at least one member of which is a participant shall be entitled to vote. Each of these Councillors shall be entitled to cast the number of votes allotted to the member which is a participant that appointed him or to the members that are participants in the group of members that appointed him, and may cast the votes allotted to a participant with which arrangements have

(c) Ráðið getur sett þannig reglur að sjóðstjórn geti fengið atkvæðagreiðslu ráðsins um viss atriði án þess þó að ráðið komi saman til fundar ef það er mat sjóðstjórnarinnar að afstaða ráðsins sé nauðsynleg tafarlaust og ekki sé unnt að bíða næsta fundar þess og ekki sé heldur nógu ník ástæða til þess að kalla það saman til sérstaks fundar.

(d) Grein 8 í IX. kafla skal gilda fyrir ráðgjafa, varamenn þeirra og aðstoðarráðgjafa auk allra annarra, sem rétt hafa til setu á fundum ráðsins.

(e) Að því er varðar (b) og 3 (b) að framan, veitir samkomulag skv. kafla XII, grein 3 (i) (ii), gert af aðildarríki eða af ríki sem er þátttakandi, ráðgjafa rétt til að greiða atkvæði og fara með atkvæðamagn sem ríkinu hefur verið úthlutað.

6. Fyrsta setningin í kafla XII, grein 2 (a), skal einnig eiga við um ráðið.

(c) The Council may by regulation establish a procedure whereby the Executive Board may obtain a vote of the Councillors on a specific question without a meeting of the Council when in the judgement of the Executive Board an action must be taken by the Council which should not be postponed until the next meeting of the Council and which does not warrant the calling of a special meeting.

(d) Article IX, Section 8 shall apply to Councillors, their Alternates, and Associates, and to any other person entitled to attent a meeting of the Council.

(e) For the purposes of (b) and 3 (b) above, an agreement under Article XII, Section 3 (i) (ii) by a member, or by a member that is a participant, shall entitle a Councillor to vote and cast the number of votes allotted to the member.

6. The first sentence of Article XII, Section 2 (a) shall be deemed to include a reference to the Council.

SKRÁRAUKI E
SJÓÐSTJÓRAKJÖR

1. Kosning kjörinna sjóðstjóra skal fara fram með atkvæðagreiðslu sjóðráðsmanna, sem atkvæðisbærir eru.

2. Við atkvæðagreiðslur um sjóðstjórana skal hver atkvæðisbær sjóðráðsmaður greiða einum manni allt það atkvæðamagn, sem hann ræður skv. XII. kafla, grein 5 (a). Þeir fimmtán menn, sem flest atkvæði fá, skulu vera sjóðstjórar, þó skal enginn, sem fær minna en 4% af heildaratkvæðamagninu, sem greiða má (af heimilu atkvæðamagni), talinn kjörinn.

3. Ef fimmtán menn ná ekki kjöri við fyrstu atkvæðagreiðslu skal efnt til annarrar atkvæðagreiðslu þar sem aðeins

SCHEDULE E
ELECTION OF EXECUTIVE DIRECTORS

1. The election of the elective Executive Directors shall be by ballot of the Governors eligible to vote.

2. In balloting for the Executive Directors to be elected, each of the Governors eligible to vote shall cast for one person all of the votes to which he is entitled under Article XII, Section 5 (a). The fifteen persons receiving the greatest number of votes shall be Executive Directors, provided that no person who received less than four percent of the total number of votes that can be cast (eligible votes) shall be considered elected.

3. When fifteen persons are not elected in the first ballot, a second ballot shall be held in which there shall vote only (a)

hafa atkvæðisrétt a) þeir sjóðráðsmenn, sem við fyrstu atkvæðagreiðslu studdu mann, sem ekki náði kjöri, og b) þeir sjóðráðsmenn hverra atkvæði, skv. lið nr. 4 að aftan, eru metin hafa fært þeim, sem þeir kusu í fyrstu umferð, yfir 9% atkvæðamagnsins. Ef fleiri eru í kjöri við aðra atkvæðagreiðslu en sem nemur fjölda þeirra sjóðstjóra, sem kjósa skal, þá tapar sá sem fæst atkvæði fékk í fyrstu umferð kjörgengi sínu.

4. Þegar ákveða skal hvort atkvæði, sem sjóðráðsmaður hefur greitt, skuli teljast hafa valdið því, að atkvæðamagn einhvers manns fór fram úr 9% af heimilu atkvæðamagni, skulu fyrstu 9% talin þannig, að fyrst eru talin atkvæði sjóðráðsmanns þess, sem flest atkvæði hefur greitt þeim, sem um ræðir, síðan atkvæði sjóðráðsmannsins, sem greiddi honum næstflest atkvæði og þannig áfram þar til 9% er náð.

5. Nú er nauðsynlegt að telja hluta af atkvæðum sjóðráðsmanns til þess að koma heildaratkvæðafjölda einhvers manns yfir 4%, og skal þá sjóðráðsmaðurinn talinn greiða þeim manni öll atkvæði sín, jafnvel þótt þau valdi því, að heildaratkvæðafjöldi mannsins fari þar með fram úr 9%.

6. Ef fimmtán menn hafa ekki náð kjöri eftir aðra atkvæðagreiðslu, skal efnt til frekari atkvæðagreiðslna eftir sömu reglum þar til fimmtán menn hafa verið kjörnir, þó þannig, að eftir að fjórtán menn hafa náð kjöri, má kjósa þann fimmtánda með einföldum meirihluta atkvæðanna, sem eftir eru, og skal hann talinn kjörinn með öllum þeim atkvæðum.

those Governors who voted in the first ballot for a person not elected, and (b) those Governors whose votes for a person elected are deemed under 4 below to have raised the votes cast for that person above nine percent of the eligible votes. If in the second ballot there are more candidates than the number of Executive Directors to be elected, the person who received the lowest number of votes in the first ballot shall be ineligible for election.

4. In determining whether the votes cast by a Governor are to be deemed to have raised the total of any person above nine percent of the eligible votes the nine percent shall be deemed to include, first, the votes of the Governor casting the largest number of votes for such person, then the votes of the Governor casting the next largest number, and so on until nine percent is reached.

5. Any Governor part of whose votes must be counted in order to raise the total of any person above four percent shall be considered as casting all of his votes for such person even if the total votes for such person thereby exceed nine percent.

6. If, after the second ballot, fifteen persons have not been elected, further ballots shall be held on the same principles until fifteen persons have been elected, provided that after fourteen persons are elected, the fifteenth may be elected by a simple majority of the remaining votes and shall be deemed to have been elected by all such votes.

SKRÁRAUKI F

KVAÐNING

Á fyrsta grunntímabilinu skulu reglur um kvaðningu vera sem hér segir:

(a) Þátttakendur, sem til eru kvaddir samkvæmt XIX. kafla, 5. grein (a) (i), skulu kvaddir til framlags slíkra fjárhæða, að stuðlað sé að jöfnun, er fram líða stundir, í hlutfallinu milli handhafnar þátttakenda á sér-

SCHEDULE F

DESIGNATION

During the first basic period the rules for designation shall be as follows:

(a) Participants subject to designation under Article XIX, Section 5 (a) (i) shall be designated for such amounts as will promote over time equality in the ratios of the participants' holdings of special drawing rights in

stökum dráttarréttindum umfram hreina samtölu úthlutana til þeirra annars vegar og opinberrar handhafnar þeirra á gulli og erlendum gjaldeyri hins vegar.

(b) Reglan um framkvæmd (a) hér að framan skal vera þannig, að þátttakendur, sem kveðja skal til, skulu kvaddir til framlags:

(i) í hlutfalli við opinbera handhöfn sína á gulli og erlendum gjaldeyri, þegar hlutföllin, sem lýst er í (a) hér að framan, eru jöfn; og

(ii) með hætti, sem smám saman skerðir mun milli hárra og lágra hlutfalla slíkra, sem lýst er í (a) hér að framan.

excess of their net cumulative allocation to their official holdings of gold and foreign exchange.

(b) The formula to give effect to (a) above shall be such that participants subject to designation shall be designated:

(i) in proportion to their official holdings of gold and foreign exchange when the ratios described in (a) above are equal; and

(ii) in such manner as gradually to reduce the difference between the ratios described in (a) above that are low and the ratios that are high.

SKRÁRAUKI G
ENDURNÝJUN

1. Á fyrsta grunntímabilinu skulu reglur um endurnýjun vera sem hér segir:

(a) (i) Þátttakandi skal nota og endurnýja handhöfn sína á sérstökum dráttarréttindum þannig, að fimm árum eftir fyrstu úthlutun og síðan við lok hvers almanaksársfjórðungs, sé meðaltal daglegrar heildarhandhafnar hans á sérstökum dráttarréttindum yfir næstliðið fimm ára tímabil ekki minna en 30% af meðaltali daglegrar, hreinnar samtalinnar úthlutunar sérstakra dráttarréttinda til hans á sama tímabili.

(ii) Tveimur árum eftir fyrstu úthlutun og síðan við lok hvers almanaksmánaðar skal sjóðurinn framkvæma útreikninga fyrir hvern þátttakanda til þess að kanna, hvort og í hvaða mæli þátttakandinn þurfi að afla sér sérstakra dráttarréttinda frá útreikningsdegi til loka hvers fimm ára tímabils til þess að fullnægja skilyrðum í (a) (i) hér að framan. Sjóðurinn skal

SCHEDULE G
RECONSTITUTION

1. During the first basic period the rules for reconstitution shall be as follows:

(a) (i) A participant shall so use and reconstitute its holdings of special drawing rights that, five years after the first allocation and at the end of each calendar quarter thereafter, the average of its total daily holdings of special drawing rights over the most recent five-year period will be not less than thirty percent of the average of its daily net cumulative allocation of special drawing rights over the same period.

(ii) Two years after the first allocation and at the end of each calendar month thereafter the Fund shall make calculations for each participant so as to ascertain whether and to what extent the participant would need to acquire special drawing rights between the date of the calculation and the end of any five-year period in order to comply with the requirement in

setja reglur um grundvöll þessara útreikninga og um tímasetningu kvaðningar þátttakenda samkvæmt XIX. kafla 5. grein (a) (ii), til þess að auðvelda þeim að fullnægja skilyrðum í (a) (i) hér að framan.

(iii) Sjóðurinn skal senda sérstaka tilkynningu til þátttakanda, þegar útreikningar samkvæmt (a) (ii) hér að framan benda til þess, að ólíklegt sé, að þátttakandinn verði fær um að fullnægja skilyrðum í (a) (i) hér að framan, nema hann hætti að nota sérstök dráttarréttindi þann tíma, sem eftir er af því tímabili, sem útreikningurinn, samkvæmt (a) (ii) hér að framan, á við.

(iv) Þurfi þátttakandi að fá sérstök dráttarréttindi til þess að standa við þessa skuldbindingu, skal honum bæði skylt og heimilt að fá þær fyrir gjaldeyri, sem sjóðurinn samþykkir, í skiptum við sjóðinn, sem fara um almenna fjármagnsreikninginn. Fáist ekki næg sérstök dráttarréttindi með þessum hætti, til þess að standa við þessa skuldbindingu, skal þátttakendum bæði skylt og heimilt að fá þau gegn auðskiptanlegum gjaldeyri frá þátttakanda, sem sjóðurinn ákveður.

(b) Þátttakendur skulu einnig taka fullt tillit til þess, að æskilegt er að leitast við, þegar fram líða stundir, að halda jafnvægi í afstöðum milli handhafnar þeirra á sérstökum dráttarréttindum og handhafnar á erlendum gjaldeyri.

2. Fari þátttakandi ekki eftir reglunum um endurnýjun, skal sjóðurinn ákveða, hvort aðstæður réttlæti tímabundna skiptingu, samkvæmt XXIII. kafla, 2. grein (b), eða ekki.

(a) (i) above. The Fund shall adopt regulations with respect to the bases on which these calculations shall be made and with respect to the timing of the designation of participants under Article XIX, Section 5 (a) (ii), in order to assist them to comply with the requirement in (a) (i) above.

(iii) The Fund shall give special notice to a participant when the calculations under (a) (ii) above indicate that it is unlikely that the participant will be able to comply with the requirement in (a) (i) above unless it ceases to use special drawing rights for the rest of the period for which the calculation was made under (a) (ii) above.

(iv) A participant that needs to acquire special drawing rights to fulfill this obligation shall be obligated and entitled to obtain them, for currency acceptable to the Fund, in a transaction with the Fund conducted through the General Resources Account. If sufficient special drawing rights to fulfill this obligation cannot be obtained in this way, the participant shall be obligated and entitled to obtain them with a freely usable currency from a participant which the Fund shall specify.

(b) Participants shall also pay due regard to the desirability of pursuing over time a balanced relationship between their holdings of special drawing rights and their other reserves.

2. If a participant fails to comply with the rules for reconstitution, the Fund shall determine whether or not the circumstances justify suspension under Article XXIII, Section 2 (b).

SKRÁRAUKI H

ÞÁTTTÖKUÚRSÖGN

1. Ef skuldbindingin, sem eftir stendur eftir skuldajöfnuð samkvæmt XXIV. kafla, 2. grein (b), er úrsagnarþátttakanda í hag og ekki næst samkomulag um skil með sjóðnum og úrsagnarþátttakanda innan sex mánaða frá úrsagnardegi, skal sjóðurinn innleysa þennan jöfnuð sérstakra dráttarréttinda með jöfnum misserislegum afborgunum innan fimm ára frá úrsagnardegi hið lengsta. Sjóðurinn skal innleysa þennan jöfnuð, eftir ákvörðun sinni, annaðhvort (a) með greiðslu fjárhæða þeirra til úrsagnarþátttakanda, sem hinir þátttakendurnir leggja sjóðnum til samkvæmt XXIV. kafla, 5. grein, eða (b) með því að leyfa úrsagnarþátttakandanum að nota sérstök dráttarréttindi sín til þess að fá sinn eiginn gjaldeyri eða auðskiptanlegan gjaldeyri frá þátttakanda, sem sjóðurinn velur, frá almenna fjármagnsreikningnum eða einhverjum öðrum handhafa.

2. Ef skuldbindingin, sem eftir stendur eftir skuldajöfnuð samkvæmt XXIV. kafla, 2. grein (b), er sjóðnum í hag og ekki næst samkomulag um skil innan sex mánaða frá úrsagnardegi, skal úrsagnarþátttakandinn ljúka þessari skuldbindingu með jöfnum misserislegum afborgunum innan þriggja ára frá úrsagnardegi eða innan slíks lengra tímabils, sem sjóðurinn kann að ákveða.

Úrsagnarþátttakandinn skal ljúka þessari skuldbindingu, eftir ákvörðun sjóðsins, annaðhvort (a) með því að greiða sjóðnum í auðskiptanlegum gjaldeyri eða (b) með því að afla sér sérstakra dráttarréttinda, samkvæmt XXIV. kafla, 6. grein, frá almenna fjármagnsreikningnum eða með samningi við þátttakanda, sem sjóðurinn velur, eða frá einhverjum öðrum handhafa, og skuldajafna þessum sérstöku dráttarréttindum við gjaldfallna afborgun.

3. Afborganir samkvæmt 1. eða 2. hér að framan falla í gjalddaga sex mánuðum eftir úrsagnardag og síðan á sex mánaða fresti.

SCHEDULE H

TERMINATION OF PARTICIPATION

1. If the obligation remaining after the setoff under Article XXIV, Section 2 (b) is to the terminating participant and agreement on settlement between the terminating participant is not reached within six months of the date of termination, the Fund shall redeem this balance of special drawing rights in equal half-yearly installments within a maximum of five years of the date of termination. The Fund shall redeem this balance as it may determine, either (a) by the payment to the terminating participant of the amounts provided by the remaining participants to the Fund in accordance with Article XXIV, Section 5, or (b) by permitting the terminating participant to use its special drawing rights to obtain its own currency or a freely usable currency from a participant specified by the Fund, the General Resources Account, or any other holder.

2. If the obligation remaining after the setoff under Article XXIV, Section 2 (b) is to the Fund and agreement on settlement is not reached within six months of the date of termination, the terminating participant shall discharge this obligation in equal half-yearly installments within three years of the date of termination or within such longer period as may be fixed by the Fund. The terminating participant shall discharge this obligation, as the Fund may determine, either (a) by the payment to the Fund of a freely usable currency, or (b) by obtaining special drawing rights, in accordance with Article XXIV, Section 6, from the General Resources Account or in agreement with a participant specified by the Fund or from any other holder, and the setoff of these special drawing rights against the installment due.

3. Installments under either 1 or 2 above shall fall due six months after the date of termination and at intervals of six months thereafter.

4. Ef hinn sérstaki dráttarreikningur er tekinn til lokaskipta samkvæmt XXV. kafla innan sex mánaða frá þeim degi, er úrsagnarþátttakandi segir sig úr þátttöku, skulu skil með sjóðnum og ríkisstjórn þeirri gerð í samræmi við ákvæði XXV. kafla og skrárauka I.

SKRÁRAUKI I.

STJÓRN LOKASKIPTA HINS SÉRSTAKA DRÁTTARREIKNINGS

1. Ef hinn sérstaki dráttarreikningur er tekinn til lokaskipta, skulu þátttakendur ljúka skuldbindingum sínum við sjóðinn með 10 misserislegum afborgunum eða á lengra tímabili, ef sjóðurinn telur það nauðsynlegt, í auðskiptanlegum gjaldeyri og gjaldeyri þátttakenda, sem hafa sérstök dráttarréttindi á hendi, í þeim mæli, sem þessi sérstöku dráttarréttindi verða innleyst við hverja afborgun, eftir ákvörðun sjóðsins. Fyrsta misserisgreiðslan skal innt af hendi sex mánuðum eftir að ákveðið er að taka hinn sérstaka dráttarreikning til lokaskipta.

2. Ef ákveðið er að taka sjóðinn til lokaskipta innan sex mánaða frá ákvörðun um að taka hinn sérstaka dráttarreikning til lokaskipta, skal lokaskiptum hins sérstaka dráttarreiknings ekki haldið áfram fyrr en sérstökum dráttarréttindum í handhöfn almenna fjármagnsreikningsins hefur verið skipt samkvæmt eftirfarandi reglu:

Eftir að skipt hefur verið samkvæmt lið 2 (a) og (b) í skrárauka K, skal sjóðurinn útdeila sérstökum dráttarréttindum sínum í handhöfn almenna fjármagnsreikningsins milli allra aðildarríkja, sem eru þátttakendur, í hlutfalli við þá fjárhæð, sem hver þátttakandi á inni eftir skipti samkvæmt 2 (b). Þegar ákveða skal fjárhæð þá, sem hvert aðildarríki á inni, til þess að skipta eftirstöðvum handhafnar sjóðsins á hverri tegund gjaldeyris samkvæmt lið 2 (d) í skrárauka K, skal sjóðurinn færa til frádráttar sérstök dráttarréttindi, sem skipt er samkvæmt þessari reglu.

4. In the event of the Special Drawing Rights Department going into liquidation under Article XXV within six months of the date a participant terminates its participation, the settlement between the Fund and that government shall be made in accordance with Article XXV and Schedule I.

SCHEDULE I

ADMINISTRATION OF LIQUIDATION OF THE SPECIAL DRAWING RIGHTS DEPARTMENT

1. In the event of liquidation of the Special Drawing Rights Department, participants shall discharge their obligations to the Fund in ten half-yearly installments, or in such longer period as the Fund may decide is needed, in a freely usable currency and the currencies of participants holding special drawing rights to be redeemed in any installment to the extent of such redemption, as determined by the Fund. The first halfyearly payment shall be made six months after the decision to liquidate the Special Drawing Rights Department.

2. If it is decided to liquidate the Fund within six months of the date of the decision to liquidate the Special Drawing Rights Department, the liquidation of the Special Drawing Rights Department shall not proceed until special drawing rights held in the General Resources Account have been distributed in accordance with the following rule:

After the distributions made under 2 (a) and (b) of Schedule K, the Fund shall apportion its special drawing rights held in the General Resources Account among all members that are participants in proportion to the amounts due to each participant after the distribution under 2 (b). To determine the amount due to each member for the purpose of apportioning the remainder of its holdings of each currency under 2 (d) of Schedule K, the Fund shall deduct the distribution of special drawing rights under this rule.

3. Með fjárhæðum þeim, sem sjóðurinn tekur við samkvæmt 1. hér að framan, skal hann innleysa sérstök dráttarréttindi úr handhöfn handhafa með eftirfarandi hætti og röð:

(a) Sérstök dráttarréttindi í handhöfn ríkisstjórna, sem hafa sagt sig úr þátttöku meira en sex mánuðum fyrir þann dag, er sjóðráð ákveður að taka hinn sérstaka dráttarreikning til lokaskipta, skulu innleyst í samræmi við ákvæði samkomulags samkvæmt XXIV. kafla eða skrárauka H.

(b) Sérstök dráttarréttindi í handhöfn handhafa, sem ekki eru þátttakendur, skulu innleyst á undan þeim, sem þátttakendur hafa á hendi, og skulu þau innleyst í hlutfalli við handhöfn hvers handhafa.

(c) Sjóðurinn skal finna hlutfallið milli handhafnar hvers þátttakanda á sérstökum dráttarréttindum og hreinnar, samtalinnar úthlutunar til hans. Sjóðurinn skal fyrst innleysa sérstök dráttarréttindi þeirra þátttakenda, sem hafa hæst hlutfall, þar til þetta hlutfall hefur verið lækkað niður í næsthæsta hlutfall; sjóðurinn skal síðan innleysa sérstök dráttarréttindi í handhöfn þessara þátttakenda í samræmi við hreina, samtalda úthlutun til þeirra þar til hlutföllin hafa verið lækkuð niður í þriðja hæsta hlutfall; með þessum hætti skal haldið áfram þar til þrotin er fjárhæðin, sem tiltæk er til innlausnar.

4. Sérhver fjárhæð, sem þátttakandi á rétt til að fá innleysta samkvæmt 3. hér að framan, skal skuldajöfnuð við sérhverja fjárhæð, sem greiða ber samkvæmt 1. hér að framan.

5. Meðan lokaskipti standa yfir skal sjóðurinn greiða vexti af þeirri fjárhæð sérstakra dráttarréttinda, sem er í handhöfn handhafa, og hver þátttakandi skal gjalda vaxtagjöld af hreinni, samtalinni úthlutun sérstakra dráttarréttinda til hans að frádreginni fjárhæð greiðslna samkvæmt 1. hér að framan. Hæð vaxta og vaxtagjalda svo og gjalddagar skulu

3. With the amounts received under 1 above, the Fund shall redeem special drawing rights held by holders in the following manner and order:

(a) Special drawing rights held by governments that have terminated their participation more than six months before the date the Board of Governors decides to liquidate the Special Drawing Rights Department shall be redeemed in accordance with the terms of any agreement under Article XXIV or Schedule H.

(b) Special drawing rights held by holders that are not participants shall be redeemed before those held by participants, and shall be redeemed in proportion to the amount held by each holder.

(c) The Fund shall determine the proportion of special drawing rights held by each participant in relation to its net cumulative allocation. The Fund shall first reedem special drawing rights from the participants with the highest proportion until this proportion is reduced to that of the second highest proportion; the Fund shall then redeem the special drawing rights held by these participants in accordance with their net cumulative allocations until the proportions are reduced to that of the third highest proportion; and this process shall be continued until the amount available for redemption is exhausted.

4. Any amount that a participant will be entitled to receive in redemption under 3 above shall be set off against any amount to be paid under 1 above.

5. During liquidation the Fund shall pay interest on the amount of special drawing rights held by holders, and each participant shall pay charges on the net cumulative allocation of special drawing rights to it less the amount of any payments made in accordance with 1 above. The rates of interest and charges and the time of payment shall be determined by

ákveðnir af sjóðnum. Vextir og vaxtagjöld skulu greidd með sérstökum dráttarréttindum að því marki, sem unnt er. Þátttakandi, sem ekki hefur á hendi næg sérstök dráttarréttindi til þess að standa skil á vaxtagjöldum, skal greiða þau með gjaldeyri, sem sjóðurinn velur. Í þeim mæli, sem nauðsynlegur er til greiðslu stjórnarkostnaðar, skal yfirfæra til sjóðsins sérstök dráttarréttindi fengin sem vaxtagjöld og skulu þau ekki notuð til vaxtagreiðslna heldur innleyst með þeim gjaldeyri, sem sjóðurinn notar fé til þess að greiða kostnað sinn.

6. Eigi þátttakandi vangoldna greiðslu ákveðna samkvæmt 1. eða 5. hér að framan skal ekki greiða honum fjárhæðir samkvæmt 3. eða 5. hér að framan.

7. Hagi svo til eftir að lokagreiðslur hafa verið gerðar til þátttakenda, að ekki er sama hlutfall hjá öllum skuldlausum þátttakendum milli handhafnar hvers um sig á sérstökum dráttarréttindum og hreinnar, samtalinnar úthlutunar til einstakra, skulu þeir þátttakendur, sem hafa lægra handhafnarhlutfall, kaupa sérstök dráttarréttindi af þeim, sem hafa hærra hlutfall, í þeim mæli, samkvæmt fyrirkomulagi ákveðnu af sjóðnum, að hlutfall handhafnar þeirra á sérstökum dráttarréttindum verði hið sama. Hver skuldugur þátttakandi skal greiða sjóðnum fjárhæð jafnháa skuld sinni í eigin gjaldeyri. Sjóðurinn skal útdeila þessum gjaldeyri og þeim kröfum, sem eftir kynnu að standa, milli þátttakenda í hlutfalli við sérstök dráttarréttindi í handhöfn hvers þeirra og skulu þessi sérstöku dráttarréttindi afnumin. Sjóðurinn skal síðan loka bókum hins sérstaka dráttarreiknings og öllum skuldbindingum sjóðsins, sem hlotist hafa af úthlutun sérstakra dráttarréttinda og rekstri hins sérstaka dráttarreiknings skal þar með lokið.

8. Hver þátttakandi ábyrgist, að gjaldeyri hans, sem úthlutað er til annarra þátttakenda samkvæmt þessum skrárauka, megi hvenær sem er nota hindrunarlaust til vörukaupa eða greiðslu skulda við hann eða aðila á landssvæði hans. Hver þátttakandi, sem þannig er skuldbundinn, samþykkir að bæta öðrum

the Fund. Payments of interest and charges shall be made in special drawing rights to the extent possible. A participant that does not hold sufficient special drawing rights to meet any charges shall make the payment with a currency specified by the Fund. Special drawing rights received as charges in amounts needed for administrative expenses shall not be used for the payment of interest, but shall be transferred to the Fund and shall be redeemed first and with the currencies used by the Fund to meet its expenses.

6. While a participant is in default with respect to any payment required by 1 or 5 above, no amounts shall be paid to it in accordance with 3 or 5 above.

7. If after the final payments have been made to participants each participant not in default does not hold special drawing rights in the same proportion to its net cumulative allocation, those participants holding a lower proportion shall purchase from those holding a higher proportion such amounts in accordance with arrangements made by the Fund as will make the proportion of their holdings of special drawing rights the same. Each participant in default shall pay to the Fund its own currency in an amount equal to its default. The Fund shall apportion this currency and any residual claims among participants in proportion to the amount of special drawing rights held by each and these special drawing rights shall be cancelled. The Fund shall then close the books of the Special Drawing Rights Department and all of the Fund's liabilities arising from the allocations of special drawing rights and the administration of the Special Drawing Rights Department shall cease.

8. Each participant whose currency is distributed to other participants under this Schedule guarantees the unrestricted use of such currency at all times for the purchase of goods or for payments of sums due to it or to persons in its territories. Each participant so obligated agrees to compensate other participants

þátttakendum sérhvert tap, sem hljótast kann af mun á gengi því, sem sjóðurinn notaði við úthlutun gjaldeyris hans samkvæmt þessum skrárauka, og gengi því, sem þessir þátttakendur verða að hlíta við sölu gjaldeyris hans.

SKRÁRAUKI J.

REIKNINGSSKIL VIÐ UPPSAGNARAÐILDARRÍKI

1. Reikningsskil, er varða almenna fjármagnsreikninginn, skulu gerð skv. ákvæðum liða 1—6 í þessum skrárauka. Sjóðurinn skal skuldbundinn til þess að greiða aðildarríki, sem segir upp aðild að sjóðnum, fjárhæð jafnháa kvóta þess, að viðbættum öðrum fjárhæðum, sem sjóðurinn skuldar því, en að frádregnum skuldum þess við sjóðinn, að meðtöldum gjöldum, sem til falla eftir uppsagnardag þess; en engin greiðsla skal gerð fyrr en sex mánuðum eftir uppsagnardag. Greiðslur skulu gerðar í gjaldeyri uppsagnaraðildarríkis, og í þeim tilgangi er sjóðnum heimilt að færa gjaldmiðil viðkomandi ríkis af sérstaka greiðslureikningnum eða fjárfestingarreikningnum yfir á almenna fjármagnsreikninginn í skiptum fyrir jafnvirði í gjaldmiðlum annarra ríkja á þeim reikningi, að vali sjóðsins og með þeirra samþykki.

2. Ef handhöfn sjóðsins á gjaldeyri uppsagnaraðildarríkis er ekki nóg til þess að greiða hreina skuld sjóðsins, skal jöfnuðurinn greiddur í auðskiptanlegum gjaldmiðlum. Ef sjóðurinn og uppsagnaraðildarríkið ná ekki samkomulagi innan sex mánaða frá uppsagnardegi, skal gjaldeyririnn, sem um ræðir og sjóðurinn hefur á hendi, greiddur þegar í stað til uppsagnaraðildarríkis. Jöfnuður, sem eftir stendur, skal greiddur með tíu misserislegum afborgunum á næstu fimm árum. Hver slík afborgun skal greidd að vali sjóðsins, annaðhvort með gjaldeyri uppsagnaraðildarríkis, sem aflað er eftir uppsögn þess, eða í auðskiptanlegum gjaldmiðli.

for any loss resulting from the difference between the value at which the Fund distributed its currency under this Schedule and the value realized by such participants on disposal of its currency.

SCHEDULE J

SETTLEMENT OF ACCOUNTS WITH MEMBERS WITHDRAWING

1. The settlement of account with respect to the General Resources Account shall be made according to 1 to 6 of this Schedule. The Fund shall be obligated to pay to a member withdrawing an amount equal to its quota, plus any other amounts due to it from the Fund, less any amounts due to the Fund, including charges accruing after the date of its withdrawal; but no payment shall be made until six months after the date of withdrawal. Payments shall be made in the currency of the withdrawing member, and for this purpose the Fund may transfer to the General Resources Account holdings of the member's currency in the Special Disbursement Account or in the Investment Account in exchange for an equivalent amount of the currencies of other members in the General Resources Account selected by the Fund with their concurrence.

2. If the Fund's holdings of the currency of the withdrawing member are not sufficient to pay the net amount due from the Fund, the balance shall be paid in a freely usable currency, or in such other manner as may be agreed. If the Fund and the withdrawing member do not reach agreement within six months of the date of withdrawal, the currency in question held by the Fund shall be paid forthwith to the withdrawing member. Any balance due shall be paid in ten half-yearly installments during the ensuing five years. Each such installment shall be paid, at the option of the Fund, either in the currency of the withdrawing member acquired after its withdrawal or in a freely usable currency.

3. Ef sjóðurinn stendur ekki skil á einhverri afborgun, sem greiða ber í samræmi við liðina hér að framan, skal uppsagnaraðildarríkinu heimilt að krefjast þess, að sjóðurinn greiði afborgunina með hvaða gjaldeyri sem er í handhöfn sjóðsins að undanskildum gjaldeyri, sem tilkynnt hefur verið að skortur sé á, samkvæmt 3. grein VII. kafla.

4. Ef handhöfn sjóðsins á gjaldeyri uppsagnaraðildarríkis er hærri en nemur fjárhæðinni, sem sjóðurinn skuldar því, og ef samkomulag um aðferð við reikningsskil næst ekki innan sex mánaða frá uppsagnardegi, skal aðildarríkið, fyrrverandi, skuldbundið til þess að innleysa þennan umframgjaldeyri með auðskiptanlegum gjaldmiðli þegar innlausnin fer fram. Innlausn skal framkvæmd á gengi því, sem í gildi er, daginn, sem ríkið segir upp aðild sinni að sjóðnum. Uppsagnaraðildarríkið skal ljúka innlausn innan fimm ára frá uppsagnardegi, eða innan lengra tímabils, sem sjóðnum er heimilt að ákveða, en það skal aldrei þurfa að greiða meira en einn tíunda af umframhandhöfn sjóðsins á gjaldeyri þess á hverju misseri að viðbættum þeim gjaldeyri, sem sjóðurinn eignast á misserinu. Ef uppsagnaraðildarríkið fullnægir ekki þessari skuldbindingu, er sjóðnum heimilt að selja með skipulegum hætti, á hvaða markaði sem er, gjaldeyrisfjárhæðir þær, sem innleysa átti.

5. Aðildarríki, sem vill fá gjaldeyri aðildarríkis, sem hefur sagt upp aðild, skal afla hans með því að kaupa af sjóðnum, að svo miklu leyti sem aðildarríki þetta hefur aðgang að fjármagni sjóðsins og slíkur gjaldeyrir er fáanlegur samkvæmt 4. lið hér að framan.

6. Uppsagnaraðildarríkið ábyrgist, að gjaldeyririnn, sem ráðstafað er, samkvæmt 4. og 5. lið hér að framan, megi ætíð nota hindrunarlaust til vörukaupa eða til greiðslu skulda við það eða aðila á landssvæðum þess. Það skal bæta sjóðnum sérhvert tap, sem hlýst af mun á gengi gjaldmiðilsins miðað við sérstök dráttarréttindi á uppsagnardaginn og þess, sem skilar sér miðað við sérstök dráttarrétt-

3. If the Fund fails to meet any installment which is due in accordance with the preceding paragraphs, the withdrawing member shall be entitled to require the Fund to pay the installment in any currency held by the Fund with the exception of any currency which has been declared scarce under Article VII, Section 3.

4. If the Fund's holdings of the currency of a withdrawing member exceed the amount due to it, and if agreement on the method of settling accounts is not reached within six months of the date of withdrawal, the former member shall be obligated to redeem such excess currency in a freely usable currency. Redemption shall be made at the rates at which the Fund would sell such currencies at the time of withdrawal from the Fund. The withdrawing member shall complete redemption within five years of the date of withdrawal, or within such longer period as may be fixed by the Fund, but shall not be required to redeem in any half-yearly period more than one-tenth of the Fund's excess holdings of its currency at the date of withdrawal plus further acquisitions of the currency during such half-yearly period. If the withdrawing member does not fulfill this obligation, the Fund may in an orderly manner liquidate in any market the amount of currency which should have been redeemed.

5. Any member desiring to obtain the currency of a member which has withdrawn shall acquire it by purchase from the Fund, to the extent that such member has access to the general resources of the Fund and that such currency is available under 4 above.

6. The withdrawing member guarantees the unrestricted use at all times of the currency disposed of under 4 and 5 above for the purchase of goods or for payment of sums due to it or to persons within its territories. It shall compensate the Fund for any loss resulting from the difference between the value of its currency in terms of the special drawing right on the date of withdrawal and the

indi er ráðstöfun fer fram skv. liðum 4 og 5 að framan.

7. Ef uppsagnaraðildarríkið er í skuld við sjóðinn vegna viðskipta um sérstaka greiðslureikninginn skv. V. kafla, grein 12 (f) (ii), skal sú skuld afgreidd á þann hátt, sem um var samið þá er skuldin varð til.

8. Varðveiti sjóðurinn gjaldmiðil uppsagnaraðilans á sérstaka greiðslureikningnum eða á fjárfestingarreikningnum getur hann á venjulegan hátt skipt hvar sem er gegn gjaldmiðlum annarra aðildarríkja þeirri upphæð, sem eftir verður á reikningnum að uppfylltum skilyrðunum, sem sett eru í lið 1 að framan og andvirði þessara viðskipta skal varðveitt á viðkomandi reikningum. Liður 5 að ofan og fyrsta setningin í lið 6 skulu eiga við gjaldmiðil uppsagnarríkisins.

9. Haldi sjóðurinn skuldbindingum uppsagnaraðilans á sérstaka greiðslureikningnum skv. V. kafla, grein 12 (h), eða á fjárfestingarreikningnum getur hann haldið þeim þar til þær hafa runnið skeið sitt eða losað sig við þær fyrr. Liður 8 að framan gildir um andvirði af sölu slíkra skuldbindinga.

10. Í því tilviki, að sjóðurinn sé tekinn til lokaskipta samkvæmt 2. grein XXVII. kafla, innan sex mánaða frá þeim degi, er aðildarríkið sagði upp aðild, skulu reikningsskil með sjóðnum og þessari ríkisstjórn fara fram í samræmi við 2. grein XXVII. kafla, og skrárauka K.

SKRÁRAUKI K

STJÓRN LOKASKIPTA

1. Komi til lokaskipta sjóðsins skulu aðrar skuldir sjóðsins en endurgreiðslur framlaga hafa forgang, þegar eignum sjóðsins er skipt. Við greiðslu sérhverrar þessara skulda skal sjóðurinn nota eignir sínar í eftirfarandi röð:

value realized in terms of the special drawing right by the Fund on disposal under 4 and 5 above.

7. If the withdrawing member is indebted to the Fund as the result of transactions conducted through the Special Disbursement Account under Article V, Section 12 (f) (ii), the indebtedness shall be discharged in accordance with the terms of the indebtedness.

8. If the Fund holds the withdrawing member's currency in the Special disbursement Account or in the Investment Account, the Fund may in an orderly manner exchange in any market for the currencies of members the amount of the currency of the withdrawing member remaining in each account after use under 1 above, and the proceeds of the exchange of the amount in each account shall be kept in that account. Paragraph 5 above and the first sentence of 6 above shall apply to the withdrawing member's currency.

9. If the Fund holds obligations of the withdrawing member in the Special Disbursement Account pursuant to Article V, Section 12 (h), or in the Investment Account, the Fund may hold them until the date of maturity or dispose of them sooner. Paragraph 8 above shall apply to the proceeds of such disinvestment.

10. In the event of the Fund going into liquidation under Article XXVII, Section 2 within six months of the date on which the member withdraws, the accounts between the Fund and that government shall be settled in accordance with Article XXVII, Section 2 and Schedule K.

SCHEDULE K

ADMINISTRATION OF LIQUIDATION

1. In the event of liquidation the liabilities of the Fund other than the repayment of subscriptions shall have priority in the distribution of the assets of the Fund. In meeting each such liability the Fund shall use its assets in the following order:

(a) gjaldeyri þann, sem skuldina skal greiða með,
(b) gull,
(c) allar aðrar tegundir gjaldeyris, að svo miklu leyti sem unnt er, í hlutföllum kvóta aðildarríkjanna.

2. Eftir lúkningu skulda sjóðsins í samræmi við 1. lið hér að framan, skal eftirstöðvum eigna sjóðsins skipt og útdeilt sem hér segir:

(a) (i) Sjóðurinn skal meta verðmæti þess gulls, sem hann átti 31. ágúst 1975 og á enn er lokaskiptin fara fram. Matið skal fara fram skv. ákvæðum liðs 9 að aftan og á grundvelli 0,888671 gramma innihalds gulls í einni einingu sérstakra dráttarréttinda þá er lokaskiptin fara fram. Þeirri upphæð, sem seinna matið er hærra en það fyrra, skal útdeilt meðal þeirra ríkja, sem gerst höfðu aðilar 31. ágúst 1975 í hlutfalli við kvóta þeirra þann dag.

(ii) Sjóðurinn útdeilir öllum eignum á sérstaka greiðslureikningnum þá er lokaskiptin fara fram til þeirra ríkja, sem gerst höfðu aðilar 31. ágúst 1975 í hlutfalli við kvóta þeirra þann dag. Sérhverri tegund eignar skal útdeilt hlutfallslega til aðildarríkjanna.

Sérhvert aðildarríki að samningi þessum sem hefur ekki getað tryggt, er það varð aðili að samningi þessum, skyldubundna ókeypis barnafræðslu á heimalandssvæði sínu eða öðrum landssvæðum undir lögsögu þess, tekst á hendur að útbúa og koma á innan tveggja ára nákvæmri framkvæmdaáætlun til þess að framfylgja í áföngum, innan hæfilegs árafjölda sem ákveðinn skal í áætluninni,

Article 14

Each State Party to the present Covenant which, at the time of becoming a Party, has not been able to secure in its metropolitan territory or other territories under its jurisdiction compulsory primary education, free of charge, undertakes, within two years, to work out and adopt a detailed plan of action for the progressive implementation, within a reasonable number of years, to be fixed

grundvallarreglunni um skyldubundna ókeypis menntun öllum til handa.

15. gr.

1. Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum viðurkenna rétt sérhvers manns:

(a) til þess að taka þátt í menningarlífi;

(b) til þess að njóta ábata af vísindalegum framförum og hagnýtingu þeirra;

(c) til þess að njóta ábata af verndun andlegra og efnislegra hagsmuna sem hljóta má af vísindalegum, bókmenntalegum og listrænum verkum sem hann er höfundur að.

2. Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum skulu gera ráðstafanir til þess að framfylgja þessum rétti að öllu leyti, þar á meðal nauðsynlegar ráðstafanir til varðveislu, þróunar og útbreiðslu vísinda og menningar.

3. Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum takast á hendur að virða það frelsi sem óhjákvæmilegt er til vísindalegra rannsókna og skapandi starfa.

4. Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum viðurkenna ábata þann sem hljóta má af eflingu og þróun alþjóðlegra samskipta og samvinnu á sviði vísinda og menningar.

IV. HLUTI

16. gr.

1. Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum takast á hendur að leggja fram, í samræmi við þennan hluta samningsins, skýrslur um þær ráðstafanir sem þau hafa gert og um framþróun þá sem orðið hefur til þess að gætt sé réttinda þeirra sem viðurkennd eru í samningi þessum.

2. (a) Allar skýrslur skulu lagðar fyrir aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem skal koma afritum til fjárhags- og félagsmálaráðsins til athugunar í samræmi við ákvæði samnings þessa.

(b) Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal einnig koma á framfæri

in the plan, of the principle of compulsory education free of charge for all.

Article 15

1. The States Parties to the present Covenant recognize the right of everyone:

(a) To take part in cultural life;

(b) To enjoy the benefits of scientific progress and its applications;

(c) To benefit from the protection of the moral and material interests resulting from any scientific, literary or artistic production of which he is the author.

2. The steps to be taken by the States Parties to the present Covenant to achieve the full realization of this right shall include those necessary for the conservation, the development and the diffusion of science and culture.

3. The States Parties to the present Covenant undertake to respect the freedom indispensable for scientific research and creative activity.

4. The States Parties to the present Covenant recognize the benefits to be derived from the encouragement and development of international contacts and co-operation in the scientific and cultural fields.

PART IV

Article 16

1. The States Parties to the present Covenant undertake to submit in conformity with this part of the Covenant reports on the measures which they have adopted and the progress made in achieving the observance of the rights recognized herein.

2. (a) All reports shall be submitted to the Secretary-General of the United Nations, who shall transmit copies to the Economic and Social Council for consideration in accordance with the provisions of the present Covenant;

(b) The Secretary-General of the United Nations shall also transmit to the

við sérstofnanirnar afritum af skýrslunum, eða þeim hlutum þeirra sem máli skipta, frá aðildarríkjum samnings þessa sem eru líka aðilar að þessum sérstofnunum að svo miklu leyti sem þessar skýrslur eða hlutar þeirra snerta einhver mál sem falla undir ábyrgð fyrrgreindra stofnana í samræmi við stofnskrár þeirra.

17. gr.

1. Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum skulu láta í té skýrslur sínar í áföngum í samræmi við áætlun sem fjárhags- og félagsmálaráðið skal gera innan eins árs frá gildistöku þessa samnings eftir að samráð hefur verið haft við aðildarríki þau og sérstofnanir sem í hlut eiga.

2. Í skýrslum má greina þau atriði og vandkvæði sem áhrif hafa á að hve miklu leyti skyldum samkvæmt samningi þessum hefur verið framfylgt.

3. Þar sem eitthvert ríki sem aðili er að samningi þessum hefur áður látið Sameinuðu þjóðunum eða einhverri sérstofnun í té upplýsingar sem máli skipta er ekki nauðsynlegt að láta þær upplýsingar í té aftur, en nákvæm tilvísan til þeirra upplýsinga sem þannig hafa verið látnar í té mun nægja.

18. gr.

Fjárhags- og félagsmálaráðið má, í samræmi við þá ábyrgð sem það ber samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna á sviði mannréttinda og grundvallarfrelsis, gera samkomulag við sérstofnanirnar um að þær láti ráðinu í té skýrslur um það sem áunnist hefur til efnda á þeim ákvæðum samnings þessa sem falla undir starfssvið þeirra. Í skýrslum þessum má greina frá sérstökum atriðum í ákvörðunum og ályktunum sem lögbærar stofnanir þeirra hafa samþykkt varðandi slíka framkvæmd.

19. gr.

Fjárhags- og félagsmálaráðið má koma á framfæri við mannréttindanefndina til athugunar og almennra ályktana eða, eftir

specialized agencies copies of the reports, or any relevant parts therefrom, from States Parties to the present Covenant which are also members of these specialized agencies in so far as these reports, or parts therefrom, relate to any matters which fall within the responsibilities of the said agencies in accordance with their constitutional instruments.

Article 17

1. The States Parties to the present Covenant shall furnish their reports in stages, in accordance with a programme to be established by the Economic and Social Council within one year of the entry into force of the present Covenant after consultation with the States Parties and the specialized agencies concerned.

2. Reports may indicate factors and difficulties affecting the degree of fulfilment of obligations under the present Covenant.

3. Where relevant information has previously been furnished to the United Nations or to any specialized agency by any State Party to the present Covenant, it will not be necessary to reproduce that information, but a precise reference to the information so furnished will suffice.

Article 18

Pursuant to its responsibilities under the Charter of the United Nations in the field of human rights and fundamental freedoms, the Economic and Social Council may make arrangements with the specialized agencies in respect of their reporting to it on the progress made in achieving the observance of the provisions of the present Covenant falling within the scope of their activities. These reports may include particulars of decisions and recommendations on such implementation adopted by their competent organs.

Article 19

The Economic and Social Council may transmit to the Commission on Human Rights for study and general recom-

því sem við á, til upplýsinga, skýrslum þeim varðandi mannréttindi sem ríkin leggja fram samkvæmt 16. og 17. gr. og skýrslur varðandi mannréttindi sem sérstofnanirnar leggja fram samkvæmt 18. gr.

20. gr.

Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum og þær sérstofnanir sem í hlut eiga mega koma á framfæri við fjárhags- og félagsmálaráðið athugasemdum um sérhverja almenna ályktun gerða samkvæmt 19. gr. eða um tilvísun til slíkrar almennrar ályktunar í skýrslu frá mannréttindanefndinni eða um hvert það skjal sem þar er greint frá.

21. gr.

Fjárhags- og félagsmálaráðið má leggja fyrir allsherjarþingið öðru hverju skýrslur með tillögum almenns eðlis og samantekt af upplýsingum sem mótteknar hafa verið frá ríkjum sem aðilar eru að samningi þessum og sérstofnunum um ráðstafanir sem gerðar hafa verið og um framþróun þá sem orðið hefur til þess að almennt sé gætt réttinda þeirra sem viðurkennd eru í samningi þessum.

22. gr.

Fjárhags- og félagsmálaráðið má vekja athygli annarra stofnana Sameinuðu þjóðanna, undirstofnana þeirra og sérstofnana þeirra sem falið er að láta í té tækniaðstoð, á öllum þeim málum sem greint er frá í skýrslum þeim sem vísað er til í þessum hluta samnings þessa og geta orðið þeim stofnunum til aðstoðar við að ákveða, hverri innan síns valdsviðs, hvort ráðlegt sé að hefjast handa um alþjóðlegar ráðstafanir sem líklegar séu til þess að stuðla að því að samningi þessum sé í vaxandi mæli framfylgt í reynd.

23. gr.

Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum eru ásátt um að meðal alþjóðlegra aðgerða til þess að framfylgja réttindum þeim sem viðurkennd eru í samningi þess-

mendation or, as appropriate, for information the reports concerning human rights submitted by States in accordance with articles 16 and 17, and those concerning human rights submitted by the specialized agencies in accordance with article 18.

Article 20

The States Parties to the present Covenant and the specialized agencies concerned may submit comments to the Economic and Social Council on any general recommendation under article 19 or reference to such general recommendation in any report of the Commission on Human Rights or any documentation referred to therein.

Article 21

The Economic and Social Council may submit from time to time to the General Assembly reports with recommendations of a general nature and a summary of the information received from the States Parties to the present Covenant and the specialized agencies on the measures taken and the progress made in achieving general observance of the rights recognized in the present Covenant.

Article 22

The Economic and Social Council may bring to the attention of other organs of the United Nations, their subsidiary organs and specialized agencies concerned with furnishing technical assistance any matters arising out of the reports referred to in this part of the present Covenant which may assist such bodies in deciding, each within its field of competence, on the advisability of international measures likely to contribute to the effective progressive implementation of the present Covenant.

Article 23

The States Parties to the present Covenant agree that international action for the achievement of the rights recognized in the present Covenant in-

um séu gerð samninga og ályktana, útvegun tækniaðstoðar, svæðisfundir og fundir um tæknimál sem skipulagðir eru til samráðs og athugana í samvinnu við hlutaðeigandi ríkisstjórnir.

24. gr.

Ekkert ákvæði samnings þessa skal túlkað svo að það skerði ákvæði sáttmála Sameinuðu þjóðanna né ákvæði stofnskráa sérstofnananna sem skilgreina skyldur hinna ýmsu stofnana Sameinuðu þjóðanna og sérstofnananna með tilliti til málefna sem fjallað er um í samningi þessum.

25. gr.

Ekkert ákvæði þessa samnings skal túlkað svo að það skerði þann rétt sem öllum þjóðum ber til þess að njóta og hagnýta til fullnustu og óhindrað náttúruauðæfi sín og auðlindir.

V. HLUTI

26. gr.

1. Þessi samningur skal liggja frammi til undirskriftar fyrir öll þau ríki sem aðilar eru að Sameinuðu þjóðunum eða sérstofnunum þeirra, fyrir aðildarríki að samþykktum Alþjóðadómstólsins og fyrir sérhvert það ríki sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur boðið að gerast aðili að samningi þessum.

2. Fullgilda skal samning þennan. Fullgildingarskjöl skal afhenda hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

3. Samningur þessi skal liggja frammi til aðildar fyrir hvert það ríki sem vikið er að í 1. mgr. þessarar greinar.

4. Aðild skal öðlast gildi með því að aðildarskjal er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

5. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum þeim ríkj-

cludes such methods as the conclusion of conventions, the adoption of recommendations, the furnishing of technical assistance and the holding of regional meetings and technical meetings for the purpose of consultation and study organized in conjunction with the Governments concerned.

Article 24

Nothing in the present Covenant shall be interpreted as impairing the provisions of the Charter of the United Nations and of the constitutions of the specialized agencies which define the respective responsibilities of the various organs of the United Nations and of the specialized agencies in regard to the matters dealt with in the present Covenant.

Article 25

Nothing in the present Covenant shall be interpreted as impairing the inherent right of all peoples to enjoy and utilize fully and freely their natural wealth and resources.

PART V

Article 26

1. The present Covenant is open for signature by any State Member of the United Nations or member of any of its specialized agencies, by any State Party to the Statute of the International Court of Justice, and by any other State which has been invited by the General Assembly of the United Nations to become a party to the present Covenant.

2. The present Covenant is subject to ratification. Instruments of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

3. The present Covenant shall be open to accession by any State referred to in paragraph 1 of this article.

4. Accession shall be effected by the deposit of an instrument of accession with the Secretary-General of the United Nations.

5. The Secretary-General of the United Nations shall inform all States which

um sem undirritað hafa þennan samning eða gerst aðilar að honum um afhendingu sérhvers fullgildingar- eða aðildarskjals.

27. gr.

1. Samningur þessi skal öðlast gildi þremur mánuðum eftir þann dag sem þrítugasta og fimmta fullgildingar- eða aðildarskjalið er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

2. Nú fullgildir ríki samning þennan eða gerist aðili að honum eftir afhendingu þrítugasta og fimmta fullgildingar- eða aðildarskjalsins til varðveislu og skal þá þessi samningur öðlast gildi gagnvart því ríki þremur mánuðum eftir þann dag sem það afhendir sitt eigið fullgildingar- eða aðildarskjal til varðveislu.

28. gr.

Ákvæði samnings þessa skulu ná til allra hluta sambandsríkja án nokkurra takmarkana eða undantekninga.

29. gr.

1. Hvert það ríki sem aðili er að samningi þessum má bera fram breytingartillögu og fá hana skráða hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Aðalframkvæmdastjórinn skal þá koma frambornum breytingartillögum til ríkja sem aðilar eru að samningi þessum ásamt tilmælum um að þau tilkynni honum hvort þau séu því hlynnt að haldin verði ráðstefna aðildarríkjanna til þess að athuga og greiða atkvæði um tillögurnar. Ef að minnsta kosti einn þriðji aðildarríkjanna er hlynntur slíkri ráðstefnu skal aðalframkvæmdastjórinn kalla saman ráðstefnuna undir umsjá Sameinuðu þjóðanna. Sérhver breytingartillaga sem samþykkt er af meirihluta þeirra aðildarríkja sem viðstödd eru og greiða atkvæði á ráðstefnunni skal lögð fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna til samþykktar.

2. Breytingartillögur skulu öðlast gildi þegar þær hafa verið samþykktar af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og af tveimur þriðju hluta ríkja þeirra sem aðilhave signed the present Covenant or acceded to it of the deposit of each instrument of ratification or accession.

Article 27

1. The present Covenant shall enter into force three months after the date of the deposit with the Secretary-General of the United Nations of the thirty-fifth instrument of ratification or instrument of accession.

2. For each State ratifying the present Covenant or acceding to it after the deposit of the thirty-fifth instrument of ratification or instrument of accession, the present Covenant shall enter into force three months after the date of the deposit of its own instrument of ratification or instrument of accession.

Article 28

The provisions of the present Covenant shall extend to all parts of federal States without any limitations or exceptions.

Article 29

1. Any State Party to the present Covenant may propose an amendment and file it with the Secretary-General of the United Nations. The Secretary-General shall thereupon communicate any proposed amendments to the States Parties to the present Covenant with a request that they notify him whether they favour a conference of States Parties for the purpose of considering and voting upon the proposals. In the event that at least one third of the State Parties favours such a conference, the Secretary-General shall convene the conference under the auspices of the United Nations. Any amendment adopted by a majority of the States Parties present and voting at the conference shall be submitted to the General Assembly of the United Nations for approval.

2. Amendments shall come into force when they have been approved by the General Assembly of the United Nations and accepted by a two-thirds majority

ar eru að samningi þessum í samræmi við stjórnskipunarhætti þeirra hvers um sig.

3. Þegar breytingartillögur öðlast gildi skulu þær vera bindandi fyrir þau aðildarríki sem hafa samþykkt þær, en önnur aðildarríki skulu áfram bundin af ákvæðum þessa samnings og sérhverri fyrri breytingartillögu sem þau hafa samþykkt.

30. gr.

Án tillits til tilkynninga samkvæmt 5. mgr. 26. gr. skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna tilkynna öllum þeim ríkjum sem vikið er að í 1. mgr. þeirrar greinar um eftirfarandi atriði:

(a) undirskriftir, fullgildingar og aðildir samkvæmt 26. gr.;

(b) gildistökudag þessa samnings samkvæmt 27. gr. og gildistökudag sérhverra breytingartillagna samkvæmt 29. gr.

31. gr.

1. Samningi þessum skal komið til varðveislu í skjalasafni Sameinuðu þjóðanna og eru textarnir á kínversku, ensku, frönsku, rússnesku og spönsku jafngildir.

2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal senda öllum þeim ríkjum sem vikið er að í 26. gr. staðfest afrit samnings þessa.

of the States Parties to the present Covenant in accordance with their respective constitutional processes.

3. When amendments come into force they shall be binding on those States Parties which have accepted them, other States Parties still being bound by the provisions of the present Covenant and any earlier amendment which they have accepted.

Article 30

Irrespective of the notifications made under article 26, paragraph 5, the Secretary-General of the United Nations shall inform all States referred to in paragraph 1 of the same article of the following particulars:

(a) Signatures, ratifications and accessions under article 26;

(b) The date of the entry into force of the present Covenant under article 27 and the date of the entry into force of any amendments under article 29.

Article 31

1. The present Covenant, of which the Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited in the archives of the United Nations.

2. The Secretary-General of the United Nations shall transmit certified copies of the present Covenant to all States referred to in article 26.

Fylgiskjal II. a

ALÞJÓÐASAMNINGUR UM BORGARALEG OG STJÓRNMÁLALEG RÉTTINDI

INNGANGSORÐ

Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum

hafa í huga, í samræmi við grundvallaratriði þau sem sett eru fram í sáttmála Sameinuðu þjóðanna, að viðurkenning á meðfæddri göfgi mannsins og jöfnum óað-

INTERNATIONAL COVENANT ON CIVIL AND POLITICAL RIGHTS

PREAMBLE

The States Parties to the present Covenant,

Considering that, in accordance with the principles proclaimed in the Charter of the United Nations, recognition of the inherent dignity and of the equal and

skiljanlegum réttindum allra manna sé grundvöllur frelsis, réttlætis og friðar í heiminum,

viðurkenna að þessi réttindi leiðir af meðfæddri göfgi mannsins,

viðurkenna, í samræmi við Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, að sú hugsjón að menn séu frjálsir og njóti borgaralegs og stjórnmálalegs frelsis, séu óttalausir og þurfi ekki að líða skort, rætist því aðeins að sköpuð verði skilyrði til þess að allir geti notið borgaralegra og stjórnmálalegra réttinda, jafnt sem efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda,

hafa í huga skyldur ríkja samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna til þess að stuðla að almennri virðingu fyrir og varðveislu mannréttinda og frelsis,

gera sér grein fyrir að einstaklingurinn sem hefur skyldur gagnvart öðrum einstaklingum og samfélagi því sem hann tilheyrir hefur þá ábyrgð að leitast við að stuðla að og halda í heiðri réttindi þau sem viðurkennd eru í þessum samningi,

samþykkja eftirfarandi greinar:

I. HLUTI

1. gr.

1. Allar þjóðir hafa sjálfsákvörðunarrétt. Vegna þess réttar ákveða þær frjálst stjórnmálalegar aðstæður sínar og framfylgja frjálst efnahagslegri, félagslegri og menningarlegri þróun sinni.

2. Allar þjóðir mega, í sínu eigin markmiði, ráðstafa óhindrað náttúruauðæfum og auðlindum sínum brjóti það ekki í bága við neinar skuldbindingar sem leiðir af alþjóðlegri efnahagssamvinnu, byggðri á grundvallarreglunni um gagnkvæman ábata, og þjóðarétti. Aldrei má svipta þjóð ráðum sínum til lífsviðurværis.

3. Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum, þar með talin þau sem bera ábyrgð á stjórnun lendna sem ekki ráða sér sjálfar og gæsluverndarlendna, skulu stuðla að viðurkenningu á sjálfsákvörðunarrétti og skulu virða þann rétt í samræmi við ákvæði sáttmálans.

inalienable rights of all members of the human family is the foundation of freedom, justice and peace in the world,

Recognizing that these rights derive from the inherent dignity of the human person,

Recognizing that, in accordance with the Universal Declaration of Human Rights, the ideal of free human beings enjoying civil and political freedom and freedom from fear and want can only be achieved if conditions are created whereby everyone may enjoy his civil and political rights, as well as his economic, social and cultural rights,

Considering the obligation of States under the Charter of the United Nations to promote universal respect for, and observance of, human rights and freedoms,

Realizing that the individual, having duties to other individuals and to the community to which he belongs, is under a responsibility to strive for the promotion and observance of the rights recognized in the present Covenant,

Agree upon the following articles:

PART I

Article 1

1. All peoples have the right of self-determination. By virtue of that right they freely determine their political status and freely pursue their economic, social and cultural development.

2. All peoples may, for their own ends, freely dispose of their natural wealth and resources without prejudice to any obligations arising out of international economic co-operation, based upon the principle of mutual benefit, and international law. In no case may a people be deprived of its own means of subsistence.

3. The States Parties to the present Covenant, including those having responsibility for the administration of Non-Self-Governing and Trust Territories, shall promote the realization of the right of self-determination, and shall respect

ræmi við ákvæði sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

II. HLUTI

2. gr.

1. Sérhvert ríki sem aðili er að samningi þessum tekst á hendur að virða og ábyrgjast öllum einstaklingum innan landssvæðis síns og undir lögsögu sinni réttindi þau sem viðurkennd eru í samningi þessum án nokkurs konar mismununar svo sem vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernisuppruna eða félagslegs uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna.

2. Sérhvert ríki sem aðili er að samningi þessum tekst á hendur, sé ekki þegar gert ráð fyrir því í lagaákvæðum sem fyrir eru eða með öðrum ráðstöfunum, að gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við stjórnskipulega meðferð og ákvæði þessa samnings, að koma á slíkum lögum eða öðrum ráðstöfunum er kunna að vera nauðsynlegar til þess að réttindum samkvæmt samningi þessum sé framfylgt.

3. Sérhvert ríki sem aðili er að samningi þessum tekst á hendur:

(a) að ábyrgjast að sérhver maður sem hefur viðurkenndan rétt eða frelsi eins og hér er viðurkennt og brotin hafa verið á honum, skuli fá raunhæfar úrbætur, enda þótt skerðingin hafi verið framin af mönnum sem fara með stjórnvald;

(b) að ábyrgjast að sérhver maður sem krefst slíkra úrbóta skuli fá rétt sinn til þessa ákveðinn af lögbæru dóms-, stjórn- eða löggjafarvaldi eða einhverju öðru lögbæru yfirvaldi sem gert er ráð fyrir í réttarkerfi ríkisins, og hlutast til um möguleika á úrbótum samkvæmt dómi;

(c) að ábyrgjast að lögbær yfirvöld skuli framfylgja slíkum úrbótum sem veittar hafa verið.

3. gr.

Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum takast á hendur að ábyrgjast jöfn réttindi til handa körlum og konum til

that right, in conformity with the provisions of the Charter of the United Nations.

PART II

Article 2

1. Each State Party to the present Covenant undertakes to respect and to ensure to all individuals within its territory and subject to its jurisdiction the rights recognized in the present Covenant, without distinction of any kind, such as race, colour, sex, language, religion, political or other opinion, national or social origin, property, birth or other status.

2. Where not already provided for by existing legislative or other measures, each State Party to the present Covenant undertakes to take the necessary steps, in accordance with its constitutional processes and with the provisions of the present Covenant, to adopt such legislative or other measures as may be necessary to give effect to the rights recognized in the present Covenant.

3. Each State Party to the present Covenant undertakes;

(a) To ensure that any person whose rights or freedoms as herein recognized are violated shall have an effective remedy, notwithstanding that the violation has been committed by persons acting in an official capacity;

(b) To ensure that any person claiming such a remedy shall have his right thereto determined by competent judicial, administrative or legislative authorities, or by any other competent authority provided for by the legal system of the State, and to develop the possibilities of judicial remedy;

(c) To ensure that the competent authorities shall enforce such remedies when granted.

Article 3

The States Parties to the present Covenant undertake to ensure the equal right of men and women to the enjoy-

þess að njóta allra þeirra borgaralegu og stjórnmálalegu réttinda sem sett eru fram í samningi þessum.

4. gr.

1. Þegar um er að ræða almennt neyðarástand sem ógnar lífi þjóðarinnar og slíku ástandi hefur verið opinberlega lýst yfir mega ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum gera ráðstafanir sem víkja frá skyldum þeirra samkvæmt samningi þessum að því marki sem bráðnauðsynlegt er vegna hættuástandsins að því tilskildu að slíkar ráðstafanir séu ekki í ósamræmi við aðrar skyldur þeirra samkvæmt þjóðarétti og feli ekki í sér mismunun sem byggist eingöngu á aðstæðum vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða eða félagslegs uppruna.

2. Ekki má víkja í neinu frá 6., 7., 8. (1. og 2. mgr.), 11., 15., 16. og 18. gr. samkvæmt þessu ákvæði

3. Sérhvert ríki sem aðili er að samningi þessum og notfærir sér rétt til fráviks skal þegar í stað tilkynna hinum ríkjunum sem aðilar eru að samningi þessum, fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjóra Samcinuðu þjóðanna, um þau ákvæði sem það hefur vikið frá og þær ástæður sem knúðu það til þess. Önnur orðsending skal send fyrir milligöngu sama þann dag sem það fellir slíkt frávik niður.

5. gr.

1. Ekkert í samningi þessum má túlka þannig að það feli í sér að ríki, hópur eða einstaklingur hafi rétt til þess að takast á hendur neinar athafnir né aðhafast neitt sem miðar að eyðileggingu neins þess réttar eða frelsis sem hér eru viðurkennd eða takmörkun á þeim að frekara marki en gert er ráð fyrir í þessum samningi.

2. Ekki skulu vera neinar takmarkanir á eða frávik frá neinum þeim grundvallarmannréttindum sem viðurkennd eru eða fyrir hendi eru í einhverju ríki, sem aðili er að samningi þessum, samkvæmt lögum, samningum, reglugerðum eða venju undir því yfirskini að samningur þessi viðurment of all civil and political rights set forth in the present Covenant.

Article 4

1. In time of public emergency which threatens the life of the nation and the existence of which is officially proclaimed, the States Parties to the present Covenant may take measures derogating from their obligations under the present Covenant to the extent strictly required by the exigencies of the situation, provided that such measures are not inconsistent with their other obligations under international law and do not involve discrimination solely on the ground of race, colour, sex, language, religion or social origin.

2. No derogation from articles 6, 7, 8 (paragraphs 1 and 2), 11, 15, 16 and 18 may be made under this provision.

3. Any State Party to the present Covenant availing itself of the right of derogation shall immediately inform the other States Parties to the present Covenant, through the intermediary of the Secretary-General of the United Nations, of the provisions from which it has derogated and of the reasons by which it was actuated. A further communication shall be made, through the same intermediary, on the date on which it terminates such derogation.

Article 5

1. Nothing in the present Covenant may be interpreted as implying for any State, group or person any right to engage in any activity or perform any act aimed at the destruction of any of the rights and freedoms recognized herein or at their limitation to a greater extent than is provided for in the present Covenant.

2. There shall be no restriction upon or derogation from any of the fundamental human rights recognized or existing in any State Party to the present Covenant pursuant to law, conventions, regulations or custom on the pretext that the present Covenant does not re-

kenni ekki slík réttindi eða viðurkenni þau að minna marki.

cognize such rights or that it recognizes them to a lesser extent.

III. HLUTI

6. gr.

1. Sérhver maður hefur meðfæddan rétt til lífs. Þennan rétt skal vernda með lögum. Engan mann má svipta lífi að geðþótta.

2. Í löndum sem ekki hafa afnumið dauðarefsingu má aðeins kveða upp dauðadóm fyrir alvarlegustu glæpi í samræmi við þau lög sem í gildi voru á þeim tíma er glæpurinn var framinn og ekki eru andstæð ákvæðum samnings þessa né ákvæðum sáttmálans um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir hópmorð. Þessari refsingu má aðeins framfylgja samkvæmt lokadómi, uppkveðnum af lögbærum dómstóli.

3. Þegar svipting lífs felur í sér hópmorð skal ljóst vera að ekkert í þessari grein skal heimila neinu ríki sem aðili er að samningi þessum að víkja á nokkurn hátt frá neinni skyldu sem það hefur gengist undir samkvæmt ákvæðum sáttmálans um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir hópmorð.

4. Hver sá maður sem dæmdur hefur verið til dauða skal eiga rétt á að sækja um náðun eða mildun á dóminum. Sakaruppgjöf, náðun eða mildun á dauðadómi má í öllum tilvikum veita.

5. Dauðadómi skal ekki beitt fyrir glæpi sem menn undir átján ára aldri hafa framið né framfylgt gagnvart vanfærum konum.

6. Engu í þessari grein skal beitt til þess að fresta eða koma í veg fyrir afnám dauðarefsingar í neinu ríki sem aðili er að samningi þessum.

PART III

Article 6

1. Every human being has the inherent right to life. This right shall be protected by law. No one shall be arbitrarily deprived of his life.

2. In countries which have not abolished the death penalty, sentence of death may be imposed only for the most serious crimes in accordance with the law in force at the time of the commission of the crime and not contrary to the provisions of the present Covenant and to the Convention on the Prevention and Punishment of the Crime of Genocide. This penalty can only be carried out pursuant to a final judgement rendered by a competent court.

3. When deprivation of life constitutes the crime of genocide, it is understood that nothing in this article shall authorize any State Party to the present Covenant to derogate in any way from any obligation assumed under the provisions of the Convention on the Prevention and Punishment of the Crime of Genocide.

4. Anyone sentenced to death shall have the right to seek pardon or commutation of the sentence. Amnesty, pardon or commutation of the sentence of death may be granted in all cases.

5. Sentence of death shall not be imposed for crimes committed by persons below eighteen years of age and shall not be carried out on pregnant woman.

6. Nothing in this article shall be invoked to delay or to prevent the abolition of capital punishment by any State Party to the present Covenant.

7. gr.

Enginn maður skal sæta pyndingum eða grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Sérstaklega skal enginn sæta án frjáls samþykkis hans læknisfræðilegum eða vísindalegum tilraunum.

Article 7

No one shall be subjected to torture or to cruel, inhuman or degrading treatment or punishment. In particular, no one shall be subjected without his free consent to medical or scientific experimentation.

8. gr.

1. Engum manni skal haldið í þrældómi; hvers konar þrældómur og þrælaverslun skulu vera bönnuð.

2. Engum manni skal haldið í þrælkun.

3. (a) Eigi skal þess krafist af neinum manni að hann vinni þvingunar- eða nauðungarvinnu;

(b) Ekki skal 3. mgr. (a) útiloka, í löndum þar sem fangelsun ásamt skyldu til erfiðisvinnu má beita sem refsingu fyrir glæp, að erfiðisvinna sé unnin í samræmi við dóm um slíka refsingu sem lögbær dómstóll kveður upp;

(c) „Þvingunar- og nauðungarvinna" í merkingu þessarar málsgreinar skal eigi taka til:

(i) vinnu eða þjónustu, sem ekki er getið í málslið (b), sem almennt er krafist af manni sem er í varðhaldi sem afleiðingu af löglegri skipun dómstóls, eða af manni sem hefur skilorðsbundið verið leystur úr slíku varðhaldi;

(ii) herþjónustu og, í löndum þar sem synjun til herþjónustu samvisku manna vegna er viðurkennd, þegnskylduvinnu sem krafist er að lögum af mönnum sem synja herþjónustu samvisku sinnar vegna;

(iii) þjónustu sem krafist er vegna hættu- eða neyðarástands sem ógnar lífi eða velferð almennings;

(iv) vinnu eða þjónustu sem er þáttur í venjulegum borgaraskyldum.

Article 8

1. No one shall be held in slavery; slavery and the slave-trade in all their forms shall be prohibited.

2. No one shall be held in servitude.

3. (a) No one shall be required to perform forced or compulsory labour;

(b) Paragraph 3 (a) shall not be held to preclude, in countries where imprisonment with hard labour may be imposed as a punishment for a crime, the performance of hard labour in pursuance of a sentence to such punishment by a competent court;

(c) For the purpose of this paragraph the term "forced or compulsory labour" shall not include:

(i) Any work or service, not referred to in sub-paragraph (b), normally required of a person who is under detention in consequence of a lawful order of a court, or of a person during conditional release from such detention;

(ii) Any service of a military character and, in countries where conscientious objection is recognized, any national service required by law of conscientious objectors;

(iii) Any service exacted in cases of emergency or calamity threatening the life or well-being of the community;

(iv) Any work or service which forms part of normal civil obligations.

9. gr.

1. Allir menn eiga rétt til frelsis og mannhelgi. Enginn maður skal sæta handtöku eða annarri frelsisskerðingu að geðþótta. Engan mann skal svipta frelsi nema af þeim ástæðum og í samræmi við þær aðferðir sem ákveðið er í lögum.

2. Hver sá maður sem tekinn er höndum skal þegar handtakan fer fram fá vitneskju um ástæðurnar fyrir handtökunni og skal án tafar tilkynnt um sakir þær sem hann er borinn.

Article 9

1. Everyone has the right to liberty and security of person. No one shall be subjected to arbitrary arrest or detention. No one shall be deprived of his liberty except on such grounds and in accordance with such procedure as are established by law.

2. Anyone who is arrested shall be informed, at the time of arrest, of the reasons for his arrest and shall be promptly informed of any charges against him.

3. Hvern þann mann sem tekinn er höndum eða sætir annarri frelsisskerðingu fyrir glæpsamlegar sakir skal án tafar færa fyrir dómara eða annað stjórnvald sem lögheimild hefur til að fara með dómsvald, og skal hann eiga rétt til rannsóknar á máli sínu fyrir dómi innan hæfilegs frests eða að vera látinn laus. Það skal ekki vera hin almenna regla að menn sem bíða rannsóknar máls fyrir dómi skuli hafðir í gæslu, en lausn má binda skilyrði um tryggingu fyrir því að mæta til rannsóknar í máli fyrir dómi, á sérhverju öðru stigi dómsmeðferðar og, ef tilefni gefst til, til að dóminum sé fullnægt.

4. Hver sá maður sem sviptur er frelsi með handtöku eða annarri frelsisskerðingu skal eiga rétt á að gera ráðstafanir fyrir dómi til þess að sá dómur geti ákveðið án tafar um lögmæti frelsisskerðingar hans og fyrirskipa að hann skuli látinn laus ef frelsisskerðingin er ólögmæt.

5. Hver sá maður sem ólöglega hefur verið tekinn höndum eða sætt annarri frelsisskerðingu skal eiga framkvæmanlegan rétt til skaðabóta.

10. gr.

1. Alla menn sem sviptir hafa verið frelsi skal fara með af mannúð og með virðingu fyrir meðfæddri göfgi mannsins.

2. (a) Menn sem ákærðir eru skulu, nema í sérstökum tilvikum, vera aðskildir frá sakfelldum mönnum og skulu sæta sérstakri meðferð sem hæfir aðstæðum þeirra sem ósakfelldum mönnum;

(b) Ákærðir, ófullveðja menn skulu vera aðskildir frá fullorðnum mönnum og skulu færðir svo fljótt sem unnt er til dómsálagningar.

3. Í refsikerfinu skal gert ráð fyrir meðferð fanga þar sem aðalmarkmiðið skal vera betrun og félagsleg endurhæfing þeirra. Ófullveðja brotamenn skulu aðskildir frá fullorðnum mönnum og sæta meðferð sem hæfir aldri þeirra og réttarstöðu.

3. Anyone arrested or detained on a criminal charge shall be brought promptly before a judge or other officer authorized by law to exercise judicial power and shall be entitled to trial within a reasonable time or to release. It shall not be the general rule that persons awaiting trial shall be detained in custody, but release may be subject to guarantees to appear for trial, at any other stage of the judicial proceedings, and, should occasion arise, for execution of the judgement.

4. Anyone who is deprived of his liberty by arrest or detention shall be entitled to take proceedings before a court, in order that that court may decide without delay on the lawfulness of his detention and order his release if the detention is not lawful.

5. Anyone who has been the victim of unlawful arrest or detention shall have an enforceable right to compensation.

Article 10

1. All persons deprived of their liberty shall be treated with humanity and with respect for the inherent dignity of the human person.

2. (a) Accused persons shall, save in exceptional circumstances, be segregated from convicted persons and shall be subject to separate treatment appropriate to their status as unconvicted persons;

(b) Accused juvenile persons shall be separated from adults and brought as speedily as possible for adjudication.

3. The penitentiary system shall comprise treatment of prisoners the essential aim of which shall be their reformation and social rehabilitation. Juvenile offenders shall be segregated from adults and be accorded treatment appropriate to their age and legal status.

11. gr.

Engan mann skal fangelsa eingöngu vegna þess að hann getur ekki efnt samningsbundna skyldu.

12. gr.

1. Hver sá sem er á löglegan hátt innan landssvæðis ríkis skal eiga rétt á umferðarfrelsi og frelsi til þess að velja sér dvalarstað á því landssvæði.

2. Allir menn skulu frjálsir að því að yfirgefa hvaða land sem er þar með talið sitt eigið land.

3. Ofangreindur réttur skal ekki vera neinum takmörkunum háður nema þeim sem ákveðnar eru í lögum, eru nauðsynlegar til þess að vernda þjóðaröryggi, allsherjarreglu (ordre public), heilbrigði almennings eða siðgæði, eða réttindi og frelsi annarra, og eru samrýmanlegar öðrum réttindum sem viðurkennd eru í samningi þessum.

4. Enginn maður skal að geðþótta sviptur rétti til þess að koma til síns eigin lands.

13. gr.

Útlendingi, sem er á löglegan hátt á landssvæði ríkis sem er aðili að samningi þessum, má aðeins vísa þaðan eftir ákvörðun sem tekin hefur verið í samræmi við lög og skal, nema þar sem brýnar ástæður vegna þjóðaröryggis krefjast annars, leyfast að skjóta ástæðunum gegn brottvísuninni til lögbærs stjórnvalds eða manns eða manna sem sérstaklega eru til þess tilnefndir af því lögbæra stjórnvaldi, og fá mál sitt tekið til endurskoðunar og hafa málsvarnarmann í þessu skyni.

14. gr.

1. Allir menn skulu vera jafnir fyrir dómstólunum. Við ákvarðanir, er menn hafa verið bornir sökum um glæpsamlegt athæfi, eða er ákveða skal um réttindi og skyldur manna í dómsmáli, skulu allir menn njóta réttlátrar og opinberrar rannsóknar fyrir lögbærum, óháðum og óhlutdrægum dómstóli sem stofnaður er með lögum. Blaðamönnum og almenningi má banna aðgang að réttarhöldum með öllu

Article 11

No one shall be imprisoned merely on the ground of inability to fulfil a contractual obligation.

Article 12

1. Everyone lawfully within the territory of a State shall, within that territory, have the right to liberty of movement and freedom to choose his residence.

2. Everyone shall be free to leave any country, including his own.

3. The above-mentioned rights shall not be subject to any restrictions except those which are provided by law, are necessary to protect national security, public order (*ordre public*), public **health or morals or the rights and freedoms of others, and are consistent with** the other rights recognized in the present Covenant.

4. No one shall be arbitrarily deprived of the right to enter his own country.

Article 13

An alien lawfully in the territory of a State Party to the present Covenant may be expelled therefrom only in pursuance of a decision reached in accordance with law and shall, except where compelling reasons of national security otherwise require, be allowed to submit the reasons against his expulsion and to have his case reviewed by, and be represented for the purpose before, the competent authority or a person or persons especially designated by the competent authority.

Article 14

1. All persons shall be equal before the courts and tribunals. In the determination of any criminal charge against him, or of his rights and obligations in a suit at law, everyone shall be entitled to a fair and public hearing by a competent, independent and impartial tribunal established by law. The Press and the public may be excluded from all or part of a trial for reasons of morals, public

eða að hluta þeirra vegna siðgæðis, allsherjarreglu (ordre public) eða þjóðaröryggis í lýðfrjálsu þjóðfélagi, eða þegar hagsmunir einkalífs aðila krefjast þess, eða að svo miklu leyti sem dómstóllinn telur brýna nauðsyn bera til í sérstökum tilvikum þar sem vitneskja almennings mundi skaða réttarhagsmuni, en alla dóma uppkveðna í sakamálum eða í einkamálum skal kunngera opinberlega nema þar sem hagsmunir ófullveðja manna krefjast annars eða réttarhöldin varða hjúskapardeilur eða lögráð barna.

2. Allir menn sem bornir eru sökum um glæpsamlegt athæfi eiga rétt á að vera taldir saklausir þar til þeir eru fundnir sekir að lögum.

3. Við ákvarðanir er maður hefur verið borinn sökum um glæpsamlegt athæfi skal hann eiga rétt á að honum séu tryggð eftirtalin lágmarksréttindi sem skulu talin fullkomlega jafnrétthá:

(a) að fá tafarlaust vitneskju, á máli sem hann skilur, um eðli og orsök kærunnar gegn honum í einstökum atriðum;

(b) að hafa nægilegan tíma og aðstöðu til þess að undirbúa vörn sína og að hafa samband við málsvara sem hann velur sér sjálfur;

(c) að mál hans sé rannsakað án óhæfilegrar tafar;

(d) að mál hans sé rannsakað í hans viðurvist og að verja sig sjálfur eða að verja sig fyrir lögfræðilega aðstoð sem hann velur sér sjálfur; að honum sé tilkynnt, hafi hann ekki lögfræðilega aðstoð, um þennan rétt hans; og að honum sé séð fyrir lögfræðilegri aðstoð í öllum þeim tilvikum sem réttarhagsmunir krefjast þess, og án greiðslu af hans hálfu í öllum slíkum tilvikum, hafi hann ekki næg efni til þess að greiða aðstoðina;

(e) að spyrja eða láta spyrja vitni sem leidd eru gegn honum og að hans vitni komi fyrir og séu spurð við sömu aðstæður og vitni sem leidd eru gegn honum;

(f) að fá ókeypis aðstoð túlks ef hann skilur ekki eða talar ekki mál það sem notað er fyrir dómi;

order (*ordre public*) or national security in a democratic society, or when the interest of the private lives of the parties so requires, or to the extent strictly necessary in the opinion of the court in special circumstances where publicity would prejudice the interests of justice; but any judgement rendered in a criminal case or in a suit at law shall be made public except where the interest of juvenile persons otherwise requires or the proceedings concern matrimonial disputes or the guardianship of children.

2. Everyone charged with a criminal offence shall have the right to be presumed innocent until proved guilty according to law.

3. In the determination of any criminal charge against him, everyone shall be entitled to the following minimum guarantees, in full equality:

(a) To be informed promptly and in detail in a language which he understands of the nature and cause of the charge against him;

(b) To have adequate time and facilities for the preparation of his defence and to communicate with counsel of his own choosing;

(c) To be tried without undue delay;

(d) To be tried in his presence, and to defend himself in person or through legal assistance of his own choosing; to be informed, if he does not have legal assistance, of this right; and to have legal assistance assigned to him, in any case where the interests of justice so require, and without payment by him in any such case if he does not have sufficient means to pay for it;

(e) To examine, or have examined, the witnesses against him and to obtain the attendance and examination of witnesses on his behalf under the same conditions as witnesses against him;

(f) To have the free assistance of an interpreter if he cannot understand or speak the language used in court;

(g) að vera ekki þröngvað til þess að bera gegn sjálfum sér eða að játa sök.

4. Sé um að ræða ófullveðja menn skal málsmeðferð vera slík að tekið sé tillit til aldurs þeirra og þeirrar viðleitni að stuðla að endurhæfingu þeirra.

5. Hver sá sem sakfelldur hefur verið fyrir glæp skal eiga rétt á að sakfelling hans og dómur séu endurskoðuð af æðra dómi samkvæmt lögum.

6. Nú hefur maður verið sakfelldur fyrir glæpsamlegt athæfi með lokadómi en hann síðan verið sýknaður eða hann hefur verið náðaður vegna þess að ný eða nýuppgötvuð staðreynd sýnir ótvírætt að réttarspjöll hafa verið framin, þá skal sá maður sem hefur þolað refsingu vegna slíkrar sakfellingar fá bætur samkvæmt lögum nema sannað sé að það var að öllu eða nokkru leyti um að kenna honum sjálfum að hin óupplýsta staðreynd kom ekki í ljós á réttum tíma.

7. Enginn skal þurfa að þola að mál hans sé rannsakað fyrir dómi eða honum refsað í annað sinn fyrir misgerð sem hann hefur þegar verið sakfelldur fyrir eða sýknaður af með lokadómi samkvæmt lögum og réttarfari í sakamálum í því landi sem um ræðir.

15. gr.

1. Engan skal telja sekan um glæpsamlegt athæfi hafi verknaður sá eða aðgerðaleysi sem hann er borinn ekki varðað refsingu að landslögum eða þjóðarétti á þeim tíma er verknaðurinn eða aðgerðaleysið átti sér stað. Eigi má heldur dæma hann til þyngri refsingar en þeirrar sem að lögum var leyfð þegar verknaðurinn var framinn. Nú er, eftir að hið glæpsamlega athæfi var framið, lögleitt ákvæði þar sem beita má vægari refsingu og skal þá misgerðismaðurinn njóta góðs af því.

2. Ekkert ákvæði þessarar greinar skal fyrirgirða réttarrannsókn og refsingu á hendur neinum manni fyrir verknað eða aðgerðaleysi sem var refsivert, þegar það var framið, samkvæmt almennum grundvallarreglum laga, viðurkenndum af samfélagi þjóðanna.

(g) Not to be compelled to testify against himself or to confess guilt.

4. In the case of juvenile persons, the procedure shall be such as will take account of their age and the desirability of promoting their rehabilitation.

5. Everyone convicted of a crime shall have the right to his conviction and sentence being reviewed by a higher tribunal according to law.

6. When a person has by a final decision been convicted of a criminal offence and when subsequently his conviction has been reversed or he has been pardoned on the ground that a new or newly discovered fact shows conclusively that there has been a miscarriage of justice, the person who has suffered punishment as a result of such conviction shall be compensated according to law, unless it is proved that the non-disclosure of the unknown fact in time is wholly or partly attributable to him.

7. No one shall be liable to be tried or punished again for an offence for which he has already been finally convicted or acquitted in accordance with the law and penal procedure of each country.

Article 15

1. No one shall be held guilty of any criminal offence on account of any act or omission which did not constitute a criminal offence, under national or international law, at the time when it was committed. Nor shall a heavier penalty be imposed than the one that was applicable at the time when the criminal offence was committed. If, subsequent to the commission of the offence, provision is made by law for the imposition of a lighter penalty, the offender shall benefit thereby.

2. Nothing in this article shall prejudice the trial and punishment of any person for any act or omission which, at the time when it was committed, was criminal according to the general principles of law recognized by the community of nations.

16. gr.

Allir skulu eiga rétt til þess að vera viðurkenndir hvar sem er sem aðilar að lögum.

17. gr.

1. Enginn skal þurfa að þola geðþóttaeða ólögmæta röskun á einkalífi, fjölskyldu, heimili eða bréfaskiptum, né ólögmætar árásir á heiður eða mannorð sitt.

2. Allir eiga rétt á lagavernd gegn slíkri röskun eða árásum.

18. gr.

1. Allir menn skulu frjálsir hugsana sinna, sannfæringar og trúar. Í þessum rétti felst frelsi til þess að hafa eða aðhyllast trú eða skoðun að þeirra vali, og frelsi til þess að láta í ljós trú sína eða játningu, einir sér eða í félagi við aðra, opinberlega eða einslega, með tilbeiðslu, helgihaldi, guðsþjónustu og kennslu.

2. Enginn skal þurfa að sæta þvingun sem mundi hefta frelsi hans til þess að hafa eða aðhyllast trú eða skoðun að hans vali.

3. Frelsi til þess að láta í ljós trú eða skoðun skal einungis háð þeim takmörkunum sem mælt er í lögum og eru nauðsynlegar til þess að vernda öryggi almennings, reglu, heilbrigði eða siðgæði, eða grundvallarréttindi og frelsi annarra.

4. Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum takast á hendur að virða frelsi foreldra og, eftir því sem við á, lögráðamanna til þess að tryggja trúarlegt og siðferðislegt uppeldi barna sinna í samræmi við þeirra eigin sannfæringu.

19. gr.

1. Allir skulu eiga rétt á að ráða skoðunum sínum afskiptalaust.

2. Allir skulu eiga rétt til að láta í ljós skoðanir sínar; í þessum rétti felst frelsi til þess að leita, taka við og miðla alls konar vitneskju og hugmyndum án tillits til landamæra, annað hvort munnlega, skriflega eða á prenti, í formi lista,

Article 16

Everyone shall have the right to recognition everywhere as a person before the law.

Article 17

1. No one shall be subjected to arbitrary or unlawful interference with his privacy, family, home or correspondence, nor to unlawful attacks on his honour and reputation.

2. Everyone has the right to the protection of the law against such interference or attacks.

Article 18

1. Everyone shall have the right to freedom of thought, conscience and religion. This right shall include freedom to have or to adopt a religion or belief of his choice, and freedom, either individually or in community with others and in public or private, to manifest his religion or belief in worship, observance, practice and teaching.

2. No one shall be subject to coercion which would impair his freedom to have or to adopt a religion or belief of his choice.

3. Freedom to manifest one's religion or beliefs may be subject only to such limitations as are prescribed by law and are necessary to protect public safety, order, health, or morals or the fundamental rights and freedoms of others.

4. The States Parties to the present Covenant undertake to have respect for the liberty of parents and, when applicable, legal guardians to ensure the religious and moral education of their children in conformity with their own convictions.

Article 19

1. Everyone shall have the right to hold opinions without interference.

2. Everyone shall have the right to freedom of expression; this right shall include freedom to seek, receive and impart information and ideas of all kinds, regardless of frontiers, either orally, in writing or in print, in the form of art,

eða eftir hverjum öðrum leiðum að þeirra vali.

3. Sérstakar skyldur og ábyrgð felast í því að nota sér réttindi þau sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar. Því má takmarka þessi réttindi að vissu marki, en þó aðeins að því marki sem mælt er í lögum og er nauðsynlegt:

(a) til þess að virða réttindi eða mannorð annarra;

(b) til þess að vernda þjóðaröryggi eða allsherjarreglu (ordre public), eða heilbrigði almennings eða siðgæði.

or through any other media of his choice.

3. The exercise of the rights provided for in paragraph 2 of this article carries with it special duties and responsibilities. It may therefore be subject to certain restrictions, but these shall only be such as are provided by law and are necessary:

(a) For respect of the rights or reputations of others;

(b) For the protection of national security or of public order (*ordre public*), or of public health or morals.

20. gr.

1. Allur stríðsáróður skal bannaður með lögum.

2. Allur málflutningur til stuðnings haturs af þjóðernis-, kynþáttar- eða trúarbragðalegum toga spunnið sem felur í sér hvatningu um mismunun, fjandskap eða ofbeldi skal bannaður með lögum.

Article 20

1. Any propaganda for war shall be prohibited by law.

2. Any advocacy of national, racial or religious hatred that constitutes incitement to discrimination, hostility or violence shall be prohibited by law.

21. gr.

Rétt skal mönnum að koma saman með friðsömum hætti. Eigi skal réttur þessi öðrum takmörkunum háður en þeim sem settar eru í samræmi við lög og nauðsynlegar eru í lýðfrjálsu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða öryggis almennings, allsherjarreglu (ordre public), verndunar heilbrigði almennings eða siðgæðis, eða til verndunar réttindum og frelsi annarra.

Article 21

The right of peaceful assembly shall be recognized. No restrictions may be placed on the exercise of this right other than those imposed in conformity with the law and which are necessary in a democratic society in the interests of national security or public safety, public order (*ordre public*), the protection of public health or morals or the protection of the rights and freedoms of others.

22. gr.

1. Allir eiga rétt á að mynda félög með öðrum, þar á meðal að stofna og ganga í stéttarfélög til verndar hagsmunum sínum.

2. Eigi skal réttur þessi háður öðrum takmörkunum en þeim sem mælt er í lögum og nauðsynlegar eru í lýðfrjálsu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða öryggis almennings, allsherjarreglu (ordre public), verndunar heilbrigði almennings eða siðgæðis, eða til verndunar réttindum og frelsi annarra. Grein þessi skal ekki vera því til fyrirstöðu að lögmætar takmarkanir séu settar við því að her-

Article 22

1. Everyone shall have the right to freedom of association with others, including the right to form and join trade unions for the protection of his interests.

2. No restrictions may be placed on the exercise of this right other than those which are prescribed by law and which are necessary in a democratic society in the interests of national security or public safety, public order (*ordre public*), the protection of public health or morals or the protection of the rights and freedoms of others. This article shall not prevent the imposition of lawful restric-

liðar og lögreglumenn beiti þessum réttindum.

3. Ekkert í grein þessari skal heimila ríkjum, sem aðilar eru að samþykkt á vegum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá 1948 um félagafrelsi og verndun þess, að gera ráðstafanir með lögum sem myndu skaða eða beita lögum á þann hátt að það myndi skaða það sem tryggt er í þeirri samþykkt.

tions on members of the armed forces and of the police in their exercise of this right.

3. Nothing in this article shall authorize States Parties to the International Labour Organisation Convention of 1948 concerning Freedom of Association and Protection of the Right to Organize to take legislative measures which would prejudice, or apply the law in such a manner as to prejudice, the guarantees provided for in that Convention.

23. gr.

1. Fjölskyldan er hin eðlilega grundvallarhópeining þjóðfélagsins og á rétt á vernd þjóðfélagsins og ríkisins.

2. Réttur karla og kvenna á hjúskaparaldri til þess að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu skal viðurkenndur.

3. Ekki skal stofnað til hjúskapar nema með frjálsu og fullkomnu samþykki hjónaefnanna.

4. Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja jöfn réttindi og jafnar skyldur hjóna varðandi stofnun hjúskapar, á meðan á hjúskap stendur og við slit hjúskapar. Við hjúskaparslit skal gera ráðstafanir varðandi nauðsynlega vernd barna.

Article 23

1. The family is the natural and fundamental group unit of society and is entitled to protection by society and the State.

2. The right of men and women of marriageable age to marry and to found a family shall be recognized.

3. No marriage shall be entered into without the free and full consent of the intending spouses.

4. States Parties to the present Covenant shall take appropriate steps to ensure equality of rights and responsibilities of spouses as to marriage, during marriage and at its dissolution. In the case of dissolution, provision shall be made for the necessary protection of any children.

24. gr.

1. Öll börn skulu eiga rétt á þeim verndarráðstöfunum sem þau þarfnast vegna aðstæðna þeirra sem ófullveðja, af hendi fjölskyldu sinnar, þjóðfélagsins og ríkisins án nokkurrar mismununar vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, þjóðernisuppruna eða félagslegs uppruna, eigna eða ætternis.

2. Öll börn skulu skráð þegar eftir fæðingu og skulu bera nafn.

3. Öll börn eiga rétt á að öðlast þjóðerni.

Article 24

1. Every child shall have, without any discrimination as to race, colour, sex, language, religion, national or social origin, property or birth, the right to such measures of protection as are required by his status as a minor, on the part of his family, society and the State.

2. Every child shall be registered immediately after birth and shall have a name.

3. Every child has the right to acquire a nationality.

25. gr.

Án mismununar þeirrar sem um getur í 2. gr. og án ósanngjarnra takmarkana

Article 25

Every citizen shall have the right and the opportunity, without any of the

skal sérhver borgari eiga rétt á og hafa tækifæri til:

(a) að taka þátt í opinberri starfsemi, á beinan hátt eða fyrir milligöngu fulltrúa sem eru kosnir á frjálsan hátt;

(b) að kjósa og vera kjörinn í raunverulegum reglubundnum kosningum þar sem almennur og jafn kosningaréttur gildir og kosið er leynilegri kosningu sem tryggir frjálsa viljayfirlýsingu kjósendanna;

(c) að hafa aðgang að opinberu starfi í landi sínu á almennum jafnréttisgrundvelli.

26. gr.

Allir eru jafnir fyrir lögunum og eiga rétt á sömu lagavernd án nokkurrar mismununar. Lögin skulu því í þessu skyni banna hvers konar mismunun og ábyrgjast öllum mönnum jafna og raunhæfa vernd gegn mismunun svo sem vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernisuppruna eða félagslegs uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna.

27. gr.

Í þeim ríkjum þar sem staðfélags-, trúarbragða- eða tungumálaminnihlutahópar eru skal þeim sem tilheyra slíkum minnihlutahópum ekki neitað um rétt til þess, í samfélagi við aðra í þeirra hópi, að njóta menningar sinnar, að játa og þjóna sinni eigin trú eða að nota sitt eigið tungumál.

IV. HLUTI

28. gr.

1. Stofna skal mannréttindanefnd (í samningi þessum hér á eftir kölluð nefndin). Hún skal skipuð átján nefndarmönnum og skal framkvæma þau störf sem mælt er um hér á eftir.

2. Nefndin skal skipuð þegnum þeirra ríkja sem aðilar eru að samningi þessum og skulu þeir vera gæddir góðum siðgæðiseiginleikum og vera viðurkenndir

distinctions mentioned in article 2 and without unreasonable restrictions:

(a) To take part in the conduct of public affairs, directly or through freely chosen representatives;

(b) To vote and to be elected at genuine periodic elections which shall be by universal and equal suffrage and shall be held by secret ballot, guaranteeing the free expression of the will of the electors;

(c) To have access, on general terms of equality, to public service in his country.

Article 26

All persons are equal before the law and are entitled without any discrimination to the equal protection of the law. In this respect, the law shall prohibit any discrimination and guarantee to all persons equal and effective protection against discrimination on any ground such as race, colour, sex, language, religion, political or other opinion, national or social origin, property, birth or other status.

Article 27

In those States in which ethnic, religious or linguistic minorities exist, persons belonging to such minorities shall not be denied the right, in community with the other members of their group, to enjoy their own culture, to profess and practice their own religion, or to use their own language.

PART IV

Article 28

1. There shall be established a Human Rights Committee (hereafter referred to in the present Covenant as the Committee). It shall consist of eighteen members and shall carry out the functions hereinafter provided.

2. The Committee shall be composed of nationals of the States Parties to the present Covenant who shall be persons of high moral character and recognized

að þekkingu á sviði mannréttinda og skal höfð í huga gagnsemi af þátttöku nokkurra manna sem hafa reynslu í lagastörfum.

3. Nefndarmenn skulu kjörnir og skulu starfa sem einstaklingar.

competence in the field of human rights, consideration being given to the usefulness of the participation of some persons having legal experience.

3. The members of the Committee shall be elected and shall serve in their personal capacity.

29. gr.

1. Nefndarmenn skulu kjörnir í leynilegum kosningum af lista með nöfnum manna sem hafa til að bera þá eiginleika sem mælt er í 28. gr. og tilnefndir eru í þessum tilgangi af ríkjum þeim sem aðilar eru að samningi þessum.

2. Sérhvert ríki sem aðili er að samningi þessum má tilnefna tvo menn en ekki fleiri. Þessir menn skulu vera þegnar þess lands sem tilnefnir þá.

3. Tilnefna má menn til endurkjörs.

Article 29

1. The members of the Committee shall be elected by secret ballot from a list of persons possessing the qualifications prescribed in article 28 and nominated for the purpose by the States Parties to the present Covenant.

2. Each State Party to the present Covenant may nominate not more than two persons. These persons shall be nationals of the nominating State.

3. A person shall be eligible for renomination.

30. gr.

1. Fyrstu kosningarnar skulu fara fram eigi síðar en sex mánuðum eftir að þessi samningur gengur í gildi.

2. Minnst fjórum mánuðum fyrir hvern kjördag til nefndarkosninga, annarra en kosninga til að skipa sæti sem lýst hefur verið laust í samræmi við 34. gr., skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna senda skriflegt erindi til ríkja þeirra sem aðilar eru að samningi þessum um að leggja fram tilnefningu til nefndarskipunar innan þriggja mánaða.

3. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal gera skrá í stafrófsröð um alla þá sem þannig eru tilnefndir og gefa til kynna aðildarríkin sem hafa tilnefnt þá, og skal leggja hana fyrir ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum eigi síðar en mánuði fyrir kjördag.

4. Kosning nefndarmanna skal fara fram á fundi aðildarríkja samnings þessa sem aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna kallar saman í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna. Á þeim fundi, þar

Article 30

1. The initial election shall be held no later than six months after the date of the entry into force of the present Covenant.

2. At least four months before the date of each election to the Committee, other than an election to fill a vacancy declared in accordance with article 34, the Secretary-General of the United Nations shall address a written invitation to the States Parties to the present Covenant to submit their nominations for membership of the Committee within three months.

3. The Secretary-General of the United Nations shall prepare a list in alphabetical order of all the persons thus nominated, with an indication of the States Parties which have nominated them, and shall submit it to the States Parties to the present Covenant no later than one month before the date of each election.

4. Elections of the members of the Committee shall be held at a meeting of the States Parties to the present Covenant convened by the Secretary-General of the United Nations at the Headquar-

sem tveir þriðju ríkja þeirra sem aðilar eru að samningi þessum skulu mynda lögmætan fund, skulu þeir, sem tilnefndir hafa verið, taldir kjörnir í nefndina sem hljóta flest atkvæði og hreinan meirihluta atkvæða fulltrúa aðildarríkjanna sem viðstaddir eru og greiða atkvæði.

31. gr.

1. Í nefndinni má ekki vera nema einn þegn sama ríkis.

2. Við kosningu í nefndina skal höfð í huga sanngjörn landfræðileg skipting nefndarmanna og að þeir séu fulltrúar hinna mismunandi menningartegunda og helstu lagakerfa.

32. gr.

1. Kjörtímabil nefndarmanna skal vera fjögur ár. Þá má endurkjósa ef þeir eru tilnefndir aftur. Þó skal kjörtímabil níu nefndarmanna sem kosnir eru í fyrstu kosningunum renna út að tveimur árum liðnum; þegar eftir fyrstu kosningarnar skal formaður fundarins sem um getur í 4. mgr. 30. gr. velja nöfn þessara níu nefndarmanna með hlutkesti.

2. Við lok embættisþjónustu skulu kosningar fara fram í samræmi við undanfarandi greinar þessa hluta samnings þessa.

33. gr.

1. Nú er það samhljóða álit annarra nefndarmanna að nefndarmaður hefur hætt að rækja starf af öðrum orsökum en tímabundinni fjarvist, og skal þá formaður nefndarinnar þegar tilkynna það aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem skal þá lýsa sæti þess nefndarmanns laust.

2. Þegar um er að ræða andlát eða afsögn nefndarmanns skal formaður nefndarinnar þegar tilkynna það aðalframters of the United Nations. At that meeting, for which two thirds of the States Parties to the present Covenant shall constitute a quorum, the persons elected to the Committee shall be those nominees who obtain the largest number of votes and an absolute majority of the votes of the representatives of States Parties present and voting.

Article 31

1. The Committee may not include more than one national of the same State.

2. In the election of the Committee, consideration shall be given to equitable geographical distribution of membership and to the representation of the different forms of civilization and of the principal legal systems.

Article 32

1. The members of the Committee shall be elected for a term of four years. They shall be eligible for re-election if renominated. However, the terms of nine of the members elected at the first election shall expire at the end of two years; immediately after the first election, the names of these nine members shall be chosen by lot by the Chairman of the meeting referred to in article 30, paragraph 4.

2. Elections at the expiry of office shall be held in accordance with the preceding articles of this part of the present Covenant.

Article 33

1. If, in the unanimous opinion of the other members, a member of the Committee has ceased to carry out his functions for any cause other than absence of a temporary character, the Chairman of the Committee shall notify the Secretary-General of the United Nations, who shall then declare the seat of that member to be vacant.

2. In the event of the death or the resignation of a member of the Committee, the Chairman shall immediately

kvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem skal lýsa sætið laust frá dánardegi eða þeim degi er afsögnin tekur gildi.

34. gr.

1. Þegar lýst er lausu sæti í samræmi við 33. gr. og renni embættistímabil nefndarmanns, sem skipa skal fyrir, ekki út innan sex mánaða frá yfirlýsingunni um að sætið væri laust, skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna tilkynna þetta öllum ríkjum þeim sem aðilar eru að samningi þessum sem mega innan tveggja mánaða leggja fram tilnefningar í samræmi við 29. gr. til þess að skipa hið lausa sæti.

2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal gera skrá í stafrófsröð um þá sem þannig eru tilnefndir og leggja hana fyrir ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum. Kosningar til þess að skipa laust sæti skulu síðan fara fram í samræmi við þau ákvæði þessa hluta samnings þessa sem við eiga.

3. Nefndarmaður sem kjörinn er til þess að skipa sæti sem lýst hefur verið laust í samræmi við 33. gr. skal gegna embætti það sem eftir er kjörtímabils þess nefndarmanns sem vék úr sæti í nefndinni samkvæmt ákvæðum þeirrar greinar.

35. gr.

Nefndarmenn skulu, með samþykki allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, fá greiðslur af efnum Sameinuðu þjóðanna með þeim skilmálum og skilyrðum sem allsherjarþingið kann að ákveða og skal það taka tillit til þess hve ábyrgð nefndarinnar er mikilvæg.

36. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal láta í té nauðsynlegt starfslið og aðstöðu til þess að nefndin geti rækt starf sitt á fullnægjandi hátt samkvæmt þessum samningi.

notify the Secretary-General of the United Nations, who shall declare the seat vacant from the date of death or the date on which the resignation takes effect.

Article 34

1. When a vacancy is declared in accordance with article 33 and if the term of office of the member to be replaced does not expire within six months of the declaration of the vacancy, the Secretary-General of the United Nations shall notify each of the States Parties to the present Covenant, which may within two months submit nominations in accordance with article 29 for the purpose of filling the vacancy.

2. The Secretary-General of the United Nations shall prepare a list in alphabetical order of the persons thus nominated and shall submit it to the States Parties to the present Covenant. The election to fill the vacancy shall then take place in accordance with the relevant provisions of this part of the present Covenant.

3. A member of the Committee elected to fill a vacancy declared in accordance with article 33 shall hold office for the remainder of the term of the member who vacated the seat on the Committee under the provisions of that article.

Article 35

The members of the Committee shall, with the approval of the General Assembly of the United Nations, receive emoluments from United Nations resources on such terms and conditions as the General Assembly may decide, having regard to the importance of the Committee's responsibilities.

Article 36

The Secretary-General of the United Nations shall provide the necessary staff and facilities for the effective performance of the functions of the Committee under the present Covenant.

37. gr.

1. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal kalla saman fyrsta fund nefndarinnar í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna.

2. Eftir fyrsta fund sinn skal nefndin koma saman á þeim tímum sem kveðið skal á um í fundarsköpum hennar.

3. Nefndin skal að jafnaði koma saman í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna eða í skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Genf.

38. gr.

Áður en nefndarmaður hefur störf skal hann gefa hátíðlega yfirlýsingu á opnum nefndarfundi um að hann muni rækja störf sín af óhlutdrægni og samviskusemi.

39. gr.

1. Nefndin skal kjósa embættismenn sína til tveggja ára kjörtímabils. Þá má endurkjósa.

2. Nefndin skal setja sér sín eigin fundarsköp, en þessi fundarsköp skulu meðal annars gera ráð fyrir að:

(a) tólf nefndarmenn myndi löglegan fund;

(b) ákvarðanir nefndarinnar skuli teknar með atkvæðum meirihluta nefndarmanna sem viðstaddir eru.

40. gr.

1. Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum takast á hendur að leggja fram skýrslur um þær ráðstafanir sem þau hafa gert og veita gildi þeim réttindum sem hér eru viðurkennd og um vaxandi viðgang þessara réttinda:

(a) innan eins árs frá gildistöku þessa samnings fyrir viðkomandi aðildarríki;

(b) síðan hvenær sem nefndin óskar þeirra.

2. Allar skýrslur skulu lagðar fyrir aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem skal koma þeim á framfæri við nefndina til athugunar. Skýrslurnar skulu greina þau atriði og vandkvæði, ef einhver eru, sem hafa áhrif á framkvæmd samnings þessa.

Article 37

1. The Secretary-General of the United Nations shall convene the initial meeting of the Committee at the Headquarters of the United Nations.

2. After its initial meeting, the Committee shall meet at such times as shall be provided in its rules of procedure.

3. The Committee shall normally meet at the Headquarters of the United Nations or at the United Nations Office at Geneva.

Article 38

Every member of the Committee shall, before taking up his duties, make a solemn declaration in open committee that he will perform his functions impartially and conscientiously.

Article 39

1. The Committee shall elect its officers for a term of two years. They may be re-elected.

2. The Committee shall establish its own rules of procedure, but these rules shall provide, *inter alia*, that:

(a) Twelve members shall constitute a quorum;

(b) Decisions of the Committee shall be made by a majority vote of the members present.

Article 40

1. The States Parties to the present Covenant undertake to submit reports on the measures they have adopted which give effect to the rights recognized herein and on the progress made in the enjoyment of those rights:

(a) Within one year of the entry into force of the present Covenant for the States Parties concerned;

(b) Thereafter whenever the Committee so requests.

2. All reports shall be submitted to the Secretary-General of the United Nations, who shall transmit them to the Committee for consideration. Reports shall indicate the factors and difficulties, if any, affecting the implementation of the present Covenant.

3. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna má, að höfðu samráði við nefndina, koma á framfæri við viðeigandi sérstofnanir afritum af þeim hlutum skýrslnanna sem kunna að falla undir valdsvið þeirra.

4. Nefndin skal athuga skýrslur þær sem aðildarríki að samningi þessum leggja fram. Hún skal koma skýrslum sínum á framfæri við aðildarríkin svo og þeim almennu umsögnum sem hún telur tilhlýðilegar. Nefndin má einnig koma þessum umsögnum á framfæri við fjárhags- og félagsmálaráðið ásamt afritum af þeim skýrslum sem hún hefur móttekið frá ríkjum sem aðilar eru að samningi þessum.

5. Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum mega leggja fyrir nefndina athugasemdir við umsagnir sem kunna að vera gerðar samkvæmt 4. mgr. þessarar greinar.

3. The Secretary-General of the United Nations may, after consultation with the Committee, transmit to the specialized agencies concerned copies of such parts of the reports as may fall within their field of competence.

4. The Committee shall study the reports submitted by the States Parties to the present Covenant. It shall transmit its reports, and such general comments as it may consider appropriate, to the States Parties. The Committee may also transmit to the Economic and Social Council these comments along with the copies of the reports it has received from States Parties to the present Covenant.

5. The States Parties to the present Covenant may submit to the Committee observations on any comments that may be made in accordance with paragraph 4 of this article.

41. gr.

1. Ríki sem aðili er að samningi þessum má hvenær sem er lýsa því yfir samkvæmt þessari grein að það viðurkenni lögbæri nefndarinnar til þess að taka við og athuga orðsendingar þess efnis að aðildarríki heldur því fram að annað aðildarríki framfylgi ekki skyldum sínum samkvæmt þessum samningi. Orðsendingum samkvæmt þessari grein má því aðeins veita móttöku og taka til athugunar að þær séu lagðar fram af aðildarríki sem hefur gefið yfirlýsingu um að það viðurkenni lögbæri nefndarinnar gagnvart sér sjálfu. Nefndin skal ekki veita móttöku neinni orðsendingu ef það varðar aðildarríki sem hefur ekki gefið slíka yfirlýsingu. Orðsendingar sem mótteknar eru samkvæmt þessari grein skulu hljóta eftirfarandi meðferð:

(a) Ef ríki sem aðili er að þessum samningi telur að annað aðildarríki framfylgi ekki ákvæðum þessa samnings, má það vekja athygli þess aðildarríkis á málinu með skriflegri orðsendingu. Innan þriggja mánaða frá móttöku orðsendingarinnar skal móttökuríkið láta ríkinu sem sendi orðsendinguna í té skýringu eða hverja

Article 41

1. A State Party to the present Covenant may at any time declare under this article that it recognizes the competence of the Committee to receive and consider communications to the effect that a State Party claims that another State Party is not fulfilling its obligations under the present Covenant. Communications under this article may be received and considered only if submitted by a State Party which has made a declaration recognizing in regard to itself the competence of the Committee. No communication shall be received by the Committee if it concerns a State Party which has not made such a declaration. Communications received under this article shall be dealt with in accordance with the following procedure:

(a) If a State Party to the present Covenant considers that another State Party is not giving effect to the provisions of the present Covenant, it may, by written communication, bring the matter to the attention of that State Party. Within three months after the receipt of the communication, the receiving

aðra skriflega greinargerð sem varpar ljósi á málið, sem ætti að hafa að geyma, að svo miklu leyti sem hægt er og eftir því sem við á, tilvísun til þeirra aðgerða og úrbóta sem teknar hafa verið, sem til athugunar eru, eða sem tiltækar eru í málinu innanlands.

(b) Ef málið er ekki útkljáð svo fullnægjandi sé fyrir bæði þau aðildarríki sem í hlut eiga innan sex mánaða frá því að móttökuríkið veitti upphaflegu orðsendingunni móttöku, skal hvoru ríki um sig rétt að vísa málinu til nefndarinnar með tilkynningu til hennar og hins ríkisins.

(c) Nefndin skal því aðeins fjalla um mál sem vísað er til hennar að hún hafi áður fullvissað sig um að í málinu hafi verið beitt og tæmdar allar úrbætur innanlands í samræmi við almennt viðurkenndar grundvallarreglur þjóðaréttar. Þetta skal ekki gilda ef ráðstafanir til úrbóta eru dregnar óhæfilega á langinn.

(d) Nefndin skal halda lokaða fundi þegar hún rannsakar orðsendingar samkvæmt þessari grein.

(e) Að áskildum ákvæðum málsliðar (c) skal nefndin veita hlutaðeigandi aðildarríkjum liðsinni sitt af fremsta megni með það fyrir augum að komast að vinsamlegri lausn í málinu, byggðri á virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi eins og þau eru viðurkennd í samningi þessum.

(f) Í hverju því máli sem vísað er til nefndarinnar má hún beina til hlutaðeigandi aðildarríkja sem vikið er að í málslið (b) að láta í té allar upplýsingar sem máli skipta.

(g) Hlutaðeigandi aðildarríki sem vikið er að í málslið (b) eiga rétt á að eiga málsvara þegar málið er til athugunar hjá nefndinni og leggja sitt af mörkum munnlega og/eða skriflega.

(h) Innan tólf mánaða frá móttökudegi tilkynningar samkvæmt málslið (b) skal nefndin leggja fram skýrslu:

(i) Náist lausn samkvæmt ákvæðum

State shall afford the State which sent the communication an explanation or any other statement in writing clarifying the matter, which should include, to the extent possible and pertinent, reference to domestic procedures and remedies taken, pending, or available in the matter.

(b) If the matter is not adjusted to the satisfaction of both States Parties concerned within six months after the receipt by the receiving State of the initial communication, either State shall have the right to refer the matter to the Committee, by notice given to the Committee and to the other State.

(c) The Committee shall deal with a matter referred to it only after it has ascertained that all available domestic remedies have been invoked and exhausted in the matter, in conformity with the generally recognized principles of international law. This shall not be the rule where the application of the remedies is unreasonably prolonged.

(d) The Committee shall hold closed meetings when examining communications under this article.

(e) Subject to the provisions of sub-paragraph (c), the Committee shall make available its good offices to the States Parties concerned with a view to a friendly solution of the matter on the basis of respect for human rights and fundamental freedoms as recognized in the present Covenant.

(f) In any matter referred to it, the Committee may call upon the States Parties concerned, referred to in sub-paragraph (b), to supply any relevant information.

(g) The States Parties concerned, referred to in sub-paragraph (b), shall have the right to be represented when the matter is being considered in the Committee and to make submissions orally and/or in writing.

(h) The Committee shall, within twelve months after the date of receipt of notice under sub-paragraph (b), submit a report:

(i) If a solution within the terms of

málsliðar (e) skal nefndin einskorða skýrslu sína við stutta greinargerð um staðreyndir og lausn þá sem náðst hefur;

(ii) Náist ekki lausn samkvæmt ákvæðum málsliðar (e) skal nefndin einskorða skýrslu sína við stutta greinargerð um staðreyndir málsins; þau skriflegu gögn sem lögð voru fram af hlutaðeigandi aðildarríkjum svo og bókun um það sem munnlega kom fram af þeirra hálfu skulu fylgja skýrslunni.

Skýrslunni skal jafnan komið á framfæri við hlutaðeigandi aðildarríki.

2. Ákvæði þessarar greinar skulu öðlast gildi þegar tíu ríki sem aðilar eru að samningi þessum hafa gefið út yfirlýsingu samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Aðildarríkin skulu afhenda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna þessar yfirlýsingar og skal hann koma afritum af þeim til annarra aðildarríkja. Yfirlýsingu má afturkalla hvenær sem er með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Slík afturköllun skal ekki hafa áhrif á athugun á máli sem greinir í orðsendingu sem þegar hefur verið komið á framfæri samkvæmt þessari grein; engar frekari orðsendingar neins aðildarríkis skulu mótteknar eftir að aðalframkvæmdastjórinn hefur móttekið tilkynningu um afturköllun nema viðkomandi aðildarríki hafi gefið nýja yfirlýsingu.

sub-paragraph (e) is reached, the Committee shall confine its report to a brief statement of the facts and of the solution reached;

(ii) If a solution within the terms of sub-paragraph (e) is not reached, the Committee shall confine its report to a brief statement of the facts; the written submissions and record of the oral submissions made by the States Parties concerned shall be attached to the report.

In every matter, the report shall be communicated to the States Parties concerned.

2. The provisions of this article shall come into force when ten States Parties to the present Covenant have made declarations under paragraph 1 of this article. Such declarations shall be deposited by the States Parties with the Secretary-General of the United Nations, who shall transmit copies thereof to the other States Parties. A declaration may be withdrawn at any time by notification to the Secretary-General. Such a withdrawal shall not prejudice the consideration of any matter which is the subject of a communication already transmitted under this article; no further communication by any State Party shall be received after the notification of withdrawal of the declaration has been received by the Secretary-General, unless the State Party concerned has made a new declaration.

42. gr.

1. (a) Nú er mál sem vísað er til nefndarinnar í samræmi við 41. gr. ekki leyst svo hlutaðeigandi aðildarríkjum þyki fullnægjandi og má þá nefndin, að fengnu samþykki hlutaðeigandi ríkja, skipa sérstaka sáttanefnd (hér á eftir kölluð sáttanefndin). Sáttanefndin skal veita hlutaðeigandi ríkjum liðsinni sitt af fremsta megni með það fyrir augum að komast að vinsamlegri lausn í málinu, byggðri á virðingu fyrir samningi þessum.

Article 42

1. (a) If a matter referred to the Committee in accordance with article 41 is not resolved to the satisfaction of the States Parties concerned, the Committee may, with the prior consent of the States Parties concerned, appoint an *ad hoc* Conciliation Commission (hereinafter referred to as the Commission). The good offices of the Commission shall be made available to the States Parties concerned with a view to an amicable solution of the matter on the basis of respect for the present Covenant;

(b) Sáttanefndin skal skipuð fimm mönnum sem aðildarríkin sem í hlut eiga fallast á. Hafi hlutaðeigandi aðildarríki ekki komist að samkomulagi innan þriggja mánaða um skipan allrar eða hluta sáttanefndarinnar skulu þeir sáttanefndarmenn sem ekki hefur náðst samkomulag um kosnir af mannréttindanefndinni úr hennar hópi leynilegri kosningu með tveimur þriðju hlutum atkvæða.

2. Sáttanefndarmenn skulu starfa sem einstaklingar. Þeir skulu ekki vera þegnar þeirra aðildarríkja sem í hlut eiga, né ríkis sem ekki er aðili að samningi þessum, né aðildarríkis sem ekki hefur gefið yfirlýsingu samkvæmt 41. gr.

3. Sáttanefndin skal sjálf kjósa sér formann og setja sér sín eigin fundarsköp.

4. Fundir sáttanefndarinnar skulu að jafnaði haldnir í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna eða í skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Genf. Þó má halda þá á öðrum hentugum stöðum sem sáttanefndin kann að ákveða í samráði við aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og hlutaðeigandi aðildarríki.

5. Skrifstofa sú sem gert er ráð fyrir í 36. gr. skal einnig starfa fyrir sáttanefndir þær sem skipaðar eru samkvæmt þessari grein.

6. Upplýsingar sem mannréttindanefndin hefur móttekið og safnað saman skulu vera sáttanefndinni til reiðu og má sáttanefndin skora á ríkin sem í hlut eiga að láta í té allar aðrar upplýsingar sem máli skipta.

7. Þegar sáttanefndin hefur athugað málið til hlítar, þó alls ekki síðar en tólf mánuðum eftir að hafa fengið málið til meðferðar, skal hún leggja fyrir formann nefndarinnar skýrslu sem koma skal á framfæri við hlutaðeigandi aðildarríki:

(a) Geti sáttanefndin ekki lokið athugun sinni á málinu innan tólf mánaða skal hún einskorða skýrslu sína við stutta greinargerð um hve langt athugunin hefur náð;

(b) The Commission shall consist of five persons acceptable to the States Parties concerned. If the States Parties concerned fail to reach agreement within three months on all or part of the composition of the Commission, the members of the Commission concerning whom no agreement has been reached shall be elected by secret ballot by a two-thirds majority vote of the Committee from among its members.

2. The members of the Commission shall serve in their personal capacity. They shall not be nationals of the States Parties concerned, or of a State not party to the present Covenant, or of a State Party which has not made a declaration under article 41.

3. The Commission shall elect its own Chairman and adopt its own rules of procedure.

4. The meetings of the Commission shall normally be held at the Headquarters of the United Nations or at the United Nations Office at Geneva. However, they may be held at such other convenient places as the Commission may determine in consultation with the Secretary-General of the United Nations and the States Parties concerned.

5. The secretariat provided in accordance with article 36 shall also service the commissions appointed under this article.

6. The information received and collated by the Committee shall be made available to the Commission and the Commission may call upon the States Parties concerned to supply any other relevant information.

7. When the Commission has fully considered the matter, but in any event not later than twelve months after having been seized of the matter, it shall submit to the Chairman of the Committee a report for communication to the States Parties concerned:

(a) If the Commission is unable to complete its consideration of the matter within twelve months, it shall confine its report to a brief statement of the status of its consideration of the matter;

(b) Hafi vinsamleg lausn málsins náðst á grundvelli virðingar fyrir mannréttindum eins og þau eru viðurkennd í samningi þessum skal sáttanefndin einskorða skýrslu sína við stutta greinargerð um staðreyndirnar og þá lausn sem náðst hefur.

(c) Náist ekki lausn samkvæmt ákvæðum málsliðar (b) skal í skýrslu sáttanefndarinnar greint frá því sem nefndin hefur orðið áskynja varðandi hvers kyns staðreyndir er snerta ágreiningsmál hlutaðeigandi aðildarríkja og áliti hennar á möguleikum til vinsamlegrar lausnar málsins. Skýrsla þessi skal enn fremur hafa að geyma þau skriflegu gögn sem lögð voru fram af hlutaðeigandi aðildarríkjum svo og bókanir um það sem munnlega kom fram af þeirra hálfu.

(d) Sé skýrsla sáttanefndarinnar lögð fyrir eins og greinir í málslið (c) skulu aðildarríki þau sem í hlut eiga tilkynna formanni nefndarinnar innan þriggja mánaða frá móttöku skýrslunnar hvort þau fallist á efni skýrslu sáttanefndarinnar eða ekki.

8. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á ábyrgð mannréttindanefndarinnar samkvæmt 41. gr.

9. Aðildarríki þau sem í hlut eiga skulu bera að jöfnu allan kostnað sáttanefndarmannanna í samræmi við útreikning sem aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna lætur í té.

10. Aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna skal heimilt að greiða kostnað sáttanefndarmannanna, ef nauðsyn krefur, áður en endurgreiðsla af hálfu hlutaðeigandi aðildarríkja er innt af hendi í samræmi við 9. mgr. þessarar greinar.

(b) If an amicable solution to the matter on the basis of respect for human rights as recognized in the present Covenant is reached, the Commission shall confine its report to a brief statement of the facts and of the solution reached;

(c) If a solution within the terms of sub-paragraph (b) is not reached, the Commission's report shall embody its findings on all questions of fact relevant to the issues between the States Parties concerned, and its views on the possibilities of an amicable solution of the matter. This report shall also contain the written submissions and a record of the oral submissions made by the States Parties concerned;

(d) If the Commission's report is submitted under sub-paragraph (c), the States Parties concerned shall, within three months of the receipt of the report, notify the Chairman of the Committee whether or not they accept the contents of the report of the Commission.

8. The provisions of this article are without prejudice to the responsibilities of the Committee under article 41.

9. The States Parties concerned shall share equally all the expenses of the members of the Commission in accordance with estimates to be provided by the Secretary-General of the United Nations.

10. The Secretary-General of the United Nations shall be empowered to pay the expenses of the members of the Commission, if necessary, before reimbursement by the States Parties concerned, in accordance with paragraph 9 of this article.

43. gr.

Þeir sem sæti eiga í mannréttindanefndinni og sérstökum sáttanefndum sem skipaðar kunna að vera samkvæmt 42. gr. skulu eiga rétt á aðstöðu, sérréttindum og griðhelgi sérfræðinga í erindagerðum fyrir Sameinuðu þjóðirnar svo sem ákveðið er í þeim köflum samnings um réttindi og griðhelgi Sameinuðu þjóðanna sem við eiga.

Article 43

The members of the Committee, and of the *ad hoc* conciliation commissions which may be appointed under article 42, shall be entitled to the facilities, privileges and immunities of experts on mission for the United Nations as laid down in the relevant sections of the Convention on the Privileges and Immunities of the United Nations.

44. gr.

Ákvæði um framkvæmd samnings þessa skulu eigi hafa áhrif á neina þá meðferð sem mælt er fyrir um á sviði mannréttinda samkvæmt stofnskrá og samningum Sameinuðu þjóðanna og sérstofnananna og skulu ekki vera því til fyrirstöðu að ríki sem eru aðilar að samningi þessum leiti annarra úrræða til lausnar deilumáls í samræmi við almenna eða sérstaka alþjóðasamninga sem í gildi eru milli þeirra.

45. gr.

Nefndin skal leggja ársskýrslu um starfsemi sína fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna fyrir milligöngu fjárhags- og félagsmálaráðsins.

V. HLUTI

46. gr.

Ekkert ákvæði samnings þessa skal túlkað svo að það skerði ákvæði sáttmála Sameinuðu þjóðanna né ákvæði stofnskráa sérstofnananna sem skilgreina skyldur hinna ýmsu stofnana Sameinuðu þjóðanna og sérstofnananna með tilliti til málefna sem fjallað er um í samningi þessum.

47. gr.

Ekkert ákvæði samnings þessa skal túlkað svo að það skerði þann rétt sem öllum þjóðum ber til þess að njóta og hagnýta til fullnustu og óhindrað náttúruauðæfi sín og auðlindir.

VI. HLUTI

48. gr.

1. Þessi samningur skal liggja frammi til undirskriftar fyrir öll þau ríki sem aðilar eru að Sameinuðu þjóðunum eða sérstofnunum þeirra, fyrir aðildarríki að samþykktum Alþjóðadómstólsins og fyrir sérhvert það ríki sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur boðið að gerast aðili að samningi þessum.

2. Fullgilda skal samning þennan. Fullgildingarskjöl skal afhenda aðal-

Article 44

The provisions for the implementation of the present Covenant shall apply without prejudice to the procedures prescribed in the field of human rights by or under the constituent instruments and the conventions of the United Nations and of the specialized agencies and shall not prevent the States Parties to the present Covenant from having recourse to other procedures for settling a dispute in accordance with general or special international agreements in force between them.

Article 45

The Committee shall submit to the General Assembly of the United Nations, through the Economic and Social Council, an annual report on its activities.

PART V

Article 46

Nothing in the present Covenant shall be interpreted as impairing the provisions of the Charter of the United Nations and of the constitutions of the specialized agencies which define the respective responsibilities of the various organs of the United Nations and of the specialized agencies in regard to the matters dealt with in the present Covenant.

Article 47

Nothing in the present Covenant shall be interpreted as impairing the inherent right of all peoples to enjoy and utilize fully and freely their natural wealth and resources.

PART VI

Article 48

1. The present Covenant is open for signature by any State Member of the United Nations or member of any of its specialized agencies, by any State Party to the Statute of the International Court of Justice, and by any other State which has been invited by the General Assembly of the United Nations to become a party to the present Covenant.

2. The present Covenant is subject to ratification. Instruments of ratification

framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

3. Samningur þessi skal liggja frammi til aðildar fyrir hvert það ríki sem vikið er að í 1. mgr. þessarar greinar.

4. Aðild skal öðlast gildi með því að aðildarskjal er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

5. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum þeim ríkjum sem undirritað hafa þennan samning eða gerst aðilar að honum um afhendingu sérhvers fullgildingar- eða aðildarskjals.

49. gr.

1. Samningur þessi skal öðlast gildi þremur mánuðum eftir þann dag sem þrítugasta og fimmta fullgildingar- eða aðildarskjalið er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

2. Nú fullgildir ríki samning þennan eða gerist aðili að honum eftir afhendingu þrítugasta og fimmta fullgildingar- eða aðildarskjalsins til varðveislu og skal þá þessi samningur öðlast gildi gagnvart því ríki þremur mánuðum eftir þann dag sem það afhendir sitt eigið fullgildingar- eða aðildarskjal til varðveislu.

50. gr.

Ákvæði samnings þessa skulu ná til allra hluta sambandsríkja án nokkurra takmarkana eða undantekninga.

51. gr.

1. Hvert það ríki sem aðili er að samningi þessum má bera fram breytingartillögu og fá hana skráða hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal þá koma frambornum breytingartillögum til ríkja sem aðilar eru að samningi þessum ásamt tilmælum um að þau tilkynni honum hvort þau séu því hlynnt að haldin verði ráðstefna aðildarríkjanna til þess að athuga og greiða atkvæði um tillögurnar. Ef að minnsta kosti einn þriðji aðildarríkjanna er

shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

3. The present Covenant shall be open to accession by any State referred to in paragraph 1 of this article.

4. Accession shall be effected by the deposit of an instrument of accession with the Secretary-General of the United Nations.

5. The Secretary-General of the United Nations shall inform all States which have signed this Covenant or acceded to it of the deposit of each instrument of ratification or accession.

Article 49

1. The present Covenant shall enter into force three months after the date of the deposit with the Secretary-General of the United Nations of the thirty-fifth instrument of ratification or instrument of accession.

2. For each State ratifying the present Covenant or acceding to it after the deposit of the thirty-fifth instrument of ratification or instrument of accession, the present Covenant shall enter into force three months after the date of the deposit of its own instrument of ratification or instrument of accession.

Article 50

The provisions of the present Covenant shall extend to all parts of federal States without any limitations or exceptions.

Article 51

1. Any State Party to the present Covenant may propose an amendment and file it with the Secretary-General of the United Nations. The Secretary-General of the United Nations shall thereupon communicate any proposed amendments to the States Parties to the present Covenant with a request that they notify him whether they favour a conference of States Parties for the purpose of considering and voting upon the proposals. In the event that at least one third of the States Parties favours such a conference, the Secretary-

hlynntur slíkri ráðstefnu skal aðalframkvæmdastjórinn kalla saman ráðstefnuna undir umsjá Sameinuðu þjóðanna. Sérhver breytingartillaga sem samþykkt er af meirihluta þeirra aðildarríkja sem viðstödd eru og greiða atkvæði á ráðstefnunni skal lögð fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna til samþykktar.

2. Breytingartillögur skulu öðlast gildi þegar þær hafa verið samþykktar af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og af tveimur þriðju hluta ríkja þeirra sem aðilar eru að samningi þessum í samræmi við stjórnskipunarhætti þeirra hvers um sig.

ties of such territories or take such other measures as may be appropriate, in order to extend the present Convention to that territory and may at any time by notification in writing to the Secretary-General of the Organization declare that the present Convention shall extend to such territory.

2. The present Convention shall, from the date of receipt of the notification or from such other date as may be specified in the notification, extend to the territory named therein.

3. The United Nations, or any Party which has made a declaration under paragraph 1 of this Article may at any time after the date on which the Convention has been so extended to any territory declare by notification in writing to the Secretary-General of the Organization that the present Convention shall cease to extend to any such territory named in the notification.

4. The present Convention shall cease to extend to any territory mentioned in such notification one year, or such longer period as may be specified therein, after the date of receipt of the notification by the Secretary-General of the Organization.

Article XIV

1. A Conference for the purpose of revising or amending the present Convention may be convened by the Organization.

2. The Organization shall convene a Conference of the States Parties to the present Convention for revising or amending the present Convention at the request of not less than one-third of the Parties.

Article XV

1. The present Convention shall be deposited with the Secretary-General of the Organization.

2. The Secretary-General of the Organization shall:

(a) inform all States which have signed or acceded to the Convention of:

(i) each new signature or deposit of instrument together with the date thereof;

ii) afhendingu sérhvers skjals um uppsögn á þessum samningi ásamt dagsetningardegi afhendingar;
iii) ef þessi samningur hefur einnig verið látinn taka til einhvers landsvæðis samkvæmt 1. mgr. 13. gr., og þegar einhver slík útfærsla er felld úr gildi samkvæmt ákvæðum 4. mgr. þeirrar greinar, og tilgreina í báðum tilvikum þann dag er mörk þessa samnings hafa verið, ellegar hætta að vera, þannig víkkuð;
b) senda staðfest rétt eftirrit af þessum samningi öllum ríkjum sem undirritað hafa þennan samning og öllum ríkjum sem gerast aðilar að samningnum.

16. gr.

Jafnskjótt og þessi samningur gengur í gildi skal aðalritari Stofnunarinnar senda texta hans til skrifstofu Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar og birtingar í samræmi við 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna.

17. gr.

Þessi samningur er gerður í einu eintaki á ensku og frönsku og eru báðir textar jafngildir. Lögmætar þýðingar á rússnesku og spænsku skulu gerðar og varðveittar ásamt með hinu undirritaða frumriti.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir sem til þess hafa fullt umboð hver frá sinni ríkisstjórn undirritað þennan samning.

Gert í Brussel hinn tuttugasta og níunda dag nóvembermánaðar 1969.

VIÐAUKI

I. KAFLI. SÁTTAGERÐ

1. gr.

Ef hlutaðeigandi aðilar ákveða ekki annað, skal sáttagerð hagað í samræmi við þær reglur sem greinir í þessum kafla.

2. gr.

1. Sáttanefnd skal skipuð að tilmælum eins aðila til annars samkvæmt 8. gr. samningsins.

(ii) the deposit of any instrument of denunciation of this Convention together with the date of the deposit;
(iii) the extension of the present Convention to any territory under paragraph 1 of Article XIII and of the termination of any such extension under the provisions of paragraph 4 of that Article stating in each case the date on which the present Convention has been or will cease to be so extended;
(b) transmit certified true copies of the present Convention to all Signatory States and to all States which accede to the present Convention.

Article XVI

As soon as the present Convention comes into force, the text shall be transmitted by the Secretary-General of the Organization to the Secretariat of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

Article XVII

The present Convention is established in a single copy in the English and French languages, both texts being equally authentic. Offical translations in the Russian and Spanish languages shall be prepared and deposited with the signed original.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned being duly authorized by their respective Governments for that purpose have signed the present Convention.

DONE at Brussels this twenty-ninth day of November 1969.

ANNEX

CHAPTER I. CONCILIATION

Article 1

Provided the Parties concerned do not decide otherwise, the procedure for conciliation shall be in accordance with the rules set out in this Chapter.

Article 2

1. A Conciliation Commission shall be established upon the request of one Party addressed to another in application of Article VIII of the Convention.

2. Beiðni um sáttagerð sem aðili leggur fram skal byggð á greinargerð um málið ásamt með öllum málsgögnum.

3. Ef til málsmeðferðar hefur verið stofnað milli tveggja aðila, er sérhverjum öðrum aðila hvers þegnar eða eignir hafa orðið fyrir afleiðingum af hinum sömu ráðstöfunum, eða sem er strandríki sem hefur gert sams konar ráðstafanir, heimilt að gerast aðili að sáttagerðinni með skriflegri tilkynningu til þeirra aðila sem upphaf áttu að málsmeðferðinni, enda hafi hvorugur hinna síðarnefndu aðila mótmælt slíkri aðild.

3. gr.

1. Sáttanefndin skal skipuð þrem mönnum: einum tilnefndum af strandríkinu sem ráðstafanirnar gerði, einum tilnefndum af ríkinu hvers þegnar eða eignir hafa orðið fyrir afleiðingum af ráðstöfunum, og hinum þriðja, sem skal vera formaður nefndarinnar og tilnefnast samkvæmt samkomulagi milli upphaflegu meðlimanna tveggja.
2. Sáttanefndarmenn skulu valdir af lista gerðum fyrir fram með þeim hætti sem greinir í 4. gr. hér á eftir.

3. Ef aðilinn sem slíkum tilmælum er beint til hefur ekki tilkynnt, innan 60 daga frá því beiðni um sáttagerð er móttekin, hinum aðilanum að ágreiningnum um útnefningu sáttanefndarmanns sem honum ber að tilnefna, ellegar ef, innan 30 daga frá tilnefningu þess hins annars meðlims sáttanefndarinnar sem aðilunum ber að útnefna, hinir tveir fyrstu sáttanefndarmenn hafa ekki getað orðið ásáttir um útnefningu formanns nefndarinnar, skal aðalritari Stofnunarinnar, að tilmælum annars hvors aðilanna og innan 30 daga, annast hina tilskildu útnefningu. Meðlimir sáttanefndarinnar sem þannig eru tilnefndir skulu valdir af listanum sem ákvæði eru um í málsgreininni hér á undan.

4. Formaður nefndarinnar skal í engu tilviki vera eða hafa verið þegn eins hinna upphaflegu aðila að málsmeðferðinni.

2. The request for conciliation submitted by a Party shall consist of a statement of the case together with any supporting documents.
3. If a procedure has been initiated between two Parties, any other Party the nationals or property of which have been affected by the same measures, or which is a coastal State having taken similar measures, may join in the conciliation procedure by giving written notice to the Parties which have originally initiated the procedure unless either of the latter Parties object to such joinder.

Article 3

1. The Conciliation Commission shall be composed of three members: one nominated by the coastal State which took the measures, one nominated by the State the nationals or property of which have been affected by those measures and a third, who shall preside over the Commission and shall be nominated by agreement between the two original members.
2. The Conciliators shall be selected from a list previously drawn up in accordance with the procedure set out in Article 4 below.
3. If within a period of 60 days from the date of receipt of the request for conciliation, the Party to which such request is made has not given notice to the other Party to the controversy of the nomination of the Conciliator for whose selection it is responsible, or if, within a period of 30 days from the date of nomination of the second of the members of the Commission to be designated by the Parties, the first two Conciliators have not been able to designate by common agreement the Chairmen of the Commission, the Secretary-General of the Organization shall upon request of either Party and within a period of 30 days, proceed to the required nomination. The members of the Commission thus nominated shall be selected from the list prescribed in the preceding paragraph.
4. In no case shall the Chairman of the Commission be or have been a national of one of the original Parties to the procedure, whatever the method of his nomination.

4. gr.

1. Á listanum sem mælt er fyrir um í 3. gr. skulu vera hæfir menn tilnefndir af aðilunum og Stofnunin skal halda honum réttum á hverjum tíma. Hver aðili má tilnefna fjóra menn á listann sem ekki nauðsynlega þurfa að vera þegnar hans. Tilnefningar skulu vera til sex ára hverju sinni og þær skal vera heimilt að endurnýja.

2. Nú deyr maður sem er á listanum, eða segir af sér, og skal þá þeim aðila sem þann mann tilnefndi leyft að tilnefna mann sem komi í hans stað þann tíma sem eftir er af kjörtímabilinu.

5. gr.

1. Ef aðilar gera ekki samkomulag um annað, skal sáttanefndin setja sér eigin starfsreglur, sem skulu í öllum tilvikum veita aðilum jafna aðstöðu til málflutnings fyrir nefndinni. Að því er varðar rannsókn skal nefndin, nema hún sé sammála um aðra ákvörðun, fara eftir ákvæðum 3. kafla Haag-samningsins um friðsamlega lausn alþjóðadeilumála frá 18. október 1907.

2. Aðilar skulu hafa málsvara fyrir sáttanefndinni og þeim skal falið að annast milligöngu milli aðilanna og nefndarinnar. Hver aðili má einnig leita aðstoðar ráðunauta og sérfræðinga sem hann tilnefnir í því skyni, og má mælast til þess að allir þeir sem aðilinn telur gagnlegt að leiða fram sem vitni fái að mæta fyrir sáttanefndinni.

3. Nefndin skal hafa rétt til þess að krefjast skýringa af málsvörum, ráðunautum, og sérfræðingum aðilanna og einnig af sérhverjum þeim, með samþykki stjórnarvalda þeirra, sem nefndin kann að telja gagnlegt að kalla fyrir sig.

6. gr.

Ef aðilar gera ekki samkomulag um annað, skulu ákvarðanir sáttanefndarinnar gerðar með meiri hluta greiddra atkvæða og nefndin skal ekki tjá sig um efnisatriði ágreiningsins nema allir meðlimir hennar séu viðstaddir.

7. gr.

Aðilar skulu auðvelda störf sáttanefndarinnar og einkum í samræmi við sína

Article 4

1. The list prescribed in Article 3 above shall consist of qualified persons designated by the Parties and shall be kept up to date by the Organization. Each Party may designate for inclusion on the list four persons, who shall not necessarily be its nationals. The nominations shall be for periods of six years each and shall be renewable.

2. In the case of the decease or resignation of a person whose name appears on the list, the Party which nominated such person shall be permitted to nominate a replacement for the remainder of the term of office.

Article 5

1. Provided the Parties do not agree otherwise, the Conciliation Commission shall establish its own procedures, which shall in all cases permit a fair hearing. As regards examination, the Commission, unless it unanimously decides otherwise, shall conform with the provisions of Chapter III of The Hague Convention for the Peaceful Settlement of International Disputes of 18 October 1907.

2. The Parties shall be represented before the Conciliation Commission by agents whose duty shall be to act as intermediaries between the Parties and the Commission. Each of the Parties may seek also the assistance of advisers and experts nominated by it for this purpose and may request the hearing of all persons whose evidence the Party considers useful.

3. The Commission shall have the right to request explanations from agents, advisers and experts of the Parties as well as from any persons whom, with the consent of their Governments, it may deem useful to call.

Article 6

Provided the Parties do not agree otherwise, decisions of the Conciliation Commission shall be taken by a majority vote and the Commission shall not pronounce on the substance of the controversy unless all its members are present.

Article 7

The Parties shall facilitate the work of the Conciliation Commission and in parti-

löggjöf, með öllum tiltækum ráðum:

a) sjá nefndinni fyrir nauðsynlegum skjölum og upplýsingum;

b) gera nefndinni mögulegt að fara inn á sín landsvæði til þess að hlýða á framburð vitna eða sérfræðinga og til þess að fara á vettvang.

8. gr.

Hlutverk sáttanefndarinnar verður það að upplýsa þau málsatriði sem um er deilt, að safna í þeim tilgangi öllum þeim upplýsingum sem málið varða með rannsókn eða með öðrum hætti og leitast við að sætta málsaðilana. Nefndin skal, eftir að hafa rannsakað málið, greina aðilum frá tillögu sem nefndin álítur hæfa málinu og hún skal ákveða frest eigi lengri en 90 daga og fara fram á það við aðila að þeir segi til um, áður en sá frestur rennur út, hvort þeir fallist á tillöguna eða ekki.

9. gr.

Tillögunni skal fylgja greinargerð. Ef tillagan er ekki að öllu eða einhverju leyti samdóma álit nefndarinnar, skal hver sáttamaður eiga rétt á að skila séráliti.

10. gr.

Sáttagerð skal talin árangurslaus hafi, 90 dögum eftir að aðilum hefur verið tilkynnt tillagan, annar hvor aðilinn ekki tilkynnt hinum aðilanum að hann fallist á tillöguna. Sáttagerð skal einnig teljast árangurslaus, hafi sáttanefndin ekki verið stofnuð innan þeirra tímabila sem tiltekin eru í 3. mgr. 3. gr. hér á undan, eða, ef aðilar hafa ekki gert samkomulag um annað, hafi sáttanefndin ekki sent frá sér sína tillögu innan eins árs frá þeim degi er formaður sáttanefndarinnar var tilnefndur.

11. gr.

1. Hver meðlimur nefndarinnar skal fá þóknun fyrir sitt starf og skal þóknunarupphæðin ákveðin með samkomulagi

cular, in accordance with their legislation, and using all means at their disposal:

(a) provide the Commission with the necessary documents and information;

(b) enable the Commission to enter their territory, to hear witnesses or experts, and to visit the scene.

Article 8

The task of the Conciliation Commission will be to clarify the matters under dispute, to assemble for this purpose all relevant information by means of examination or other means, and to endeavour to reconcile the Parties. After examining the case, the Commission shall communicate to the Parties a recommendation which appears to the Commission to be appropriate to the matter and shall fix a period of not more than 90 days within which the Parties are called upon to state whether or not they accept the recommendation.

Article 9

The recommendation shall be accompanied by a statement of reasons. If the recommendation does not represent in whole or in part the unanimous opinion of the Commission, any Conciliator shall be entitled to deliver a separate opinion.

Article 10

A conciliation shall be deemed unsuccessful if, 90 days after the Parties have been notified of the recommendation, either Party shall not have notified the other Party of its acceptance of the recommendation. Conciliation shall likewise be deemed unsuccessful if the Commission shall not have been established within the period prescribed in the third paragraph of Article 3 above, or provided the Parties have not agreed otherwise, if the Commission shall not have issued its recommendation within one year from the date on which the Chairman of the Commission was nominated.

Article 11

1. Each member of the Commission shall receive remuneration for his work, such remuneration to be fixed by agree-

milli málsaðila og skal hver þeirra leggja fram jafnan hluta.
2. Framlög vegna ýmissa útgjalda sem starf nefndarinnar hefur í för með sér skulu skiptast á sama hátt.

12. gr.
Aðilum að ágreiningnum er heimilt hvenær sem er á meðan á sáttagerð stendur að ákveða í sameiningu að setja niður deilur með öðrum hætti.

ment between the Parties which shall each contribute an equal proportion.
2. Contributions for miscellaneous expenditure incurred by the work of the Commission shall be apportioned in the same manner.

Article 12
The parties to the controversy may at any time during the conciliation procedure decide in agreement to have recourse to a different procedure for settlement of disputes.

II. KAFLI. GERÐARDÓMUR

13. gr.
1. Ef aðilar gera ekki samkomulag um annað, skal gerð fara fram samkvæmt þeim reglum sem greinir í þessum kafla.

2. Þegar sáttagerð er árangurslaus er ekki heimilt að beiðast gerðardóms nema það sé gert innan 180 daga frá þeim tíma er sáttagerð reyndist árangurslaus.

14. gr.
Gerðardómurinn skal skipaður þrem mönnum: einum gerðardómsmanni tilnefndum af strandríkinu sem gerði ráðstafanirnar, einum tilnefndum af ríkinu hvers þegnar eða eignir hafa orðið fyrir afleiðingum af þeim ráðstöfunum, og einum öðrum tilnefndum með samkomulagi milli hinna tveggja fyrrnefndu, og skal hann vera forseti gerðardómsins.

15. gr.
1. Hafi forseti dómsins ekki verið tilnefndur er liðnir eru 60 dagar frá því að sá hinn annar gerðardómsmaður var tilnefndur, skal aðalritari Stofnunarinnar að tilmælum annars hvors aðilans áður en liðnir eru aðrir 60 dagar annast slíka tilnefningu og velja af lista hæfra manna sem gerður er fyrir fram samkvæmt ákvæðum 4. gr. hér að framan. Sá listi skal vera aðskilinn frá listanum yfir sérfræðinga sem mælt er fyrir um í 4. gr. samningsins og frá listanum yfir sáttamenn sem kveðið er á um í 4. gr. þessa viðauka. Þó má nafn sama manns vera bæði á listanum yfir sáttamenn og á list-

CHAPTER II. ARBITRATION

Article 13
1. Arbitration procedure, unless the Parties decide otherwise, shall be in accordance with the rules set out in this Chapter.
2. Where conciliation is unsuccessful, a request for arbitration may only be made within a period of 180 days following the failure of conciliation.

Article 14
The Arbitration Tribunal shall consist of three members: one Arbitrator nominated by the coastal State which took the measures, one Arbitrator nominated by the State the nationals or property of which have been affected by those measures, and another Arbitrator who shall be nominated by agreement between the two first-named, and shall act as its Chairman.

Article 15
1. If, at the end of a period of 60 days from the nomination of the second Arbitrator, the Chairman of the Tribunal shall not have been nominated, the Secretary-General of the Organization upon request of either Party shall within a further period of 60 days proceed to such nomination, selecting from a list of qualified persons previously drawn up in accordance with the provisions of Article 4 above. This list shall be separate from the list of experts prescribed in Article IV of the Convention and from the list of Conciliators prescribed in Article 4 of the present Annex; the name of the same per-

anum yfir gerðardómsmenn. Þann sem gegnt hefur starfi sáttanefndarmanns í deilumáli má hins vegar ekki velja til þess að gegna starfi gerðardómsmanns í sama máli.

2. Hafi annar aðilanna ekki tilnefnt þann meðlim dómsins sem honum ber að tilnefna áður en liðnir eru 60 dagar frá móttökudegi beiðninnar, má hinn aðilinn tilkynna það aðalritara Stofnunarinnar beint og skal hann tilnefna forseta dómsins innan 60 daga og velja hann af listanum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar.

3. Forseti dómsins skal, þá er hann hefur verið tilnefndur, fara þess á leit við þann aðilann sem ekki hefur skipað gerðardómsmann að gera það á sama hátt og með sömu skilyrðum. Ef sá aðili annast ekki tilskilda útnefningu, skal forseti dómsins fara þess á leit við aðalritara Stofnunarinnar að annast útnefninguna með þeim hætti og skilyrðum sem mælt er í málsgreininni hér á undan.

4. Forseti dómsins, ef hann er tilnefndur samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal ekki vera eða hafa verið þegn eins aðilanna sem hlut eiga að máli, nema til komi samþykki hins aðilans, eða aðilanna.

5. Nú deyr gerðardómsmaður sem tilnefndur var af einum aðilanna, eða hann forfallast, og skal þá nefndur aðili tilnefna annan í hans stað innan 60 daga frá því hann lést eða forfallaðist. Ef nefndur aðili tilnefnir ekki, skal gerðinni haldið áfram með þeim gerðardómsmönnum sem eftir eru. Ef forseti dómsins deyr eða forfallast, skal tilnefna annan í hans stað samkvæmt ákvæðum 14. gr. hér að framan, ellegar, ef ekki hefur náðst samkomulag milli meðlima dómsins innan 60 daga frá þeim degi er hann lést eða forfallaðist, þá í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

son may, however, appear both on the list of Conciliators and on the list of Arbitrators. A person who has acted as Conciliator in a dispute may not, however, be chosen to act as Arbitrator in the same matter.

2. If, within a period of 60 days from the date of the receipt of the request, one of the Parties shall not have nominated the member of the Tribunal for whose designation it is responsible, the other Party may directly inform the Secretary-General of the Organization who shall nominate the Chairman of the Tribunal within a period of 60 days, selecting him from the list prescribed in paragraph 1 of the present Article.

3. The Chairman of the Tribunal shall, upon nomination, request the Party which has not provided an Arbitrator, to do so in the same manner and under the same conditions. If the Party does not make the required nomination, the Chairman of the Tribunal shall request the Secretary-General of the Organization to make the nomination in the form and conditions prescribed in the preceding paragraph.

4. The Chairman of the Tribunal, if nominated under the provisions of the present Article, shall not be or have been a national of one of the Parties concerned, except with the consent of the other Party or Parties.

5. In the case of the decease or default of an Arbitrator for whose nomination one of the Parties is responsible, the said Party shall nominate a replacement within a period of 60 days from the date of decease or default. Should the said Party not make the nomination, the arbitration shall proceed under the remaining Arbitrators. In the case of decease or default of the Chairman of the Tribunal, a replacement shall be nominated in accordance with the provisions of Article 14 within a period of 60 days of the decease above, or in the absence of agreement between the members of the Tribunal or default, according to the provisions of the present Article.

16. gr.

Ef til málsmeðferðar hefur verið stofnað milli tveggja aðila, er sérhverjum öðr-

Article 16

If a procedure has been initiated between two Parties, any other Party, the

um aðila hvers þegnar eða eignir hafa orðið fyrir afleiðingum af hinum sömu ráðstöfunum, eða sem er strandríki sem hefur gert sams konar ráðstafanir, heimilt að gerast aðili að gerðinni með því að tilkynna það skriflega aðilunum sem upphaf áttu að málsmeðferðinni, enda hafi hvorugur hinna síðarnefndu aðila mótmælt slíkri aðild.

17. gr.

Sérhver gerðardómur sem stofnað hefur verið til samkvæmt ákvæðum þessa fylgiskjals skal setja sér eigin reglur um starfshætti.

18. gr.

1. Ákvarðanir dómsins um starfsreglur sínar og dómþingsstað svo og sérhvern ágreining sem fyrir dóminn er lagður skulu gerðar með meiri hluta greiddra atkvæða meðlima hans; fjarvera eða hjáseta eins af meðlimum dómsins sem tilnefndur hefur verið af hálfu aðila skal ekki hindra dóminn frá því að komast að niðurstöðu. Ef atkvæði eru jöfn, skal atkvæði forseta ráða úrslitum.

2. Aðilar skulu auðvelda störf dómsins og einkum í samræmi við löggjöf sína með öllum ráðum sem þeim eru tiltæk:

a) verða dóminum úti um nauðsynleg skjöl og upplýsingar;
b) gera dómnum mögulegt að fara inn á sín landsvæði til þess að hlýða á framburð vitna og sérfræðinga og til þess að fara á vettvang.

3. Fjarvera eða forföll eins aðila skal ekki vera málsmeðferð til fyrirstöðu.

19. gr.

1. Úrskurði dómsins skal fylgja greinargerð. Hann skal vera endanlegur og ekki heimilt að áfrýja honum. Aðilar skulu þegar í stað hlíta úrskurðinum.
2. Um sérhvern ágreining sem kann að rísa milli aðila um túlkun og framkvæmd gerðardómsúrskurðarins er hvorum tveggja aðila heimilt að leita úrskurðar dómsins sem gerðardómsúrskurðinn kvað upp, ellegar, ef hann er ekki tiltækur, þá annars dóms sem stofnað er til í þeim tilgangi og með sama hætti og upphaflegi dómurinn.

nationals or property of which have been affected by the same measures or which is a coastal State having taken similar measures, may join in the arbitration procedure by giving written notice to the Parties which have originally initiated the procedure unless either of the latter Parties object to such joinder.

Article 17

Any Arbitration Tribunal established under the provisions of the present Annex shall decide its own rules of procedure.

Article 18

1. Decisions of the Tribunal both as to its procedure and its place of meeting and as to any controversy laid before it, shall be taken by majority vote of its members; the absence or abstention of one of the members of the Tribunal for whose nomination the Parties were responsible shall not constitute an impediment to the Tribunal reaching a decision. In cases of equal voting, the Chairman shall cast the deciding vote.
2. The Parties shall facilitate the work of the Tribunal and in particular, in accordance with their legislation, and using all means at their disposal:
(a) provide the Tribunal with the necessary documents and information;
(b) enable the Tribunal to enter their territory, to hear witnesses or experts, and to visit the scene.

3. Absence or default of one Party shall not constitute an impediment to the procedure.

Article 19

1. The award of the Tribunal shall be accompanied by a statement of reasons. It shall be final and without appeal. The Parties shall immediately comply with the award.
2. Any controversy which may arise between the Parties as regards interpretation and execution of the award may be submitted by either Party for judgment to the Tribunal which made the award, or, if it is not available, to another Tribunal constituted for this purpose in the same manner as the original Tribunal.

Fylgiskjal B.

ALÞJÓÐASAMNINGUR UM EINKARÉTTARLEGA ÁBYRGÐ VEGNA TJÓNS AF VÖLDUM OLÍUMENGUNAR

Þau ríki sem aðilar eru að þessum samningi

gera sér grein fyrir mengunarhættunni sem það hefur í för með sér að olía fermd án umbúða er flutt sjóleiðis um allan heim,

eru sannfærð um að þörf er á að tryggja að þeir aðilar sem verða fyrir mengunartjóni vegna leka eða losunar olíu úr skipum eigi kost fullnægjandi skaðabóta,

vilja taka upp samræmdar alþjóðlegar reglur og málsmeðferð til úrlausnar vandamálum um ábyrgð og til þess að veita fullnægjandi skaðabætur í slíkum tilvikum, og

hafa því komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Í þessum samningi

1. merkir „skip“ sérhvern sjógengan farkost og sérhvert fljótandi far af hvaða tagi sem er, sem raunverulega er að flytja umbúðalausa olíu sem farm.
2. „Aðili“ merkir sérhvern einstakling eða félag eða sérhverja opinbera eða einkastofnun, hvort heldur um lögpersónu er að ræða eða ekki, þar á meðal ríki eða sérhverjar undirstofnanir því tilheyrandi.
3. „Eigandi“ hefur merkinguna aðili, eða aðilar, sem skráður er eigandi skips, eða, ef um enga skráningu er að ræða, þann aðila, eða þá aðila sem skipið eiga. Nú er um að ræða skip sem er í eigu ríkis og rekið af félagi sem er skrásett í því ríki sem útgerðaraðili skipsins, og skal þá „eigandi“ merkja slíkt félag.
4. „Skráningarríki skipsins“ merkir, í sambandi við skráð skip, ríkið þar sem skipið er skráð og, í sambandi við óskráð skip, ríkið sem fáninn tilheyrir sem það siglir undir.
5. „Olía“ merkir sérhverja þrávirka olíu svo sem hráolíu, brennsluolíu, þykka

INTERNATIONAL CONVENTION ON CIVIL LIABILITY FOR OIL POLLUTION DAMAGE

The States Parties to the present Convention,

CONSCIOUS of the dangers of pollution posed by the worldwide maritime carriage of oil in bulk,

CONVINCED of the need to ensure that adequate compensation is available to persons who suffer damage caused by pollution resulting from the escape or discharge of oil from ships,

DESIRING to adopt uniform international rules and procedures for determining questions of liability and providing adequate compensation in such cases,

HAVE AGREED as follows:

Article I

For the purposes of this Convention:

1. "Ship" means any sea-going vessel and any seaborne craft of any type whatsoever, actually carrying oil in bulk as cargo.
2. "Person" means any individual or partnership or any public or private body, whether corporate or not, including a State or any of its constituent subdivisions.
3. "Owner" means the person or persons registered as the owner of the ship or, in the absence of registration, the person or persons owning the ship. However in the case of a ship owned by a State and operated by a company which in that State is registered as the ship's operator, "owner" shall mean such company.
4. "State of the ship's registry" means in relation to registered ships the State of registration of the ship, and in relation to unregistered ships the State whose flag the ship is flying.
5. "Oil" means any persistent oil such as crude oil, fuel oil, heavy diesel oil,

dísilolíu, smurningsolíu og hvallýsi, hvort heldur flutt í skipinu sem farmur eða í eldsneytisgeymum skipsins.
6. „Mengunartjón" merkir tjón eða skaða sem hlýst utan skipsins sem olíu flytur, af völdum óhreinkunar sem stafar af leka eða losun olíu úr skipinu, hvar sem slíkur leki eða losun kann að eiga sér stað, og innifelur kostnað vegna ráðstafana til að koma í veg fyrir tjón, og frekara tjón eða skaða sem hlýst af slíkum ráðstöfunum.
7. „Ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón" merkir hvers konar réttmætar ráðstafanir sem gerðar eru af sérhverjum aðila eftir að atburður hefur átt sér stað til þess að koma í veg fyrir eða draga sem mest úr mengunartjóni.
8. „Atburður" merkir sérhvert atvik, eða röð atvika af sömu rótum, sem veldur mengunartjóni.
9. „Stofnunin" merkir Alþjóðasiglingamálastofnunina.

2. gr.

Þessi samningur skal einvörðungu taka til mengunartjóns sem hlýst innan landsvæðis að meðtalinni landhelgi samningsríkis og til ráðstafana sem gerðar eru til að koma í veg fyrir eða draga sem mest úr slíku tjóni.

3. gr.

1. Nema ákvæði 2. og 3. mgr. þessarar greinar eigi við, skal eigandi skips á þeim tíma er atburður á sér stað, eða þegar atburðurinn samanstendur af röð atvika, á þeim tíma er hið fyrsta slíkt atvik bar að höndum, vera ábyrgur vegna sérhvers mengunartjóns af völdum olíu sem lekið hefur eða verið losuð úr skipi sem afleiðing atburðarins.
2. Eigandi skal engri ábyrgð sæta fyrir mengunartjón ef hann sannar að tjónið:

a) hafi verið afleiðing af hernaðaraðgerð, ófriði, borgarastyrjöld, uppreisn, eða náttúruhamförum þess eðlis sem heyrir til undantekninga, eigi verður umflúið og eigi viðnám veitt, eða
b) hafi að öllu leyti verið afleiðing af verknaði eða vanrækslu af hálfu þriðja aðila í þeim tilgangi gert að valda tjóni, eða

lubricating oil and whale oil, whether carried on board a ship as cargo or in the bunkers of such a ship.
6. "Pollution damage" means loss or damage caused outside the ship carrying oil by contamination resulting from the escape or discharge of oil from the ship, wherever such escape or discharge may occur, and includes the costs of preventive measures and further loss or damage caused by preventive measures.

7. "Preventive measures" means any reasonable measures taken by any person after an incident has occurred to prevent or minimize pollution damage.

8. "Incident" means any occurrence, or series of occurrences having the same origin, which causes pollution damage.
9. "Organization" means the Inter-Governmental Maritime Consultative Organization.

Article II

This Convention shall apply exclusively to pollution damage caused on the territory including the territorial sea of a Contracting State and to preventive measures taken to prevent or minimize such damage.

Article III

1. Except as provided in paragraphs 2 and 3 of this Article, the owner of a ship at the time of an incident, or where the incident consists of a series of occurrences at the time of the first such occurrence, shall be liable for any pollution damage caused by oil which has escaped or been discharged from the ship as a result of the incident.
2. No liability for pollution damage shall attach to the owner if he proves that the damage:
(a) resulted from an act of war, hostilities, civil war, insurrection or a natural phenomenon of an exceptional, inevitable and irresistible character, or
(b) was wholly caused by an act or omission done with intent to cause damage by a third party, or

c) hafi að öllu leyti hlotist af skeytingarleysi eða öðrum ólögmætum verknaði einhverrar ríkisstjórnar eða annars yfirvalds sem ábyrgð ber á því að halda ljósum í lagi eða öðrum búnaði til aðstoðar við sjófarendur, í sambandi við að leysa það hlutverk sitt af hendi.

3. Ef eigandi sannar að mengunartjónið hafi stafað að öllu eða nokkru leyti annaðhvort af verknaði eða vanrækslu í þeim tilgangi gert að valda tjóni af hálfu þess aðila sem fyrir tjóninu varð, ellegar af skeytingarleysi þess aðila, má leysa hann að öllu eða nokkru leyti undan ábyrgð gagnvart slíkum aðila.

4. Engar skaðabótakröfur vegna mengunartjóns skulu gerðar á hendur eiganda öðruvísi en í samræmi við þennan samning. Enga kröfu vegna mengunartjóns samkvæmt þessum samningi eða á annan veg er heimilt að gera á hendur þeim sem eru í þjónustu eiganda eða umboðsmönnum hans.

5. Ekkert í þessum samningi skal skerða nokkurn rétt eiganda til að ganga að þriðja aðila.

4. gr.

Þegar olía hefur lekið eða verið losuð úr tveim eða fleiri skipum og af því hlýst mengunartjón, skulu eigendur allra skipanna sem í hlut eiga, nema þeir séu undan leystir samkvæmt 3. gr., bera ábyrgð einn fyrir alla og allir fyrir einn á öllu því tjóni sem ekki verður með sanngirni sundur greint.

5. gr.

1. Eiganda skips skal frjálst að takmarka ábyrgð sína samkvæmt þessum samningi, að því er varðar hvern einstakan atburð, við heildarupphæð sem nemur 2000 frönkum fyrir hverja rúmlest rúmlestatals skipsins. Sú upphæð skal þó í engu tilviki fara yfir 210 milljónir franka.

2. Ef raunveruleg sök eiganda eða vitorð hans hefur orðið því valdandi að atburðurinn átti sér stað, skal hann ekki eiga rétt á að notfæra sér þá takmörkun sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar.

3. Með það fyrir augum að notfæra sér þau hlunnindi sem fylgja takmörkun þeirri sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar, skal eigandinn leggja fram

(c) was wholly caused by the negligence or other wrongful act of any Government or other authority responsible for the maintenance of lights or other navigational aids in the exercise of that function.

3. If the owner proves that the pollution damage resulted wholly or partially either from an act or omission done with intent to cause damage by the person who suffered the damage or from the negligence of that person, the owner may be exonerated wholly or partially from his liability to such person.

4. No claim for compensation for pollution damage shall be made against the owner otherwise than in accordance with this Convention. No claim for pollution damage under this Convention or otherwise may be made against the servants or agents of the owner.

5. Nothing in this Convention shall prejudice any right of recourse of the owner against third parties.

Article IV

When oil has escaped or has been discharged from two or more ships, and pollution damage results therefrom, the owners of all the ships concerned, unless exonerated under Article III, shall be jointly and severally liable for all such damage which is not reasonably separable.

Article V

1. The owner of a ship shall be entitled to limit his liability under this Convention in respect of any one incident to an aggregate amount of 2,000 francs for each ton of the ship's tonnage. However, this aggregate amount shall not in any event exceed 210 million francs.

2. If the incident occurred as a result of the actual fault or privity of the owner, he shall not be entitled to avail himself of the limitation provided in paragraph 1 of this Article.

3. For the purpose of availing himself of the benefit of limitation provided for in paragraph 1 of this Article the owner shall constitute a fund for the total sum

tryggingarfé, er nemi heildarupphæð þeirri sem ábyrgð hans takmarkast við, í vörslu dómstóls eða annars réttbærs yfirvalds einhvers eins samningsríkis þar sem mál er höfðað samkvæmt 9. gr. Tryggginguna má setja annaðhvort með því að afhenda fjárupphæðina til geymslu, eða með því að leggja fram bankaábyrgð eða aðra ábyrgð sem fullgild er að lögum þess samningsríkis þar sem tryggingarféð er lagt fram og dómstóllinn eða annað réttbært yfirvald telur fullnægjandi.

4. Tryggingarfénu skal skipt milli kröfuhafa í hlutfalli við réttmætar kröfur þeirra.

5. Hafi eigandi, eða einhver í hans þjónustu, eða umboðsmenn hans, eða einhver aðili sem sér honum fyrir vátryggingu eða annarri fjárhagslegri tryggingu, greitt, vegna þess atburðar sem um er að ræða, skaðabætur fyrir mengunartjón áður en tryggingarfénu er skipt, skal sá aðili, allt að því sem nemur þeirri upphæð sem hann greiddi, ganga inn í þau réttindi sem sá aðili sem þannig hefur hlotið skaðabætur mundi hafa notið samkvæmt ákvæðum þessa samnings.

6. Réttar til inngöngu í réttindi sem kveðið er á um í 5. mgr. þessarar greinar má einnig annar aðili neyta en þeir sem þar greinir vegna einhverrar skaðabótaupphæðar fyrir mengunartjón sem hann kann að hafa greitt, en þó aðeins að því marki sem slík innganga í réttindi er heimil samkvæmt þeim landslögum sem við eiga.

7. Nú sýnir eigandi eða einhver annar aðili fram á að hann kunni síðar að verða knúinn til þess að greiða að öllu eða nokkru leyti einhverja þá skaðabótaupphæð sem hefði haft í för með sér að sá aðili hefði notið réttar til inngöngu í réttindi samkvæmt 5. eða 6. mgr. þessarar greinar, ef skaðabótaupphæðin hefði verið greidd áður en tryggingarfénu var skipt, og er þá dómstólnum, eða öðru réttbæru yfirvaldi þess ríkis þar sem tryggingarféð hefur verið lagt fram, heimilt að fyrirskipa að fullnægjandi upphæð skuli tekin frá til bráðabirgða til að gera þeim aðila kleift þegar þar að kemur að framfylgja kröfu sinni til tryggingarfjárins.

representing the limit of his liability with the Court or other competent authority of any one of the Contracting States in which action is brought under Article IX. The fund can be constituted either by depositing the sum or by producing a bank guarantee or other guarantee, acceptable under the legislation of the Contracting State where the fund is constituted, and considered to be adequate by the Court or another competent authority.

4. The fund shall be distributed among the claimants in proportion to the amounts of their established claims.

5. If before the fund is distributed the owner or any of his servants or agents or any person providing him insurance or other financial security has as a result of the incident in question, paid compensation for pollution damage, such person shall, up to the amount he has paid, acquire by subrogation the rights which the person so compensated would have enjoyed under this Convention.

6. The right of subrogation provided for in paragraph 5 of this Article may also be exercised by a person other than those mentioned therein in respect of any amount of compensation for pollution damage which he may have paid but only to the extent that such subrogation is permitted under the applicable national law.

7. Where the owner or any other person establishes that he may be compelled to pay at a later date in whole or in part any such amount of compensation, with regard to which such person would have enjoyed a right of subrogation under paragraphs 5 or 6 of this Article, had the compensation been paid before the fund was distributed, the Court or other competent authority of the State where the fund has been constituted may order that a sufficient sum shall be provisionally set aside to enable such person at such later date to enforce his claim against the fund.

8. Kröfur vegna sanngjarns kostnaðar sem eigandi hefur tekið á sig, og það sem hann af sjálfsdáðum hefur lagt í sölurnar til að koma í veg fyrir eða draga sem mest úr mengunartjóni og sanngirni mælir með, skal vera jafnrétthátt og aðrar kröfur gagnvart tryggingarfénu.

9. Frankinn sem um getur í þessari grein skal vera eining sem samanstendur af sextíu og fimm og hálfu milligrammi gulls sem er að 900/1000 hlutum skírt gull. Tryggingarfénu sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal breyta í gjaldmiðil þess ríkis þar sem tryggingarféð á að leggja fram, á grundvelli hins opinbera verðgildis þess gjaldmiðils, miðað við eininguna sem skilgreind er hér að ofan, þann dag er tryggingarféð er lagt fram.

10. Að því er þessa grein varðar, skal rúmlestatal skips vera nettórúmlestatala skipsins að viðbættum þeim frádrætti frá bruttórúmlestatölu fyrir rúmtaki vélarrúms sem gerður er til að finna nettórúmlestatölu. Ef um er að ræða skip sem ekki er mögulegt að mæla samkvæmt venjulegum skipamælingareglum, skal rúmlestatal skipsins teljast vera 40 hundraðshlutar þess þunga af olíu sem skipið getur borið mælt í tonnum (tonnið 2240 lbs).

11. Vátryggjandi eða annar aðili sem sér fyrir fjárhagslegri tryggingu skal eiga rétt á því að leggja fram tryggingarfé samkvæmt þessari grein með sömu skilyrðum og sömu verkan sem hefði tryggingarféð verið lagt fram af eiganda. Slíkt tryggingarfé er heimilt að leggja fram jafnvel þó að um raunverulega sök eða vitorð eiganda sé að tefla, en í því tilviki skal framlagning fjárins ekki skerða rétt neins kröfuhafa gagnvart eiganda.

6. gr.

1. Þegar eigandi, eftir að atburður hefur átt sér stað, hefur lagt fram tryggingarfé í samræmi við 5. gr. og á rétt á að takmarka ábyrgð sína,

a) skal engum aðila sem kröfu hefur vegna mengunartjóns sem af þeim atburði hlaust heimilt að neyta nokkurs réttar gagnvart neinum öðrum eignum eiganda að því er varðar slíka kröfu;

8. Claims in respect of expenses reasonably incurred or sacrifices reasonably made by the owner voluntarily to prevent or minimize pollution damage shall rank equally with other claims against the fund.

9. The franc mentioned in this Article shall be a unit consisting of sixty-five and a half milligrams of gold of millesimal fineness nine hundred. The amount mentioned in paragraph 1 of this Article shall be converted into the national currency of the State in which the fund is being constituted on the basis of the official value of that currency by reference to the unit defined above on the date of the constitution of the fund.

10. For the purpose of this Article the ship's tonnage shall be the net tonnage of the ship with the addition of the amount deducted from the gross tonnage on account of engine room space for the purpose of ascertaining the net tonnage. In the case of a ship which cannot be measured in accordance with the normal rules of tonnage measurement, the ship's tonnage shall be deemed to be 40 per cent of the weight in tons (of 2240 lbs) of oil which the ship is capable of carrying.

11. The insurer or other person providing financial security shall be entitled to constitute a fund in accordance with this Article on the same conditions and having the same effect as if it were constituted by the owner. Such a fund may be constituted even in the event of the actual fault or of privity of the owner but its constitution shall in that case not prejudice the rights of any claimant against the owner.

Article VI

1. Where the owner, after an incident, has constituted a fund in accordance with Article V, and is entitled to limit his liability,

(a) no person having a claim for pollution damage arising out of that incident shall be entitled to exercise any right against any other assets of the owner in respect of such claim;

b) skal dómstóllinn eða annað réttbært yfirvald sérhvers samningsríkis fyrirskipa að laust skuli látið sérhvert skip eða önnur eign tilheyrandi eigandanum sem hald hefur verið lagt á vegna kröfu út af mengunartjóni sem af þeim atburði hlaust og skal eins láta sérhverja ábyrgð lausa eða aðra tryggingu sem sett hefur verið til að komast hjá slíku haldi.

2. Ofangreind ákvæði skulu þó því aðeins gilda að kröfuhafi hafi aðgang að þeim dómstól sem tryggingarféð hefur undir höndum og að greiðsla af tryggingarfénu sé raunverulega heimil að því er varðar hans kröfu.

7. gr.

1. Eiganda skips sem skráð er í samningsríki og flytur meir en 2000 tonn af umbúðalausri olíu sem farm, skal skylt að hafa vátryggingu eða aðra fjárhagslega tryggingu í gildi, svo sem bankaábyrgð eða vottorð afhent af alþjóðlegum skaðabótasjóði, að upphæð sem ákveðin er með því að beita þeim ábyrgðartakmörkunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 5. gr., á móti ábyrgð sinni vegna mengunartjóns samkvæmt þessum samningi.

2. Vottorð sem staðfestir að vátrygging eða önnur fjárhagsleg trygging sé í gildi samkvæmt ákvæðum þessa samnings, skal gefið út fyrir hvert skip. Það skal gefið út eða staðfest af hlutaðeigandi yfirvaldi þess ríkis þar sem skipið er skráð, að fenginni fullri vissu um það að ákvæði 1. mgr. þessarar greinar hafi verið uppfyllt. Vottorðið skal útbúið eftir fyrirmynd á viðfestum viðauka og þar skal eftirfarandi tilgreint:

a) nafn skipsins og skráningarhöfn;
b) nafn eiganda og aðalstað viðskipta hans;
c) tegund tryggingar;
d) nafn og aðalstað viðskipta vátryggjanda eða annars aðila sem tryggingu lætur í té, og, þar sem við á, viðskiptalegt aðsetur þar sem til vátryggingar eða tryggingar er stofnað;
e) gildistími vottorðs, sem skal ekki vera lengri en gildistími vátryggingarinnar eða annarrar tryggingar.

(b) the Court or other competent authority of any Contracting State shall order the release of any ship or other property belonging to the owner which has been arrested in respect of a claim for pollution damage arising out of that incident, and shall similarly release any bail or other security furnished to avoid such arrest.

2. The foregoing shall, however, only apply if the claimant has access to the Court administering the fund and the fund is actually available in respect of his claim.

Article VII

1. The owner of a ship registered in a Contracting State and carrying more than 2,000 tons of oil in bulk as cargo shall be required to maintain insurance or other financial security, such as the guarantee of a bank or a certificate delivered by an international compensation fund, in the sums fixed by applying the limits of liability prescribed in Article V, paragraph 1 to cover his liability for pollution damage under this Convention.

2. A certificate attesting that insurance or other financial security is in force in accordance with the provisions of this Convention shall be issued to each ship. It shall be issued or certified by the appropriate authority of the State of the ship's registry after determining that the requirements of paragraph 1 of this Article have been complied with. This certificate shall be in the form of the annexed model and shall contain the following particulars:

(a) name of ship and port of registration;
(b) name and principal place of business of owner;
(c) type of security;
(d) name and principal place of business of insurer or other person giving security and, where appropriate, place of business where the insurance or security is established;
(e) period of validity of certificate which shall not be longer than the period of validity of the insurance or other security.

3. Vottorðið skal vera á viðurkenndu tungumáli eða tungumálum þess ríkis sem gefur það út. Sé tungumálið sem notað er hvorki enska né franska, skal í textanum höfð þýðing á annað þessara tungumála.

4. Vottorðið skal haft um borð í skipinu og eftirrit skal afhent í vörslu yfirvaldanna sem geyma skráningarskjöl skipsins.

5. Vátrygging eða önnur fjárhagsleg trygging fullnægir ekki kröfum þessarar greinar ef hún getur fallið úr gildi af öðrum ástæðum en þeirri að gildistími vátryggingarinnar eða tryggingarinnar, sem tilgreindur er í vottorðinu samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, rennur út fyrr en að liðnum þrem mánuðum frá því að yfirvöldunum sem greinir í 4. mgr. þessarar greinar er tilkynnt að hún falli niður, nema vottorð hafi verið afhent þeim yfirvöldum, ellegar nýtt vottorð hafi verið gefið út innan áðurnefnds tíma. Ofangreind ákvæði skulu eins taka til sérhverrar breytingar sem leiðir til þess að vátryggingin eða tryggingin fullnægir ekki lengur fyrirmælum þessarar greinar.

6. Skráningarríkið skal, að áskildum ákvæðum þessarar greinar, ákvarða skilyrðin fyrir útgáfu og gildi vottorðsins.

7. Vottorð sem út eru gefin ellegar staðfest í umboði samningsríkis skulu af öðrum samningsríkjum vera tekin gild gagnvart þessum samningi, og skulu af öðrum samningsríkjum metin jafngild vottorðum sem útgefin eða staðfest eru af þeim. Samningsríki má hvenær sem er óska eftir að ráðfæra sig við skráningarríki skips, ef það telur að vátryggjandi eða ábyrgðarmaður sem tilgreindur er í vottorðinu hafi ekki fjárhagslegt bolmagn til að standa við þær skuldbindingar sem þessi samningur stofnar til.

8. Sérhverja kröfu um skaðabætur vegna mengunartjóns má gera milliliðalaust á hendur vátryggjanda eða öðrum aðila sem sér fyrir fjárhagslegri tryggingu á móti ábyrgð eiganda vegna mengunartjóns. Í því tilviki er varnaraðila heimilt, án tillits til raunverulegrar sakar eða vitorðs eiganda, að notfæra sér takmörkin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 5. gr. Honum er enn fremur heimilt að hafa uppi

3. The certificate shall be in the official language or languages of the issuing State. If the language used is neither English nor French, the text shall include a translation into one of these languages.

4. The certificate shall be carried on board the ship and a copy shall be deposited with the authorities who keep the record of the ship's registry.

1. Any dispute between Contracting States concerning the interpretation or application of this Convention, which has not been settled in the framework of Article 9, paragraph 2, shall, at the request of any Party to the dispute, be referred to arbitration. Each Party shall nominate an arbitrator and the two arbitrators shall nominate a referee. If any Party has not nominated its arbitrator within the three months following the request for arbitration, he shall be nominated at the request of the other Party by the President of the European Court of Human Rights. If the latter should be a national of one of the Parties to the dispute, this duty shall be carried out by the Vice-President of the Court or, if the Vice-President is a national of one of the Parties to the dispute, by the most senior judge of the Court not being a national of one of the Parties to the dispute. The same procedure shall be observed if the arbitrators cannot agree on the choice of referee.

2. The arbitration tribunal shall lay down its own procedure. Its decisions shall be taken by majority vote. Its award shall be final.

Article 11

1. This Convention shall be open to signature by the member States of the Council of Europe. It shall be subject to

fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Samningurinn skal taka gildi þremur mánuðum eftir afhendingu þriðja fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.

3. Að því er varðar ríki, sem undirritar, en fullgildir, viðurkennir eða samþykkir síðar, tekur samningurinn gildi þremur mánuðum eftir afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals þess.

12. gr.

1. Við undirritun eða við afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals síns getur sérhvert ríki tilgreint það eða þau landsvæði, sem samningurinn á að ná til.

2. Við afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals síns eða síðar getur sérhvert ríki lýst yfir því við aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins að samningur þessi nái einnig til hvaða annars landsvæðis eða landsvæða, sem tilgreind eru í yfirlýsingunni, og sem það fer með utanríkismál fyrir eða hefur heimild til að skuldbinda.

3. Sérhverja yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt undanfarandi málsgrein, má afturkalla fyrir hvaða landsvæði, sem þar er greint, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Slík afturköllun gangi í gildi þegar í stað eða síðar eftir því sem tilgreint kann að vera í tilkynningunni.

13. gr.

1. Við undirritun eða við afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals síns getur sérhvert ríki lýst yfir því, að það áskilji sér rétt til að synja um framsal vegna einhverra þeirra brota, er um getur í 1. gr., ef það telur það stjórnmálaafbrot, brot sem framið er í tengslum við stjórnmálaafbrot, eða brot framið af stjórnmálalegum hvötum, svo fremi ríkið skuldbindi sig til að taka til tilhlýðilegrar athugunar, þegar það metur eðli brotsins, sérhverjar sérstaklega alvarlegar hliðar brotsins, þ. á m.:

ratification, acceptance or approval. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

2. The Convention shall enter into force three months after the date of the deposit of the third instrument of ratification, acceptance or approval.

3. In respect of a signatory State ratifying, accepting or approving subsequently, the Convention shall come into force three months after the date of the deposit of its instrument of ratification, acceptance or approval.

Article 12

1. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance or approval, specify the territory or territories to which this Convention shall apply.

2. Any State may, when depositing its instrument of ratification, acceptance or approval or at any later date, by declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend this Convention to any other territory or territories specified in the declaration and for whose international relations it is responsible or on whose behalf it is authorised to give undertakings.

3. Any declaration made in pursuance of the preceding paragraph may, in respect of any territory mentioned in such declaration, be withdrawn by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe. Such withdrawal shall take effect immediately or at such later date as may be specified in the notification.

Article 13

1. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance or approval, declare that it reserves the right to refuse extradition in respect of any offence mentioned in Article 1 which it considers to be a political offence, an offence connected with a political offence or an offence inspired by political motives, provided that it undertakes to take into due consideration, when evaluating the character of the offence, any particularly serious aspects of the offence, including:

a. Að það hafi skapað sameiginlega hættu fyrir líf, limi eða frelsi manna.

b. Að það hafi snert menn, sem eru gjörsamlega óviðkomandi hvötunum að baki brotinu.

c. Að notaðar hafi verið grimmúðlegar eða viðurstyggilegar aðferðir við framningu brotsins.

2. Sérhvert ríki getur að öllu eða einhverju leyti afturkallað fyrirvara, sem það hefur gert samkvæmt undanfarandi málsgrein, með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, er gangi í gildi frá og með móttökudegi.

3. Ríki, sem gert hefur fyrirvara samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, getur ekki krafist þess að neitt annað ríki beiti 1. gr. Ef fyrirvari þessi er aðeins að hluta eða skilyrtur, getur það þó krafist framkvæmdar greinarinnar að svo miklu leyti sem það sjálft hefur samþykkt hana.

14. gr.

Sérhverju samningsríki er heimilt að segja upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Sérhver slík uppsögn tekur gildi þegar í stað eða síðar eftir því sem tilgreint kann að vera í tilkynningunni.

15. gr.

Samningur þessi gengur úr gildi að því er varðar samningsríki, sem segir sig úr Evrópuráðinu eða hættir að vera aðildarríki þess.

16. gr.

Aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins ber að tilkynna aðildarríkjum ráðsins um:

a. Sérhverja undirritun.

b. Sérhverja afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.

c. Sérhvern gildistökudag samnings þessa samkvæmt 11. gr. hans.

d. Sérhverja yfirlýsingu eða tilkynningu, sem berst samkvæmt ákvæðum 12. gr.

e. Sérhvern fyrirvara, sem gerður er samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 13. gr.

a. that it created a collective danger to the life, physical integrity or liberty of persons; or

b. that it affected persons foreign to the motives behind it; or

c. that cruel or vicious means have been used in the commission of the offence.

2. Any State may wholly or partly withdraw a reservation it has made in accordance with the foregoing paragraph by means of a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe which shall become effective as from the date of its receipt.

3. A State which has made a reservation in accordance with paragraph 1 of this article may not claim the application of Article 1 by any other State; it may, however, if its reservation is partial or conditional, claim the application of that article in so far as it has itself accepted it.

Article 14

Any Contracting State may denounce this Convention by means of a written notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe. Any such denunciation shall take effect immediately or at such later date as may be specified in the notification.

Article 15

This Convention ceases to have effect in respect of any Contracting State which withdraws from or ceases to be a Member of the Council of Europe.

Article 16

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of:

a. any signature;

b. any deposit of an instrument of ratification, acceptance or approval;

c. any date of entry into force of this Convention in accordance with Article 11 thereof;

d. any declaration or notification received in pursuance of the provisions of Article 12;

e. any reservation made in pursuance of the provisions of Article 13, paragraph 1;

f. Afturköllun sérhvers fyrirvara samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 13. gr.

g. Sérhverja tilkynningu sem berst samkvæmt 14. gr. ásamt dagsetningu gildistöku uppsagnar.

h. Hvert skipti sem samningur gengur úr gildi samkvæmt 15. gr.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir, sem til þess hafa fengið fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Strasbourg hinn 27. janúar 1977 á ensku og frönsku, í einu eintaki, sem geymt skal í skjalasafni Evrópuráðsins, og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins ber að senda staðfest eintök til sérhvers þeirra ríkja, sem undirrita samninginn.

f. the withdrawal of any reservation effected in pursuance of the provisions of Article 13, paragraph 2;

g. any notification received in pursuance of Article 14 and the date on which denunciation takes effect;

h. any cessation of the effects of the Convention pursuant to Article 15.

In witness whereof, the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Convention.

Done at Strasbourg, this 27th day of January 1977, in English and in French, both texts being equally authoritative, in a single copy which shall remain deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each of the signatory States.

Fylgiskjal II.

Fyrirvari.

Ríkisstjórn Íslands áskilur sér rétt, samkvæmt 13. gr. samningsins og í samræmi við skuldbindingu sem þar er getið, að synja um framsal vegna brota er um getur í 1. gr. sem hún telur stjórnmálaafbrot, brot sem framið er í tengslum við stjórnmálaafbrot eða brot framið af stjórnmálalegum hvötum.

Reservation

The Government of Iceland, in accordance with the provisions of Article 13 of the Convention and subject to the undertaking contained in that article, reserves the right to refuse extradition in respect of any offence mentioned in Article 1 which it considers to be a political offence, an offence connected with a political offence or an offence inspired by political motives.

Nr. 15. 29. desember 1980.

AUGLÝSING

um breytingar á samþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMCO).

Hinn 17. júlí 1980 var skrásett hjá framkvæmdastjórn Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar staðfestingarskjal Íslands vegna breytinga á samþykkt um Alþjóðasiglingamálastofnunina frá 6. mars 1948 sem þing stofnunarinnar gerði með ályktun A. 358(IX) 14. nóvember 1975 og ályktun A.371(X) 9. nóvember 1977, með ályktun A.400 (X) 17. nóvember 1977 og með ályktun A.450(XI) 15. nóvember 1979.

Gildistaka breytinganna verður auglýst síðar.

Breytingarnar eru birtar sem fylgiskjöl með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. desember 1980.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Fylgiskjal I.a.

ÁLYKTUN A. 358(IX)

samþykkt 14. nóvember 1975

BREYTINGAR Á IMCO-SAMÞYKKTINNI

ÞINGIÐ

HEFUR ÞAÐ Í HUGA að samþykktin um Alþjóðasiglingamálastofnunina var samþykkt í mars 1948 og tók gildi í mars 1958.

GERIR SÉR GREIN FYRIR og fagnar því hversu stofnunin hefur vaxið og gerir sér auk þess grein fyrir og fagnar þeim mikilvægu breytingum sem orðið hafa á verkefnaskrá stofnunarinnar og starfsaðferðum sem nauðsynlegar hafa reynst við að leysa þessi verkefni af höndum.

MINNIR Á breytingar þær sem samþykktar hafa verið af og til í þeim tilgangi að þátttaka í helstu nefndum stofnunarinnar stjórnist meira af heildarsamsetningu stofnunarinnar og að landfræðilegur jöfnuður aðildarríkisstjórna sé tryggður í ráðinu.

GERIR SÉR ENGU AÐ SÍÐUR GREIN FYRIR því að liðin eru 27 ár og að endurskoða þarf alla samþykktina með hliðsjón af því hvernig stofnunin hefur leyst starf sitt af hendi.

MINNIR Á ályktun sína A.317(ES.V) þar sem ákveðið var að kalla saman sérstakan starfshóp, opinn öllum aðildarríkisstjórnum, sem væri falið að athuga tillögur um breytingar á IMCO-samþykktinni sem ríkisstjórn Frakklands lagði fram, athugasemdir sem fram komu á fimmta aukaþingi þingsins og aðrar breytingatillögur við IMCO-samþykktina sem fram kunna að koma.

HEFUR TEKIÐ FYRIR skýrslu starfshópsins, þ. á m. umsagnir hans um breytingatillögur við IMCO-samþykktina.

HEFUR SAMÞYKKT á níunda reglulega þingi sínu sem haldið var í London 3. til 14. nóvember 1975 breytingar á samþykktinni um Alþjóðasiglingamálastofnunina. Texti þeirra fylgir í viðbæti ályktunar þessarar og eru þær:

a. breytingar við 1., 3., 12., 16., 22., 24., 25., 26., 27., 29., 30., 33., 34., 38., 39., 42., 43., 52. og 55. gr.

b. viðbót nýrrar 32. gr. í VII. kafla.

RESOLUTION A.358(IX)

adopted on 14 November 1975

AMENDMENTS TO THE IMCO CONVENTION

THE ASSEMBLY,

NOTING that the Convention on the Inter-Governmental Maritime Consultative Organization was adopted in March 1948 and entered into force in March 1958,

RECOGNIZING AND WELCOMING the increase in the size of the Organization and the important changes which have occurred in the work programme of the Organization and the methods necessary to discharge this work programme.

RECALLING the amendments to the Convention adopted from time to time in order to make the principal organs of the Organization more representative of the total membership and ensure equitable geographical representation of Member Governments on the Council,

RECOGNIZING NEVERTHELESS that after twenty-seven years, there is need to review the Convention in a comprehensive manner in the light of the way in which the Organization has performed its work,

RECALLING its Resolution A.317(ES.V) by which it decided to convene an Ad Hoc Working Group, open to all Member Governments, and charged with the mandate to study proposals on amendments to the IMCO Convention submitted by the Government of France, the comments made during the fifth extraordinary session of the Assembly and any other proposals which may be submitted to amend the IMCO Convention,

HAVING CONSIDERED the Report of the Ad Hoc Working Group, including the Working Group's recommendations on proposed amendments to the IMCO Convention,

HAVING ADOPTED at its ninth regular session, held in London from 3 to 14 November 1975, amendments to the Convention on the Inter-Governmental Maritime Consultative Organization, the texts of which are contained in the Annex to this Resolution, consisting of

(a) amendments to Articles 1, 3, 12, 16, 22, 24, 25, 26, 27, 29, 30, 33, 34, 38, 39, 42, 43, 52 and 55;

(b) the addition of a new Article 32 in Part VII;

c. viðbót nýrra VIII. og IX. kafla sem eru 33. til 37. og 38. til 42. gr.

d. endurtölusetning VIII. til XVII. kafla samkvæmt þessu.

e. endurtölusetning 33. til 63. gr. samkvæmt þessu.

f. breytingar samkvæmt þessu við tilvísanir í 6., 7., 8., 9. gr. og 53., 54., 56., 58., 59. og 60. gr. eftir endurtölusetningu.

g. breyting á heiti samþykktarinnar.

FER ÞESS Á LEIT við framkvæmdastjóra stofnunarinnar að hann komi samþykktum breytingum til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu skv. 53. gr. IMCO-samþykktarinnar og taki við yfirlýsingum og staðfestingarskjölum eins og gert er ráð fyrir í 54. gr.

BEINIR ÞEIM TILMÆLUM til aðildarríkisstjórna að þær samþykki sérhverja breytingu hið allra fyrsta eftir móttöku afrita þeirra frá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna með því að koma viðeigandi staðfestingarskjölum til framkvæmdastjórans.

(c) the addition of new Parts VIII and IX consisting of Articles 33 to 37 and 38 to 42;

(d) consequential renumbering of Parts VIII to XVII;

(e) consequential renumbering of Articles 33 to 63;

(f) consequential changes to the references in Articles 6, 7, 8, 9, and in Articles 53, 54, 56, 58, 59 and 60 as renumbered;

(g) a change in the title of the Convention,

REQUESTS the Secretary-General of the Organization to deposit the adopted amendments with the Secretary-General of the United Nations in accordance with Article 53 of the IMCO Convention and to receive declarations and instruments of acceptance as provided for in Article 54,

INVITES Member Governments to accept each amendment at the earliest possible date after receiving a copy thereof from the Secretary-General of the United Nations by communicating the appropriate instrument of acceptance to the Secretary-General.

Viðbætir

Breytingar á samþykktinni um Alþjóðasiglingamálastofnunina

Heiti samþykktarinnar

Í stað núgildandi heitis samþykktarinnar komi eftirfarandi:

Samþykkt um alþjóðasiglingamálastofnunina.

1. gr.

Í stað núgildandi texta stafliðs (a) komi eftirfarandi:

Tilgangur stofnunarinnar er:

(a) Að sjá um samvinnu ríkisstjórna í milli varðandi stjórnarfyrirmæli og aðgerðir viðvíkjandi alls kyns tæknimálefnum er snerta alþjóðasiglingar kaupskipa, að hvetja til almennrar samþykktar fullkomnustu raunhæfra ákvæða í sambandi við mál er varða öryggi í siglingum, hagkvæmni í siglingum og varnir gegn og eftirlit með mengun sjávar frá skipum; og að fást við lagaleg atriði sem varða tilgang þann sem settur er fram í þessari grein.

ANNEX

Amendments to the Convention on the Inter-Governmental Maritime Consultative Organization

Title of the Convention

The existing title of the Convention is replaced by the following:

CONVENTION ON THE INTERNATIONAL MARITIME ORGANIZATION

Article 1

The existing text of paragraph (a) is replaced by the following:

The purposes of the Organization are:

(a) To provide machinery for co-operation among Governments in the field of governmental regulation and practices relating to technical matters of all kinds affecting shipping engaged in international trade; to encourage the general adoption of the highest practicable standards in matters concerning maritime safety, efficiency of navigation and the prevention and control of marine pollution from ships; and to deal with legal matters related to the purposes set out in this Article;

3. gr.

Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:

Til að ná verði tilgangi þeim sem greinir í I. kafla skal stofnunin:

(a) Athuga og gera tillögur um mál er rísa kunna skv. 1. gr. (a), (b) og (c) og sem aðilar, stofnun eða sérstofnun Sameinuðu þjóðanna eða önnur milliríkjastofnun kann að leggja fyrir hana eða sem vísað er til hennar skv. 1. gr. (d), enda sé gætt ákvæða 4. gr.

(b) Sjá um samningu samþykkta, samninga og annarra viðeigandi skjala og leggja fyrir ríkisstjórnir og milliríkjastofnanir, svo og að kalla saman ráðstefnur eftir því sem þörf krefur.

(c) Sjá um viðræður milli aðila og skipti á upplýsingum milli ríkisstjórna.

(d) Vinna störf í sambandi við ákvæði (a), (b) og (c) stafliða þessarar greinar, en þó sérstaklega þau sem henni eru falin í eða samkvæmt alþjóðasamningum um siglingamál.

12. gr.

Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:

Stofnunin skiptist í þing, ráð, siglingaöryggisnefnd, laganefnd, umhverfisverndarnefnd sjávar og þær nefndir sem stofnunin telur nauðsynlegar á hverjum tíma; og skrifstofu.

16. gr.

Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:

Starfsemi þingsins sé:

(a) Að kjósa úr hópi aðila, að undanskildum aukafélögum, við sérhvert reglulegt þing forseta og tvo varaforseta, sem haldi embætti til næsta reglulegs þings.

(b) Að setja sér eigin starfsreglur nema annað sé ákveðið í samþykktinni.

(c) Að stofnsetja þær bráðabirgðanefndir eða, að tillögu ráðsins, fastanefndir sem það telur nauðsynlegar.

(d) Að kjósa fulltrúa í ráðið, skv. 18. gr.

(e) Að taka við og athuga skýrslur ráðsins og skera úr um mál sem ráðið vísar til þess.

(f) Að samþykkja starfsáætlun stofnunarinnar.

Article 3

The existing text is replaced by the following:

In order to achieve the purposes set out in Part I, the Organization shall:

(a) Subject to the provisions of Article 4, consider and make recommendations upon matters arising under Article 1(a), (b) and (c) that may be remitted to it by Members, by any organ or specialized agency of the United Nations or by any other inter-governmental organization or upon matters referred to it under Article 1(d);

(b) Provide for the drafting of conventions, agreements, or other suitable instruments, and recommend these to Governments and to inter-governmental organizations, and convene such conferences as may be necessary;

(c) Provide machinery for consultation among Members and the exchange of information among Governments;

(d) Perform functions arising in connexion with paragraphs (a), (b) and (c) of this Article, in particular those assigned to it under international instruments relating to maritime matters.

Article 12

The existing text is replaced by the following:

The Organization shall consist of an Assembly, a Council, a Maritime Safety Committee, a Legal Committee, a Marine Environment Protection Committee and such subsidiary organs as the Organization may at any time consider necessary; and a Secretariat.

Article 16

The existing text is replaced by the following:

The functions of the Assembly shall be:

(a) To elect at each regular session from among its Members, other than Associate Members, its President and two Vice-Presidents who shall hold office until the next regular session;

(b) To determine its own Rules of Procedure except as otherwise provided in the Convention;

(c) To establish any temporary or, upon recommendation of the Council, permanent subsidiary bodies it may consider to be necessary;

(d) To elect the Members to be represented on the Council as provided in Article 18;

(e) To receive and consider the reports of the Council, and to decide upon any question referred to it by the Council;

(f) To approve the work programme of the Organization;

(g) Að greiða atkvæði um fjárhagsáætlun og ákvarða um fjármál stofnunarinnar, skv. XI. kafla.

(h) Að endurskoða útgjöld og samþykkja reikninga stofnunarinnar.

(i) Að vinna störf stofnunarinnar, enda vísi þingið málum varðandi 3. gr. (a) og (b) til ráðsins svo að orða megi þar sérhverjar tillögur eða skjöl er þau varða, en tillögur eða skjöl sem ráðið leggur fyrir þingið og það samþykkir ekki ber að endursenda ráðinu til nánari athugunar með athugasemdum þingsins.

(j) Að mæla með því við aðila að þeir samþykki reglugerðir og leiðbeiningar eða breytingar á þeim, sem til þess hefur verið vísað og varða öryggi í siglingum og varnir gegn og eftirlit með mengun sjávar frá skipum.

(k) Að taka ákvarðanir um að halda alþjóðlega ráðstefnu eða að fara aðra hæfa leið til þess að fá staðfestar alþjóðasamþykktir eða breytingar á þeim sem lagðar eru til af siglingaöryggisnefndinni, laganefndinni, umhverfisverndarnefnd sjávar eða öðrum nefndum stofnunarinnar.

(l) Að vísa til ráðsins til athugunar eða afgreiðslu hvers kyns málefnum innan verkahrings stofnunarinnar, en þó ber að undanskilja tillögur skv. staflið (j) í þessari grein.

22. gr.

i) Nýr stafliður (a) bætist við sem hér segir:

(a) Ráðið skal taka til athugunar drög að starfsáætlun og fjárhagsáætlun, sem framkvæmdastjórinn hefir samið með hliðsjón af tillögum siglingaöryggisnefndarinnar, laganefndarinnar, umhverfisverndarnefndar sjávar og annarra nefnda stofnunarinnar. Með tilliti til þeirra skal ráðið semja og senda þinginu starfsáætlun og fjárhagsáætlun stofnunarinnar og skal höfð hliðsjón af megin hagsmuna- og forgangsmálum stofnunarinnar.

ii) Núgildandi stafliður (a) verður stafliður (b) og í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:

(b) Ráðið tekur við skýrslum, tillögum og meðmælum siglingaöryggisnefndarinnar, laga-

(g) To vote the budget and determine the financial arrangements of the Organization, in accordance with Part XI;

(h) To review the expenditures and approve the accounts of the Organization;

(i) To perform the functions of the Organization, provided that in matters relating to Article 3(a) and (b), the Assembly shall refer such matters to the Council for formulation by it of any recommendations or instruments thereon; provided further that any recommendations or instruments submitted to the Assembly by the Council and not accepted by the Assembly shall be referred back to the Council for further consideration with such observations as the Assembly may make;

(j) To recommend to Members for adoption regulations and guidelines concerning maritime safety and the prevention and control of marine pollution from ships or amendments to such regulations and guidelines which have been referred to it;

(k) To take decisions in regard to convening any international conference or following any other appropriate procedure for the adoption of international conventions or of amendments to any international conventions which have been developed by the Maritime Safety Committee, the Legal Committee, the Marine Environment Protection Committee, or other organs of the Organization;

(l) To refer to the Council for consideration or decision any matters within the scope of the Organization, except that the function of making recommendations under paragraph (j) of this Article shall not be delegated.

Article 22

(i) A new paragraph (a) is added as follows:

(a) The Council shall consider the draft work programme and budget estimates prepared by the Secretary-General in the light of the proposals of the Maritime Safety Committee, the Legal Committee, the Marine Environment Protection Committee and other organs of the Organization and, taking these into account, shall establish and submit to the Assembly the work programme and budget of the Organization, having regard to the general interest and priorities of the Organization.

(ii) Existing paragraph (a) is renumbered as paragraph (b) and the existing text is replaced by the following:

(b) The Council shall receive the reports, proposals and recommendations of the Maritime Safety

nefndarinnar, umhverfisverndarnefndar sjávar og annarra nefnda stofnunarinnar og sendir þinginu, og aðilum þegar það situr ekki, til upplýsinga, ásamt athugasemdum og meðmælum.

iii) Núgildandi stafliður (b) verður stafliður (c) og í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:

(c) Mál sem um ræðir í 29., 34. og 39. gr. athugar ráðið aðeins að fenginni álitsgerð siglingaöryggisnefndarinnar, laganefndarinnar eða umhverfisverndarnefndar sjávar, eftir því sem við á.

24. gr.

Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:

Ráðið skal á hverju reglulegu þingi gefa þinginu skýrslu um starfsemi stofnunarinnar síðan síðasta reglulegt þing var haldið.

25. gr.

Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:

Ráðið skal leggja fyrir þingið reikninga stofnunarinnar ásamt athugasemdum sínum og meðmælum.

26. gr.

i) Núgildandi texti verður stafliður (a) og kaflinn sem þar er vísað til breytist í XIV. kafla.

ii) Nýr stafliður (b) bætist við sem hér segir:

(b) Með hliðsjón af ákvæðum XIV. kafla og þeirra samskipta við aðra sem viðkomandi nefndir eiga skv. 29., 34. og 39. gr., þá skal ráðið, milli þess sem þingið situr, annast samskipti við aðrar stofnanir.

27. gr.

Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:

Milli þinga fer ráðið með öll mál stofnunarinnar að undanskildum tillöguréttindum skv. 16. gr. staflið (j). Sérstaklega skal ráðið samrýma störf nefnda stofnunarinnar og getur það gert breytingar á starfsáætlun sem brýn nauðsyn er á til þess að tryggja árangur í starfi stofnunarinnar.

Committee, the Legal Committee and the Marine Environment Protection Committee and other organs of the Organization and shall transmit them to the Assembly and, when the Assembly is not in session, to the Members for information, together with the comments and recommendations of the Council.

(iii) The existing paragraph (b) is renumbered as paragraph (c) and the existing text is replaced by the following:

(c) Matters within the scope of Articles 29, 34 and 39 shall be considered by the Council only after obtaining the views of the Maritime Safety Committee, the Legal Committee or the Marine Environment Protection Committee, as may be appropriate.

Article 24

The existing text is replaced by the following:

The Council shall make a report to the Assembly at each regular session on the work performed by the Organization since the previous regular session of the Assembly.

Article 25

The existing text is replaced by the following:

The Council shall submit to the Assembly financial statements of the Organization, together with the Council's comments and recommendations.

Article 26

(i) The existing text is renumbered as paragraph (a) and the Part referred to therein is changed to PART XIV.

(ii) A new paragraph (b) is added as follows:

(b) Having regard to the provisions of Part XIV and to the relations maintained with other bodies by the respective Committees under Articles 29, 34 and 39, the Council shall, between sessions of the Assembly, be responsible for relations with other organizations.

Article 27

The existing text is replaced by the following:

Between sessions of the Assembly, the Council shall perform all the functions of the Organization, except the function of making recommendations under Article 16(j). In particular, the Council shall coordinate the activities of the organs of the Organization and may make such adjustments in the work programme as are strictly necessary to ensure the efficient functioning of the Organization.

29. gr.

Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:

(a) Siglingaöryggisnefndin skal athuga sérhvert mál innan verkahrings stofnunarinnar sem varðar siglingatæki, byggingu og útbúnað skipa, lágmarkstölu áhafna með tilliti til öryggis, reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, meðferð hættulegra farma, öryggisráðstafanir og öryggiskröfur á sjó, upplýsingar um haffræði, dagbækur og siglingaskjöl, sjóslysarannsóknir, björgun verðmæta og mannslífa og sérhver önnur málefni er beinlínis varða öryggi á hafinu.

(b) Siglingaöryggisnefndin skal undirbúa framkvæmd þeirra skyldustarfa sem henni eru falin í samþykkt þessari eða af þinginu eða ráðinu eða sérhvers þess skyldustarfs sem fellur innan marka þessarar greinar og henni er falið í eða samkvæmt einhverjum öðrum alþjóðasamningi sem stofnunin hefur samþykkt.

(c) Með tilliti til ákvæða 26. gr. ber siglingaöryggisnefndinni, ef ráðið óskar þess eða hún sjálf telur slíkt hagkvæmt í eigin starfi, að halda nánu sambandi við aðrar stofnanir svo að ná megi markmiði stofnunarinnar.

30. gr.

Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:

Siglingaöryggisnefndin skal leggja fyrir ráðið

(a) Tillögur sem hún hefir samið um öryggisreglur eða breytingar á þeim.

(b) Meðmæli og leiðbeiningar sem hún hefir samið.

(c) Skýrslu um störf sín frá síðasta fundi ráðsins.

Ný 32. gr.

Ný 32. gr. bætist við í lok VII. kafla sem hér segir:

Þótt það sé í mótsögn við þessa samþykkt, nema ákvæði 28. gr., þá skal siglingaöryggisnefndin þegar hún vinnur þau verk sem henni eru falin í eða samkvæmt alþjóðasamþykkt eða öðru skjali fara að í samræmi við viðeigandi ákvæði samþykktarinnar eða skjalsins, einkum hvað snertir reglur um meðferð mála.

Article 29

The existing text is replaced by the following:

(a) The Maritime Safety Committee shall consider any matter within the scope of the Organization concerned with aids to navigation, construction and equipment of vessels, manning from a safety standpoint, rules for the prevention of collisions, handling of dangerous cargoes, maritime safety procedures and requirements, hydrographic information, log-books and navigational records, marine casualty investigation, salvage and rescue, and any other matters directly affecting maritime safety.

(b) The Maritime Safety Committee shall provide machinery for performing any duties assigned to it by this Convention, the Assembly or the Council, or any duty within the scope of this Article which may be assigned to it by or under any other international instrument and accepted by the Organization.

(c) Having regard to the provisions of Article 26, the Maritime Safety Committee, upon request by the Council or if it deems such action useful in the interests of its own work, shall maintain such close relationship with other bodies as may further the purposes of the Organization.

Article 30

The existing text is replaced by the following:

The Maritime Safety Committee shall submit to the Council:

(a) Proposals for safety regulations or for amendments to safety regulations which the Committee has developed;

(b) Recommendations and guidelines which the Committe has developed;

(c) A report on the work of the Committee since the previous session of the Council.

New Article 32

A new Article 32 is added at the end of PART VII, as follows:

Notwithstanding anything to the contrary in this Convention but subject to the provisions of Article 28, the Maritime Safety Committee when exercising the functions conferred upon it by or under any international convention or other instrument, shall conform to the relevant provisions of the convention or instrument in question, particularly as regards the rules governing the procedure to be followed.

Nýir kaflar (VIII.) og (IX.)

Nýir kaflar (VIII. og IX.) bætast við eftir núgildandi VII. kafla sem hér segir:

VIII. KAFLI — LAGANEFND

33. gr.

Allir aðilar eiga sæti í laganefndinni.

34. gr.

(a) Laganefndin skal athuga öll lagaleg málefni innan verkahrings stofnunarinnar.

(b) Laganefndin skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að framkvæma þau skyldustörf sem henni eru falin í samþykkt þessari eða af þinginu eða ráðinu eða sérhvert það skyldustarf sem fellur innan marka þessarar greinar og henni er falið í eða samkvæmt einhverjum öðrum alþjóðasamningi sem stofnunin hefur samþykkt.

(c) Með tilliti til ákvæða 26. gr. ber laganefndinni, ef ráðið óskar þess eða hún sjálf telur slíkt hagkvæmt í eigin starfi, að halda nánu sambandi við aðrar stofnanir svo að ná megi markmiði stofnunarinnar.

35. gr.

Laganefndin skal leggja fyrir ráðið

(a) Drög að alþjóðasamþykktum eða breytingum á þeim sem hún hefir samið.

(b) Skýrslu um störf sín frá síðasta fundi ráðsins.

36. gr.

Laganefndin skal halda fund að minnsta kosti einu sinni á ári. Hún kýs sér embættismenn árlega og setur sér eigin starfsreglur.

37. gr.

Þótt það sé í mótsögn við þessa samþykkt, nema ákvæði 33. gr., þá skal laganefndin þegar hún vinnur þau verk sem henni eru falin í eða samkvæmt alþjóðasamþykkt eða öðru skjali fara að í samræmi við viðeigandi ákvæði samþykktarinnar eða skjalsins, einkum hvað snertir reglur um meðferð mála.

New Parts (VIII) and (IX)

New PARTS (VIII and IX) are added after the existing PART VII as follows:

PART VIII — LEGAL COMMITTEE

Article 33

The Legal Committee shall consist of all the Members.

Article 34

(a) The Legal Committee shall consider any legal matters within the scope of the Organization.

(b) The Legal Committee shall take all necessary steps to perform any duties assigned to it by this Convention or by the Assembly or the Council, or any duty within the scope of this Article which may be assigned to it by or under any other international instrument and accepted by the Organization.

(c) Having regard to the provisions of Article 26, the Legal Committee, upon request by the Council or, if it deems such action useful in the interests of its own work shall maintain such close relationship with other bodies as may further the purposes of the Organization.

Article 35

The Legal Committee shall submit to the Council:

(a) drafts of international conventions and of amendments to international conventions which the Committee has developed;

(b) a report on the work of the Committee since the previous session of the Council.

Article 36

The Legal Committee shall meet at least once a year. It shall elect its officers once a year and shall adopt its own Rules of Procedures.

Article 37

Notwithstanding anything to the contrary in this Convention, but subject to the provisions of Article 33, the Legal Committee, when exercising the functions conferred upon it by or under any international convention or other instrument, shall conform to the relevant provisions of the convention or instrument in question, particularly as regards the rules governing the procedures to be followed.

IX. KAFLI — UMHVERFISVERNDARNEFND SJÁVAR

38. gr.

Allir aðilar eiga sæti í umhverfisverndarnefnd sjávar.

39. gr.

Umhverfisverndarnefnd sjávar skal athuga sérhvert mál innan verkahrings stofnunarinnar sem tengist vörnum gegn og eftirliti með mengun sjávar frá skipum og skal einkum:

(a) Vinna þau störf sem stofnunin hefur verið eða kann að verða falið að framkvæma í eða samkvæmt alþjóðasamþykkt varðandi varnir gegn og eftirlit með mengun sjávar frá skipum, en þó með sérstöku tilliti til setninga reglugerða eða annarra ákvæða eða breytingu á þeim samkvæmt þessum alþjóðasamþykktum.

(b) Hyggja að heppilegum aðgerðum til þess að auðvelda eftirlit með samþykktunum sem vísað er til í staflið (a).

(c) Afla vísindalegra, tæknilegra og annarra hagnýtra upplýsinga um varnir gegn og eftirlit með mengun sjávar frá skipum og dreifa þeim til ríkja, sérstaklega þróunarríkjanna, og, eftir því sem við á, semja meðmæli og leiðbeiningar.

(d) Efla samstarf við svæðisbundin samtök sem fást við varnir gegn og eftirlit með mengun sjávar frá skipum, enda sé tekið tillit til ákvæða 26. gr.

(e) Íhuga og gera viðeigandi ráðstafanir í sambandi við önnur mál innan verkahrings stofnunarinnar sem efla mundu varnir gegn og eftirlit með mengun sjávar frá skipum, m. a. með því að hafa samvinnu um umhverfismál við aðrar alþjóðastofnanir, enda sé tillit tekið til ákvæða 26. gr.

40. gr.

Umhverfisverndarnefnd sjávar skal leggja fyrir ráðið

(a) Drög að reglugerðum um varnir gegn og eftirlit með mengun sjávar frá skipum og að breytingum við slíkar reglugerðir sem hún hefir samið;

(b) Meðmæli og leiðbeiningar sem hún hefir samið;

(c) Skýrslu um störf sín frá síðasta fundi ráðsins.

PART IX — THE MARINE ENVIRONMENT PROTECTION COMMITTEE

Article 38

The Marine Environment Protection Committee shall consist of all the Members.

Article 39

The Marine Environment Protection Committee shall consider any matter within the scope of the Organization concerned with the prevention and control of marine pollution from ships and in particular shall:

(a) perform such functions as are or may be conferred upon the Organization by or under international conventions for the prevention and control of marine pollution from ships, particularly with respect to the adoption and amendment of regulations or other provisions, as provided for in such conventions;

(b) consider appropriate measures to facilitate the enforcement of the conventions referred to in paragraph (a) above;

(c) provide for the acquisition of scientific, technical and any other practical information on the prevention and control of marine pollution from ships for dissemination to States, in particular to developing countries and, where appropriate, make recommendations and develop guidelines;

(d) promote co-operation with regional organizations concerned with the prevention and control of marine pollution from ships, having regard to the provisions of Article 26;

(e) consider and take appropriate action with respect to any other matters falling within the scope of the Organization which would contribute to the prevention and control of marine pollution from ships including co-operation on environmental matters with other international organizations, having regard to the provisions of Article 26.

Article 40

The Marine Environment Protection Committee shall submit to the Council:

(a) proposals for regulations for the prevention and control of marine pollution from ships and for amendments to such regulations which the Committee has developed;

(b) recommendations and guidelines which the Committee has developed;

(c) a report on the work of the Committee since the previous session of the Council.

41. gr.

Umhverfisverndarnefnd sjávar skal halda fund að minnsta kosti einu sinni á ári. Hún kýs sér embættismenn árlega og setur sér eigin starfsreglur.

42. gr.

Þótt það sé í mótsögn við þessa samþykkt, nema ákvæði 38. gr., þá skal umhverfisverndarnefnd sjávar þegar hún gerir þau verk sem henni eru falin í eða samkvæmt alþjóðasamþykkt eða öðru skjali fara að í samræmi við viðeigandi ákvæði samþykktarinnar eða skjalsins, einkum hvað snertir reglur um meðferð mála.

Núgildandi VIII. til XVII. kaflar eru endurtölusettir samkvæmt þessu sem X. til XIX. kaflar.

Núgildandi 33. til 63. gr. eru endurtölusettar samkvæmt þessu sem 43. til 73. gr.

33. gr. (endurtölusett sem 43 gr.)

Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:

Á skrifstofunni sé framkvæmdastjóri og það annað starfslið, sem stofnunin kann að þarfnast. Framkvæmdastjórinn skal vera aðalstjórnandi stofnunarinnar og skal hann skipa ofangreint starfsfólk, en gætt sé ákvæða 23. gr.

34. gr. (endurtölusett sem 44. gr.)

Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:

Skrifstofan skal gæta allra þeirra gagna sem stofnunin þarf til hagkvæms starfs og útbúa, safna og dreifa þeim skjölum, dagskrám, fundargerðum og upplýsingum sem starf stofnunarinnar krefst.

38. gr. (endurtölusett sem 48. gr.)

Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:

Framkvæmdastjóranum ber að gegna öllum öðrum störfum sem samþykktin, þingið eða ráðið kunna að fela honum.

39. gr. (endurtölusett sem 49. gr.)

Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:

Sérhver aðili skal standa undir launagreiðslum, ferðakostnaði og öðrum útgjöldum sendinefndar sinnar á fundi stofnunarinnar.

Article 41

The Marine Environment Protection Committee shall meet at least once a year. It shall elect its officers once a year and shall adopt its own Rules of Procedure.

Article 42

Notwithstanding anything to the contrary in this Convention, but subject to the provisions of Article 38, the Marine Environment Protection Committee, when exercising the functions conferred upon it by or under any international convention or other instrument, shall conform to the relevant provisions of the convention or instrument in question, particularly as regards the rules governing the procedures to be followed.

The existing PARTS VIII through XVII are renumbered accordingly as PARTS X through XIX.

The existing Articles 33 through 63 are renumbered accordingly as Articles 43 through 73.

Article 33 (renumbered as Article 43)

The existing text is replaced by the following:

The Secretariat shall comprise the Secretary-General and such other personnel as the Organization may require. The Secretary-General shall be the chief administrative officier of the Organization and shall, subject to the provisions of Article 23, appoint the above-mentioned personnel.

Article 34 (renumbered as Article 44)

The existing text is replaced by the following:

The Secretariat shall maintain all such records as may be necessary for the efficient discharge of the functions of the Organization and shall prepare, collect and circulate the papers, documents, agenda, minutes and information that may be required for the work of the Organization.

Article 38 (renumbered as Article 48)

The existing text is replaced by the following:

The Secretary-General shall assume any other functions which may be assigned to him by the Convention, the Assembly or the Council.

Article 39 (renumbered as Article 49)

The existing text is replaced by the following:

Each member shall bear the salary, travel and other expenses of its own delegation to the meetings held by the Organization.

42. gr. (endurtölusett sem 52. gr.)
Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:
Sérhver aðili sem stendur ekki við fjárhagsskuldbindingar sínar við stofnunina innan eins árs frá gjalddaga fyrirgerir atkvæðisrétti sínum á þinginu, í ráðinu, í siglingaöryggisnefndinni, í laganefndinni og í mengunarverndarnefnd sjávar, nema þingið ákveði að falla frá að beita þessu ákvæði.

Article 42 (renumbered as Article 52)
The existing text is replaced by the following:
Any Member which fails to discharge its financial obligation to the Organization within one year from the date on which it is due, shall have no vote in the Assembly, the Council, the Maritime Safety Committee, the Legal Committee or the Marine Environment Protection Committee unless the Assembly, at its discretion, waives this provision.

43. gr. (endurtölusett sem 53. gr.)
Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:
Sé ekki annað tekið fram í samþykktinni eða í einhverri alþjóðasamþykkt sem felur þinginu, ráðinu, siglingaöryggisnefndinni, laganefndinni eða umhverfisverndarnefnd sjávar störf, þá gilda þar eftirfarandi ákvæði um atkvæðagreiðslur:

(a) Sérhver aðili hefur eitt atkvæði.
(b) Ákvarðanir skulu teknar af meirihluta aðila sem mættir eru og atkvæði greiða en þar sem 2/3 meirihluti atkvæða er tilskilinn þarf 2/3 atkvæða mættra aðila.
(c) Hvað samþykkt þessa varðar þýða orðin „aðilar sem mættir eru og atkvæði greiða": „viðstaddir aðilar sem greiða jákvætt eða neikvætt atkvæði". Aðilar sem hjá sitja teljast eigi hafa greitt atkvæði.

Article 43 (renumbered as Article 53)
The existing text is replaced by the following:
Except as otherwise provided in the Convention or in any international agreement which confers functions on the Assembly, the Council, the Maritime Safety Committee, the Legal Committee or the Marine Environment Protection Committee, the following provisions shall apply to voting in these organs:
(a) Each Member shall have one vote.
(b) Decisions shall be by a majority vote of the Members present and voting and, for decisions where a two-thirds majority vote is required, by a two-thirds majority vote of those present.
(c) For the purpose of the Convention, the phrase "Members present and voting" means "Members present and casting an affirmative or negative vote". Members which abstain from voting shall be considered as not voting.

52. gr. (endurtölusett sem 62. gr.)
Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:
Texta breytingar sem lagt er til að gerðar verði á samþykktinni skal framkvæmdastjórinn senda aðilum a. m. k. sex mánuðum áður en þingið tekur þær til athugunar. Breytingar skulu samþykktar með 2/3 hlutum atkvæða þingsins. Tólf mánuðum eftir að 2/3 hlutar aðila stofnunarinnar, að undanskildum aukafélögum, hafa samþykkt breytingu gengur hún í gildi fyrir alla aðila, nema þá sem lýsa því yfir áður en hún gengur í gildi að þeir samþykki hana ekki. Þingið getur með 2/3 hlutum atkvæða ákveðið þegar breyting er samþykkt að hún sé þess eðlis að hver sá aðili sem gefið hefur slíka yfirlýsingu og samþykkir ekki breytinguna innan tólf mánaða eftir að hún gengur í gildi skuli, að tímabili þessu loknu, ekki lengur teljast aðili að samþykktinni.

Article 52 (renumbered as Article 62)
The existing text is replaced by the following:
Texts of proposed amendments to the Convention shall be communicated by the Secretary-General to Members at least six months in advance of their consideration by the Assembly. Amendments shall be adopted by a two-thirds majority vote of the Assembly. Twelve months after its acceptance by two-thirds of the Members of the Organization, other than Associate Members, each amendment shall come into force for all Members except those which, before it comes into force, make a declaration that they do not accept the amendment. The Assembly may by a two-thirds majority vote determine at the time of its adoption that an amendment is of such a nature that any Member which has made such a declaration and which does not accept the amendment within a period of twelve months after the amendment comes into force shall, upon the expiration of this period, cease to be a party to the Convention.

55. gr. (endurtölusett sem 65. gr.)

Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:

Sérhverri spurningu eða deilu varðandi túlkun eða beitingu samþykktarinnar ber að vísa til þingsins til þess að jafna, eða jafna á einhvern annan hátt sem deiluaðilar koma sér saman um. Ekkert sem í grein þessari segir fyrirbyggir þó að einhver nefnd stofnunarinnar jafni þau vanda- eða deilumál sem upp kunna að koma í sambandi við störf þeirra.

Greinarnar sem vísað er til í eftirfarandi greinum breytast sem hér segir:

6. gr.: vísun til 57. gr. verður til 67. gr.

7. gr.: vísun til 57. gr. verður til 67. gr.

8. gr.: vísun til 57. gr. verður til 67. gr.

9. gr.: vísun til 58. gr. verður til 68. gr.

53. og 54. gr. (endurtölusettar sem 63. og 64. gr.): vísun til 52. gr. verður til 62. gr.

56. gr. (endurtölusett sem 66. gr.): vísun til 55. gr. verður til 65. gr.

58. gr. (endurtölusett sem 68. gr.): vísun í staflið (d) til 57. gr. verður til 67. gr.

59. gr. (endurtölusett sem 69. gr.): vísun í staflið (b) til 58. gr. verður til 68. gr.

60. gr. (endurtölusett sem 70. gr.): vísun til 57. gr. verður til 67. gr.

Article 55 (renumbered as Article 65)

The existing text is replaced by the following:

Any question or dispute concerning the interpretation or application of the Convention shall be referred to the Assembly for settlement, or shall be settled in such other manner as the parties to the dispute may agree. Nothing in this Article shall preclude any organ of the Organization from settling any such question or dispute that may arise during the exercise of its functions.

The Articles referred to in the following Articles are changed as follows:

Article 6: The reference to Article 57 is changed to Article 67

Article 7: The reference to Article 57 is changed to Article 67

Article 8: The reference to Article 57 is changed to Article 67

Article 9: The reference to Article 58 is changed to Article 68

Articles 53 and 54 (renumbered as Articles 63 and 64): The reference to Article 52 are changed to Article 62

Article 56 (renumbered as Article 66): The reference to Article 55 is changed to Article 65

Article 58 (renumbered as Article 68): The reference in paragraph (d) to Article 57 is changed to Article 67

Article 59 (renumbered as Article 69): The reference in paragraph (b) to Article 58 is changed to Article 68

Article 60 (renumbered as Article 70): The reference to Article 57 is changed to Article 67.

Fylgiskjal I.b.

ÁLYKTUN A.371(X)

samþykkt 9. nóvember 1977

LEIÐRÉTT ÞINGSÁLYKTUN A.358(IX)

ÞINGIÐ

MINNIR Á að það ákvað á níunda reglulega þingi sínu árið 1975 að breyta skyldi heiti stofnunarinnar í „Alþjóðasiglingamálastofnunin".

MINNIR ENN FREMUR Á að breyting þess efnis á heiti IMCO-samþykktarinnar var samþykkt í ályktun A.358(IX) og lögð fram í viðbæti þeirrar ályktunar.

RESOLUTION A.371(X)

adopted on 9 November 1977

CORRECTION OF ASSEMBLY RESOLUTION A.358(IX)

THE ASSEMBLY,

RECALLING that it decided, at the ninth regular session in 1975, that the name of the Organization be changed to INTERNATIONAL MARITIME ORGANIZATION,

RECALLING FURTHER that for this purpose an amendment was adopted in Resolution A.358(IX) to the title of the IMCO Convention and set out in the Annex to that Resolution,

TEKUR FRAM að vegna breytingarinnar hafi þurft að breyta inngangsorðum IMCO-samþykktarinnar þar sem einnig er vísað til heitis stofnunarinnar.

TEKUR ENN FREMUR FRAM að þingið hafi ætlað sér og ákveðið að samþykkja allar nauðsynlegar breytingar sem leiddu af ákvörðun þessari.

ÁKVEÐUR að breyting á „heiti samþykktarinnar" eins og hún kemur fram í viðbæti við ályktun A.358(IX) skuli vera sem hér segir:

„*Heiti samþykktarinnar og inngangsorð*

Í stað núgildandi heitis samþykktarinnar komi eftirfarandi:

Samþykkt um Alþjóðasiglingamálastofnunina,

og í stað heitis stofnunarinnar í núgildandi inngangsorðum samþykktarinnar komi eftirfarandi:

Alþjóðasiglingamálastofnun."

ÁKVEÐUR að breyta texta ályktunar A.358 (IX) samkvæmt þessu.

FER ÞESS Á LEIT við framkvæmdastjórann að hann komi texta ályktunar þessarar til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu ásamt ályktun A.358(IX) og til áframsendingar til aðildarríkisstjórna skv. 53. gr. IMCO-samþykktarinnar.

NOTING that as a consequence of the amendment a change was required in the Preamble of the IMCO Convention which also contains a reference to the name of the Organization,

NOTING FURTHER that it was the intention and decision of the Assembly to adopt all necessary amendments consequential upon this decision,

DETERMINES that the amendment to *"Title of the Convention"* as appearing in the Annex to Resolution A.358(IX) should read:

"Title of the Convention and Preamble

The existing title of the Convention is replaced by the following:

CONVENTION ON THE INTERNATIONAL MARITIME ORGANIZATION,

and the name of the Organization in the existing Preamble to the Convention is replaced by the following:

International Maritime Organization.",

DECIDES to amend the text of Resolution A.358(IX) accordingly,

REQUESTS the Secretary-General to forward the text of the present Resolution to the Secretary-General of the United Nations for deposit with the text of Resolution A.358(IX) and for transmittal to Member Governments in accordance with Article 53 of the IMCO Convention.

Fylgiskjal II.

ÁLYKTUN A.400(X)

samþykkt 17. nóvember 1977

BREYTINGAR Á SAMÞYKKTINNI UM ALÞJÓÐASIGLINGAMÁLASTOFNUNINA

RESOLUTION A.400(X)

adopted on 17 November 1977

AMENDMENTS TO THE CONVENTION ON THE INTER-GOVERNMENTAL MARITIME CONSULTATIVE ORGANIZATION

ÞINGIÐ

MINNIR Á ályktun A.360(IX) níunda þings síns, þar sem ákveðið var að á tíunda reglulegu þingi þess skyldi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að samþykkja breytingar á IMCO-samþykktinni í þeim tilgangi að skapa tæknisamvinnunefndinni starfsgrundvöll innan marka IMCO-samþykktarinnar.

MINNIR ENN FREMUR Á ályktun A.359(IX) einnig frá níunda þinginu þar sem það ákvað að kalla saman á árinu 1977 sérstakan starfshóp opinn öllum ríkisstjórnum sem aðilar eru að stofnuninni til að athuga og leggja fram á

THE ASSEMBLY,

RECALLING Resolution A.360(IX) of its ninth session by which it decided to take the necessary steps at the tenth regular session to adopt amendments to the IMCO Convention in order to institutionalize the Committee on Technical Co-operation in the IMCO Convention,

RECALLING FURTHER Resolution A.359(IX) of the same ninth session by which it decided to convene in 1977 an Ad Hoc Working Group open to all Member Governments of the Organization to study and submit to the tenth

tíunda reglulegu þingi þingsins breytingatillögur við 2., 40. og 52. gr. IMCO-samþykktarinnar, breytingatillögur til að ákvarða starfsgrundvöll tæknisamvinnunefndar og hverjar þær breytingatillögur við samþykktina sem aðilar kunna að leggja fram.

HEFUR TEKIÐ FYRIR skýrslu starfshópsins, þ. á m. umsagnir hans um breytingatillögur við IMCO-samþykktina.

HEFUR EINNIG TEKIÐ TIL ATHUGUNAR frekari breytingatillögur við IMCO-samþykktina sem ríkisstjórn Bandaríkja Norður Ameríku hefur lagt fram.

MINNIR Á breytingar þær sem samþykktar voru með ályktun A.358(IX) á níunda reglulega þinginu sem haldið var í nóvember 1975.

HEFUR SAMÞYKKT á tíunda reglulega þingi sínu sem haldið var í London 7. til 17. nóvember 1977 breytingar á samþykktinni um Alþjóðasiglingamálastofnunina. Texti þeirra fylgir í viðbæti ályktunar þessarar og eru þær:

a. niðurfelling 2. gr.

b. viðbót nýs kafla (X. kafla) sem í eru nýjar 42. til 46. gr.

c. breytingar samkvæmt þessu við 3., 12., 16., 22., 26., 42. og 43. gr.

d. aðrar breytingar við 1., 3., 45. og 52. gr.

e. endurtölusetning VIII. til XVII. kafla samkvæmt þessu (endurtölusettir sem X. til XIX. samkvæmt ályktun A.358(IX)).

f. endurtölusetning 3. til 31. gr. samkvæmt þessu.

g. endurtölusetning 33. til 63. gr. samkvæmt þessu (endurtölusettar sem 43. til 73. samkvæmt ályktun A.358(IX)).

h. breytingar samkvæmt þessu við tilvísanir til greina í eftirtöldum greinum:

i. 6., 7., 8., 9., 19., 27., 29., 33., 53., 54., 56., 58., 59. og 60.

ii. 32., 34., 37., 39. og 42. (bætt við með ályktun A.358(IX)).

i. breyting samkvæmt þessu við kennitölu greinarinnar sem vísað er til í viðauka II.

FER ÞESS Á LEIT við framkvæmdastjóra stofnunarinnar að hann komi samþykktum breytingum til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu skv. 53. gr. IMCO-samþykktarinnar og taki við staðfestingarskjölum og yfirlýsingum eins og gert er ráð fyrir í 54. gr.

regular session of the Assembly proposals for amending Articles 2, 40 and 52 of the IMCO Convention, proposals for amending the Convention in order to institutionalize the Committee on Technical Co-operation and any other proposals for amending the Convention which may be submitted by Members,

HAVING CONSIDERED the Report of the Ad Hoc Working Group, including the Working Group's recommendations on proposed amendments to the IMCO Convention,

HAVING CONSIDERED ALSO further proposals for amending the IMCO Convention submitted by the Government of the United States of America,

RECALLING the amendments it adopted by Resolution A.358(IX) at the ninth regular session held in November 1975,

HAVING ADOPTED at its tenth regular session, held in London from 7 to 17 November 1977, amendments to the Convention on the Inter-Governmental Maritime Consultative Organization, the texts of which are contained in the Annex to this Resolution, consisting of:

(a) the deletion of Article 2;

(b) the addition of a new Part (PART X) consisting of new Articles 42 to 46;

(c) consequential amendments to Articles 3, 12, 16, 22, 26, 42 and 43;

(d) other amendments to Articles 1, 3, 45 and 52;

(e) consequential renumbering of Parts VIII to XVII (renumbered X to XIX pursuant to Resolution A.358(IX));

(f) consequential renumbering of Articles 3 to 31;

(g) consequential renumbering of Articles 33 to 63 (renumbered 43 to 73 pursuant to Resolution A.358(IX);

(h) consequential changes to the references to Articles in the following Articles:

(i) 6, 7, 8, 9, 19, 27, 29, 33, 53, 54, 56, 58, 59 and 60;

(ii) 32, 34, 37, 39 and 42 (added by Resolution A.358(IX));

(i) a consequential change to the number of the Article referred to in Appendix II,

REQUESTS the Secretary-General of the Organization to deposit the adopted amendments with the Secretary-General of the United Nations in accordance with Article 53 of the IMCO Convention and to receive instruments of acceptance and declarations as provided for in Article 54,

BEINIR ÞEIM TILMÆLUM til aðildarríkisstjórna að þær samþykki breytingar þessar hið allra fyrsta eftir móttöku afrita þeirra með því að koma viðeigandi staðfestingarskjölum til framkvæmdastjórans skv. 54. gr. samþykktarinnar.

INVITES Member Governments to accept these amendments at the earliest possible date after receiving copies thereof by communicating the appropriate instrument of acceptance to the Secretary-General in accordance with Article 54 of the Convention.

Viðbætir

Breytingar á samþykktinni um Alþjóðasiglingamálastofnunina

1. gr.
i) Í stað texta stafliðs (a) komi eftirfarandi:

Að sjá um samvinnu ríkisstjórna í milli varðandi stjórnarfyrirmæli og aðgerðir viðvíkjandi alls kyns tæknimálefnum, er snerta alþjóðasiglingar kaupskipa; að hvetja til og auðvelda almenna samþykkt fullkomnustu raunhæfra ákvæða í sambandi við mál er varða öryggi í siglingum, hagkvæmni í siglingum og varnir gegn og eftirlit með mengun sjávar frá skipum; og að fást við stjórnunar og lagaleg atriði sem varða tilgang þann sem settur er fram í þessari grein.

ii) Í stað texta stafliðs (d) komi eftirfarandi:

Að sjá um að stofnunin taki til athugunar öll málefni er varða siglingar og þau áhrif sem siglingar hafa á hafið sem stofnun eða sérstofnun Sameinuðu þjóðanna vísa til hennar.

2. gr.
Textinn fellur niður.
3. gr. til 31. gr. eru endurtölusettar sem 2. til 30. gr.

3. gr. (endurtölusett sem 2. gr.)
Í stað textans komi eftirfarandi:
Til að ná verði tilgangi þeim sem greinir í I. kafla skal stofnunin:
(a) Athuga og gera tillögur um mál er rísa kunna skv. 1. gr. (a), (b) og (c) og sem aðilar, stofnun eða sérstofnun Sameinuðu þjóðanna eða önnur milliríkjastofnun kann að leggja fyrir hana eða sem vísað er til stofnunarinnar skv. 1. gr. (d), enda sé gætt ákvæða 3. gr.

(b) Sjá um samningu samþykkta, samninga og annarra viðeigandi skjala og leggja fyrir ríkis-

ANNEX

AMENDMENTS TO THE CONVENTION ON THE INTER-GOVERNMENTAL MARITIME CONSULTATIVE ORGANIZATION

Article 1
(i) The text of paragraph (a) is replaced by the following:
To provide machinery for co-operation among Governments in the field of governmental regulation and practices relating to technical matters of all kinds affecting shipping engaged in international trade; to encourage and facilitate the general adoption of the highest practicable standards in matters concerning maritime safety, efficiency of navigation and prevention and control of marine pollution from ships; and to deal with administrative and legal matters related to the purposes set out in this Article;
(ii) The text of paragraph (d) is replaced by the following:
To provide for the consideration by the Organization of any matters concerning shipping and the effect of shipping on the marine environment that may be referred to it by any organ or specialized agency of the United Nations;

Article 2
The text is deleted.
Articles 3 to 31 are renumbered Articles 2 to 30.

Article 3 (renumbered as Article 2)
The text is replaced by the following:
In order to achieve the purposes set out in Part 1, the Organization shall:
(a) Subject to the provisions of Article 3, consider and make recommendations upon matters arising under Article 1(a), (b) and (c) that may be remitted to it by Members, by any organ or specialized agency of the United Nations or by any other inter-governmental organization or upon matters referred to it under Article 1(d);
(b) Provide for the drafting of conventions, agreements, or other suitable instruments, and re-

stjórnir og milliríkjastofnanir, svo og að kalla saman ráðstefnur eftir því sem þörf krefur.

(c) Sjá um viðræður milli aðila og skipti á upplýsingum milli ríkisstjórna.

(d) Vinna störf í sambandi við ákvæði (a), (b) og (c) stafliða þessarar greinar, en þó sérstaklega þau sem henni eru falin í eða samkvæmt alþjóðasamningum um siglingamál og um áhrif siglinga á hafið.

(e) Auðvelda eins og nauðsyn krefur og skv. X. kafla tæknisamvinnu á starfssviði stofnunarinnar.

12. gr. (endurtölusett sem 11. gr.)
Í stað textans komi eftirfarandi:

Stofnunin skiptist í þing, ráð, siglingaöryggisnefnd, laganefnd, umhverfisverndarnefnd sjávar, tæknisamvinnunefnd og þær nefndir sem stofnunin telur nauðsynlegar á hverjum tíma, og skrifstofu.

16. gr. (endurtölusett sem 15. gr.)
Í stað textans komi eftirfarandi:

Starfsemi þingsins sé:
(a) Að kjósa úr hópi aðila, að undanskildum aukafélögum, við sérhvert reglulegt þing forseta og tvo varaforseta, sem haldi embætti til næsta reglulegs þings.
(b) Að setja sér eigin starfsreglur nema annað sé ákveðið í samþykktinni.
(c) Að stofnsetja þær bráðabirgðanefndir eða, að tillögu ráðsins, fastanefndir, sem það telur nauðsynlegar.
(d) Að kjósa fulltrúa í ráðið, skv. 17. gr.

(e) Að taka við og athuga skýrslur ráðsins og skera úr um mál sem ráðið vísar til þess.

(f) Að samþykkja starfsáætlun stofnunarinnar.

(g) Að greiða atkvæði um fjárhagsáætlun og ákvarða um fjármál stofnunarinnar, skv. XII. kafla.
(h) Að endurskoða útgjöld og samþykkja reikninga stofnunarinnar.
(i) Að vinna störf stofnunarinnar, enda vísi þingið málum varðandi 2. gr. (a) og (b) til ráðsins svo að orða megi þar sérhverjar tillögur eða skjöl

commend these to Governments and to inter-governmental organizations, and convene such conferences as may be necessary;
(c) Provide machinery for consultation among Members and the exchange of information among Governments;
(d) Perform functions arising in connexion with paragraphs (a), (b) and (c) of this Article, in particular those assigned to it by or under international instruments relating to maritime matters and the effect of shipping on the marine environment;
(e) Facilitate as necessary, and in accordance with Part X, technical co-operation within the scope of the Organization.

Article 12 (renumbered as Article 11)
The text is replaced by the following:

The Organization shall consist of an Assembly, a Council, a Maritime Safety Committee, a Legal Committee, a Marine Environment Protection Committee, a Technical Co-operation Committee and such subsidiary organs as the Organization may at any time consider necessary; and a Secretariat.

Article 16 (renumbered as Article 15)
The text is replaced by the following:

The functions of the Assembly shall be:
(a) To elect at each regular session from among its Members, other than Associate Members, its President and two Vice-Presidents who shall hold office until the next regular session;
(b) To determine its own Rules of Procedure except as otherwise provided in the Convention;
(c) To establish any temporary or, upon recommendation of the Council, permanent subsidiary bodies it may consider to be necessary;
(c) To elect the Members to be represented on the Council as provided in Article 17;
(e) To receive and consider the reports of the Council, and to decide upon any question referred to it by the Council;
(f) To approve the work programme of the Organization;
(g) To vote the budget and determine the financial arrangements of the Organization, in accordance with Part XII;
(h) To review the expenditures and approve the accounts of the Organization;
(i) To perform the functions of the Organization, provided that in matters relating to Article 2(a) and (b), the Assembly shall refer such matters to

er þau varða, en tillögur eða skjöl sem ráðið leggur fyrir þingið og það samþykkir ekki ber að endursenda ráðinu til nánari athugunar með athugasemdum þingsins.

(j) Að mæla með því við aðila að þeir samþykki reglugerðir og leiðbeiningar, eða breytingar á þeim, sem til þess hefur verið vísað og sem varða öryggi í siglingum, varnir gegn og eftirlit með mengun sjávar frá skipum og önnur mál í sambandi við áhrif siglinga á hafið sem stofnuninni hafa verið falin í eða samkvæmt alþjóðasamningum.

(k) Að gera það sem það telur við hæfi til eflingar tæknisamvinnu skv. 2. gr. (e) og skal sérstakt tillit tekið til sérþarfa þróunarlanda.

(l) Að taka ákvarðanir um að halda alþjóðlega ráðstefnu eða að fara aðra hæfa leið til þess að fá staðfestar alþjóðasamþykktir eða breytingar á þeim sem lagðar eru til af siglingaöryggisnefndinni, laganefndinni, umhverfisverndarnefnd sjávar, tæknisamvinnunefndinni eða öðrum nefndum stofnunarinnar.

(m) Að vísa til ráðsins til athugunar eða afgreiðslu hvers kyns málefnum innan verkahrings stofnunarinnar, en þó ber að undanskilja tillögur skv. staflið (j) í þessari grein.

22. gr. (endurtölusett sem 21. gr.)
Í stað textans komi eftirfarandi:
(a) Ráðið skal taka til athugunar drög að starfsáætlun og fjárhagsáætlun sem framkvæmdastjórinn hefir samið með hliðsjón af tillögum siglingaöryggisnefndarinnar, laganefndarinnar, umhverfisverndarnefndar sjávar, tæknisamvinnunefndarinnar og annarra nefnda stofnunarinnar. Með tilliti til þeirra skal ráðið semja og senda þinginu starfsáætlun og fjárhagsáætlun stofnunarinnar og skal höfð hliðsjón af megin hagsmuna- og forgangsmálum stofnunarinnar.

(b) Ráðið tekur við skýrslum, tillögum og meðmælum siglingaöryggisnefndarinnar, laganefndarinnar, umhverfisverndarnefndar sjávar, tæknisamvinnunefndarinnar og annarra nefnda stofnunarinnar og sendir þinginu, og aðilum þegar

the Council for formulation by it of any recommendations or instruments thereon; provided further that any recommendations or instruments submitted to the Assembly by the Council and not accepted by the Assembly shall be referred back to the Council for further consideration with such observations as the Assembly may make;
(j) To recommend to Members for adoption regulations and guidelines concerning maritime safety, the prevention and control of marine pollution from ships and other matters concerning the effect of shipping on the marine environment assigned to the Organization by or under international instruments, or amendments to such regulations and guidelines which have been referred to it;
(k) To take such action as it may deem appropriate to promote technical co-operation in accordance with Article 2(e), taking into account the special needs of developing countries;
(l) To take decisions in regard to convening any international conference or following any other appropriate procedure for the adoption of international conventions or of amendments to any international conventions which have been developed by the Maritime Safety Committee, the Legal Committee, the Marine Environment Protection Committee, the Technical Co-operation Committee, or other organs of the Organization;
(m) To refer to the Council for consideration or decision any matters within the scope of the Organization, except that the function of making recommendations under paragraph (j) of this Article shall not be delegated.

Article 22 (renumbered as Article 21)
The text is replaced by the following:
(a) The Council shall consider the draft work programme and budget estimates prepared by the Secretary-General in the light of the proposals of the Maritime Safety Committee, the Legal Committee, the Marine Environment Protection Committee, the Technical Co-operation Committee and other organs of the Organization and, taking these into account, shall establish and submit to the Assembly the work programme and budget of the Organization, having regard to the general interest and priorities of the Organization.
(b) The Council shall receive the reports, proposals and recommendations of the Maritime Safety Committee, the Legal Committee, the Marine Environment Protection Committee, the Technical Co-operation Committee and other organs of

það situr ekki, til upplýsinga, ásamt athugasemdum og meðmælum.

(c) Mál sem um ræðir í 28., 33., 38. og 43. gr. athugar ráðið aðeins að fenginni álitsgerð siglingaöryggisnefndarinnar, laganefndarinnar, umhverfisverndarnefndar sjávar eða tæknisamvinnunefndarinnar, eftir því sem við á.

26. gr. (endurtölusett sem 25. gr.)
Í stað textans komi eftirfarandi:
(a) Ráðið getur gert samninga eða samkomulag um samband stofnunarinnar við aðrar stofnanir eins og ráð er fyrir gert í XV. kafla. Þingið þarf að samþykkja slíka samninga eða samkomulag.

(b) Með hliðsjón af ákvæðum XV. kafla og þeirra samskipta við aðra aðila sem viðkomandi nefndir eiga skv. 28., 33., 38. og 43. gr., þá skal ráðið, milli þess sem þingið situr, annast samskipti við aðrar stofnanir.

Nýjar 32. til 42. gr. (bætt við með ályktun A.315(ES.V) og ályktun A.358(IX)). Greinar þessar eru endurtölusettar sem 31. til 41. gr.

29. gr. (c) samþykkt með ályktun A.358(IX) (sem verður endurtölusett sem 28. gr. (c)) breytist þannig að við bætist vísun til þingsins.

34. gr. (c) samþykkt með ályktun A.358(IX) (sem verður endurtölusett sem 33. gr. (c)) breytist þannig að við bætist vísun til þingsins.

Nýr X. kafli.
Nýr X. kafli sem er 42. til 46. gr. bætist við eftir VIII. og IX. kafla (bætt við með ályktun A.358(IX)) sem hér segir:

the Organization and shall transmit them to the Assembly and, when the Assembly is not in session, to the Members for information, together with the comments and recommendations of the Council.
(c) Matters within the scope of Articles 28, 33, 38 and 43 shall be considered by the Council only after obtaining the views of the Maritime Safety Committee, the Legal Committee, the Marine Environment Protection Committee, or the Technical Co-operation Committee, as may be appropriate.

Article 26 (renumbered as Article 25)
The text is replaced by the following:
(a) The Council may enter into agreements or arrangements covering the relationship of the Organization with other organizations, as provided for in Part XV. Such agreements or arrangements shall be subject to approval by the Assembly.
(b) Having regard to the provisions of Part XV and to the relations maintained with other bodies by the respective Committees under Articles 28, 33, 38 and 43, the Council shall, between sessions of the Assembly, be responsible for relations with other organizations.

New Articles 32 to 42 (added pursuant to Res.A.315(ES.V) and Res.A.358(IX)). These Articles are renumbered as Articles 31 to 41.

Article 29(c) adopted by Resolution A.358(IX) (to be renumbered as Article 28(c)) is amended by the inclusion of a reference to the Assembly.

Article 34(c) adopted by Resolution A.358(IX) (to be renumbered as Article 33(c)) is amended by the inclusion of a reference to the Assembly.

New Part X
A new Part X, consisting of new Articles 42-46, is added after Parts VIII and IX (added by Res.A.358(IX)) as follows:

X. KAFLI
Tæknisamvinnunefnd

42. gr.
Allir aðilar eiga sæti í tæknisamvinnunefndinni.

PART X
Technical Co-operation Committee

Article 42
The Technical Co-operation Committee shall consist of all the Members.

43. gr.

(a) Tæknisamvinnunefndinni ber að athuga, eftir því sem við á, sérhvert mál innan verkahrings stofnunarinnar sem varðar framkvæmd tæknisamvinnuverkefna, sem fjármögnuð eru af viðkomandi áætlun Sameinuðu þjóðanna, þar sem stofnunin starfar sem framkvæmda- eða samvinnuaðili eða úr sjóðum sem stofnunin hefir fengið með frjálsum framlögum, og önnur mál er varða störf stofnunarinnar að tæknisamvinnu.

(b) Tæknisamvinnunefndinni ber að hafa eftirlit með störfum skrifstofunnar á sviði tæknisamvinnu.

(c) Tæknisamvinnunefndin skal vinna þau skyldustörf sem henni eru falin í samþykkt þessari eða af þinginu eða ráðinu eða sérhvert það skyldustarf sem fellur innan marka þessarar greinar og henni er falið í eða samkvæmt einhverjum öðrum alþjóðasamningi sem stofnunin hefur samþykkt.

(d) Með tilliti til ákvæða 25. gr. ber tæknisamvinnunefndinni, ef þingið eða ráðið óska þess eða hún sjálf telur slíkt hagkvæmt í eigin starfi, að halda nánu sambandi við aðrar stofnanir svo að ná megi markmiði stofnunarinnar.

44. gr.

Tæknisamvinnunefndin skal leggja fyrir ráðið

(a) Meðmæli sem hún hefir samið.

(b) Skýrslu um störf sín frá síðasta fundi ráðsins.

45. gr.

Tæknisamvinnunefndin skal halda fund að minnsta kosti einu sinni á ári. Hún kýs sér embættismenn árlega og setur sér eigin starfsreglur.

46. gr.

Þótt það sé í mótsögn við þessa samþykkt, nema ákvæði 42. gr., þá skal tæknisamvinnunefndin, þegar hún vinnur þau verk sem henni eru falin í eða samkvæmt alþjóðasamþykkt eða öðru skjali fara að í samræmi við viðeigandi ákvæði samþykktarinnar eða skjalsins, einkum að því er snertir reglur um meðferð mála.

Article 43

(a) The Technical Co-operation Committee shall consider, as appropriate, any matter within the scope of the Organization concerned with the implementation of technical co-operation projects funded by the relevant United Nations programme for which the Organization acts as the executing or co-operating agency or by funds-in-trust voluntarily provided to the Organization, and any other matters related to the Organization's activities in the technical co-operation field.

(b) The Technical Co-operation Committee shall keep under review the work of the Secretariat concerning technical co-operation.

(c) The Technical Co-operation Committee shall perform those functions assigned to it by this Convention or by the Assembly or the Council, or any duty within the scope of this Article which may be assigned to it by or under any other international instrument and accepted by the Organization.

(d) Having regard to the provisions of Article 25, the Technical Co-operation Committee, upon request by the Assembly and Council or, if it deems such action useful in the interests of its own work, shall maintain such close relationships with other bodies as may further the purposes of the Organization.

Article 44

The Technical Co-operation Committee shall submit to the Council:

(a) Recommendations which the Committee has developed;

(b) A report on the work of the Committee since the previous session of the Council.

Article 45

The Technical Co-operation Committee shall meet at least once a year. It shall elect its officers once a year and shall adopt its own rules of procedure.

Article 46

Notwithstanding anything to the contrary in this Convention, but subject to the provisions of Article 42, the Technical Co-operation Committee, when exercising the functions conferred upon it by or under any international convention or other instrument, shall conform to the relevant provisions of the convention or instrument in question, particularly as regards the rules governing the procedures to be followed.

VIII. til XVII. kaflar (endurtölusettir sem X. til XIX. kaflar samkvæmt ályktun A.358(IX)) eru endurtölusettir sem XI. til XX.kaflar.

33. til 36. gr. (endurtölusettar sem 43. til 73. gr. með ályktun A.315(ES.V) og ályktun A.358(IX)) eru endurtölusettar sem 47. til 77. gr.

42. gr. (endurtölusett sem 41. gr. með ályktun A.315(ES.V) og sem 52. gr. með ályktun A.358(IX)) er endurtölusett sem 56. gr. og í stað hennar kemur eftirfarandi texti:

Sérhver aðili sem stendur ekki við fjárhagsskuldbindingar sínar við stofnunina innan eins árs frá gjalddaga fyrirgerir atkvæðisrétti sínum á þinginu, í ráðinu, í siglingaöryggisnefndinni, í laganefndinni, í mengunarvarnarnefnd sjávar og í tæknisamvinnunefndinni, nema þingið ákveði að falla frá að beita þessu ákvæði.

43. gr. (endurtölusett sem 42. gr. með ályktun A.315(ES.V) og sem 53. gr. með ályktun A.358(IX)) er endurtölusett sem 57. gr. og í stað hennar kemur eftirfarandi texti:

Sé ekki annað tekið fram í samþykktinni eða í einhverri alþjóðasamþykkt sem felur þinginu, ráðinu, siglingaöryggisnefndinni, laganefndinni, umhverfisverndarnefnd sjávar eða tæknisamvinnunefndinni störf, þá gilda þar eftirfarandi ákvæði um atkvæðagreiðslur:

(a) Sérhver aðili hefur eitt atkvæði.
(b) Ákvarðanir skulu teknar af meirihluta aðila sem mættir eru og atkvæði greiða en þar sem 2/3 meirihluti atkvæða er tilskilinn þarf 2/3 atkvæða mættra aðila.
(c) Hvað samþykkt þessa varðar þýða orðin „aðilar sem mættir eru og atkvæði greiða“: „viðstaddir aðilar sem greiða jákvætt eða neikvætt atkvæði“. Aðilar sem hjá sitja teljast eigi hafa greitt atkvæði.

45. gr. (endurtölusett sem 44. gr. með ályktun A.315(ES.V) og sem 55. gr. með ályktun A.358(IX)) er endurtölusett sem 59. gr. og í stað hennar kemur eftirfarandi texti:

Koma ber stofnuninni í samband við Sameinuðu þjóðirnar í samræmi við 57. gr. stofnskrár þeirra, sem sérstofnun á sviði siglingamála og áhrifa siglinga á hafið. Sambandi þessu ber að koma á með samningi við Sameinuðu þjóðirnar skv. 63. gr.

Parts VIII to XVII (renumbered X to XIX pursuant to Res. A.358(IX)) are renumbered Parts XI to XX.

Articles 33 to 63 (renumbered 43 to 73 pursuant to Res.A.315(ES.V) and Res.A.358(IX)) are renumbered Articles 47 to 77.

Article 42 (renumbered as Article 41 by Res.A.315(ES.V) and Article 52 by Res. A.358(IX)) is renumbered as Article 56 and replaced by the following text:

Any Member which fails to discharge its financial obligation to the Organization within one year from the date on which it is due, shall have no vote in the Assembly, the Council, the Maritime Safety Committee, the Legal Committee, the Marine Environment Protection Committee or the Technical Co-operation Committee unless the Assembly, at its discretion, waives this provision.

Article 43 (renumbered as Article 42 by Res.A.315(ES.V) and Article 53 by Res. A.358(IX)) is renumbered as Article 57 and replaced by the following text:

Except as otherwise provided in the Convention or in any international agreement which confers functions on the Assembly, the Council, the Maritime Safety Committee, the Legal Committee, the Marine Environment Protection Committee, or the Technical Co-operation Committee, the following provisions shall apply to voting in these organs:
(a) Each Member shall have one vote.
(b) Decisions shall be by a majority vote of the Members present and voting and, for decisions where a two-thirds majority vote is required, by a two-thirds majority vote of those present.
(c) For the purpose of the Convention, the phrase "Members present and voting" means "Members present and casting an affirmative or negative vote". Members which abstain from voting shall be considered as not voting.

Article 45 (renumbered as Article 44 by Res. A.315(ES.V) and Article 55 by Res. A.358(IX)) is renumbered as Article 59 and replaced by the following text:

The Organization shall be brought into relationship with the United Nations in accordance with Article 57 of the Charter of the United Nations as the specialized agency in the field of shipping and the effect of shipping on the marine en-

stofnskrár þeirra, en samninginn ber að gera eins og segir í 25. gr.

52. gr. (endurtölusett sem 51. gr. með ályktun A. 315(ES.V) og sem 62. gr. með ályktun A.358(IX)) er endurtölusett sem 66. gr. og í stað hennar kemur eftirfarandi texti:

Texta breytinga sem lagt er til að gerðar verði á samþykktinni skal framkvæmdastjórinn senda aðilum a. m. k. sex mánuðum áður en þingið tekur þær til athugunar. Breytingar skulu samþykktar með 2/3 hlutum atkvæða þingsins. Tólf mánuðum eftir að 2/3 hlutar aðila stofnunarinnar, að undanskildum aukafélögum, hafa samþykkt breytingu gengur hún í gildi fyrir alla aðila.

Greinarnar sem vísað er til í eftirfarandi greinum breytast sem hér segir:

6. gr. (nú endurtölusett sem *5. gr.*): vísun til 57. gr. verður til 71. gr.

7. gr. (nú endurtölusett sem *6. gr.*): vísun til 57. gr. verður til 71. gr.

8. gr. (nú endurtölusett sem *7. gr.*): vísanir til 6., 7. og 57. gr. verða til 5., 6. og 71. gr.

9. gr. (nú endurtölusett sem *8. gr.*): vísun til 58. gr. verður til 72. gr.

19. gr. (nú endurtölusett sem *18. gr.*): vísun til 17. gr. verður til 16. gr.

27. gr. (nú endurtölusett sem *26. gr.*): vísun til 16. gr. (i) verður til 15. gr. (j).

29. gr. (breytt með ályktun A.358(IX), nú endurtölusett sem *28. gr.*): vísun til XII. kafla verður til 25. gr.

32. gr. (bætt við með ályktun A.358(IX), nú endurtölusett sem *31 gr.*): vísun til 28. gr. verður til 27. gr.

34. gr. (bætt við með ályktun A.358(IX), nú endurtölusett sem *33. gr.*): vísun í staflið (c) til 26. gr. verður til 25. gr.

37. gr. (bætt við með ályktun A.358(IX), nú endurtölusett sem *36. gr.*): vísun til 33. gr. verður til 32. gr.

39. gr. (bætt við með ályktun A.358(IX), nú endurtölusett sem *38. gr.*): vísanir í staflíðum (d) og (e) til 26. gr. verða til 25. gr.

42. gr. (bætt við með ályktun A.358(IX), nú endurtölusett sem *41. gr.*): vísun til 38. gr. verður til 37. gr.

vironment. This relationship shall be effected through an agreement with the United Nations under Article 63 of the Charter of the United Nations, which agreement shall be concluded as provided in Article 25.

Article 52 (renumbered as Article 51 by Res.A.315(ES.V) and Article 62 by Res. A.358(IX)) is renumbered as Article 66 and replaced by the following text:

Texts of proposed amendments to the Convention shall be communicated by the Secretary-General to Members at least six months in advance of their consideration by the Assembly. Amendments shall be adopted by a two-thirds majority vote of the Assembly. Twelve months after its acceptance by two-thirds of the Members of the Organization, other than Associate Members, each amendment shall come into force for all Members.

The Articles referred to in the following Articles are changed as follows:

Article 6 (now renumbered *Article 5*): the reference to Article 57 is changed to Article 71.

Article 7 (now renumbered *Article 6*): the reference to Article 57 is changed to Article 71.

Article 8 (now renumbered *Article 7*): the reference to Article 6, 7 and 57 are changed to Articles 5, 6 and 71.

Article 9 (now renumbered *Article 8*): the reference to Article 58 is changed to Article 72.

Article 19 (now renumbered *Article 18*): the reference to Article 17 is changed to Article 16.

Article 27 (now renumbered *Article 26*): the reference to Article 16(i) is changed to Article 15(j).

Article 29 (amended by Res.A.358(IX), now renumbered *Article 28*): the reference to Part XII is changed to Article 25.

Article 32 (added by Res.A.358(IX), now renumbered *Article 31*): the reference to Article 28 is changed to Article 27.

Article 34 (added by Res.A.358(IX), now renumbered *Article 33*): the reference in paragraph (c) to Article 26 is changed to Article 25.

Article 37 (added by Res.A.358(IX), now renumbered *Article 36*): the reference to Article 33 is changed to Article 32.

Article 39 (added by Res.A.358(IX), now renumbered *Article 38*): the references in paragraphs (d) and (e) to Article 26 are changed to Article 25.

Article 42 (added by Res.A.358(IX), now renumbered *Article 41*): the reference to Article 38 is changed to Article 37.

33. gr. (nú endurtölusett sem *47. gr.*): vísun til 23. gr. verður til 22. gr.
53. gr. (nú endurtölusett sem *67. gr.*): vísun til 52. gr. verður til 66. gr.
54. gr. (nú endurtölusett sem *68. gr.*): vísun til 52. gr. verður til 66. gr.
56. gr. (nú endurtölusett sem *70. gr.*): vísun til 55. gr. verður til 69. gr.
58. gr. (nú endurtölusett sem *72. gr.*): vísun í staflið (d) til 57. gr. verður til 71. gr.

59. gr. (nú endurtölusett sem *73. gr.*): vísun í staflið (b) til 58. gr. verður til 72. gr.

60. gr. (nú endurtölusett sem *74. gr.*): vísun til 57. gr. verður til 71. gr.

VIÐAUKI II
Vísun til 51. gr. verður til 65. gr.

Article 33 (now renumbered *Article 47*): the reference to Article 23 is changed to Article 22.
Article 53 (now renumbered *Article 67*): the reference to Article 52 is changed to Article 66.
Article 54 (now renumbered *Article 68*): the reference to Article 52 is changed to Article 66.
Article 56 (now renumbered *Article 70*): the reference to Article 55 is changed to Article 69.
Article 58 (now renumbered *Article 72*): the reference in paragraph (d) to Article 57 is changed to Article 71.
Article 59 (now renumbered *Article 73*): the reference in paragraph (b) to Article 58 is changed to Article 72.
Article 60 (now renumbered *Article 74*): the reference to Article 57 is changed to Article 71.

APPENDIX II
The reference to Article 51 is changed to Article 65.

Fylgiskjal III.

ÁLYKTUN A.450(XI)

samþykkt 15. nóvember 1979

BREYTINGAR Á SAMÞYKKTINNI UM ALÞJÓÐASIGLINGAMÁLASTOFNUNINA

ÞINGIÐ

MINNIR Á ályktun A.401(X) sem samþykkt var á tíunda þingi þess þar sem ákveðið var að kalla saman á árinu 1979 sérstakan starfshóp sem opinn væri öllum aðildarríkisstjórnum til þess að athuga og leggja fyrir ellefta þing þingsins tillögur til breytinga á samþykktinni um Alþjóðasiglingamálastofnunina, með tilliti til tillagna sem ríkisstjórnir Frakklands, Ítalíu og Nígeríu lögðu fyrir þingið á tíunda þingi þess og annarra tillagna sem aðildarríkisstjórnir kynnu að leggja fram.

HEFUR TEKIÐ FYRIR skýrslu starfshópsins, þ. á m. umsagnir hans um breytingatillögur við IMCO-samþykktina.

HEFUR ÞAÐ Í HUGA að samþykkt breytingatillagnanna mun reka smiðshöggið á áætlun um breytingar IMCO-samþykktarinnar sem hófst á fimmta aukaþingi þingsins árið 1974.

RESOLUTION A.450(XI)

adopted on 15 November 1979

AMENDMENTS TO THE CONVENTION ON THE INTER-GOVERNMENTAL MARITIME CONSULTATIVE ORGANIZATION

THE ASSEMBLY,

RECALLING resolution A.401(X) adopted at its tenth session by which it decided to convene in 1979 an ad hoc working group open to all Member Governments to study and submit to the Assembly at its eleventh session proposals for amending the Convention on the Inter-Governmental Maritime Consultative Organization, having regard to the submissions presented to the Assembly at its tenth session by the Governments of France, Italy and Nigeria, and other proposals which might be submitted by Member Governments,

HAVING CONSIDERED the report of the Ad Hoc Working Group including the Working Group's recommendations on proposed amendments to the IMCO Convention,

CONSIDERING that the adoption of the amendments proposed will complete the process of amending the IMCO Convention which was begun at the fifth extraordinary session of the Assembly in 1974,

TEKUR MEÐ ÁNÆGJU FRAM að nauðsynlegar breytingar á IMCO-samþykktinni hafa allar átt upptök sín innan stofnunarinnar og hafa verið teknar til athugunar í anda góðvilja og tilhliðrunar á báða bóga og samþykktar af aðilum almennt.

1. SAMÞYKKIR breytingar við 17., 18., 20. og 51. gr. samþykktarinnar um Alþjóðasiglingamálastofnunina. Texti þeirra er í viðbæti ályktunar þessarar.

2. FER ÞESS Á LEIT við framkvæmdastjóra stofnunarinnar að hann komi samþykktum breytingum til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu skv. 52. gr. IMCO-samþykktarinnar og taki við staðfestingarskjölum og yfirlýsingum eins og gert er ráð fyrir í 53. gr. samþykktarinnar.
3. HVETUR aðila, með tilliti til sérstaks mikilvægis breytinga þessara, til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að samþykkja þær hið allra fyrsta eftir móttöku afrita þeirra með því að koma viðeigandi staðfestingarskjölum til framkvæmdastjórans skv. 53. gr. samþykktarinnar.

NOTING WITH SATISFACTION that the needed revisions in the IMCO Convention have all been initiated within the Organization and have been considered in a spirit of goodwill and mutual accommodation and adopted with the general agreement of Members,
1. ADOPTS amendments to Articles 17, 18 and 51 of the Convention on the Inter-Governmental Maritime Consultative Organization, the texts of which are contained in the Annex to the present resolution;
2. REQUESTS the Secretary-General of the Organization to deposit the adopted amendments with the Secretary-General of the United Nations in accordance with Article 52 of the IMCO Convention and to receive instruments of acceptance and declarations as provided for in Article 53 of the Convention;
3. URGES Members, in view of the special importance of these amendments, to take the necessary steps to accept them at the earliest possible date after receiving copies thereof, by communicating the appropriate instruments of acceptance to the Secretary-General in accordance with Article 53 of the Convention.

Viðbætir

BREYTINGAR Á SAMÞYKKTINNI UM ALÞJÓÐASIGLINGAMÁLASTOFNUNINA

Í stað núgildandi texta 17. gr. (endurtölusett sem 16. gr. skv. breytingum frá 1977) komi eftirfarandi:

Í ráðinu eiga sæti þrjátíu og tveir aðilar sem kosnir eru af þinginu.

Í stað núgildandi texta 18. gr. (endurtölusett sem 17. gr. skv. breytingum frá 1977) komi eftirfarandi:

Þegar kosnir eru fulltrúar í ráðið skal þingið fara eftir reglum þessum:

(a) Átta þeirra séu ríki sem mestra hagsmuna hafa að gæta við að veita alþjóðlega siglingaþjónustu.

(b) Átta þeirra skulu vera önnur ríki sem mestra hagsmuna hafa að gæta við alþjóðlegar verslunarsiglingar.

(c) Sextán séu ríki sem ekki voru kosin skv. staflið (a) eða (b) og sérstakra hagsmuna hafa að gæta varðandi flutninga á sjó eða siglinga, enda

ANNEX

AMENDMENTS TO THE CONVENTION ON THE INTER-GOVERNMENTAL MARITIME CONSULTATIVE ORGANIZATION

The existing text of Article 17 (renumbered as Article 16 under the 1977 amendments) is replaced by the following:

The Council shall be composed of thirty-two Members elected by the Assembly.

The existing text of Article 18 (renumbered as Article 17 under the 1977 amendments) is replaced by the following:

In electing the Members of the Council, the Assembly shall observe the following criteria:

(a) Eight shall be States with the largest interest in providing international shipping services;

(b) Eight shall be other States with the largest interest in international seaborne trade;

(c) Sixteen shall be States not elected under (a) or (b) above which have special interests in maritime transport or navigation, and whose elec-

tryggi kosning þeirra í ráðið að öll megin svæði jarðarinnar eigi sína fulltrúa þar.

Í stað núgildandi texta 20. gr. (endurtölusett sem 19. gr. skv. breytingunum frá 1977) komi eftirfarandi:

(a) Ráðið kýs sér formann og setur sér eigin starfsreglur nema annað sé ákveðið í samþykktinni.

(b) Fundir ráðsins eru lögmætir þá tuttugu og einn fulltrúi er mættur.

(c) Ráðið heldur fundi með eins mánaðar fyrirvara eins oft og þörf krefur til að það anni skyldustörfum sínum, eftir fundarboði formanns eða ef a. m. k. fjórir fulltrúar óska þess. Fundir séu haldnir þar sem henta má.

Í stað núgildandi texta 51. gr. (endurtölusett sem 66. gr. skv. breytingunum frá 1977) komi eftirfarandi:

Texta breytinga sem lagt er til að gerðar verði á samþykktinni skal framkvæmdastjórinn senda aðilum a. m. k. sex mánuðum áður en þingið tekur þær til athugunar. Breytingar skulu samþykktar með 2/3 hlutum atkvæða þingsins. Tólf mánuðum eftir að 2/3 hlutar aðila stofnunarinnar, að undanskildum aukafélögum, hafa samþykkt breytingu gengur hún í gildi fyrir alla aðila. Ef einhver aðili tilkynnir innan fyrstu 60 daga þessa tólfmánaðatímabils úrsögn sína úr stofnuninni sökum breytingarinnar, þá tekur úrsögn hans gildi, þrátt fyrir ákvæði 58. gr. samþykktarinnar, þann dag er breytingin tekur gildi.

tion to the Council will ensure the representation of all major geographic areas of the world.

The existing text of Article 20 (renumbered as Article 19 under the 1977 amendments) is replaced by the following:

(a) The Council shall elect its Chairman and adopt its own Rules of Procedure except as otherwise provided in the Convention.

(b) Twenty-one Members of the Council shall constitute a quorum.

(c) The Council shall meet upon one month's notice as often as may be necessary for the efficient discharge of its duties upon the summons of its Chairman or upon request by not less than four of its Members. It shall meet at such places as may be convenient.

The existing text of Article 51 (renumbered as Article 66 under the 1977 amendments) is replaced by the following:

Texts of proposed amendments to the Convention shall be communicated by the Secretary-General to Members at least six months in advance of their consideration by the Assembly. Amendments shall be adopted by a two-thirds majority vote of the Assembly. Twelve months after its acceptance by two thirds of the Members of the Organization, other than Associate Members, each amendment shall come into force for all Members. If within the first 60 days of this period of twelve months a Member gives notification of withdrawal from the Organization on account of an amendment the withdrawal shall, notwithstanding the provisions of Article 58 of the Convention, take effect on the date on which such amendment comes into force.

29. desember 1980. Nr. 16.

AUGLÝSING

um samning við Spán um forréttindi og friðhelgi fulltrúa á Madrid-fundi um öryggi og samvinnu í Evrópu.

Með orðsendingaskiptum dagsettum 17. ágúst 1980 var gengið frá samningi milli Íslands og Spánar um að fulltrúar á Madrid-fundi þátttökuríkja ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu skuli njóta þeirra forréttinda og friðhelgi sem gert er ráð fyrir í samningi um sérstakar sendinefndir sem samþykktur var 8. desember 1969 á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og lagður fram til undirritunar 16. desember 1969.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. desember 1980.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

AUGLÝSING

um samning við Bahamas um áframhaldandi gildi samnings um framsal sakamanna.

Með orðsendingum dagsettum 7. mars 1978 og 22. júlí 1980 var gengið frá samkomulagi milli Íslands og Bahamas um að samningur frá 31. mars 1873 um framsal sakamanna ásamt viðbótarsamningi frá 25. október 1938 haldi gildi sínu í samskiptum Íslands og Bahamas í framsalsmálum þar til nýr samningur kann að verða gerður.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. desember 1980.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

AUGLÝSING

um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Sovétríkjanna.

Hinn 11. september 1980 var undirrituð í Moskvu bókun um gagnkvæmar vöruafgreiðslur frá Íslandi og Sovétríkjunum á árunum 1981—1985.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. desember 1980.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Fylgiskjal.

BÓKUN
um gagnkvæmar vöruafgreiðslur frá Íslandi og Sovétríkjunum á árunum 1981 — 1985.

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Sovétríkjanna

óska að treysta undirstöður langtímasamvinnu sem er báðum til hagsbóta í samræmi við ákvæði lokasamþykktar ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu sem undirrituð var í Helsinki hinn 1. ágúst 1975,

hafa hliðsjón af því jákvæða hlutverki sem viðskiptasamningar til langs tíma gegna í þróun viðskipta milli Íslands og Sovétríkjanna,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. Viðskiptin milli Íslands og Sovétríkjanna á tímabilinu frá 1. janúar 1981 til 31. desember 1985 skulu fara fram á grundvelli lista 1 og 2 með bókun þessari er ákveða kvóta fyrir árlegar gagnkvæmar vöruafgreiðslur.

Báðir aðilar skulu leitast við að auka viðskiptin og stefna að jöfnuði í þeim eins og frekast er unnt.

2. Ofangreindir listar 1 og 2 skulu ekki vera til takmörkunar. Íslenskir lögaðilar og einstaklingar og sovéskar stofnanir á sviði utanríkisviðskipta geta gert samninga um afgreiðslur vara sem eru ekki á þessum listum eða umfram tilgreint magn eða upphæðir.

3. Gagnkvæmar vöruafgreiðslur samkvæmt bókun þessari skulu fara fram samkvæmt ákvæðum viðskipta- og greiðslusamnings milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Sovétríkjanna frá 1. ágúst 1953, með þeim breytingum sem gerðar voru á honum með bókun við samninginn, undirritaðri hinn 31. október 1975, svo og í samræmi við ákvæði erindanna sem aðilarnir skiptust á hinn 25. maí 1927.

Í þessu sambandi skal téður samningur, með breytingum þeim sem á honum hafa verið gerðar, og téð erindi gilda til 31. desember 1985 og má þá enn framlengja gildistíma þeirra samkvæmt ákvæðum samningsins og erindanna þar að lútandi.

4. Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Sovétríkjanna skulu hvenær sem nauðsynlegt þykir tilnefna fulltrúa sem koma saman til skiptis í Moskvu og Reykjavík til að athuga framkvæmd bókunar þessarar um gagnkvæmar vöruafgreiðslur og til að semja og samþykkja viðeigandi tillögur og ráðstafanir á sviði viðskipta milli Íslands og Sovétríkjanna.

5. Bókun þessi tekur gildi hinn 1. janúar 1981.

Gjört í Moskvu hinn 11. dag septembermánaðar 1980 í tveimur frumritum, hvoru um sig á íslensku og rússnesku, og skulu báðir textar jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands	Fyrir hönd ríkisstjórnar Sovétríkjanna
Tómas Árnason	M. Kuzmin

LISTI 1

yfir vörur sem afgreiða á frá Sovétríkjunum til Íslands árlega á tímabilinu 1981 — 1985.

Vöruheiti	**Magn eða verðmæti**
Vélar og tæki	US$ 3,0 — 4,0 milljónir
Bensín	allt að 100000 tonnum
Gasolía	100000 — 190000 tonn
Svartolía	110000 — 180000 tonn
Stálpípur	allt að 2000 tonnum
Valsaðar vörur úr öðrum málmum en járni	10 — 20 tonn
Timbur	30000 m^3
Rúðugler	10000 m^2
Ýmsar vörur (áburður, krossviður og spónaplötur, pappírsvörur og pappi, efnavörur, úr og klukkur, létt vín og sterkir drykkir og annað)	US$ 1,5 milljónir
Vörur afgreiddar í vöruskiptum	Samkvæmt samkomulagi hlutaðeigandi aðila

LISTI 2

yfir vörur sem afgreiða á frá Íslandi til Sovétríkjanna árlega á tímabilinu 1981 — 1985.

Vöruheiti	**Magn eða verðmæti**
Fryst fiskflök	12000 — 17000 tonn
Heilfrystur fiskur (þar með talin síld)	4000 — 7000 tonn
Fiskimjöl	10000 — 20000 tonn
Saltsíld	15000 — 20000 tonn

Vöruheiti	**Magn eða verðmæti**
Niðursoðið og niðurlagt fiskmeti	US$ 4,0 — 6,5 milljónir
Prjónaðar ullarvörur	US$ 2,0 — 2,6 milljónir
Ullarteppi	US$ 1,0 — 1,3 milljónir
Treflar, ullargarn og gólfteppi	US$ 1,0 milljón með mögulegri aukningu
Málning og lökk	1500 — 2000 tonn
Ýmsar vörur (skinn og skinnavörur, skófatnaður, pappírsöskjur og kassar, vélar og tæki fyrir fiskiðnað, fiskilínur og kaðlar, kísilgúr, ostur og annað)	US$ 1,5 milljónir
Vörur afgreiddar í vöruskiptum	Samkvæmt samkomulagi hlutaðeigandi aðila

Nr. 19. 29. desember 1980.

AUGLÝSING

um samkomulag við Ísrael um menningar- og vísindasamstarf.

Með orðsendingaskiptum dagsettum 10. október 1980 var gengið frá samkomulagi milli Íslands og Ísraels um menningar- og vísindasamstarf.

Orðsendingaskiptin eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

152	4.10./10.12. 1954	Agreement relating to the Purchase of Certain Military Equipment, Materials and Services by Iceland	959
153	11./20.7.1955	Agreement relating to the Registration with the International Frequency Registration Board of Radio Frequencies for the use of the Iceland Defense Force	961
154	4.6.1956	Agreement relating to the Reciprocal Extension of Validity Periods of Visas for Certain Non-Immigrants	961
155	23.11.1956	Agreement regarding the Settlement of Claims of Icelandic Insurance Companies	962
159	23.6.1959	Agreement relating to Special Economic Assistance	975
160	30.12.1960	Agreement providing for an Assistance Grant in Support of Iceland's Economic Stabilization Program	977
162	3.5./14.9.1961	Agreement concerning the Close-out of the Collection Account of the Agricultural Commodities Agreement of April 11, 1957	983
11/1962	21./27.12. 1962	Agreement granting Relief from Double Taxation on Income derived from the Operation of Ships and Aircraft	44
1/1964	13.2.1964	Agreement for Financing Certain Educational Exchange Programs	1
16/1967 & 2/1968	7.7./16.10. 1967	Agreement relating to Reciprocal Exemption of Aircraft from Payment of Taxes on Aviation Fuel, Lubricants & Ground Equipment	111 & 6

No.	Date	State	Page
9 /1968	29.5.1968	Agreement for Sales of Agricultural Commodities	142
7/1969	23.5.1969	Agreement for Sales of Agricultural Commodities	44
20/1970	24.6.1970	Modus Vivendi relating to "Loftleiðir" Airlines	260
22/1970	4.8.1970	Agreement for Sales of Agricultural Commodities	266
21/1971	28.10.1971	Agreement for Sales of Agricultural Commodities	230
22/1972	4.12.1972	Agreement for Sales of Agricultural Commodities	100
22/1975	7.5.1975	Convention for the Avoidance of Double Taxation and the Prevention of Fiscal Evasion with respect to Taxes on Income and Capital	246
5/1978	26.4.1978	Exchange of Notes concerning Licences for Amateur Radio Operations	17
		Yugoslavia.	
4/1964	6.5.1964	Agreement regarding Abolition of Visa Requirements ..	12
5/1965	9.6.1965	Trade Agreement	11

III. Historic Treaties.

No.	Date		Page
A	1262 and 1263	The Old Pact (between the Icelanders and the King of Norway Hakon Hakonarson)	1335
B	14.1.1814	Peace Treaty between the King of Denmark and the King of Sweden	1335
C	30.11.1918	Union Treaty with Denmark	1343
D	1.7.1941	Exchange of Messages relating to the Defence of Iceland by United States Forces	1346
E	7.10.1946	Exchange of Notes Terminating the Defence Agreement of July 1, 1941 and Providing for Interim Use of Keflavik Airport	1353
194	11.3.1961	Agreement on the Settlement of the Fisheries Dispute with the British	1064
315	19.7.1961	Treaty on the Acceptance of the 12 Miles Fishery Limits in Icelandic Waters	1331
11/1976	1.6.1976	Exchange of Notes on Arrangements for British Fishing in the Fisheries Zone of 200 Nautical Miles Declared by the Icelandic Regulations of 15 July, 1975	38

STJÓRNARTÍÐINDI

1981

C-DEILD



REYKJAVÍK — 1981
RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG

Útgefandi: Dómsmálaráðuneytið

Efnisyfirlit

í tímaröð.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
1	15. jan.	Auglýsing um gildistöku breytingar frá 16. október 1974 á samningnum um alþjóðaflugmál frá 1944	1
2	15. jan.	Auglýsing um viðbótarbókun við samninginn við Efnahagsbandalag Evrópu vegna aðildar Grikklands að bandalaginu	1—20
3	15. jan.	Auglýsing um breytingu á aðstöðu Færeyinga til fiskveiða við Ísland	20—21
4	26. júní	Auglýsing um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna	23
5	26. júní	Auglýsing um samning um norrænt samstarf á sviði þróunaraðstoðar	24—29
6	26. júní	Auglýsing um uppsögn samnings um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs	29
7	26. júní	Auglýsing um niðurfellingu samkomulags við Tyrkland um afnám vegabréfsáritana	29
8	26. júní	Auglýsing um aðild að alþjóðasamningi um að koma á fót í tilraunaskyni evrópsku kerfi hafstöðva	30—35
9	26. júní	Auglýsing um samning við Spán um gæslumenn á hvalveiðistöðvum	36—37
10	26. júní	Auglýsing um samning við Efnahagsbandalag Evrópu um innflutning á kindakjöti	38—40
11	26. júní	Auglýsing um samning milli Norðurlanda og Kenyu um þróunarsamstarf á sviði samvinnumála	41—46
12	29. júní	Auglýsing um breytingar varðandi fiskveiðar Belga	46—49
13	30. júní	Auglýsing um fullgildingu Parísarsamnings um mengun sjávar frá landstöðvum	50—64
14	30. júní	Auglýsing um staðfestingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 144 um þríhliða samráð um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála	64—69
15	10. júlí	Auglýsing um fullgildingu samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi	70—82
16	10. júlí	Auglýsing um fullgildingu Norðurlandasamnings um félagslegt öryggi	82—102
17	10. júlí	Auglýsing um aðild að alþjóðasamningi um varnir gegn töku gísla	102—110
18	6. nóv.	Auglýsing um uppsögn samnings við Filippseyjar um afnám vegabréfsáritana o. fl.	111
19	10. nóv.	Auglýsing um fullgildingu Norðurlandasamnings um gagnkvæma aðstoð í tollamálum	111—119
20	10. nóv.	Auglýsing um viðurkenningu á valdi nefndar um afnám kynþáttamisréttis til að taka við kærum frá einstaklingum	120
21	10. nóv.	Auglýsing um framlengingu samnings við Kenyu um þróun fiskveiða	120
22	15. des.	Auglýsing um samning við Cabo Verde um þróun fiskveiða	120—124
23	15. des.	Auglýsing um gildistöku Norðurlandasamnings um félagslegt öryggi	124

STJÓRNARTÍÐINDI C 1 — 1981

AUGLÝSING

um gildistöku breytingar frá 16. október 1974 á samningnum um alþjóðaflugmál frá 1944.

Hinn 15. febrúar 1980 tók gildi breyting sem gerð var 16. október 1974 á 50. gr. a-lið samningsins um alþjóðaflugmál (stofnskrár Alþjóðaflugmálastofnunarinnar) frá 7. desember 1944, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum, C-deild, nr. 18/1975.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 15. janúar 1981.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

AUGLÝSING

um viðbótarbókun við samninginn við Efnahagsbandalag Evrópu vegna aðildar Grikklands að bandalaginu.

Hinn 6. nóvember 1980 var undirritaður í Brussel viðbótarsamningur við samninginn milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu vegna aðildar lýðveldisins Grikklands að bandalaginu, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum, C-deild, nr. 2/1973. Viðbótarsamningurinn tók gildi 1. janúar 1981 í samræmi við 12. gr. hans. Alþingi hafði með ályktun 20. desember 1980 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda hann.

Viðbótarsamningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 15. janúar 1981.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

C 1

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Fylgiskjal

VIÐBÓTARBÓKUN

við samninginn milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu vegna aðildar lýðveldisins Grikklands að bandalaginu.

EFNAHAGSBANDALAG EVRÓPU
annars vegar og

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND
hins vegar

SEM HAFA Í HUGA aðild lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum 1. janúar 1981 og

HAFA HLIÐSJÓN AF samningnum milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands sem undirritaður var í Bruxelles 22. júlí 1972 og hér á eftir verður nefndur „samningurinn"

HAFA ÁKVEÐIÐ að gera með samkomulagi sín á milli breytingar á og setja aðlögunarákvæði í samninginn vegna aðildar lýðveldisins Grikklands að Efnahagsbandalagi Evrópu

og AÐ GERA BÓKUN ÞESSA:

I. HLUTI
Breytingar

1. gr.

Texta samningsins, þar með talinn viðaukinn og bókanirnar sem eru óaðskiljanlegur hluti hans, og lokabókunina með hjálögðum yfirlýsingum skal þýða á grísku og skal sá texti vera jafngildur frumtextunum. Sameiginlega nefndin skal samþykkja gríska textann.

2. gr.

Að því er varðar allar vörur sem upprunnar eru á Íslandi og teljast til 48. og 49. kafla sameiginlegu tollskrárinnar en eru ekki skráðar í viðauka I skal lýðveldið Grikkland beita ákvæðunum er fram koma í töflunni í 3. tl. 1. gr. bókunar nr. 1 við samninginn.

II. HLUTI
Aðlögunarákvæði

3. gr.

Af vörunum sem skráðar eru í viðauka I og upprunnar eru á Íslandi skal lýðveldið Grikkland afnema innflutningstolla í áföngum í samræmi við eftirfarandi tímaáætlun:
— 1. janúar 1981 verður hver tollur lækkaður í 90% af grunntollinum,
— 1. janúar 1982 verður hver tollur lækkaður í 80% af grunntollinum,
— hinar fjórar lækkanirnar, 20% hver, verða:

— 1. janúar 1983,
— 1. janúar 1984,
— 1. janúar 1985,
— 1. janúar 1986.

4. gr.

1. Að því er varðar vörurnar sem skráðar eru í viðauka I skal grunntollurinn sem lækkaður er samkvæmt 3. gr. vera sá tollur sem gilti í reynd fyrir hverja vöru í lýðveldinu Grikklandi gagnvart Íslandi 1. júlí 1980.
2. Þó skal grunntollurinn af eldspýtum sem teljast til nr. 36.06 í hinni sameiginlegu tollskrá Evrópubandalaganna vera 17,2% verðtollur.

5. gr.

1. Af vörunum sem skráðar eru í viðauka I og upprunnar eru á Íslandi skal lýðveldið Grikkland afnema í áföngum gjöld sem hafa sömu áhrif og innflutningstollar í samræmi við eftirfarandi tímaáætlun:
— 1. janúar 1981 verður hvert gjald lækkað í 90% af grunntaxtanum,
— 1. janúar 1982 verður hvert gjald lækkað í 80% af grunntaxtanum,
— hinar fjórar lækkanirnar, 20% hver, verða:
  — 1. janúar 1983,
  — 1. janúar 1984,
  — 1. janúar 1985,
  — 1. janúar 1986.
2. Að því er varðar hverja vöru skal grunntaxtinn sem lækkaður er samkvæmt 1. tl. vera sá taxti sem gildir í lýðveldinu Grikklandi gagnvart bandalaginu í núverandi mynd 31. desember 1980.
3. Sérhvert gjald sem hefur sömu áhrif og innflutningstollur og lagt hefur verið á frá 1. janúar 1979 í viðskiptum milli Grikklands og Íslands skal afnumið 1. janúar 1981.

6. gr.

Felli lýðveldið Grikkland niður eða lækki tolla eða gjöld sem hafa sömu áhrif á vörum sem fluttar eru inn frá bandalaginu í núverandi mynd hraðar en samkvæmt ráðgerðri tímaáætlun skal lýðveldið Grikkland einnig fella niður eða lækka um sama hundraðshluta þá tolla eða gjöld sem hafa sömu áhrif á vörum sem upprunnar eru á Íslandi.

7. gr.

1. Breytilega gjaldið (breytilegi þátturinn) sem lýðveldið Grikkland getur í samræmi við ákvæði 1. gr. bókunar nr. 2 við samninginn lagt á vörur sem skráðar eru í töflu I við þá bókun og upprunnar eru á Íslandi skal jafnað með uppbótum sem gilda í viðskiptum milli bandalagsins í núverandi mynd og Grikklands.
2. Á vörunum sem skráðar eru í töflu I við bókun nr. 2 við samninginn og einnig í viðauka I við bókun þessa skal lýðveldið Grikkland í samræmi við tímaáætlunina sem um ræðir í 3. gr. afnema mismuninn milli:
— fastaþáttar tollsins sem í gildi verður í lýðveldinu Grikklandi þegar aðildin hefst og
— tollsins (þó ekki breytilega þáttarins) sem tilgreindur er í aftasta dálki töflu I við bókun nr. 2.

8. gr.

1. Lýðveldið Grikkland getur til 31. desember 1985 haldið magntakmörkunum á innflutningi vara sem skráðar eru í viðauka II við bókun þessa og upprunnar eru á Íslandi.

2. Þær takmarkanir sem um ræðir í 1. tl. skulu vera í formi allsherjarkvóta sem skulu einnig gilda gagnvart innflutningi vara sem upprunnar eru í Austurríki, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Sviss.

Allsherjarkvótar fyrir 1981 eru skráðir í viðauka II.

3. Lágmark áfangahækkana fyrir kvóta sem um ræðir í 2. tl. skal verða 25% í byrjun hvers árs að því er varðar kvóta sem tilgreindir eru í reikningseiningum og 20% í byrjun hvers árs að því er varðar kvóta sem tilgreindir eru í magntölum. Þessum hækkunum skal bætt við hvern kvóta og næsta hækkun reiknuð af samtölunni sem þannig fæst.

Þar sem kvóti er tilgreindur bæði sem magn og verðmæti skal magnkvótinn hækkaður um minnst 20% árlega og verðmætiskvótinn um minnst 25% árlega og síðari kvótarnir reiknaðir ár hvert af fyrri kvótanum að viðbættri aukningunni.

Að því er varðar langferðabifreiðar og strætisvagna og önnur ökutæki sem teljast til undirnúmers 87.02 A I í sameiginlegu tollskránni skal þó hækka magnkvótann um 15% árlega og verðmætiskvótann um 20% árlega.

4. Komi í ljós að innflutningur til Grikklands á vöru sem skráð er í viðauka II hefur tvö ár í röð numið minna en 90% af kvótanum skal lýðveldið Grikkland setja þá vöru á frílista sé hún upprunnin á Íslandi eða í löndum þeim sem tilgreind eru í 2. tl. enda sé sú vara sem um er að ræða þá á frílista gagnvart bandalaginu í núverandi mynd.

5. Setji lýðveldið Grikkland á frílista vöru sem skráð er í viðauka II og flutt er inn frá bandalaginu í núverandi mynd eða hækki ekki kvóta umfram lágmarkið sem í gildi er gagnvart bandalaginu í núverandi mynd skal lýðveldið Grikkland einnig setja á frílista slíka vöru sem upprunnin er á Íslandi eða hækka allsherjarkvótann hlutfallslega.

6. Að því er varðar innflutningsleyfi fyrir vörur sem skráðar eru í viðauka II og upprunnar eru á Íslandi skal lýðveldið Grikkland í framkvæmd beita sömu reglum og venjum og beitt er um slíkar innfluttar vörur sem upprunnar eru í bandalaginu í núverandi mynd, að frátöldum kvótanum fyrir áburð sem telst til nr. 31.02, 31.03 og 31.05 A I, II og IV í hinni sameiginlegu tollskrá Evrópubandalaganna og lýðveldið Grikkland má beita um þeim reglum og venjum sem eiga við einkamarkaðsréttindin.

9. gr.

1. Innborgunargjöld og greiðslur út í hönd sem í gildi eru í Grikklandi 31. desember 1980 gagnvart vörum sem upprunnar eru á Íslandi skulu afnumdar í áföngum á þrem árum frá 1. janúar 1981.

Taxti innborgunargjalda og fjárgreiðslna út í hönd skal lækkaður í samræmi við eftirfarandi tímaáætlun:

— 1. janúar 1981 : um 25%,
— 1. janúar 1982 : um 25%,
— 1. janúar 1983 : um 25%,
— 1. janúar 1984 : um 25%.

2. Lækki lýðveldið Grikkland taxta innborgunargjalda eða fjárgreiðslna út í hönd gagnvart bandalaginu í núverandi mynd hraðar en samkvæmt tímaáætluninni í 1. tl. skal lýðveldið Grikkland veita samsvarandi lækkun gagnvart innflutningi vara sem upprunnar eru á Íslandi.

III. HLUTI

Almenn ákvæði og lokaákvæði

10. gr.

Sameiginlega nefndin skal gera þær breytingar á upprunareglunum sem nauðsynlegar kunna að vera vegna aðildar lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum.

11. gr.

Viðaukarnir við bókun þessa eru óaðskiljanlegur hluti hennar. Bókun þessi er óaðskiljanlegur hluti samningsins.

12. gr.

Samningsaðilarnir skulu samþykkja bókun þessa samkvæmt þeim reglum sem gilda hjá hvorum aðila um sig. Skal hún ganga í gildi 1. janúar 1981 að því tilskildu að samningsaðilarnir hafi fyrir þann tíma tilkynnt hvor öðrum að hún hafi hlotið þá meðferð sem nauðsynleg er til að svo megi verða. Eftir þetta tímamark skal bókunin ganga í gildi á fyrsta degi annars mánaðar, talið frá þessari tilkynningu.

13. gr.

Bókun þessi er gerð í tvíriti, á dönsku, ensku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku og þýsku, og eru allir þessir textar jafngildir.

Gjört í Brussel hinn 6. nóvember 1980.

VIÐAUKI I

Skrá sem vísað er til í 3. gr.

Nr. í sameiginlegu tollanafnaskránni	*Vörulýsing*
15. kafli	
úr 15.10	Vörur úr greni sem innihalda 90% eða meira af feitisýru miðað við þunga
17. kafli	
17.04	Sykurvörur sem kakaó er ekki í
18. kafli	
19.06	Súkkulaði og aðrar neysluvörur sem í er kakaó
19. kafli	
19.02	Maltextrakt
19.03	Makkarónur, spaghetti og þess konar vörur
19.05	Neysluvörur úr uppbólgnuðu eða steiktu korni eða kornvörum („puffed rice", „corn flakes" eða þess konar vörur).
úr 19.07	Brauð, skonrok, og aðrar algengar brauðvörur án viðbætts sykurs, hunangs, eggja, feiti, osts eða ávaxta
19.08	Kökur, kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur, einnig með kakaói að meira eða minna leyti

Nr. í sameiginlegu tollanafna-skránni	*Vörulýsing*
21. kafli	
úr 21.02	Brennt kaffilíki annað en brenndar síkoríurætur: extraktar, kjarnar og seyði úr brenndu kaffilíki annað en úr brenndum síkoríurótum
úr 21.04	Sósur; tilreitt krydd og tilreidd bragðbætiefni önnur en fljótandi mangóaldinmauk (mango chutney)
úr 21.06	Bökunarger og dautt náttúrlegt ger
22. kafli	
úr 22.02	Límonaði, bragðbætt ölkelduvatn og bragðbættir gosdrykkir og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi er telst til nr. 20.07 hvort — sem það inniheldur ekki mjólk eða mjólkurfitu en inniheldur sykur (sakkarósa eða umbreyttan sykur) eða — inniheldur mjólk eða mjólkurfitu
22.03	Öl gert úr malti
22.06	Vermút og annað vín úr nýjum drúfum, með bragðefnum
úr 22.09	Áfengir drykkir sem innihalda egg eða eggjarauðu og/eða sykur (sakkarósa eða umbreyttan sykur)
25. kafli	
25.20	Gips; anhydrít; brennt gips og gips aðallega úr kalsíum súlfati, einnig litað, þó ekki gips tilreitt til tannlækninga
25.22	Brennt kalk, leskjað kalk og hydrólískt kalk, þó ekki kalsíumoxyd og kalsíumhydroxyd
25.23	Portlandsement, alúmínatsement, slaggsement, supersúlfatsement, og annað hydrólískt sement, einnig litað eða sem sementsgjall
úr 25.30	Óhreinsuð náttúrleg bórsýra sem í er 85% eða minna af H_3BO_3 miðað við þurrefnið
úr 25.32	Leirlitir, einnig brenndir eða blandaðir; santórín, púzzólan, trass og lík jarðefni notuð við framleiðslu á hydrólísku sementi, einnig í duftformi
27. kafli	
27.05 bis	Kolagas, vatnsgas, „producer gas" og áþekk gös
27.06	Koltjara, brúnkolatjara, mótjara og önnur jarðtjara, einnig tjara eimd að nokkru leyti, tjara framleidd úr blöndu af biki ásamt kreósótolíu eða ásamt annarri olíu framleiddri úr koltjöru með eimingu
27.08	Bik og bikkoks unnið úr koltjöru eða annarri jarðtjöru
úr 27.10	Jarðolíur og feiti til að smyrja með
úr 27.11	Petróleumgas og önnur loftkennd karbonhydríd, þó ekki própan að hreinleika 99% eða meira, til annarra nota en sem orku- eða hitagjafi
27.12	Vaselín
27.13	Parafín, smákristallað vax, slaggvax (slack wax), ósókerít, brúnkolavax, móvax og annað jarðvax, einnig litað
27.14	Jarðolíubítúmen, jarðolíukoks og önnur úrgangsefni frá jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum
27.15	Bítúmen og asfalt, náttúrlegt; bítúmenskífa, asfaltsteinn og tjörusandur
27.16	Bítúmenblöndur að meginstofni úr náttúrlegu asfalti, náttúrlegu bítúmeni, jarðolíubítúmeni, jarðtjöru eða jarðtjörubiki (t. d. bítúmenmastix og „cut-backs")

Nr. í sameiginlegu tollanafna-skránni	*Vörulýsing*
28. kafli	
úr 28.01	Klór
úr 28.04	Vatnsefni, súrefni (þar með talið ózon) og köfnunarefni
úr 28.06	Saltsýra
28.08	Brennisteinssýra; oleum
28.09	Saltpéturssýra, nítreringssýra
28.10	Fosfórpentoxyd og fosfórsýra (meta-, ortó- og pyró-)
28.12	Bóroxyd og bórsýra
28.13	Aðrar ólífrænar sýrur og önnur súrefnissambönd málmleysingja (þó ekki vatn)
28.15	Súlfíd málmleysingja; fosfórtrísúlfíd
28.16	Ammóníak, vatnssnautt eða í vatnsupplausn
28.17	Natríumhydroxyd (vítissódi); kalíumhydroxyd (caustic potash), peroxyd natríums og kalíums
úr 28.19	Zinkoxyd
úr 28.20	Tilbúið kórundum
28.22	Manganoxyd
úr 28.23	Járnoxyd, einnig leirlitir sem innihalda járnsambönd sem nema 70% eða meira miðað við þunga, reiknað sem Fe_2O_3
úr 28.27	Blýmenja og gul menja
28.29	Flúoríð; silíkóflúoríð, flúorbóröt og önnur komplex flúórsölt
úr 28.30	Magnesíumklóríð, kalsíumklóríð
úr 28.31	Hypoklórit; venjulegt kalsíumhypoklórit; klórit
28.35	Súlfíð; pólysúlfíð
28.36	Díthonit, einnig þótt þau séu blönduð lífrænum efnum til að halda þeim í óbreyttu ástandi; súlfoxylöt
28.37	Súlfít og thiósúlföt
úr 28.38	Natríum-, baríum-, járn-, zink-, magnesíum- og álsúlföt; álún
úr 28.40	Fosfit, hypófosfit og fosföt, þó ekki tvíbasisk blýfosföt
úr 28.42	Karbónöt, þar með talið venjulegt ammóníumkarbónat sem inniheldur ammóníum-karbamat, þó ekki blýhydrókarbónat (hvítt blý)
úr 28.44	Kvikasilfurfulmínat
úr 28.45	Natríumsilíkat og kalíumsilíkat, einnig venjuleg
úr 28.46	Hreinsað bórax
úr 28.48	Arsenit og arsenöt
28.54	Vatnsefnisperoxyd (þar með talið fast vatnsefnisperoxyd)
úr 28.56	Silíkon, baron og kalsíumkarbíd
úr 28.58	Eimað vatn og vatn til mælingar á rafmagnsmótstöðu og vatn af áþekkum hreinleika
29. kafli	
úr 29.01	Karbonhydríd til nota sem orku- eða hitagjafi; naftalen og antracen
úr 29.04	Amylalkóhól

Nr. í sameiginlegu tollanafna-skránni	*Vörulýsing*
29.06	Fenól og fenólalkóhól
úr 29.08	Dípentyleter (díamyleter), díetyleter, anetól
úr 29.14	Palmískar, sterískar og oleískar sýrur og sölt þeirra uppleysanleg í vatni; anhydríd
úr 29.16	Tartarískar, sítrískar og gallískar sýrur; kalsíumtartröt
úr 29.21	Nítróglusserín
úr 29.42	Nikótínsúlfat
29.43	Sykur, kemískt hreinn, nema sakkarósi, glúkósi og laktósi; sykureterar og sykuresterar og sölt þeirra, nema vörur í nr. 29.39, 29.41 og 29.42
30. kafli	
úr 30.02	Antisera
úr 30.03	Lyf (einnig til dýralækninga), þó ekki eftirtaldar vörur: — And-asmavindlingar — Kínin, cinchonin, kínidín og sölt þeirra, einnig í formi einkaframleiðslu — Morfín, kókaín og önnur deyfilyf, einnig í formi einkaframleiðslu — Fúkalyf og framleiðsla byggð á fúkalyfjum — Vítamín og framleiðsla byggð á vítamínum — Súlfonamíd, hormón og framleiðsla byggð á hormónum
30.04	Vatt, grisjur, bindi og aðrar þess konar vörur (t. d. sáraumbúðir, heftiplástur, bakstrar), gegndreyptar eða húðaðar með efnum til lækninga eða í smásöluumbúðum sem bera þess greinilega merki að um vörur til lækninga sé að ræða, þó ekki vörur sem tilgreindar eru í athugasemd 3 við þennan kafla
31. kafli	
úr 31.03	Fosfóráburður úr steinaríkinu eða kemískur, þó ekki — tómasgjall (basískt gjall) — kalsíumfosföt gerð auðleystari með upphitun, glæðingu eða bræðslu og náttúrleg kalsíumalúmínfosföt sem sætt hafa sams konar meðferð — díkalsíumfosfat sem inniheldur a. m. k. 0,2% af flúor miðað við þunga
31.05	Annar áburður; vörur sem teljast til þessa kafla mótaður í töflur eða svipað form eða í umbúðum 10 kg eða minna brúttó
32. kafli	
úr 32.01	Sútunarefnaextraktar úr jurtaríkinu; sútunarsýrur (tannin), þar með talið galleplatannin dregið út með vatni
úr 32.04	Litarefni úr jurtaríkinu (þar með taldir viðarlitarextraktar og aðrir litarextraktar úr jurtaríkinu, þó ekki indígó, henna og klórófyll) eða úr dýraríkinu, þó ekki extrakt af cochineal og kermes
úr 32.05	Tilbúin lífræn litarefni (þar með talin pigmentlitarefni en ekki gerviindigó); tilbúin lífræn efni af þeirri tegund sem eru sjálflýsandi (lumínóforar) og notuð sem slík; ljósnæm efni sem festast við spunatrefjar, svokölluð ljósnæm bleikiefni
32.06	Litlökk
úr 32.07	Önnur litarefni, þó ekki (a) ólífræn pigment eða pigment úr jarðefnum, einnig þau sem innihalda efni úr kadmíumsöltum er auðvelda litun

Nr. í sameiginlegu tollanafna-skránni	*Vörulýsing*
	(b) krómlitir og prússablámi; ólífræn efni sem eru sjálflýsandi (lumínóforar) og notuð sem slík
32.08	Tilreidd pigment, tilreidd gruggunarefni og tilreiddir litir, smelt og annar glerungur, fljótandi gljáamyndandi efni og önnur þess konar framleiðsla sem notuð er við leirmunagerð, smeltun og glergerð; engober (slips); glerfrit og annað gler sem duft, korn eða flögur
32.09	Lökk, tær eða með pigmenti; distemper; vatnslitir til litunar á leðri o. þ. h.; málning og lökk; pigment rifin í línólíu, jarðterpentínu, fernis eða öðrum svipuðum efnum notuðum við framleiðslu á málningu eða lakki; prentþynnur; litir og önnur litarefni mótuð til smásölu eða í smásöluumbúðum; upplausnir sem skýrgreindar eru í athugasemd 4 við þennan kafla
32.11	Þurrkefni
32.12	Kítti; ágræðslukvoða; spartl; óeldföst efni til yfirborðslagningar; fylli- og þéttiefni o. þ. h., þar með talið harpixkítti og harpixsement
32.13	Blek, prentlitir og aðrir þess konar litir
33. kafli	
úr 33.01	Rokgjarnar olíur (einnig terpensnauðar), fljótandi eða fastar; resinóíð, þó ekki kjarnar úr rósum, rósmarín, encalypt, sandaltrjám og seðrusviði; konsentröt af rokgjörnum olíum í feiti, órokgjörnum olíum, vaxi eða öðru þess háttar, fengin með enfleurage eða maceration
úr 33.06	Kölnarvatn og önnur andlitsvötn; snyrtivörur og vörur til umhirðu húðar, hárs og nagla; tannduft og tannkrem, vörur til munnhirðingar; lyktareyðir fyrir hýbýli, tilbúinn, einnig með ilmefnum
34. kafli	Sápa, lífræn yfirborðsvirk efni, þvotta- og hreingerningarefni, smurefni, tilbúið vax, tilreiddar vaxblöndur, fægi- og ræstiefni, kerti og aðrar þess konar vörur, mótunarefni og vax til tannviðgerða
35. kafli	Prótein, þó ekki ovalbúmín og lactalbúmín; lím og klístur; enzym
36. kafli	Sprengiefni; flugeldar og skrauteldar; eldspýtur; kveikilegeringar; tiltekin eldfim efni
37. kafli	
37.03	Ljósnæmur pappír, pappi eða vefnaður, lýstur eða ólýstur, en ekki framkallaður
38. kafli	
38.03	Ávirk kol; ávirk náttúrleg steinefni; dýrakol, einnig notuð
38.09	Viðartjara; viðartjöruolíur (þó ekki blönduð upplausnarefni og þynnar er teljast til nr. 38.18); viðarkreósót, óhreinsað metanól, acetónolía; bik úr jurtaríkinu hvers konar; bruggarabik og annað þess konar að meginefni úr kólófóníum eða biki úr jurtaríkinu; kjarnabindiefni (fyrir mótasand) að meginefni úr náttúrlegum harpixefnum
úr 38.11	Sótthreinsandi efni, skordýraeitur, rottueitur, sóttvarnarefni og aðrar slíkar vörur útbúnar sem brennisteinsborin bönd, kveikir og kerti, flugnapappír, stafir húðaðir hexaklóródyklóhexan (BHC) og annað þess háttar; framleiðsla úr virku efni (eins og DDT) blönduð öðrum efnum í þrýstibrúsum tilbúin til notkunar
38.18	Blönduð upplausnarefni og þynnar fyrir lökk og annað þess háttar

Nr. í sameiginlegu tollanafna-skránni	*Vörulýsing*
úr 38.19	Fljótandi efni fyrir vökvaknúin drif (sérstaklega fyrir vökvaknúna hemla) sem innihalda minna en 70% af jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum miðað við þunga
39. kafli	
úr 39.02	Pólyvinylklóríd
úr 39.01 úr 39.02 úr 39.03 úr 39.04 úr 39.05 úr 39.06	Pólystyren án tillits til lögunar; önnur plastefni, sellulósaeter og sellulósaester, gervi-harpix, þó ekki (a) í formi korns, flaga, dufts, úrgangs eða rusls sem nota á sem hráefni til framleiðslu á vörum sem nefndar eru í þessum kafla (b) jónskiptar
úr 39.07	Vörur úr efnum sem lýst er í nr. 39.01 til 39.06, þó ekki blævængir og aðrar þess konar hlífar (hand screens), ekki mekaníska, rammar og handföng tilheyrandi þeim og hlutar slíkra ramma og handfanga, og spólur, kefli og annað þess háttar fyrir ljósmynda- og kvikmyndafilmur eða fyrir bönd, filmur og annað þess háttar sem telst til nr. 92.12
40. kafli	Náttúrlegt gúmmí (kátsjúk), tilbúið gúmmí (gervigúmmí) og faktis og vörur úr þessum efnum, þó ekki nr. 40.01, 40.02 og 40.04, latex (úr 40.06), upplausnir og jafnblöndur (úr 40.06), hlífðarfatnaður fyrir skurðlækna og röntgenlækna og kafarabúningar (úr 40.13), og stykki, klumpar, rusl, úrgangur og duft úr harðgúmmi (ebónít og vúlkanít) (úr 40.15)
41. kafli	Húðir og skinn, óunnið, (þó ekki loðskinn), og leður, þó ekki bókfell og vörur sem teljast til nr. 41.01 og 41.09
42. kafli	Vörur úr leðri; reið- og aktygi; ferðabúnaður, handtöskur og áþekk ílát; vörur úr þörmum (öðrum en silkiormaþörmum)
43. kafli	Loðskinn og loðskinnslíki; vörur úr þeim
44. kafli	Trjáviður og vörur úr trjáviði; viðarkol, þó ekki nr. 44.07, vörur úr byggingarplötum úr viðartrefjum (úr 44.21, úr 44.23, úr 44.27, úr 44.28), spólur, kefli og annað þess háttar fyrir ljósmynda- og kvikmyndafilmur eða fyrir bönd, filmur og annað þess háttar sem telst til nr. 92.12 (úr 44.26) og kubbar til gatnagerðar (úr 44.28)
45. kafli	
45.03	Vörur úr náttúrlegum korki
45.04	Pressaður korkur (með eða án bindiefna) og vörur úr slíkum korki.
46. kafli	Framleiðsla úr strái, espartó og aðrar vörur úr fléttiefnum; körfugerðarvörur og tágasmíði; þó ekki fléttur og aðrar þess konar vörur úr fléttiefnum, til hvers konar nota, einnig fléttaðir borðar (úr 46.02)
48. kafli	
úr 48.01	Pappír og pappi (þar með talið sellulósavatt), í rúllum eða örkum, þó ekki eftirtaldar vörur: — Venjulegur dagblaðapappír úr kemískt eða vélunnum massa minna en 60 g/m² að þyngd

Nr. í sameiginlegu tollanafna-skránni	*Vörulýsing*
	— Tímaritapappír (magazine paper) — Vindlingapappír — Silkipappír (tissue paper) — Sellulósavatt — Handgerður pappír og pappi
48.03	Pergamentpappír og pappi og annar feitiheldur pappír og pappi, einnig eftirlíkingar, og pergamyn í rúllum eða örkum
48.04	Pappír og pappi úr samanlímdum blöðum, ógegndreyptur eða óyfirdreginn, með eða án innri styrkingar, í rúllum eða örkum
úr 48.05	Pappír og pappi, bylgjaður (einnig með álímdu sléttu lagi), mynstraður, í rúllum eða örkum
úr 48.07	Pappír og pappi, gegndreyptur, húðaður, yfirdreginn, litaður eða skreyttur á yfirborði eða áprentaður (þó ekki prentaðar vörur er teljast til 49. kafla), í rúllum eða örkum, þó ekki ferhyrndur teiknipappír, gylltur eða silfraður pappír, þar með taldar eftirlíkingar, færipappír (transfer paper), vísipappír (indicator paper) og ónæmur ljósmyndapappír
úr 48.13	Kalkerpappír
48.14	Skrifblokkir, umslög, bréfkort, póstkort án mynda, skrifkort; öskjur, pokar, möppur og hulstur, úr pappír og pappa, sem aðeins innihalda blandað bréfsefni
úr 48.15	Annar pappír og pappi, tilskorið í stærðir eða form, þó ekki vindlingapappír, bönd fyrir símrita, götuð bönd fyrir „monotype" setningarvélar og reiknivélar, síupappír og -pappi (þ. á m. fyrir vindlingasíur) og gúmmíbornar ræmur
48.16	Kassar, pokar og aðrar umbúðir, úr pappír og pappa; spjaldskrárkassar, bréfabakkar, geymslukassar og annað þess háttar, úr pappír og pappa, sem almennt er notað í skrifstofum, verslunum o. þ. h.
48.18	Skrifstofubækur, stílabækur, minnisbækur og -blokkir, pöntunarbækur, kvittunarblokkir, dagbækur, ritundirlög, skjalabindi (einnig lausblaða), skjalamöppur og annað þess háttar úr pappír og pappa; sýnishornaalbúm og önnur albúm og bókahlífar úr pappír og pappa
48.19	Merkimiðar, úr pappír og pappa, einnig áprentaðir og límbornir
úr 48.21	Lampaskermar; borðdúkar og serviettur, vasaklútar og þurrkur; föt, diskar, bollar, borðmottur, mottur fyrir flöskur, mottur fyrir glös
49. kafli	
úr 49.01	Prentaðar bækur, bæklingar, ritlingar og einblöðungar á grísku
úr 49.03	Myndabækur og teiknibækur fyrir börn, prentaðar að öllu eða nokkru leyti á grísku
úr 49.07	Merki ekki ætluð til almenningsþjónustu
49.09	Póstkort með myndum, jólakort og önnur slík myndakort prentuð á hvaða hátt sem er, einnig með skrauti
úr 49.10	Almanök alls konar, úr pappír eða pappa, þar með taldar almanaksblokkir, þó ekki almanök ætluð til auglýsinga, á öðrum tungumálum en grísku
úr 49.11	Annað prentað mál, þar með taldar prentaðar myndir og ljósmyndir, þó ekki eftirtaldar vörur: — Sviðsmyndir fyrir leikhús og ljósmyndavinnustofur — Prentað mál ætlað til auglýsinga (þ. á m. til ferðaauglýsinga), prentað á öðrum tungumálum en grísku

Nr. í sameiginlegu tollanafna-skránni	*Vörulýsing*
50. kafli	Silki og silkiúrgangur
51. kafli	Endalausar tilbúnar trefjar
52. kafli	Spunavörur í sambandi við málm
53. kafli	Ull og annað dýrahár, þó ekki ósunnar, bleiktar og ólitaðar vörur sem teljast til nr. 53.01, 53.02, 53.03 og 53.04
54. kafli	Hör og ramí, þó ekki nr. 54.01
55. kafli	Baðmull
56. kafli	Stuttar tilbúnar trefjar
57. kafli	Önnur spunaefni úr jurtaríkinu, þó ekki nr. 57.01; pappírsgarn og vefnaður úr því
58. kafli	Gólfteppi, mottur, dreglar og veggteppi; flauel-, flos- og chenillevefnaður; borðar; leggingar; tyll og annað netefni; laufaborðar; útsaumur
59. kafli	Vatt og flóki; seglgarn, línur, reipi og kaðlar; gegndreypt og húðuð efni úr spunatrefjum; vörur úr spunatrefjum til notkunar í iðnaði
60. kafli	Prjóna- og heklvörur
61. kafli	Fatnaður úr spunavörum og annað er honum heyrir til, þó ekki prjóna- og heklvörur
62. kafli	Aðrar tilbúnar vörur úr spunaefni, þó ekki blævængir og þess konar hlífar (hand screens) (úr 62.05)
63. kafli	Notaður fatnaður og aðrar notaðar spunavörur; tuskur
64. kafli	Skófatnaður, legghlífar o. þ. h., og hlutar af þessum vörum
65. kafli	Höfuðfatnaður og hlutar til hans
66. kafli	
66.01	Regnhlífar og sólhlífar (þar með taldar göngustafsregnhlífar, regnhlífatjöld, garðsólhlífar o. þ. h.)
67. kafli	
úr 67.01	Fjaðrakústar
67.02	Tilbúin blóm, blöð og ávextir, svo og hlutar af þeim; vörur úr tilbúnum blómum, blöðum og ávöxtum

Nr. í sameiginlegu tollanafna-skránni	*Vörulýsing*
68. kafli	
68.04	Brýni og annar handfægi- og slípisteinn, olíusteinn, hein o. þ. h. kvarnsteinn, hverfisteinar, slípihjól o. þ. h. (þar með talin speldi, hnúðar, skífur, og oddar til mölunar, slípunar, fágunar, réttingar og skurðar) úr náttúrlegum steintegundum (einnig samanlímt) úr samanlímdum eða tilbúnum slípiefnum og úr leir, einnig með skafti, öxli og öðru þess háttar úr öðrum efnum en þó án grindar; sneiðar og aðrir fullunnir hlutar af slíkum steinum og hjólum úr náttúrlegum steintegundum (einnig samanlímdum), úr samanlímdum náttúrlegum eða tilbúnum slípiefnum eða úr leir
68.06	Náttúrlegt og tilbúið slípiefni sem duft eða korn, fest á vefnað, pappír, pappa eða annað efni, einnig skorið til, saumað saman og fest saman á annan hátt
68.09	Plötur, flísar, hellur og þess háttar vörur úr jurtatrefjum, viðartrefjum, strái, viðarspónum eða viðarúrgangi (þar með talið sag), límt saman með sementi, gipsi eða öðru bindiefni úr steinaríkinu
68.10	Vörur úr gipsi eða gipsblöndum
68.11	Vörur úr sementi (þar með talið slaggsement), úr steinsteypu eða tilbúnum steini (þar með talinn malaður marmari bundinn saman með sementi), einnig styrkt
68.12	Vörur úr asbestsementi, úr sellulósasementi o. þ. h.
68.14	Núningsmótstöðuefni (sneiðar, skífur, hringar, bönd, plötur, þynnur, rúllur o. þ. h.) í hemla, tengsli o. þ. h. unnið að meginstofni úr asbesti, öðrum jarðefnum eða sellulósa, einnig í sambandi við spunaefni eða önnur efni
69. kafli	Leirvörur, þó ekki nr. 69.01, 69.02, aðrar en múrsteinar úr magnesít og magnesítkrómít, 69.03, 69.04 og 69.05, áhöld og búnaður til notkunar í rannsóknarstofum og iðnaði, ílát til flutnings á sýrum og kemískri framleiðslu og vörur notaðar í landbúnaði sem teljast til nr. 69.09 og vörur úr postulíni sem teljast til nr. 69.10, 69.13 og 69.14
70. kafli	
70.04	Óunnið steypt eða valsað gler (einnig yfirlagt öðru gleri eða með málmþræði), með rétthyrningslögun, einnig mynstrað
70.05	Óunnið teygt eða blásið gler (einnig yfirlagt öðru gleri) með rétthyrningslögun
úr 70.06	Steypt, valsað, teygt eða blásið gler (einnig yfirlagt öðru gleri eða með málmþræði) með rétthyrningslögun, slípað eða fágað á yfirborði en ekki frekar unnið, þó ekki speglar án málmþráða
úr 70.07	Steypt, valsað, teygt eða blásið gler (þar með talið gler yfirlagt öðru gleri eða með málmþræði), skorið í aðra lögun en rétthyrnda, eða beygt eða unnið á annan hátt (t. d. kantslípað eða áletrað), einnig slípað eða fágað; blýgreyptar rúður og þess háttar
70.08	Öryggisgler úr hertu eða marglaga gleri, einnig formað
70.09	Glerspeglar (þar með taldir bifreiðaspeglar), einnig í umgerð eða með baki
70.10	Ámur, flöskur, krukkur, byttur, sívöl ílát og þess háttar ílát úr gleri, sem algengt er að nota við flutning og pökkun á vörum; tappar og önnur lok úr gleri
úr 70.13	Borðbúnaður, húsbúnaður, snyrtiáhöld, hreinlætistæki og skrifstofuáhöld, skrautmunir o. þ. h. úr gleri (þó ekki vörur sem teljast til nr. 70.19), þó ekki hitaþolin glervara með lágu þenslumarki líkt og Pyrex og Durex sem almennt er notuð sem borðbúnaður eða í eldhúsi
70.14	Ljósabúnaður úr gleri, endurkastsgler og optískir hlutir úr gleri en ekki optískt unnið eða úr optísku gleri

Nr. í sameiginlegu tollanafna-skránni	*Vörulýsing*
úr 70.15	Gler til nota í sólgleraugu (þó ekki linsulaga til réttingar á sjón), íhvolf, beygð, holuð o. þ. h.
úr 70.16	Frauð- og holgler í hellum, flögum, plötum og með áþekkri lögun
úr 70.17	Glervara eingöngu notuð við efnarannsóknir, við hjúkrun og rannsóknir á sjúkum og við lyfjagerð, einnig með rúmmálsmerkjum eða rúmtaksréttingum þó ekki fyrir kemískar rannsóknir; glerlyfjahylki
úr 70.21	Aðrar vörur úr gleri, þó ekki fyrir iðnað
71. kafli	
úr 71.12	Skrautvörur, úr silfri (þar með talið gull- og platínuhúð), eða góðmálmspletti á óeðlum málmi
71.13	Gull- og silfursmíðavörur og hlutar til þeirra, úr góðmálmum eða góðmálmspletti, þó ekki vörur sem teljast til nr. 71.12
úr 71.14	Aðrar vörur úr góðmálmum eða góðmálmspletti, þó ekki hlutir og áhöld til nota á verkstæðum og rannsóknarstofum
71.16	Glysvarningur (imitation jewellery)
73. kafli	Járn og stál og vörur úr því, þó ekki: (a) Vörur sem lúta lögsögu Kola- og stálbandalags Evrópu og teljast til nr. 73.01, 73.02, 73.03, 73.05, 73.06, 73.07, 73.08, 73.09, 73.10, 73.11, 73.12, 73.13, 73.15 og 73.16 (b) Vörur sem teljast til nr. 73.02, 73.05, 73.07 og 73.16 og lúta ekki lögsögu Kola- og stálbandalags Evrópu (c) Nr. 73.04, 73.17, 73.19, 73.30, 73.33 og 73.34 og fjaðrir og fjaðrablöð, úr járni og stáli, fyrir járnbrautarvagna sem teljast til nr. 73.35
74. kafli	Kopar og vörur úr honum, þó ekki koparlegeringar sem innihalda meira en 10% af nikkli miðað við þunga og vörur sem teljast til nr. 74.01, 74.02, 74.06 og 74.11
76. kafli	Ál og vörur úr því, þó ekki nr. 76.01 og 76.05 og spólur, kefli og annað þess háttar fyrir ljósmynda- og kvikmyndafilmur eða fyrir bönd, filmur og annað þess háttar sem telst til nr. 92.12 (úr 76.16)
78. kafli	Blý og vörur úr því
79. kafli	Zink og vörur úr því, þó ekki nr. 79.01, 79.02 og 79.03
82. kafli	
úr 82.01	Eftirtalin handverkfæri: Spaðar, skóflur, hakar, hlújárn, gafflar og hrífur; axir, bjúgaxir, og önnur svipuð höggverkfæri; heyskerar, grasklippur, fleygar og önnur verkfæri til notkunar við landbúnað, garðyrkju og skógrækt
82.02	Handsagir og sagarblöð fyrir handsagir og vélsagir (einnig tannlaus sagarblöð)
úr 82.04	Færanlegar smiðjur; slípisteinar með umbúnaði (hand- eða fótsnúnir); vörur til heimilisnota
82.09	Hnífar með skerandi eða sagtenntri egg (þar með taldir bjúghnífar), er ekki teljast til nr. 82.06, svo og blöð til þeirra

Nr. í sameiginlegu tollanafna-skránni	*Vörulýsing*
úr 82.11	Rakvélablöð og efni í þau
úr 82.13	Önnur verkfæri til að skera og klippa (t. d. trjáklippur, hárklippur, kjötaxir og pappírshnífar), þó ekki handklippur og hlutar til þeirra
82.14	Skeiðar, gafflar, fiskhnífar, smjörhnífar, sleifar og svipaður eldhús- og borðbúnaður
82.15	Sköft úr ódýrum málmi til vara þeirra er teljast til nr. 82.09, 82.13 eða 82.14
83. kafli	Ýmsar vörur úr ódýrum málmi, þó ekki nr. 83.08, myndastyttur og aðrir hlutir til skrauts innanhúss (úr 83.06) og perlur og pallíettur (úr 83.09)
84. kafli	
úr 84.06	Hreyflar með neistakveikju, bensínknúnir með 220 cm^3 sprengirými eða meira; brunahreyflar, hálfdísil; brunahreyflar, dísil 37 kW eða minna; hreyflar fyrir bifhjól og létt bifhjól
úr 84.10	Vökvadælur (þar með taldar hreyfildælur og hverfildælur), einnig með tilheyrandi mælum
úr 84.11	Loftdælur og lofttæmidælur (þar með taldar hreyfildælur og hverfildælur); viftur, blásarar og annað þess háttar með innbyggðum hreyfli minna en 150 kg að þyngd og viftur eða blásarar án hreyfils 100 kg að þyngd eða minna
úr 84.12	Loftjöfnunartæki, sambyggð, útbúin hreyfildrifinni viftu og búnaði til að breyta raka- og hitastigi lofts, til heimilisnota
úr 84.14	Bökunarofnar og hlutar til þeirra
úr 84.15	Kæli- og frystiklefar og önnur kælivirki, með kæli- og frystibúnaði
úr 84.17	Hrað- eða geymavatnshitarar sem ekki eru gerðir fyrir rafmagn
84.20	Vogir (þó ekki vogir sem eru svo nákvæmar að þær vegi 5 cg eða minna), þar með taldar talningar- og eftirlitsvogir; vogarlóð alls konar
úr 84.21	Mekanísk tæki (einnig handdrifin) til dreifingar, sprautunar og úðunar á vökvum eða dufti, til heimilisnota; svipuð handdrifin tæki til notkunar í landbúnaði; svipuð tæki til notkunar í landbúnaði, 60 kg. að þyngd eða minna, fest á ökutæki
úr 84.24	Plógar, 700 kg að þyngd eða minna, hannaðir fyrir dráttarvélar eða dráttardýr; plógar með tveimur eða þremur plógskerum eða skífum hannaðir til festingar á dráttarvélar; herfi með áföstum búnaði og tönnum, hönnuð fyrir dráttarvélar eða dráttardýr; diskaherfi 700 kg að þyngd eða minna
úr 84.25	Þreskivélar; maísafhýðingarvélar og maísþreskivélar; uppskeruvélar fyrir dráttardýr; hálm- og fóðurpressur; blástursmillur og þess háttar vélar til sáldunar á fræi og flokkunar á korni
84.27	Pressur, marningsvélar og aðrar vélar og tæki til notkunar við framleiðslu á víni, víndrúfusafa, ávaxtasafa og öðru þess háttar
úr 84.28	Fræmulningsvélar; kornmyllur sem talist geta landbúnaðartæki
84.29	Vélar og tæki til brauðkornsmölunar og aðrar vélar og tæki til vinnslu á korni og þurrkuðum belgávöxtum (þó ekki vélar og tæki er talist geta landbúnaðartæki)
úr 84.34	Prentletur
úr 84.38	Skyttur; vefjarskeiðar fyrir vefstóla
úr 84.40	Þvottavélar, einnig rafknúnar, til heimilisnota
úr 84.47	Vélar til að saga og hefla trjávið, kork, bein, ebónít (vúlkanít), harðplast eða önnur hörð útskurðarefni, aðrar en vélar sem teljast til nr. 84.49

Nr. í sameiginlegu tollanafna-skránni	*Vörulýsing*
úr 84.56	Vélar til að pressa, móta, eða forma efni í leirvörur, óharnað sement, gips og önnur jarðefni
úr 84.59	Olíupressur og olíukvarnir; vélar til sterínsápuframleiðslu
84.61	Kranar, hanar, lokar og annar svipaður búnaður fyrir pípur, katla, geyma, ker og þess háttar, þar með taldir þrýstiléttar og hitastilltir lókar
úr 84.63	Hemlar (speed reducers)
85. kafli	
úr 85.01	Rafalar með 20 kVA útgang eða minna; hreyflar 74 kW eða minna; hverfistraumbreytar 37 kW eða minna; spennar og stöðustraumbreytar þó ekki fyrir útvarps-, firðtals-, loftskeyta- og sjónvarpsmóttökutæki
85.03	Frumrafhlöð og rafhlöður
85.04	Rafgeymar
úr 85.06	Herbergisviftur
85.10	Færanlegir rafhlöðu- og segulraflampar, aðrir en teljast til nr. 85.09
85.12	Rafmagnsvatnshitunartæki (gegnstreymisvatnshitarar, heitavatnsdunkar og hitastautar); rafmagnshitunartæki til jarðvegshitunar og húshitunar; rafmagnshársnyrtitæki (t. d. hárþurrkur, hárliðunartæki og hitunartæki fyrir hárliðunarjárn) og rafmagnsstrokjárn; rafmagnshitunartæki einkum til heimilisnota; mótstöðurafmagnshitunartæki, þó ekki úr kolum
úr 85.17	Rafknúin hljóðmerkjatæki
úr 85.19	Rafmagnstæki til að tengja eða rjúfa straumrásir, til öryggis í rafmagnsstraumrásum og til tengingar við eða í straumrásum (t. d. rofar, liðar, vör, yfirspennuafrásir, yfirspennuliðar gerðir úr spólum og þéttum, eldingarvarar, vartappar, falir, klær og greinidósir)
úr 85.20	Rafmagnsglólampar (perur) og úrhleðslulampar, þó ekki lampar sem senda innrauða eða útfjólubláa geisla
úr 85.21	Sjárör fyrir sjónvarpstæki
85.23	Einangraðar (einnig lakkbrenndar eða rafhúðaðar) raftaugar, rafstrengir, rafteinar, rafbönd o. þ. h. (þar með taldir strengir með samásarásum), með eða án tengihluta
85.25	Einangrarar úr hvers konar efni
85.26	Einangrunarhlutar í rafmagnsvélar, tæki og búnað, ef hlutarnir eru eingöngu úr einangrandi efni, einnig þótt í þeim sé lítils háttar af málmi sem aðeins er til að halda einangrunarhlutunum saman við smíði þeirra, þó ekki einangrarar sem teljast til nr. 85.25
85.27	Rafmagnspípur fyrir raflagnir og tengihlutar þeirra, úr ódýrum málmi og með einangrun að innan
87. kafli	
úr 87.02	Almenningsbifreiðar og ökutæki til flutnings á vörum eða efni (þó ekki grindur sem nefndar eru í athugasemd 2 við 87. kafla)
87.05	Yfirbyggingar (þar með talin ökumannshús) fyrir ökutæki er teljast til nr. 87.01, 87.02 og 87.03
úr 87.06	Grindur án hreyfils og hlutar til þeirra
úr 87.11	Ökutæki fyrir fatlaða og sjúka (þó ekki vélknúin eða með öðru drifi)

Nr. í sameiginlegu tollanafna-skránni	*Vörulýsing*
úr 87.12	Hlutar og fylgitæki til ökutækja fyrir fatlaða og sjúka (önnur en vélknúin eða með öðru drifi)
87.13	Barnavagnar og hlutar til þeirra
89. kafli	
úr 89.01	Fljótabátar og prammar; tankskip, dregin; seglskip; uppblásnir bátar úr plasti
90. kafli	
úr 90.01	Augnlinsur
90.03	Umgerðir um gleraugu, nefklemmugleraugu, stangargleraugu, hlífðargleraugu og annað þess háttar og hlutar til slíkra umgerða
90.04	Gleraugu, nefklemmugleraugu, stangargleraugu, hlífðargleraugu og annað þess háttar til réttingar á sjón og henni til hlífðar
úr 90.26	Mælar fyrir handdrifnar olíudælur og vatnsmælar (magn- og hraðamælar)
92. kafli	
92.12	Hljómplötur og aðrar hljóðupptökur; mót til framleiðslu á hljómplötum, óskornar hljómplötur tilbúnar til hljóðupptöku, filmur til vélrænnar hljóðupptöku, bönd, vírþráður, ræmur og annað þess háttar af því tagi sem almennt er notað til hljóðupptöku eða áþekkrar upptöku
93. kafli	
úr 93.04	Sportbyssur og rifflar
úr 93.07	Forhlöð í haglabyssur; sportskot, skot í skammbyssur og göngustafsbyssur, kúlu- eða haglaskot í markbyssur með allt að 9 mm hlaupvídd; skothylki í sportbyssur og sportriffla, úr málmi eða pappa; kúlur, högl, einnig gróf (buck shot) í sportbyssur og sportriffla.
94. kafli	Húsgögn og hlutar til þeirra; rekkjubúnaður, dýnur, dýnubúnaður, botnar, púðar og þess háttar stoppaður húsbúnaður, þó ekki nr. 94.02
96. kafli	Sópar, burstar, duftpúðar og sáld, þó ekki tilbúin knippi til framleiðslu á sópum og burstum í nr. 96.01 og vörur sem teljast til nr. 96.05 og 96.06
97. kafli	
97.01	Leikfangsökutæki fyrir börn (t. d. barnahjól, þríhjól og stignir barnabílar); brúðuvagnar og brúðukerrur
97.02	Brúður
97.03	Önnur leikföng; smálíkön til leikja og skemmtunar
úr 97.05	Skrautræmur og -snifsi (confetti)
98. kafli	Ýmsar unnar vörur, þó ekki kúlupennar sem teljast til nr. 98.03 og vörur sem teljast til nr. 98.04, 98.10, 98.11, 98.14 og 98.15

VIÐAUKI II

Nr. í sameiginlegu tollnafna-skránni	*Vörulýsing*	*Kvóti fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 1981*
31.02	Köfnunarefnisáburður úr steinaríkinu eða kemískur	
31.03	Fosfóráburður út steinaríkinu eða kemískur	
31.05	Annar áburður; vörur sem teljast til þessa kafla mótaðar í töflur eða svipað form eða í umbúðum 10 kg eða minna brúttó: A. Annar áburður: I. Áburður sem inniheldur þessi þrjú áburðarefni: köfnunarefni, fosfór og kalíum II. Áburður sem inniheldur þessi tvö áburðarefni: köfnunarefni og fosfór IV. Annar	12.340 tonn
úr 73.37	Katlar (þó ekki katlar sem teljast til nr. 84.01) og miðstöðvarofnar, ekki rafmagnshitarar, og hlutar til þeirra, úr járni eða stáli; lofthitarar og lofthitadreifarar (þar með slíkir sem geta dreift köldu og fersku lofti), ekki rafmagnshitaðir, með innbyggðri hreyfilknúinni viftu eða blásara, og hlutar til þeirra, úr járni eða stáli: — Miðstöðvarkatlar	49.800 RE
úr 84.01	Katlar til framleiðslu á vatnsgufu eða annarri gufu (gufukatlar), þó ekki vatnsmiðstöðvarkatlar sem einnig geta framleitt gufu með lágum þrýstingi; háhitavatnskatlar (superheated water boilers): — Með 32 MW afli eða minna	101.400 RE
84.06	Brunahreyflar með bullu: C. Aðrir hreyflar: úr II. Hreyflar með þrýstikveikju: — Að afli minna en 37 kW	279.600 RE
84.10	Vökvadælur (þar með taldar hreyfildælur og hverfildælur), einnig með tilheyrandi mælum; vökvalyftur sem vinna með skóflum, keðjum, sniglum, böndum og örðu þess háttar: úr A. Afgreiðsludælur með mælitækjum eða hannaðar fyrir þau, þó ekki eldsneytisdælur B. Aðrar dælur C. Vökvadælur sem vinna með skóflum, keðjum, sniglum, böndum og öðru þess háttar	1.000.000 RE
84.14	Ofnar fyrir iðnað og rannsóknarstofur, þó ekki rafmangsofnar: úr B. Aðrir: — Hlutar úr stáli, til sementsofna	10.000 RE
úr 84.20	Vogir (þó ekki vogir sem eru svo nákvæmar að þær vegi 5 cg eða minna) þar með taldar talningar- og eftirlitsvogir; vogarlóð alls konar, annað en: — Barnavogir — Vogir með grammakvarða til heimilisnota — Vogarlóð alls konar	320.000 RE

Nr. í sameiginlegu tollnafna-skránni	*Vörulýsing*	*Kvóti fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 1981*
85.01	Rafalar, rafhreyflar, straumbreytar (hverfi- eða stöðustraumbreytar), spennar, afriðlar, afriðilstæki og spankefli:	44.400 RE
	A. Rafalar, rafhreyflar (einnig með tannhjólum til að lækka, breyta eða auka hraða) og hverfistraumbreytar:	
	úr II. Annað:	
	— Hreyflar með minnst 370 W útgang og ekki meira en 15000 W	
	úr C. Hlutar:	
	— Til hreyfla með minnst 370 W útgang og ekki meira en 15000 W	
85.15	Sendi- og móttökutæki fyrir loftskeytasendingar og firðtal; sendi- og móttökutæki fyrir útvarp og sjónvarp (einnig móttökutæki með innbyggðum hljóðupptöku- eða hljóðflutningstækjum) og sjónvarpsmyndavélar; útvarpsmiðunartæki, radartæki og radíófjarstýritæki:	3.048 stk. (1) 777.300 RE
	A. Sendi- og móttökutæki fyrir loftskeytasendingar og firðtal; sendi- og móttökutæki fyrir útvarp og sjónvarp (einnig móttökutæki með innbyggðum hljóðupptöku- eða hljóðflutningstækjum) og sjónvarpsmyndavélar:	
	úr III. Móttökutæki, einnig með innbyggðum hljóðupptöku- eða hljóðflutningstækjum:	
	— Sjónvarpstæki	
	C. Hlutar:	1.500.000 RE
	I. Skápar og kassar:	
	úr a) Úr trjáviði:	
	— Fyrir sjónvarpstæki	
	úr b) Úr öðrum efnum:	
	— Fyrir sjónvarpstæki	
	úr III. Annað:	
	— Grindur fyrir sjónvarpstæki og hlutar til þeirra, einnig samsett	
	— Prentrásarspjöld fyrir sjónvarpstæki	
úr 85.23	Einangraðar (einnig lakkbrenndar eða rafhúðaðar) raftaugar, rafstrengir, rafteinar, rafbönd o. þ. h. (þar með taldir strengir með samásarásum), með eða án tengihluta:	66.600 RE
	— Kaplar fyrir sjónvarpsloftnet	
87.02	Ökutæki til flutnings á mönnum, vörum og efni (þar með talin hraðaksturs ökutæki, önnur en í nr. 87.09):	103 stk. (1) 2.032.000 RE
	A. Til flutnings á mönnum, þar með talin ökutæki hönnuð til flutnings bæði á mönnum og vörum:	
	1. Annað hvort með neista- eða þrýstikveikjuhreyfli:	

(1) Viðbótartakmörkun tilgreind sem verðmæti.

Nr. í sameiginlegu tollnafna-skránni	*Vörulýsing*	*Kvóti fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 1981*
	úr a) Ökutæki og almenningsvagnar annað hvort með neista-kveikjuhreyfli með 2800 cm³ sprengirými eða meira eða þrýstikveikjuhreyfli með 2500 cm³ sprengirými eða meira:	
	— Fullgerðir almenningsvagnar og langferðabifreiðar	
	úr b) Önnur:	
	— Fullgerð, sem taka fleiri en sex í sæti	
87.05	Yfirbyggingar (þar með talin ökumannshús) fyrir ökutæki er teljast til nr. 87.01, 87.02 eða 87.03:	9.800 RE
	úr A. Yfirbyggingar og ökumannshús úr málmi til iðnaðarsamsetningar á	
	— göngudráttarvélar fyrir landbúnað sem teljast til undirnúmers 87.01. A,	
	— ökutæki til flutnings á mönnum, þar með talin ökutæki hönnuð til flutnings bæði á mönnum og vörum, sem taka fleiri en sex en færri en 15 í sæti,	
	— ökutæki til flutnings á vörum eða efni annað hvort með neista-kveikjuhreyfli með minna en 2800 cm³ sprengirými eða þrýstikveikjuhreyfli með minna en 2500 cm³ sprengirými,	
	— bifreiðar til sérstakrar notkunar er teljast til nr. 87.03 (a)	
	úr B. Aðrar:	
	— Yfirbyggingar og ökumannshús úr málmi, annað en til öku-tækja til flutnings á mönnum, sem taka sex eða færri í sæti	

(a) Innflutningur samkvæmt þessu undirnúmeri er háður skilyrðum sem þar til bær yfirvöld ákveða.

Nr. 3. 15. janúar 1981.

AUGLÝSING

um breytingu á aðstöðu Færeyinga til fiskveiða við Ísland.

Hinn 13. janúar 1981 var undirrituð bókun varðandi aðstöðu Færeyinga til fiskveiða við Ísland þar sem kveðið er á um breytingu á niðurstöðu viðræðna frá 20. mars 1976, sbr. auglýsingar í Stjórnartíðindum, C-deild, nr. 9/1976 og 2/1979.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 15. janúar 1981.

